**allt**
**ELMA LÍSA GUNNARSDÓTTIR**
*Eignaðist forláta snyrtiborð*
● heimili ● tíska ● heilsa
**Í MIÐJU BLAÐSINS ▶**



**BÍLAR**
*Nýir bílar og framtíðarbílar*
**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG ▶**






# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. september 2005 - 248. tölublað – 5. árgangur
**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**
Sími: 550 5000

# FIMMTUDAGUR

### Rooney sá rautt



Þrír þekktir vandræðagemlingar úr enska boltanum sáu rautt í meistaradeildinni í gær.
**ÍÞRÓTTIR 34**

### Tilheyrir ekki nútímanum



Eric-Emmanuel Schmitt er einn af þekktustu rithöfundum Frakklands. Hann er einn gesta Bókmenntahátíðar og segist vera átjándu aldar maður.
**BÓKMENNTIR 42**

### Gagnrýnir ráðningu



Sjálfsráðning Davíðs Oddssonar í stöðu seðlabankastjóra brýtur gegn anda nýju seðlabankalaganna. Ráðning Jóns Sigurðssonar í stöðu seðlabankastjóra fyrir fáeinum misserum var sama marki brennd. Þetta segir Þorvaldur Gylfason hagfræðiprófessor.
**Í DAG 26**

### Stokkar spilin í september



„Ég hafði ekki reiknað með því að fara varanlega á þing en er tilbúin að stökkva þegar kallað er," segir Ásta Möller sem sest senn á þing í stað Davíðs Oddssonar.
**TÍMAMÓT 32**

### VEÐRIÐ Í DAG




**BJART SUÐAUSTAN TIL** Skýjað og hætt við dálítilli súld vestan og norðan til og slyddu á miðhálendinu. Hiti 5-12 stig á láglendi, hlýjast suðaustan til.
**VEÐUR 4**




# Aðild að ráðinu ekki einkamál Íslendinga

**Forsætisráðherra segir aðildarumsókn Íslands að Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna ekkert einkamál Íslendinga. Margt bendir til þess að afgreiðsla málsins verði eitt fyrsta verk Geirs Haarde þegar hann tekur við utanríkisráðuneytinu.**

**STJÓRNMÁL** „Eðlilega þrýsta Norðurlandaráðherrarnir á okkur. Það var samkomulag um að Ísland færi í þetta ekki aðeins fyrir okkar hönd heldur einnig fyrir hönd allra Norðurlandanna. Þetta eru því líka hagsmunir annarra en okkar," segir Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra um aðildarumsókn Íslendinga að Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

Davíð Oddsson utanríkisráðherra kvað þrýsting norrænu utanríkisráðherranna hafa verið mikinn þegar hann hitti þá á fundi í Danmörku í byrjun mánaðarins.

Halldór segir að málið varði ríkisstjórnina og ákvörðun hafi verið tekin af henni á sínum tíma í samráði við stjórnarandstöðuna um að sækjast eftir sæti í Öryggisráðinu.

Umsóknin gildir fyrir setu í ráðinu árin 2009 og 2010 og kemur því inn á borð stjórnvalda eftir næstu þingkosningar. „Það er unnið að þessu máli hér á vettvangi Sameinuðu þjóðanna með þeim hætti," segir Halldór sem staddur er á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. „Að mínu mati á að stilla kostnaði í hóf og ekki að fara í dýra kosningabaráttu. Hins vegar hafa ýmsir gefið kost á sér til setu í ráðinu og tapað henni. Frændur vorir Svíar töpuðu síðast slíkri baráttu þegar þeir buðu sig fram fyrir hönd Norðurlandanna.



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON** Leiðtogafundur Sameinuðu þjóðanna hófst í gær.

Davíð Oddsson utanríkisráðherra hefur – eftir því sem næst verður komist – ekki hug á að afgreiða aðildarumsóknina áður en hann lætur af embætti í lok mánaðarins. Hann hefur opinberlega haft efasemdir um málið og 600 milljóna króna kostnað vegna væntanlegrar kosningabaráttu. Hann sagði þó í viðtali við Fréttablaðið í byrjun mánaðarins að ákvörðun yrði tekin áður en þing kemur saman í haust.

Allt bendir til þess að það komi í hlut Geirs H. Haarde, verðandi utanríkisráðherra, að taka af skarið um aðildarumsóknina. Hann vildi ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið leitaði eftir því í gær. - jh

AP MYND



**SURAIA STUDD AF KYNSYSTUR SINNI** Afgönsk kona í Kabúl heldur á kosningaspjaldi af kvenframbjóðanda í kosningunum sem fram fara næsta sunnudag. Suraia Perlika er ein þeirra kvenna sem sækjast eftir atkvæðum fólks.

Forsætisráðherra segir mikinn afgang á fjárlagafrumvarpi næsta árs:

# Tekjuskattur verður lækkaður

**VERÐBÓLGA** „Þessi síðasta hækkun er meiri en gert var ráð fyrir og við tökum það mjög alvarlega," segir Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra um aukna verðbólgu um þessar mundir.

Verðbólgan mælist nú 4,8 prósent og er komin yfir fjögurra prósenta takmark Seðlabankans.

Halldór segir að vaxandi verðbólga verði til þess að ríkisstjórnin haldi sínu striki varðandi aðhald í ríkisfjármálum rétt eins og gert hafi verið í fjárlögum þessa árs. „Það hefur verið dregið mjög úr fjárfestingum ríkisins á þessu ári. Það er ekki nein kraftaverk til í þessum efnum. Ég er þeirrar skoðunar að næsta verðbólgumæling verði lægri og það er engin ástæða til að ætla annað en að verðbólgan á öllu árinu verði innan marka eða um 3,5 prósent. Það verður mjög góður afgangur þegar fjárlagafrumvarpið birtist og þannig tökum við tillit til efnahagslegra markmiða."

Halldór segir ríkisstjórnina halda fast við það að lækka tekjuskattinn á næsta ári um eitt prósentustig eða um fjóra milljarða króna. „Fyrir liggur að það mun bæta kaupmáttinn á næsta ári og ætti að greiða fyrir kjarasamningum á næstunni. Þetta gæti líka átt við um árið 2007 þegar tekjuskatturinn lækkar um tvö prósentustig. - jh



**ELÍN EBBA ÁSMUNDSDÓTTIR** Hefur starfað hjá LSH í 24 ár.

Landspítalinn:

# Yfiriðjuþjálfi gefst upp

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ég hef aldrei átt jafnmikla samleið með geðsjúkum og á síðustu árum, því nú skil ég hvernig er að vera áhrifalaus, vandalaus og mæta fordómum."

Þetta segir Elín Ebba Ásmundsdóttir, yfiriðjuþjálfi á geðsviði Landspítala - háskólasjúkrahúss, sem hverfur af starfsvettvangi sínum, um sinn að minnsta kosti. Hún segist óánægð með stjórnun spítalans og það andrúmsloft sem þar ríkir meðal starfsmanna. Hún segir spítalann, sem eigi að vera staður lækninga, geta verið heilsuspillandi fyrir starfsfólk með hugsjónir.
**sjá síðu 22**

Rauðar tölur í Kauphöll:

# Hlutabréfaverð lækkar enn

**VIÐSKIPTI** Úrvalsvísitalan lækkaði í gær þriðja daginn í röð og hefur fallið um fimm prósent í vikunni. Hlutabréf í fjórtán af fimm félögum í Úrvalsvísitölunni lækkuðu á markaði í gær.

Verð á hlutabréfum byrjaði að lækka á mánudaginn þegar tölur sýndu mikla hækkun á vísitölu neysluverðs. Eftir miklar hækkanir að undanförnu vilja margir fjárfestar leysa út hagnað með því að selja.

Ekki er búist við miklum lækkunum á hlutabréfamarkaði á næstunni. „Það eru engar slæmar fréttir að koma frá fyrirtækjunum, sem flest hafa verið að skila fínum uppgjörum og standa í mikilli útrás. Þótt Úrvalsvísitalan hafi fallið í vikunni er hún í sama gildi og um miðjan ágúst," segir Bjarki Logason hjá greiningardeild Landsbankans. - eþa
**sjá síðu 30**





## SPURNING DAGSINS

*Ingi Þór, kom Seðlabankinn aldrei til greina?*

„Ónei."

Ingi Þór Jónsson ólympíusundkappi er sendiherra Evrópu vegna fyrstu heimsleika samkynhneigðra í Montreal á næsta ári.

Fjöldi Íslendinga ver jólunum á Kanaríeyjum:

# Fimmtán flugvélar að fyllast

**FERÐALÖG** Vel á þriðja þúsund Íslendingar hafa þegar bókað ferð til Kanarí yfir jólin. Uppselt er í samtals tólf ferðir á vegum fjögurra ferðaskrifstofa en enn eru nokkur sæti laus í vélar á vegum þriggja þeirra.

Fjórar vélar fara utan á vegum Úrvals Útsýnar og að sögn Helga Eysteinssonar eru ennþá laus sæti í eina. Á vegum fyrirtækisins verða því rúmlega átta hundruð manns á Kanarí yfir jólahátíðina.

Sömu sögu er að segja af Sumarferðum, fjórar vélar fara til Kanarí og Tenerife á vegum þeirra og er uppselt í þær allar. Að auki bjóða Sumarferðir upp á jólaferð til Alicante og er uppselt í hana.

Guðbjörg Sandholt hjá Heimsferðum segir að milli sjö og átta hundruð manns verði á þeirra vegum á Kanarí yfir jólin. Þegar hefur selst upp í tvær ferðir en nokkur sæti eru laus í þriðju ferðina.

Laufey Jóhannsdóttir hjá Plúsferðum segir það sama uppi á teningnum á þeim bæ, allt er að seljast upp en fjórar vélar fara til Kanarí á vegum Plúsferða fyrir þessi jólin.

- bþs



**KANARÍ** Á þriðja þúsund Íslendingar hafa þegar bókað ferð til Kanarí yfir jólin.

Bandarísk stjórnvöld:

## Vissu ekki af Atta

**WASHINGTON, AP** Fyrrverandi yfirmenn nefndarinnar sem rannsakaði árásirnar á Bandaríkin 11. september 2001, vísa á bug fullyrðingum um að stjórnvöld hafi vitað fyrir hryðjuverkin að Mohammed Atta, forsprakki árásarmannanna, hafi verið í al-Kaída.

Þingmaður Repúblikana sakaði nefndina um að horfa fram hjá upplýsingum um að leyniþjónusta Bandaríkjanna bar kennsl á Atta og þrjá aðra árásarmenn áður en árásirnar voru gerðar.

Nefndarmenn segja engar vísbendingar benda til að vitað hafi verið um tilvist Atta fyrir 11. september. ■



**VALHÖLL Á ÞINGVÖLLUM** Hrosshúðin sem tekin var ófrjálsri hendi er aftur komin til Valhallar.

Lögreglan á Egilsstöðum:

## Hrosshúðarþjófar fundnir

**ÞJÓFNAÐUR** Fimm Spánverjar sem í fyrrakvöld stálu hrossahúð á Hótel Valhöll á Þingvöllum voru gómaðir af lögreglunni á Egilsstöðum um hádegisbilið í gær á hóteli þar í bænum.

Þeir fengust til að skila húðinni og verða því engin frekari eftirmálar.

Lögreglan á Egilsstöðum segir að mennirnir hafi gefið ótrúverðugar skýringar á athæfi sínu og meðal annars sagt að ekki hafi staðið til að fara með húðina til Spánar heldur að skila henni áður en Íslandsförinni lyki.

- jse

### EVRÓPA

**LÝÐRÆÐIÐ JARÐAÐ Í MOSKVU** Tugir félaga í rússneska stjórnarandstöðuflokknum Yabloko jörðuðu lýðræði í landinu við hátíðlega athöfn, steinsnar frá þinghúsi landsins. Athöfnin var ætluð Vladimir Pútín Rússlandsforseta til háðungar, en hann hefur afboðað sveitarstjórnarkosningar í landinu.

### EGYPTALAND

**RÁÐHERRA SEGIR AF SÉR** Menningarmálaráðherra Egyptalands sagði af sér í gær vegna eldsvoða sem varð 42 að bana í ríkisreknu leikhúsi 5. september. Ráðherrann hefur gegnt embættinu síðan 1987 en ekki er vitað hvort Mubarak forseti hefur fallist á afsögn hans.

# Greiðslubyrði eykst vegna verðbólgu

**Verðtrygging húsnæðislána tíðkast hvergi nema á Íslandi ef miðað er við lönd innan OECD. Verðbólgan nú hefur þau áhrif að afborganir á húsnæðislánum hækka jafnvel um tugi þúsunda á ári.**

**VERÐBÓLGA** Verðtrygging húsnæðislána gerir það að verkum að greiðslubyrði þriggja herbergja íbúðar sem metin er á 20 milljónir er rúmum 16 þúsund krónum hærri á ári en ef verðbólgan væri í samræmi við verðbólgumarkmið Seðlabankans.

Ef tekið er dæmi af þriggja herbergja íbúð sem fjármögnuð er með 90 prósenta láni, 18 milljóna króna láni, á 4,15 prósenta vöxtum til 20 ára er mánaðarleg greiðslubyrði þegar verðbólga er engin um 111 þúsund krónur. Ef verðbólgan er í samræmi við verðbólgumarkmið Seðlabankans, eða 2,5 prósent hækkuðu greiðslurnar um 18 þúsund krónur á ári, eða um 1500 krónur á mánuði að jafnaði.

Greiðslubyrði lánsins þegar verðbólga er sú sem hún mælist nú, 4,8 prósent, er rúmum 34 þúsund krónum hærri á ári en ef verðbólgan væri engin, sem samsvarar um 2.800 krónum á mánuði að meðaltali.

Greiðslubyrði af 18 milljóna króna láni er því tæpum 1.400 krónum hærri á mánuði þegar verðbólgan mælist 4,8 prósent en ef verðbólgan væri í samræmi við markmið Seðlabankans.

Þingmenn Samfylkingarinnar lögðu fram þingsályktunartillögu í þriðja sinn á síðasta þingi þar sem lagt var til að skipuð yrði nefnd sem legði mat á afnám verðtryggingar lána. Þá var samþykkt svipuð tillaga á flokksþingi Framsóknarflokksins í vor.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni kom fram að Ísland væri eina landið innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, þar sem verðtryggingum væri beitt á lán til heimila. Verðtryggingar í öðrum löndum einskorðuðust við ríkisskuldabréf.

Verðtryggingu lána var komið á á Íslandi fyrir rúmlega þrjátíu árum og var markmið hennar að hindra að sparifé landsmanna brynni upp í mikilli verðbólgu eins og raunin hafði verið á sjötta og sjöunda áratugnum.

Í umræðunum á Alþingi sagði Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra að ástæða væri til að fara að huga að slíkum breytingum en hún vildi stíga varlega til jarðar.

sda@frettabladid.is



**AFBORGANIR AF HÚSNÆÐISLÁNUM HÆKKA MEÐ VERÐBÓLGUNNI** Greiðslubyrði af 18 milljóna króna húsnæðisláni er um 16 þúsund krónum hærra ef verðbólga er eins og nú, 4,8 prósent, en ef verðbólgan væri í samræmi við markmið Seðlabankans, 2,5 prósent.

**Greiðslubyrði á ári af 18 milljóna króna láni á 4,15 prósenta vöxtum**

| Verðbólga | 0% | 2,50% | 4,80% |
|---|---|---|---|
| Greiðslubyrði á ári: | 1.328.388 kr. | 1.346.283 kr. | 1.362.622 kr. |
| Greiðslubyrði á mánuði að meðaltali: | 110.700 kr. | 112.200 kr. | 113.600 kr. |



**FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON** Friðrik, sem er framkvæmdastjóri LÍÚ, segir útgerðir ákveða sjálfar hvort þær vilji reyna að sækja fyrir dómi bætur vegna ólöglegs verðsamráðs olíufélaganna.

Ólöglegt verðsamráð:

## Útgerðir íhuga málssókn

**OLÍUSAMRÁÐ** Á næstu vikum skýrist hvort útgerðir fara í mál við olíufélögin til greiðslu skaðabóta vegna ólöglegs samráðs þeirra.

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna, segir ákvörðun um málshöfðun sé á hendi félaganna sjálfra. Aðstæður útgerða og afstaða til málsins kunni að vera mismunandi.

„Sumir voru tengdir heimsmarkaðsverði og aðrir keyptu olíu á svokölluðu listaverði. Það kemur fljótlega í ljós hvort menn ætla í mál," segir hann og telur ekki ólíklegt að einhver útgerðarfélög gætu þá tekið sig saman um einhvers konar samrekstur mála.

- óká

### VESTFIRÐIR

**BERJAST GEGN BÍLAKIRKJUGARÐI** Opnuð hefur verið vefsíða þar sem safnað er undirskriftum þeirra sem vilja að bílakirkjugarðurinn á Garðstöðum við Ísafjarðardjúp verði fjarlægður. Það er fjölskyldan frá Ögri sem stendur fyrir mótmælunum en bílakirkjugarðurinn blasir þar við. Meðal mótmælenda er Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði.




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Ofbeldismál fær flýtimeðferð í Héraðsdómi Reykjavíkur:

# Bandarískur ferðamaður dæmdur fyrir líkamsárás

**DÓMSMÁL** Bandarískur ferðamaður var í gær dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir líkamsárás. Var hann dæmdur í tveggja mánaða fangelsi, en refsing fellur niður eftir tvö ár, haldi hann almennt skilorð.

Tildrög málsins eru þau að maðurinn sem er á þrítugsaldri lenti í hörðum átökum við Íslending fyrir utan veitingastaðinn Sólon aðfaranótt sunnudags. Tildrög eru ekki ljós, en Íslendingurinn slasaðist allmikið, kinnbeinsbrotnaði, botn undir hægra auga brotnaði og færðist til og hann hlaut skurð við hægra auga sem sauma þurfti saman. Sjálfur handarbrotnaði ferðamaðurinn í átganginum. Hann var þegar úrskurðaður í farbann, sem átti að renna út klukkan 16 í gær. Ákveðið var að setja mál hans í flýtimeðferð.

Honum var síðan birt ákæra í Héraðsdómi Reykjavíkur eftir hádegi í gær. Hann játaði sök og var frjáls ferða sinna eftir að dómurinn hafði verið kveðinn upp.

- jss

**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Átökin brutust út fyrir utan veitingahúsið Sólon aðfaranótt sunnudagsins.







Útsölulok
50%
af öllum afsl.
pottaplöntum

útsölunni lýkur á sunnudaginn

# Haustlauka hátíð

## Verð-sprengja

NÝTT KORTATÍMABIL

### Topp 10 á frábæru verði

| | | |
|---|---|---|
| **15 perluliljur,** muscari armeniacum, | **99** | verð áður 399 |
| **10 krókusar,** blandaðir litir, | **99** | verð áður 399 |
| **5 páskaliljur,** Carlton, | **99** | verð áður 399 |
| **10 túlipanar,** Couleur Cardinal, | **159** | verð áður 499 |
| **10 túlipanar,** Apeldoorn, | **139** | verð áður 399 |
| **10 túlipanar,** Double early, blandaðir litir, | **159** | verð áður 399 |
| **10 túlipanar,** Red riding hood, | **199** | verð áður 549 |
| **10 túlipanar,** Stockholm, | **189** | verð áður 469 |
| **10 túlipanar,** Darwin blanda, | **139** | verð áður 469 |
| **10 túlipanar,** Toronto, margblóma, | **129** | verð áður 399 |



Rósavendir **499** verð áður 879



Heilsársseríur **499**

blómaval
*heillandi heimur*

Sigtún - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 14.09.2005**

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 62,2 | 62,5 |
| Sterlingspund | GBP | 113,5 | 114,06 |
| Evra | EUR | 76,39 | 76,81 |
| Dönsk króna | DKK | 10,242 | 10,302 |
| Norsk króna | NOK | 9,775 | 9,833 |
| Sænsk króna | SEK | 8,176 | 8,224 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5641 | 0,5673 |
| SDR | XDR | 91,41 | 91,95 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**107,1079**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Reglur Háskólans um fyrningu eininga eru sveigjanlegar:

# Gísli samdi um undanþágu

**NÁM** Gísli Marteinn Baldursson varaborgarfulltrúi segist túlka það svo að þegar hann samdi um námslok í námi sínu í stjórnmálafræði árið 2002 við Háskóla Íslands, hafi hann fengið undanþágu frá reglum deildarinnar um hámarksnámstíma, líkt og margir hafi gert á undan honum.

Samkvæmt þeim reglum er hámarksnámstími fjögur og hálft ár, en heimilt er að veita undanþágu frá þessum tímamörkum þegar sérstaklega stendur á. Gísli Marteinn hóf nám í stjórnmálafræði árið 1992, fyrir 13 árum.

Samkvæmt ströngustu túlkun á reglum skorarinnar ætti það nám sem hann hefur þegar lokið að vera nú fyrnt og þyrfti hann því að hefja nám að nýju. Í reglum skorarinnar segir: „Skor metur að jafnaði síður námskeið ef langt er síðan stúdent lauk þeim eða ef árangur stúdents er lakur.“

Indriði H. Indriðason, skorarformaður stjórnmálafræðiskorar segist ekki muna eftir öðru tilfelli, þar sem svo langt er síðan nemandi hóf nám óskaði eftir undanþágu. Hvort undanþága sé veitt fari eftir því hvað mörgum einingum er lokið. „Almennt höfum við haft frekar sveigjanlegar reglur.“ - ss



**GÍSLI MARTEINN Á IÐNÓFUNDI** Skorarformaður stjórnmálafræðiskorar segir að almennt hafi verið sveigjanlegar reglur í gildi fyrir þá námsmenn sem taka tímann sinn til að klára námið.

Héraðsdómur Vestfjarða:

# Segir uppsögn ólöglega

**DÓMSMÁL** Ingibjörg Ingadóttir, kennari við Menntaskóla á Ísafirði, krefst þess að fá launagreiðslur sem henni beri sem sviðsstjóra í erlendum málum.

Ólína Þorvarðardóttir skólameistari hafði sagt Ingibjörgu upp í þeirri stöðu þar sem Ingibjörg væri ekki með tilskilin próf í ensku. Málið var þingfest fyrir Héraðsdóm Vestfjarða í dag.

Ingibjörg segir uppsögnina ólöglega og að skólameistari væri fyrir löngu kunn ferilsskrá hennar. Ingibjörg og Ólína hafa áður deilt fyrir dómstólum en því máli lauk með dómsátt síðastliðið vor. - jse



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**Á HVOLFI** Ökumaður missti stjórn á bíl sínum á Reykjanesbrautinni undir kvöld í gær.

Bílvelta á Reykjanesbraut:

# Slasaðist ekki alvarlega

**SLYS** Bílvelta varð á Reykjanesbraut á Strandarheiði klukkan sjö í gærkvöld.

Varnarliðsmaður sem var á leið til Keflavíkur missti stjórn á bílnum og fór hann ofan í dæld sem er á milli akreinanna en Reykjanesbraut er tvöföld á þessum kafla. Varð að klippa manninn úr bílnum en hann var síðan fluttur á Landspítalann í Fossvogi. Hann var allan tímann með meðvitund og að sögn læknis benda fyrstu rannsóknir til að hann sé ekki alvarlega slasaður. Bíllinn er hinsvegar gjörónýtur að sögn lögreglunnar.

Grunur leikur á að maðurinn hafi sofnað undir stýri. - jse

## BANDARÍKIN

**KÓKAÍN NÁÐIST Á SJÓ** Bandaríska strandgæslan lagði hald á 2,5 tonn af kókaíni í gær er hún stöðvaði skip á leið frá Ekvador til Bandaríkjanna. Átta menn voru handteknir um borð í skipinu en talið er að fíkniefnin hafi verið frá Kolumbíu.

## HAFNARFJÖRÐUR

**HAMBORGARABÚLLAN FÆR VÍNVEITINGALEYFI** Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á þriðjudag að rekstraraðili veitingastaðarins Hamborgarabúlla Tómasar muni fá vínveitingaleyfi til eins árs. Leyfilegt verður að veita áfengi til 23.30 alla daga, utan aðfaranætur laugardags, sunnudags eða almenns frídags, þegar leyft verður að veita áfengi til klukkan eitt.

# Kona lést í óveðri í Noregi

**Neyðarástandi var lýst yfir í Björgvin í Noregi í gær eftir flóð og skriðuföll í kjölfar stórrigninga er fylgdu fellibylnum Maríu. Á annað hundrað manns lokuðust inni í raðhúsahverfi. Þrátt fyrir ófarirnar fór knattspyrnumaðurinn Ólafur Örn Bjarnason á æfingu. Úrkomumet voru slegin og enn er spáð rigningum.**

**NOREGUR** „Þetta er búið að vera ansi mikið ástand hérna,“ segir Tryggvi Magnússon, háskólastúdent í Björgvin í Noregi. „Skriður féllu hér yfir raðhúsahverfi og það er talið hafa orðið einhverjum til lífs að hversu slökkviliðsmenn voru snöggir á vettvang,“ segir Tryggvi. Neyðarástandi var lýst yfir í borginni í gær eftir að aurskriður féllu í kjölfar úrhellis og hvassviðris sem geisaði Vestur-Noregi.

Tryggvi segir að slökkviliðsmenn hafi þegar hafist handa við að dæla vatni burt úr nágrenni hverfisins og allt tiltækt lið lögreglu og björgunarsveita hafi verið í viðbragðsstöðu. Einnig var háskólasjúkrahúsið í Haukalandi búið undir neyðarástand og allt tiltækt aukastarfslið kallað út. Þessum viðbúnaði var þó aflétt þegar leið á daginn.

Að sögn Tryggva var borgin lömuð í gærmorgun, þar eð skriður höfðu víða fallið yfir vegi eða þá að vatn hreinlega fossaði eftir þeim. Fólki var ráðlagt að halda sig heimavið eftir fremsta megni og nota almenningsfarartæki ef þörf krefði. „Hér hefur vatnið sjatnað mikið en það er þó líklegt að meira eigi eftir að skila sér úr fjöllunum.

Ólafur Örn Bjarnason, knattspyrnumaður hjá liðinu Brann í Björgvin, segir að ástandið hafi verið bundið við afmörkuð svæði. Af þeim sökum hafi Brann til dæmis haldið knattspyrnuæfingu til streitu í gærmorgun, enda þótt blautt hafi verið á vellinum. „Ræsin höfðu ekki við og þess vegna flæddi mikið. Veðrið hefur lagast mikið,“ segir Ólafur.

Kona á sextugsaldri lést og níu eru slasaðir. Á annað hundrað manns lokuðust á tímabili inni í raðhúsahverfinu og náði skriðan að feykja með sér húsum og bifreiðum. Stóru verslunarhúsi hefur verið lokað um óákveðinn tíma því óttast er að það geti hrunið.

saj@frettabladid.is



**ÓLAFUR ÖRN BJARNASON** Ólafur fór á knattspyrnuæfingu í gærmorgun. Völlurinn var þá nánast á floti. Hann segir ástandið hafa verið bundið við afmörkuð svæði.



**RAÐHÚSAHVERFI Í BJÖRGVIN** Hér sést hvar hluti skriðunnar féll. Skriðan ruddi með sér húsum og bílum. Nálægð slökkviliðs varð fólki til bjargar.






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HORFIR BEST FYRIR SUÐAUSTURLANDIÐ**
Og er ég þá að tala um sólin. Hætt við súld vestan og norðan til annars yfirleitt þurrt. Hiti 5-10 stig að deginum.

**HORFUR UM HELGINA**
Fremur hæg vestlæg átt á laugardag og víðast skýjað en þurrt. Á sunnudag, vaxandi norðaustan átt með vætu. Kólnandi veður

**HORFUR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU:**
Hæg vestlæg átt. Skýjað og hætt við lítilsháttar súld. Hiti 7-11 stig að deginum.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 16°C hálfskýjað | París | 22°C hálfskýjað | Alicante | 28°C heiðskírt |
| Osló | 14°C hálfskýjað | Berlín | 20°C hálfskýjað | Milano | 25°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 13°C hálfskýjað | Frankfurt | 27°C heiðskírt | New York | 26°C hálfskýjað |
| Helsinki | 14°C skýjað-skúr | Madrid | 31°C heiðskírt | San Francisco | 18°C hálfskýjað |
| London | 21°C hálfskýjað | Barcelona | 27°C heiðskírt | Orlando/Florida | 32°C heiðskírt |

* Svæði þar sem búast má við talsverði vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.




ICELANDAIR

# ÞÚ GÆTIR UNNIÐ FLUGFERÐ FYRIR TVO TIL TÍSKU-BORGARINNAR NEW YORK!

**HAUST-OG VETRARTÍSKAN KYNNT Á 100 GÍNUM Á GÖNGUGÖTUM**

**NÝTT KORTATÍMABIL**

**OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD**

| | Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Verslanir | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |
| Ævintýraland | 12.00 til 18.30 | 12.00 til 19.00 | 12.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |

**Veitingastaðir** og **Kringlubíó** eru með opið lengur á kvöldin.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS KRI 29501 09/2005




## KJÖRKASSINN

*Á verkalýðsforystan að segja upp kjarasamningum?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 72,9% |
| Nei | 27,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Gætir þú hugsað þér að nota heimasíma um netið?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Íslandsmiðill og Tengir hyggja á stórfellda dreifingu sjónvarpsefnis:

# Viðræður hafnar um Enska boltann

**FJÖLMIÐLAR** Gunnar Björn Þórhallsson, framkvæmdastjóri Tengis á Akureyri, segist ekki vita hvar eða hvernig Íslenska sjónvarpsfélagið afhendi Tengi sjónvarpsmerki félagsins vegna Enska boltans. Viðræður séu hafnar og hafi Tengir svarað spurningalista félagsins fyrir helgi. Nú sé beðið eftir viðbrögðum.

„Ég geri ráð fyrir því að fá allar íslenskar stöðvar inn á ljósleiðaranetið sem við höfum. Þegar er Ríkissjónvarpið og Aksjón komið. Skjár einn hlýtur að fylgja með Enska boltanum og við erum búnir að senda fyrirspurnir um að fá Stöð 2 og Sýn inn á kerfið.

Vonir standa til að viðskiptavinir okkar geti fengið allar sjónvarpsstöðvarnar í gegn um sömu tenginguna,“ segir Gunnar.

Njörður Tómasson, framkvæmdastjóri Íslandsmiðils, segir einnig að viðræður séu hafnar við Íslenska sjónvarpfélagið. „Ég fagna þessum úrskurði samkeppnisyfirvalda og geri ráð fyrir að nú geti flutningsfyrirtæki flutt allt það efni sem framleitt er á Íslandi og neytendur vilja fá. Það hefur verið gerð tilraun til að læsa efni inni á tilteknum dreifileiðum, en nú er verið að girða fyrir það.

Það er aðeins verið að rjúfa þessi sterku tengsl á milli fjölmiðla og fjarskiptafyrirtækja.“

- ss



**GUNNAR BJÖRN ÞÓRHALLSSON** Framkvæmdstjóri Tengis á Akureyri segir viðræður hafnar við Íslenska sjónvarpsfélagið um dreifingu á Enska boltanum.

Kaþólikkar á Norður-Írlandi:

# Vilja strangari hömlur

**N-ÍRLAND, AP** Kaþólikkar í Belfast hafa krafist þess að Óraníureglunni verði settar enn strangari hömlur en áður eftir að fulltrúar hennar höfnuðu í gær alfarið að bera nokkra ábyrgð á óeirðum í borginni fyrir skemmstu.

81 lögregluþjónn særðist, 116 bifreiðum var stolið eða kveikt í og 146 heimagerðar sprengjur voru sprengdar eftir að Óraníumönnum höfðu fengið sínar viðvaranir lögreglu.

Mótmælendur settu upp vegatálma víða um Belfast í gær til að lýsa yfir andúð sinni á þeim takmörkunum sem þeir þurfa að sæta. ■




**MÓTMÆLENDUR MÓTMÆLA** Íbúar í mótmælendahverfinu Shankill Road í Belfast settu upp vegatálma og töfðu umferð á háannatíma.




# Við þurfum fleiri sjálfboðaliða!

Kynningarfundur

Kópavogsdeild Rauða kross Íslands óskar eftir sjálfboðaliðum til þess að sinna margvíslegum mannúðarverkefnum deildarinnar.

**Kynningarfundur fyrir nýja sjálfboðaliða verður haldinn í sjálfboðamiðstöðinni Hamraborg 11 fimmtudaginn 15. september kl. 20.**



Um er að ræða verkefni sem henta körlum jafnt sem konum, fólki á öllum aldri:

- **Heimsóknavinir**
- **Aðstoð við geðfatlaða í Dvöl**
- **Föt sem framlag**
- **Starf með ungum innflytjendum**
- **Neyðarvarnir**
- **Ökuvinir**
- **Fataflokkun og afgreiðsla í L-12**
- **Fjölsmiðjan**



**Nánari upplýsingar:**
Sjálfboðamiðstöð Hamraborg 11,
opin virka daga kl. 11-15
Sími 554 6626
kopavogur@redcross.is
www.redcross.is/kopavogur

**Rauði kross Íslands**
**Kópavogsdeild**





**LAGT UPP TIL LEITAR** Síðustu daga hefur staðið yfir viðamikil leit að manni sem talinn er af eftir að skemmtibátur sigldi á Skarfasker á Viðeyjarsundi um helgina. Formlegri leit hefur nú verið hætt fram að helgi.

# Lokaleit um helgina

**Maðurinn sem saknað er eftir sjóslys á Viðeyjarsundi er talinn af. Í slysinu fórst einnig kona, en hjón með 10 ára dreng björguðust. Lögregla tók af þeim skýrslur í gær. Formlegri leit að líki mannsins verður ekki haldið áfram í dag.**

**SJÓSLYS** Formlegri leit að Friðriki Ásgeiri Hermannssyni sem leitað hefur verið eftir sjóslys á Viðeyjarsundi aðfaranótt laugardags verður ekki haldið áfram í dag eða á morgun. Jónas Hallsson aðstoðaryfirlögregluþjónn segir Friðrik Ásgeir talinn af og að stefnt sé að lokaleit að líki hans um helgina.

Í gær fóru leitarmenn Landsbjargar um sundin með neðansjávarmyndavél auk þess sem leitað var á fjörum og úr lofti. Jónas segir þó að verið geti að vinir og ættingjar Friðriks Ásgeirs haldi áfram einhverri leit fram að helgi.

Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir unnið hörðum höndum að rannsókn slyssins. Í gær voru teknar skýrslur af hjónunum sem slösuðust í slysinu. Þá hefur lögregla farið yfir símtöl sem Neyðarlínu bárust úr bátnum eftir slysið, en samkvæmt heimildum blaðsins voru um borð fleiri en einn farsími.

Meðal þess sem til rannsóknar er vegna slyssins eru siglingatæki skemmtibátsins sem fórst. Margir nýrri bátar eru búnir fullkomnu GPS-staðsetningarkerfi oft tengdu sjókortum, en fyrir hafa komið bilanir í gervitunglum sem valda tímabundinni skekkju í slíkum tækjum. Arnór Bergur Kristinsson, sérfræðingur gervihnattaleiðsögumála hjá Flugmálastjórn Íslands, segist þó ekki vita til að slík villa hafi komið upp um síðustu helgi. Hann bendir þó á að í Bandaríkjunum sé starfrækt WAAS-leiðréttingarkerfið fyrir GPS-tæki og sendingar þess náist hér.

„Ef tæki er stillt á að nema þær sendingar, þá eykur það staðsetningarskekkju um 10 til 20 metra,“ segir hann. Unnið er að uppsetningu evrópska leiðréttingarkerfisins EGNOS hér, en það er ekki enn komið í gagnið.

Þá bendir Arnór á að um helgina hafi geisað mikill sólstormur sem gæti hafa haft áhrif á staðsetningartæki. „En þeirra áhrifa gætti þó aðallega á daghlið jarðar,“ segir hann.

olikr@frettabladid.is



**ARNÓR BERGUR KRISTINSSON** Arnór Bergur er rafmagnsverkfræðingur og sérfræðingur gervihnattaleiðsögumála hjá Flugmálastjórn Íslands, auk þess að vera verkefnisstjóri EGNOS-leiðréttingarkerfisins fyrir GPS-tæki hér á landi.


www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil




# Liðaktin

**BYGGIR UPP BRJÓSK Í LIÐUM**

Lið-Aktín samanstendur af tveimur efnum, glúkósamín HCL og kondróití súlfati. Líkaminn getur framleitt glúkósamín en svo virðist sem fólk tapi hæfni til þess með aldrinum, sem verður til þess að brjósk í líkamanum þynnist og missir eiginleika sína sem höggdeyfir. Þetta er talið einn af þeim þáttum sem leiða t.d. til slitgigtar. Glúkósamín HCL og kondróitín súlfat vinna á þrenns konar hátt í líkamanum, þau örva endurbyggingu á skemmdu brjóski, hafa bólgueyðandi áhrif ásamt því að hemja virkni ensíma sem eyðileggja brjósk.

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Kringlunni - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási


Deilur um launagreiðslur varnarliðsins fyrir dómstólum:

# Ríkið gæti þurft að borga meira

**DÓMSTÓLAR** Launaábyrgðir ríkisins fyrir Bandaríkjaher gætu aukist um tugi milljóna ef Rafiðnaðarsambandið vinnur mál á hendur ríkinu í Hæstarétti. Í vor vann sambandið málið í héraðsdómi, en því var áfrýjað og verður flutt í Hæstarétti í október.

Nú þegar skulda Bandaríkin ríkinu tæpar sex milljónir vegna launa sem herinn vill ekki borga og ríkið hleypur undir bagga með, eftir dóm sem féll í fyrrasumar. „Við teljum að starfsmannahald varnarliðsins hafi brotið úrskurð kaupskrárnefndar með því að fella burt ákveðin atriði á borð við bíla- og ferðapeninga,“ segir Einar Jón Ólafsson, starfsmaður á skrifstofu Rafiðnaðarsambandsins. Málið snertir upp undir 100 starfsmenn varnarliðsins.

Lára V. Júlíusdóttir hæstaréttarlögmaður sem fór með málið í héraði segir tekist á um hvort varnarliðið geti sjálft sagt upp hluta af ráðningarkjörum, eða hvort til þurfi að koma úrskurður kaupskrárnefndar. „Í heild snýst þetta um einhverja tugi milljóna, en upphæðir eru mishára eftir starfsmönnum,“ segir hún.

- óká



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**LÁRA V. JÚLÍUSDÓTTIR** Lára, sem er hæstaréttarlögmaður og sérfróð um vinnurétt, vann í apríl mál á hendur ríkinu fyrir héraðsdómi, þar sem tekist var á um launagreiðslur varnarliðsins.




**Paratabs®** – *Öflugur verkjabani!*




**Notkunarsvið:** Paratabs inniheldur parasetamól sem er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Það er notað við höfuðverk, tannpínu, tíðaverkjum o.fl. Einnig við sótthita af völdum inflúensu og annarra umgangspesta eins og kvefs. Lyfið inniheldur ekki ávanabindandi efni og hefur ekki sljóvgandi áhrif. **Varúðarreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir parasetamóli eða er með lifrarsjúkdóma má ekki nota lyfið. Nýrna- og lifrarsjúklingum er bent á að ráðfæra sig við lækni áður en þeir taka lyfið. Of stór skammtur getur valdið lifrarbólgu. Parasetamól veldur sjaldan aukaverkunum og þolist yfirleitt vel í maga. Langvarandi notkun lyfsins getur valdið nýrnaskemmdum. **Skömmtun:** Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtun fylgja lyfinu. Ekki má taka stærri skammta en mælt er með. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 13.07.05

actavis
hagur í heilsu

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA / ACTAVIS 507031



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hverjir ætla að reka farþegaflutningaskipið Herjólf frá næsta ári?*

2 *Inn í hvaða tölvuverslun í Kópavogi óku þjófar skurðgröfu?*

3 *Fyrir hve mörgum öldum var Brynjólfur biskup Sveinsson í Önundarfirði fæddur?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Rannsóknasetur við Háskóla Íslands:

# Brynhildur ráðin forstöðumaður

**VISTASKIPTI** Brynhildur Ólafsdóttir hefur tekið við starfi forstöðumanns Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáríki við Háskóla Íslands. Gegnir hún starfinu í rannsóknarleyfi Ásthildar Elvu Bernharðsdóttur.

Alþjóðamálastofnun og Rannsóknasetur um smáríki eru rannsókna-, fræðslu- og þjónustustofnanir og eru vettvangur fyrir þverfaglegt samstarf á sviði alþjóðamála og smáríkjarannsókna. Báðar stofnanirnar sinna fjölbreyttum rannsóknum og útgáfustarfsemi á sviði alþjóðamála og smáríkjafræða og standa fyrir ráðstefnum, málstofum og fyrirlestrum.

Brynhildur hefur unnið á fjölmiðlum mörg undanfarin ár, lengst af sem fréttamaður á Stöð 2 þar sem hún hefur verið yfirmaður erlendra frétta síðustu ár. Jafnframt hefur hún sinnt stundakennslu við stjórnmálafræðiskor félagsvísindadeildar HÍ og kennt námskeið um stjórnmál þriðja heimsins og hryðjuverk.

Brynhildur verður í hlutastarfi á Stöð 2, samhliða því að gegna forstöðumannsstöðunni. **- bþs**



**BRYNHILDUR ÓLAFSDÓTTIR** Nýr forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáríki við Háskóla Íslands.

Lögreglan á Akureyri:

## Reglusamir menntskælingar

**LÖGREGLUMÁL** Nemendur í 4. bekk Menntaskólans á Akureyri komu til landsins í gær úr skólaferðalagi í Tyrklandi. Gerði lögreglan viðeigandi ráðstafanir og var á svæðinu með fíkniefnaleitarhund frá tollgæslunni.

Að sögn lögreglu er hann svo næmur að hann nemur ekki einungis hvort menn séu með fíkniefni á sér heldur þefar hann uppi menn sem hafa neytt fíkniefna jafnvel dögum áður.

Lögreglu og öðrum til mikillar ánægju sá hundurinn enga ástæðu til að hafa frekari afskipti af neinum menntskælinganna sem þó voru fjölmargir að sögn lögreglunnar. **- jse**

Ættingi fékk póstkort:

## Rita er óhult eftir fellibylinn

**HAMFARIR** Íslenska konan Rita Gaudin og sonur hennar David, sem ættingjar söknuðu hér heima eftir fellibylinn Katrínu, eru komin í leitirnar.

Ólafur Sigurðsson, sendifulltúi utanríkisráðuneytisins í Washington, segir Ritu og fjölskyldu hennar hafa yfirgefið heimili sín fyrir fellibylinn: „Þau fóru á hótel í Norður-Mississippi og sendu póstkort til ættingja sinna sem barst ekki fyrr en núna fyrir skömmu.“

Ólafur segir enn rafmagns- og símasambandslaust þar sem þau búa. Ekki sé ljóst hvenær þau snúa aftur heim.

Allir Íslendingarnir sem um tíma var óttast um í kjölfar Katrínar hafa látið vita af sér og eru heilir heilsu. **- gag**

## ÞÝSKALAND

**SPRENGJUHÓTUN Í MÜNCHEN** Um 160 manns var hraðað út úr 290 metra háum Ólympíuturninum í München og nærliggjandi sundlaug í fyrradag eftir að maður hótaði að sprengja turninn til grunna. Maðurinn stóð upp í veitingastaðnum í toppi turnsins og veifaði hlut sem virtist vera fjarstýrður rofi. Hann var handtekinn nokkru síðar eftir samningaviðræður við lögregluna.

# Yfir 400 börn enn á biðlistum

**Rúmlega 400 börn bíða enn eftir plássi á frístundaheimilum borgarinnar vegna skorts á starfsfólki. Á leikskólana vantar um 100 starfsmenn. Háskólanemar og eldra fólk hefur ráðist til starfa á síðustu dögum. Örðugast er að fá fólk til starfa í úthverfum. Stefán Jón Hafstein segir ráðningar ekki ganga nógu hratt.**

Enn vantar um 185 starfsmenn á leikskóla og frístundaheimili í Reykjavík. Að sögn Gerðar G. Óskarsdóttur, sviðsstjóra Menntasviðs Reykjavíkurborgar, á enn eftir að fylla um100 stöður í leikskólum. Soffía Pálsdóttir, æskulýðsfulltrúi hjá Íþrótta- og tómstundaráði sem rekur frístundaheimili grunnskólanna, segir að enn vanti um 85 starfsmenn. Nokkuð vel gekk að ráða fólk í síðustu viku því háskólanemar hafa nú fengið afhentar stundarskrár og geta þar af leiðandi ráðið sig til vinnu. Börnum á biðlistum frístundaheimilanna hefur að sama skapi fækkað í 416 úr 511.

Að sögn Soffíu er ástandið á frístundaheimilunum verst í úthverfum. „Það er erfiðast í Breiðholti og Grafarholti og en fólk ber því við að of langt sé að ferðast þangað til vinnu þegar vinnutíminn er aðeins þrjár til fjórar stundir á dag,“ segir hún. „Mikið af starfsfólki frístundaheimilanna er háskólafólk sem vill vinna sem næst miðbænum.“

Að undanförnu hefur ÍTR hefur auglýst eftir eldra fólki í störf á frístundaheimilum. Að sögn Soffíu hefur aldurshópurinn 60 ára og eldri brugðist vel við og þó nokkuð af starfsfólki skilað sér úr þeim hópi. Vonast hún til að enn fleiri eldri borgarar sjái sér hag í því að starfa á þessum vettvangi. „Við getum ekki gefist upp og verðum að reyna að halda áfram að finna starfsfólk,“ segir Soffía.

Starfsmannamál leikskólanna verða rædd í borgarráði og menntaráði í dag. Stefán Jón Hafstein, borgarfulltrúi R-listans og formaður borgarráðs, segir að ráðið muni ræða útfærslu á 50 milljóna króna aukafjárveitingu sem samþykkt var í síðustu viku og ætluð var til að hjálpa til við að leysa starfsmannavanda leikskóla og frístundaheimila. Hann segir stöðuna hafi batnað á síðustu dögum og biðlistar á frístundaheimili styst. „Það gengur samt ekki nógu hratt að mínu mati og þykir mér það óskaplega leitt fyrir hönd þeirra sem vilja veita góða þjónustu,“ segir Stefán Jón. **sda@frettabladid.is**



**ENN ER SKORTUR Á STARFSFÓLKI Í LEIKSKÓLUM REYKJAVÍKUR** Alls vantar 100 starfsmenn í leikskólana og 85 starfsmenn á frístundaheimili svo hægt sé að veita fulla þjónustu. Aukafjárveiting verður útfærð í borgarráði í dag.








VILTU VITA HVAÐ AÐRIR ERU MEÐ Í LAUN?

VR boðar til hádegisverðarfundar á Nordica hóteli 16. september kl. 12–13 þar sem kynntar verða niðurstöður launakönnunar VR 2005. Fundurinn er öllum opinn og þátttakendum að kostnaðarlausu. Verið velkomin.

Starf okkar eflir þitt starf VR

Nýtt

# Nicotinell®
# Classic




Fyrir þá sem vilja mjúkt og gott nikótíntyggjó **með nikótínbragði.**

## 20% afsláttur

**5.-23. september í öllum apótekum Lyf & heilsu**




## Ráðgjöf og kynning í Lyf & heilsu

| | |
|---|---|
| Miðvikudagur 14. sept. | Lyf og heilsa Domus Medica |
| Fimmtudagur 15. sept. | Lyf og heilsa Akranes |
| Föstudagur 16. sept. | Lyf og heilsa Fjarðarkaupum |
| Miðvikudagur 21. sept. | Lyf og heilsa JL-húsinu |
| Fimmtudagur 22. sept. | Lyf og heilsa Seltjarnanesi. |

ARNARSON. K · NIC-004-240105

Lyf & heilsa

Nicotinell tyggigúmmí er lyf sem er notað sem hjálparefni til að hætta eða draga úr reykingum. Það inniheldur nikótín sem losnar þegar tuggið er, frásogast í munninum og dregur úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt. yggja skal eitt stykki í einu, hægt og rólega til að vinna gegn reykingaþörf. Skammtur er einstaklingsbundinn, en ekki má tyggja fleiri en 25 stk. á dag. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en 1 ár. Nikótín getur valdið aukaverkunum, s.s. svima, höfuðverk, ógleði, hiksta og ertingu í meltingarfærum. Sjúklingar með slæma hjarta- og æðasjúkdóma eiga ekki að nota nikótínlyf nema í samráði við lækni. Lyfið ekki ætlað á meðgöngu / brjóstagjöf án samráðs við lækni. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota lyfið.Nicotinell tyggigúmmí er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára nema í samráði við lækni. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja pakkningunni. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.



**KÍKT Á ÓVININN** Indverskur hermaður sinnir eftirliti í Kasmír. Manmohan Singh, indverski forsætisráðherrann, segir koma til greina að hverfa frá völdum stöðum í Kasmír leggi íslamskir öfgamenn niður vopn.

Aðalsteinn Á. Baldursson formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur:

# Vill forðast átök á vinnumarkaði

**KJARASAMNINGAR** Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur, telur að forsendur kjarasamninga frá því í mars í fyrra séu brostnar og því sé hætta á upplausn á vinnumarkaði frá og með áramótum. Hann vill hins vegar ekki segja samningum upp fyrr en samningsleiðin hafi verið reynd.

„Verðbólgan er nú hærri en gert var ráð fyrir og ýmsir hópar launafólks hafa fengið meiri launahækkanir en verkafólk. Því eru samningsforsendur brostnar og bullandi óánægja hjá okkar fólki,“ segir Aðalsteinn.

Nefnd skipuð fulltrúum samningsaðila beggja megin borðsins mun koma saman á næstu vikum til að meta hvort forsendur samninga séu brostnar.

„Komist nefndin að þeirri niðurstöðu að forsendurnar séu brostnar geta verkalýðsfélögin sagt samningum upp og þá stefnir í verkföll eftir áramót. Því vil ég að verkalýðshreyfingin fari nú þegar að huga að breytingum á gildandi samningi svo komast megi hjá hörðum átökum,“ segir Aðalsteinn.

- kk



**AÐALSTEINN Á. BALDURSSON** Formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur segir forsendur samninga brostnar og bullandi óánægju meðal verkafólks.

Palestína:

# Afvopnun á Gaza

**JERÚSALEM, AP** Mahmoud Abbas, leiðtogi Palestínu, vill að allar vopnaðar hreyfingar á Gaza dragi sig í hlé, eigi síðar en eftir kosningar í Palestínu í janúar næstkomandi.

„Markmiðið er að koma í veg fyrir allar skærur og ólöglegan vopnaburð,“ segir Rafiq Husseini erindreki í samtali við AP-fréttastofuna.

Þúsundir herskárra meðlima Fatah-hreyfingarinnar eru á Gaza, en flestir þeirra hafa verið ráðnir í palestínskar öryggissveitir í því augnamiði að auðveldara verði að stjórna þeim. ■






**CHRISTOPHER HILL** Norður-Kórea hefur farið fram á aðstoð við smíði léttvatnskjarnakljúfs til raforkuframleiðslu en það segir Hill ekki koma til greina.

Kjarnorkumál Norður-Kóreu:

# Ekkert gengur í viðræðum

**PEKING, AP** Hvorki hefur gengið né rekið í viðræðum við Norður-Kóreumenn um kjanrorkuáætlun þeirra. Þetta sagði Christopher Hill, aðstoðar-innanríkisráðherra Bandaríkjanna, í gær. Hill hefur tekið þátt í viðræðum við fulltrúa Norður-Kóreu ásamt fulltrúum frá Kína, Japan, Rússlandi og Suður-Kóreu.

Norður-Kórea hefur farið fram á aðstoð við smíði léttvatnskjarnakljúfs til raforkuframleiðslu og vilja í staðinn leggja niður alla framleiðslu á kjarnavopnum. Enginn þátttakenda í viðræðunum samþykkir þessa ósk. Bent er á að Norður-Kórea hafi einvörðungu framleitt plútón til vopnaframleiðslu í kjarnorkuverum sínum en ekki nýtt orkuna til framleiðslu á rafmagni. Suður-Kórea hefur lagt fram tilboð um að leggja rafmagnslínur yfir landamærin til Norður-Kóreu, en það hafa norður-kóresk stjórnvöld ekki viljað sættast á.

Hill hefur varað við að þessar óskir geti orðið að meiriháttar hindrun í viðræðunum. „Ég kann ekki fleiri aðferðir til að segja nei,“ sagði Hill eftir fundinn í gær. ■




Réttað yfir fyrrverandi þingmanni í Kaupmannahöfn:

# Þingmaður viðurkennir mök við 13 ára dreng

**DANMÖRK** Fyrrverandi þingmaður Venstre játaði fyrir rétti í Kaupmannahöfn á þriðjudag að hafa haft mök við þrettán ára gamlan dreng. Hann hafi talið drenginn vera fimmtán ára gamlan og hann sjái mjög eftir atvikinu. Þingmaðurinn fyrrverandi, Flemming Oppfeldt, viðurkenndi einnig að hann hefði notað net þingsins til að tengjast spjallþráðum þar sem hann komst í samband við unglinga. Hann segist ekki hafa verið sá eini sem noti net þingsins til að tengjast spjallþráðum þar sem kynlíf er rætt.

Mál Oppfeldts komust upp síðasta haust og sagði hann af sér þingmennsku í kjölfarið. Í dómsgögnum er að finna handrit að samtölum hans við unga drengi á netinu. Þar kemur meðal annars fram að hann hafi boðið fimmtán ára dreng að sofa hjá sér. Öðrum dreng, fjórtán ára gömlum, bauð hann að hitta sig yfir kaffibolla. Oppfeldt er einnig gefið að sök að hafa reynt að kaupa sér kynlífsþjónustu hjá unglingum.

- ks



**FLEMMING OPPFELDT** Kveðst ekki sá eini sem hafi rætt kynlíf á neti danska þingsins.

Baráttan við offitu í Bandaríkjunum:

# Kjörþyngd mæld í skólum

**PENNSYLVANÍA, AP** Æ fleiri fylki í Bandaríkjunum láta nú skóla sína mæla hvort nemendur þeirra séu í, yfir eða undir kjörþyngd. Undanfarna hálfa öld hafa börn verið vigtuð og mæld í skólanum en núna verður stigið skrefinu lengra og svokallaður líkamsstuðull reiknaður út.

Niðurstöðurnar um holdafar barnanna verða sendar foreldrunum og tilgreint í hvernig holdum barnið er miðað við aldur. Vonast er til að foreldrar deili þessum upplýsingum með heimilislækni ef holdafar barnanna stefnir í óefni.



**NÆRING** Röskur þriðjungur barna í Pennsylvaníu er yfir kjörþyngd.

Pennsylvanía varð fimmta fylkið til að láta reikna út holdafar skólabarna, en röskur þriðjungur þeirra þar er yfir kjörþyngd. ■


ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

EINN VINSÆLASTI GAMANÞÁTTUR Í BANDARÍKJUNUM

Entourage – föstudaga kl. 21:20



Fræðsludagur í tilefni af alþjóðadegi Alzheimersjúklinga verður haldinn laugardaginn 17. sept. n.k. kl. 13:30 í safnaðarheimili Langholtskirkju að Sólheimum 13, Reykjavík.

Dagskrá:

Kl. 13.30 Gestir boðnir velkomnir. María Th. Jónsdóttir form. FAAS

Kl. 13.45 Eklar á Íslandi. Séra Bragi Skúlason.

Kl. 14.15 Baráttumál eldriborgara. Margrét Margeirsdóttir. Formaður félags eldriborgara.

Kl. 14.50 Hugleiðingar heimilislæknis og kynningu á bæklingi með ráðum til aðstandenda sjúklings með heilabilun. María Ólafsdóttir læknir, Bjarni Sigurðsson lyfjafræðingur.

Kl. 15.30 Kaffiveitingar í boði félagsins.

Fundarstjóri Soffía Egilsdóttir.

Allir velkomnir!





**EÐALDRYKKUR** Flaska af Frapin Cucee 1888 koníaki var afhjúpuð í London í gær. Koníakið, sem blandað er úr ýmsum eðalveigum – þar á meðal koníaki frá árinu 1888 – er talið munu seljast á um 300 þúsund krónur. Aðeins verða framleiddar 1888 flöskur og ekki þykir spilla fyrir að gullþræði er vafið um flöskuna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lögreglan á Keflavíkurflugvelli:

# Sprengjuhótun til saksóknara

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn á máli konu sem hringdi inn sprengjuhótun til Keflavíkurflugvallar í byrjun ágúst er nú lokið hjá lögreglunni á Keflavíkurflugvelli. Málið hefur verið sent til ríkissaksóknara, að sögn Jóhanns R. Benediktssonar sýslumanns og mun hann taka ákvörðun um hvort ákært verður í því eða ekki.

Konan sem er á miðjum aldri hefur verið svipt sjálfræði og þykir vafi leika á hvort hún sé sakhæf eða ekki. Það ræðst hjá embætti ríkissaksóknara. Konan hafði áður komið við sögu lögreglu þegar hún hringdi inn sprengjuhótunina. Hún hringdi úr farsíma og komst lögreglan fljótlega á spor hennar með því að rekja símtalið. Konan reyndist þá vera komin til Akureyrar þar sem hún var handtekin og færð til yfirheyrslu, þar sem sprengjuhótunarmálið leystist hratt og örugglega. Henni var sleppt úr haldi að því loknu.

Þeir sem fremja afbrot af þessu tagi geta átt á hættu fangelsisvist allt að þremur árum. -jss



**RANNSÓKN LOKIÐ** Rannsókn á sprengjuhótun í Leifsstöð er lokið, að sögn Jóhanns R. Benediktssonar sýslumanns.

Menntaskólinn á Ísafirði:

## Viðtölum lokið

**NÁM** Lokið hefur verið við að taka viðtöl við starfsmenn Menntaskólans á Ísafirði vegna úttektar Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands á stjórnunarháttum og samskiptum innan menntaskólans. Þetta kemur fram á fréttavefnum bb.is.

Snemmsumars fór Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði, fram að á opinber rannsókn yrði gerð á starfs- og stjórnunarháttum hennar við skólann vegna deilna við Ingibjörgu Ingadóttur, enskukennara við skólann. Menntamálaráðuneytið fól því Félagsvísindastofnun að framkvæma slíka úttekt. Niðurstöðum verður skilað til ráðuneytisins 20. október. - ss

Al-Kaída:

## Lykilmenn handteknir

**PAKISTAN, AP** Öryggissveitir í Pakistan yfirheyra nú 21 einstakling sem grunaðir eru um aðild að al-Kaída. Hópurinn var handtekinn nú í vikunni í hernaðaraðgerðum í norð-vesturhluta Pakistans. Safdar Hussain herforingi vildi ekki nafngreina einstaklingana en sagði þó að líklega væri um lykilmenn að ræða. Staðurinn sem þeir höfðust við á hefði verið vel búinn vopnum og samskiptatækjum. „Al-Kaída hörfar,“ sagði Musharraf, forseti Pakistans, við CNN í gær. ■

### ÞORLÁKSHÖFN

**HUMARVEIÐAR Í ÞORLÁKSHÖFN** Alls hafa 367 tonnum af heilum humri hefur verið landað í Þorlákshöfn í ár en 18 bátar eru um hituna. Aflahæsti humarbáturinn er Fróði með 40 tonn.

Þunguð krónprinsessa Danmerkur:

## María á sjúkrahúsi



**DANMÖRK** María krónprinsessa af Danmörku var lögð inn á háskólasjúkrahúsið í Kaupmannahöfn í gær vegna samdráttarverkja í móðurlífinu. María á von á sér eftir sex vikur. Frá þessu greindu læknar og talsmenn hirðarinnar.

Líðan hinnar verðandi móður var sögð góð, en að læknisráði verður hún um sinn áfram á sjúkrahúsinu.

Friðrik krónprins dvaldi nóttina hjá sinni heittelskuðu. Öllum embættisskylduverkum prinsessunnar hefur verið aflýst, að sögn hirðarinnar.

María er mjög vinsæl meðal Dana. Hún hitti Friðrik á Ólympíuleikunum í Sydney árið 2000. ■

**MARY** Öllum embættisskyldum hefur verið aflýst.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**VERKSUMMERKI Í BAGDAD** Vegfarendur á vettvangi eins af mörgum sprengjutilræðum gærdagsins.

# Al-Kaída veldur blóðbaði í Írak

**Hátt á annað hundrað manns féllu í Bagdad í sprengjutilræðum al-Kaída í Írak. Þetta var annar mannskæðasti dagurinn frá innrásinni.**

**ÍRAK, AP** Á annan tug sprenginga urðu í miðborg Bagdad í gær, sem bönuðu að minnsta kosti 152 manns og særðu minnst 542. Sprengingarnar byrjuðu með stórri sjálfsmorðs-bílsprengjuárás sem beint var gegn daglaunamönnum sem safnast höfðu saman á þessum stað í borginni í von um að fá vinnu þann daginn. Íraksdeild al-Kaída-hryðjuverkanetsins lýsti ábyrgð á tilræðunum á hendur sér.

Fyrsta árásin var blóðugust. Þá fórust minnst 88 manns og 227 særðust. Hún var gerð í Kazimiyah-hverfinu, en flestir íbúar þar eru sjía-múslimar.

Í fyrrinótt voru sautján menn teknir af lífi í þorpi norður af Bagdad, en að þeim meðtöldum var mannfallið í ofbeldisverkum síðasta sólarhrings í Bagdad og nágrenni komið upp í 169 manns.

Háttsettur foringi í bandaríska herliðinu í Írak tjáði AP-fréttastofunni að hann teldi að árásirnar væru hefnd fyrir áhlaup bandaríska og íraska hersveita í norður-írösku borginni Tal Afar, en markmiðið með því var að svæla uppreisnarmenn út úr fylgsnum sínum nærri landamærunum að Sýrlandi. Arabíska sjónvarpsstöðin Al-Jazzeera hafði eftir talsmönnum al-Kaída að þetta mat væri rétt.

Talið er að blóðbað gærdagsins hafi verið það næstmesta sem orðið hefur í Írak frá því að Bandaríkjamenn leiddu innrás í landið vorið 2003. Ári eftir innrásina, 2. mars 2004, dóu að minnsta kosti 181 og 573 særðust í samræmdum sprengjuárásum á helgar moskur sjía-múslima í Karbala og Bagdad.

Er ofbeldið blossaði svo illilega upp á ný eftir tiltölulega rólega tíð undanfarnar vikur sat Íraksþing enn á rökstólum um endurbætur á drögum að nýrri stjórnarskrá, sem væru til þess fallnar að koma til móts við óánægju súnní-múslima, en það eru herskáir menn úr þeirra hópi sem eru uppistaðan í liði uppreisnarmanna.

Íraskir stjórnmálaleiðtogar fordæmdu árásirnar. Husein al-Shahristani, varaforseti þingsins, sagði þær „villimannslegar og hrottalegar“.

audunn@frettabladid.is





Er þitt heimili öruggt?
Leyfðu okkur
að vaka yfir þér

Fáðu þér heimagæslukerfi frá Öryggismiðstöðinni, frá 1. september til 10. október og þú gætir fengið frítt heimagæslukerfi í 10 mánuði. Vertu áhyggjulaus heima og að heiman, viss um að Öryggismiðstöðin hefur auga með þínu heimili.

Heimagæslan innifelur eftirfarandi:



- Innbrotaviðvörun.
- Næturgæslu.
- Brunaviðvörun.
- Þráðlausa skynjara.
- Útkallsþjónustu öryggisvarða.
- Engan uppst. kostnaður.
- Fjarstýringu.

10 ÁRA 1995 - 2005

Afmælistilboð

10 heppnir fá fría heimagæslu í 10 mánuði. Fáðu þér heimagæslu hjá Öryggismiðstöðinni fyrir 10.10. 2005 og þú kemst í pottinn.

Hringdu núna!
Við erum ávallt á vaktinni
530 2400

ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN
BORGARTÚNI 31 • SÍMI 530 2400 • WWW.ORYGGI.IS

Öryggis- og aðgangsstýrikerfi • Myndavélakerfi • Brunavarnir • Öryggisgæsla • Heimagæsla • Vöruverndarbúnaður



SEPTEMBER TILBOÐ!
30-50% afsláttur
á meðan birgðir endast!
BAÐ
INNRÉTTINGAR
Ölur á MDF 125 sm 5
Hvíttuð eik á MDF 130 sm 10
Hvít eik á MDF 120 sm 29
Eplaviður á MDF 165 sm 7
Eplaviður á MDF 145 sm 31
Hnota á MDF 130 sm 24
Hvítur fulningur 120 sm 12
Hlynur á MDF 120 sm 20
MADRID 120 sm
VALENCIA 120 sm
DIMK 100 sm
NIMES 110 sm
Askur á MDF 100 sm
DORLI 120 sm
KON 80 sm
KENT í horn 55 sm
MIKIÐ ÚRVAL,
GÆÐI OG
GOTT VERÐ
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
OPIÐ: Virka daga frá kl. 09-18
Laugardaga kl. 10 - 14
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



**TOMAS HIRCHT HANDTEKINN** Forsetaframbjóðandi í Chile, Tomas Hircht, var handtekinn fyrir að taka þátt í mótmælum með ættingum uppreisnarseggja í fyrir framan forsetahöllina La Moneda í höfuðborginni Santíagó í gær.

Kallað eftir átaki gegn hækkunum á olíuverði:

# Hækkaði um 40 prósent á ári

**EVRÓPA** Leiðtogar Evrópuríkja hafa kallað eftir samstilltum aðgerðum til að hafa hemil á olíuverðshækkunum. Breski fjármálaráðherrann hvetur OPEC, samtök olíuútflutningsríkja, til að auka framleiðsluna og franski forsetinn biður olíufyrirtækin um að lækka eldsneytisverð og auka fjárfestingar í rannsóknum á endurnýjanlegum orkugjöfum.

Þrátt fyrir að Evrópusambandið hafi varað við því að stjórnvöld aðildarríkjanna gripu til niðurgreiðsluaðgerða vegna olíuverðshækkananna boðaði Dominique de Villepin, forsætisráðherra Frakklands, endurgreiðslu á viss-



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**BENSÍN HAMSTRAÐ** Bíleigendur í Bretlandi hafa hamstrað bensín síðustu daga af ótta við að mótmæli við olíuhreinsistöðvar valdi eldsneytisskorti.

um hluta eldsneytisskatts til franskra bænda.

Nú, þegar heimsmarkaðsverð á olíu er um fjörutíu prósentustigum hærra en fyrir einu ári, fer uggur um marga í Evrópu um hrakandi efnahagshorfur. Hagtölur eru þegar farnar að sýna að eldsneytisverðið er farið að þrýsta upp verðbólgunni.

Gordon Brown, fjármálaráðherra Bretlands, lagði til að efnt yrði til alþjóðlegs átaks til að koma á ró á olíumörkuðum. „Þar sem þetta er að kjarna til vandi þar sem eftirspurn fer fram úr framboði verður OPEC að bregðast við á næsta ráðherrafundi sínum hinn 19. september,“ sagði Brown í ræðu í Brighton. - aa

Óeirðir á N-Írlandi:

# Barist gegn ofbeldi

**NORÐUR-ÍRLAND, AP** Hin útlæga Ulster-sjálfboðaliðahreyfing hefur rofið ellefu ára vopnahlé. Þetta kom fram í máli Peter Hain, Norður-Írlandsmálaráðherra Breta í gær. Hain var ómyrkur í máli og lýsti því yfir að barist yrði gegn ofbeldishreyfingum og þær sigraðar. „Þessir aðilar verða að vinna að pólitískri lausn,“ sagði Hain. Gögn liggja fyrir sem sýna fram á að Ulster-hreyfingin hafa ráðist gegn lögreglu með rifflum og handsprengjum í óeirðum helgarinnar. ■



**SKÓLASETNING** Jón Már Héðinsson skólameistari bauð nemendur velkomna og sagði þeim að þrenningin ástundun, áhugi og árangur væri mjög mikils verð.

Menntaskólinn á Akureyri:

# Settur í 125. sinn

**NÁM** Menntaskólinn á Akureyri var settur í 125. sinn í fyrradag en regluleg kennsla hófst í gær. Um 690 nemendur leggja stund á nám við skólann í vetur og hafa þeir aldrei verið fleiri.

Meðal nemenda eru sautján yfirburðanemendur sem gafst kostur á að hlaupa yfir 10. bekk vegna hárra einkunna í 9. bekk. Um er að ræða tilraunarverkefni MA og menntamálaráðuneytisins og þurfti að vísa mörgum góðum nemendum frá vegna fjöldatakmarkana. - kk

NATO-ráðherrar ræða aukið hlutverk bandalagsins í Afganistan:

# Bandarískir hermenn heim

**BERLÍN, AP** Varnarmálaráðherrar aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins hafa hert á undirbúningi þess að bandalagið víkki út starfssvið friðargæslusveita sinna í Afganistan – sem íslenska friðargæslan á aðild að – þannig að það nái til alls landsins.

Það gæti gert Bandaríkjamönnum kleift að kalla þúsundir hermanna heim, sem í bandalagi við afganska stjórnarhermenn hafa gætt öryggis í suður- og austurhéruðum landsins frá því að talibanastjórninni þar var steypt af stóli fyrir hátt í fjórum árum.

Í þessum landshlutum leika skæruliðar talibana (og annarra andstæðinga stjórnarinnar í Kabúl) enn lausum hala og gera



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**AFGANISTAN Í BRENNIDEPLI** Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri NATO (t.v.), og Peter Struck, varnarmálaráðherra Þýskalands, heilsast í Berlín í gær.

hersveitum Bandaríkjamanna ýmsar skráveifur.

Þó var ekki gert ráð fyrir að nokkur ákvörðun yrði tekin í málinu fyrr en eftir helgi, þar sem þingkosningar fara fram í Þýskalandi á sunnudag og málið er pólitískt viðkvæmt þar í landi enda eru margir þýskir hermenn í friðargæsluliðinu í Afganistan.

Ríkisstjórn Gerhards Schröder kanslara er mótfallin því að friðargæsluverkefni NATO þar verði sameinað hinum hernaðarlegu verkefnum á skæruliðasvæðunum.

Bandaríski varnarmálaráðherrann Donald Rumsfeld þrýstir hins vegar á um að NATO axli meiri ábyrgð í Afganistan. - aa

www.volkswagen.is



Stjórnendur Hagkaupa hafa augastað á lóð í útjaðri miðbæjar Akureyrar:

# Vilja stórmarkað í miðbæinn

**VERSLUN** Stjórnendur Hagkaupa hafa hug á að byggja húsnæði undir verslun í miðbæ Akureyrar. Búið er að teikna einnar hæðar hús og eru Hagkaupsmenn með augastað á lóðinni sunnan aðal íþróttavallar bæjarins en hafa þó enn sem komið er ekki tryggt sér hana.

Jóhannes Jónsson, einn eigenda Baugs, segir bæjaryfirvöld á Akureyri hafa lýst yfir vilja til að verslun Hagkaupa verði flutt og staðsett nærri miðbænum og honum finnist það spennandi kostur. „Til þess að byggja upp blómlegan miðbæ þarf að ná fólki inn á svæðið. Því hefur verið bent á að æskilegt sé að fá Hagkaup inn í útjaðar miðbæjarins til þess að sú fólksumferð sem Hagkaup skapar gagnist miðbænum og þeirri starfsemi sem þar þrífst,“ segir Jóhannes.

Engin stór matvöruverslun er í miðbæ Akureyrar en allar verðlaunahugmyndirnar í samkeppninni Akureyri í öndvegi, sem lýtur að uppbyggingu miðbæjarsvæðisins, gera ráð fyrir stórmarkaði í miðbænum sem væri til þess fallinn að laða að fólk. **- kk**


FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

**LÓÐIN** Stjórnendur Hagkaupa vilja byggja nýja verslun í miðbæ Akureyrar og bæjaryfirvöld hafa hvatt þá til þess.



**HEIMAVIST VMA Á DALVÍK** Ríkiskaup annast sölu hússins og þurfa tilboð að berast eigi síðar en 21. september næstkomandi.

Húsnæði til sölu á Dalvík:

# Þrír vilja heimavistina

**EIGNASALA** Þrír aðilar hafa nú þegar sýnt áhuga á að kaupa heimavist Verkmenntaskólans á Akureyri sem eitt sinn hýsti nemendur við útvegsskóla á Dalvík. Verkmenntaskólinn hefur ekki notað húsnæðið undanfarin ár en þar hefur hins vegar til fjölda ára verið rekið sumarhótel.

Húsið var byggt árið 1973 og er það 1.270 fermetrar að flatarmáli. Fasteignamat hússins er tæpar 57 milljónir króna en brunabótamatið nærri 140 milljónir króna. **- kk**

Fáskrúðsfjarðargöng:

# Farið fram á GSM-samband

**TALSAMBAND** Sveitarstjórn Austurbyggðar ætlar að krefjast þess að Síminn og OgVodafone komi á GSM-farsímasambandi í Fáskrúðsfjarðargöngum sem opnuð voru við hátíðlega athöfn síðasta föstudag.

„Við horfum fyrst og fremst til öryggissjónarmiða en einnig þjónustu við íbúa svæðisins og vegfarendur,“ segir Steinþór Pétursson sveitarstjóri.

Fáskrúðsfjarðargöng eru tæplega sex kílómetra löng og þar eru tólf öryggissímar sem vegfarendur geta notað í neyð.

Ef alvarlegt slys verður í göngunum munu lögregla, slökkvilið og björgunarmenn notast við talstöðvarsamband þar til annar búnaður fæst. **- kk**

Þýsku þingkosningarnar:

# Schröder neitar vinstra samstarfi

**ÞÝSKALAND, AP** Gerhard Schröder, kanslari Þýskalands, sór og sárt við lagði í gær að hann myndi aldrei mynda ríkisstjórn sem væri komin upp á stuðning Vinstriflokksins, kosningabandalags austur- og vestur-þýskra sósíalista sem hugsanlegt er að muni ráða yfir oddaatkvæðum á þýska þinginu eftir kosningarnar um helgina.

Kanslarinn vísaði einnig á bug vangaveltum um önnur hugsanleg stjórnarmynstur sem komið hafa upp í umræðunni í tilefni af því að óvíst er að systurflokkarnir á hægri vængnum, CDU og CSU, og væntanlegur stjórnarsamstarfsflokkur þeirra Frjálsir demókratar (í litrófi þýskra stjórnmála er slíkt stjórnarsamstarf kallað „svart-gult“), nái meirihluta í kosningunum.

Þýsku ÞINGKOSNINGARNAR

Sú staða í skoðanakönnunum hefur kynt undir vangaveltum um að niðurstaðan eftir kosningar verði svonefnd „stóra samsteypa“, það er stjórnarsamstarf stóru flokkanna, Jafnaðarmannaflokksins SPD og CDU/CSU.

Flest bendir þó til að Angela Merkel, leiðtogi CDU, verði kanslari, hvort sem það yrði fyrir „svart-gulri“ stjórn eða „stóru samsteypu“. **- aa**


FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**BIÐLAR TIL TYRKJA** Schröder kanslari talar á fundi með Þýskalands-Tyrkjum, en um hálf milljón þeirra hefur kosningarétt í þingkosningum.





Takmarkaður fjöldi bíla!
Komdu og reynsluaktu

Aus Liebe zum Automobil

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



**ÓÐIR Í PYLSUR** Kjötiðnaðarmaðurinn Tom Jackson hengir upp pylsur í verslun sinni í London. Árlega neyta Bretar 189 tonna af pylsum sem jafngildir því að hver Breti borði 140 pylsur á ári.

Myndhöfundur deilir við bókaútgefanda:

# Ekkert lögbann á bók

**ÚTGÁFA** Sýslumaðurinn í Reykjavík vísaði í gær frá lögbannsbeiðni sem sett hafði verið fram á útgáfu bókarinnar Fiskisagan flýgur frá bókaútgáfunni Skruddu.

Í úrskurðinum er vísað til þess að bókin sé komin út og sá gjörningur verði ekki aftur tekinn. Fyrir helgi lagði sýslumaður til að trygging vegna lögbannsins yrði 1,5 milljónir króna, en útgefandinn fór fram á tryggingu upp á 10 milljónir króna, enda hafi mikill kostnaður verið lagður í útgáfuna, bæði laun og prentun.

„Við munum ekki una þessum úrskurði," segir Kristinn H. Benediktsson, höfundur ljósmynda í bókinni, en hann vildi fá fram lögbann þar sem hann taldi illa farið með hugverk sín í ritinu. „Það er málshöfðun í undirbúningi, en við bíðum eftir plöggum frá sýslumanni þannig að kæran verður trúlega ekki lögð fram fyrr en á morgun," segir hann.

- óká



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**KRISTINN H. BENEDIKTSSON** Kristinn H. Benediktsson ljósmyndari fór fram á lögbann á útgáfu bókarinnar Fiskisagan flýgur þar sem hann taldi illa farið með myndir sínar í ritinu. Kröfunni var vísað frá í gær.

## SKATTASAMNINGUR

**SKIPT VIÐ KRÓATA** Nýverið hófust viðræður um tvísköttunarsamning á milli Íslands og Króatíu. Þetta kemur fram í Tíund, fréttablaði Ríkisskattsstjóra.

## HVERAGERÐI

**HVERAGERÐI STYÐUR KJALVEG** Á fundi bæjarráðs Hveragerðisbæjar í gær var samþykkt að leggja til hálfa milljón í hlutafé til Norðurvegar ehf., en félagið var stofnað í kringum áform um uppbyggingu Kjalvegar. Þau skilyrði voru sett fyrir fjárveitingunni að hlutafjársöfnunin næði þeim markmiðum sem hafa verið sett og kynnt voru á fundi bæjarráðs 19. júlí.



**NORÐURÁL STÆKKAÐ** Hér má sjá yfir Norðurál á Grundartanga þar sem tólf Danir vinna við stækkunina.

Verkalýðsfélag Akraness:

# Deilt um Dani

**KJARAMÁL** Verkalýðsfélag Akraness hefur fengið lögfræðinga til að kanna hvort Ístak greiði stéttarfélagsgjöld af tólf dönskum smiðum sem vinna við stækkun Norðuráls.

Loftur Árnason, framkvæmdastjóri Ístaks, segir að farið sé eftir þeim reglum sem gildi: „Danirnir fá ekki laun hjá okkur. Þeir eru launamenn hjá starfsmannaleigu, en við vitum að þeim er greitt meira en lágmarkslaun á Íslandi kveða á um."

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélagsins, skrifar á heimasíðu félagsins að Ístak neiti að láta félaginu í té upplýsingar um hver kjör mannanna séu. Það séu brot á samkomulagi ASÍ og Samtaka atvinnulífsins.

- gag

# Hvetur leiðtoga heimsins til að útkljá ágreiningsmál

**Á leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna, sem hófst í gær, hvatti Kofi Annan til einingar um framtíðarskipan samtakanna. Reiknað er með að leiðtogar heims samþykki útvatnaða ályktun um umbætur á samtökunum.**

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** Leiðtogafundur Sameinuðu þjóðanna hófst í höfuðstöðvum samtakanna í New York í gær. Á þessum 60 ára afmælisfundi stóðu vonir til að samþykktar yrðu tillögur að víðtækri endurskipulagningu og umbótum á uppbyggingu og starfsemi samtakanna, en sennilegast þykir að ekki takist samkomulag um annað en mjög útvatnaða útgáfu af þessum umbótatillögum.

Göran Persson, forsætisráðherra Svíþjóðar, sem er starfandi forseti allsherjarþings SÞ, setti fundinn með ávarpi þar sem hann hvatti ráðamenn heims til að taka saman höndum um að hindra stríðsátök og þjóðarmorð og vernda mannréttindi. Yfir 160 þjóðar- og ríkisstjórnaleiðtogar mættu til að hlýða á Persson brýna fyrir sér að milljónir mannslífa væru í hættu ef ekki verður gripið til afdráttarlausra ráðstafana til að uppræta fátækt í heiminum.

Kofi Annan, framkvæmdastjóri SÞ, sagði í ávarpi sínu að ályktunin sem leiðtogarnir munu afgreiða í lok fundarins á morgun væri „góð byrjun" en ekki „þær víðtæku grundvallarumbætur" sem hann hefði lagt til. Hann kallaði eftir því að vasklega yrði gengið fram í að útkljá ágreiningsmál sem urðu til þess að ekki reyndist unnt að ná samkomulagi um að ganga lengra í þessari atlögu.

„Því að eitt hefur komið skýrt í ljós í þessu ferli sem við höfum fyrir tveimur árum: hvað svo sem skilur okkur að stöndum við eða föllum saman, í þessum heimi þar sem allir eru háðir öllum," sagði Annan.

George W. Bush Bandaríkjaforseti reyndi í ávarpi sínu að „selja" alþjóðasamfélaginu áform um að útbreiða lýðræði í Írak og víðar um heiminn, stokka upp starfsemi Sameinuðu þjóðanna og gera átak í að afnema hömlur á alþjóðaviðskipti. Margir í áheyrendahópnum hefðu frekar viljað heyra hann segja að Bandaríkin myndu hætta að sniðganga alþjóðasamninga á borð við Kyoto-sáttmálann og um stofnun Alþjóðasakadómstóls, en Bush vildi nota tækifærið til að lýsa fyrir leiðtogunum sýn sinni á það hver væru brýnustu úrlausnarefni alþjóðamála.

audunn@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**BUSH HJÁ SÞ** George W. Bush Bandaríkjaforseti ávarpar allsherjarþingið í gær.





Útdráttur húsbréfa

*Dregin hafa verið út bréf í eftirtöldum flokkum:*

1. flokki húsbréfa 1989 – 60. útdráttur
1. flokki húsbréfa 1990 – 57. útdráttur
2. flokki húsbréfa 1990 – 56. útdráttur
2. flokki húsbréfa 1991 – 54. útdráttur
3. flokki húsbréfa 1992 – 49. útdráttur
2. flokki húsbréfa 1993 – 45. útdráttur
2. flokki húsbréfa 1994 – 42. útdráttur
3. flokki húsbréfa 1994 – 41. útdráttur

Innlausn 15. nóvember 2005

Öll númerin eru birt í Lögbirtingablaðinu.
Upplýsingar um útdregin húsbréf má einnig finna á heimasíðu Íbúðalánasjóðs: www.ils.is

*Íbúðalánasjóður - fyrir alla*

FABRIKAN

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími: 569 6900 - 800 6969 | Fax: 569 6800

Íbúðalánasjóður


# Afvopnunarmálin valda Halldóri vonbrigðum

**Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra ávarpar allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í dag. Hann ætlar að leggja áherslu á aukið vald Sameinuðu þjóðanna til þess að beita sér gegn ófriði og mannréttindabrotum.**

**ALÞJÓÐAMÁL** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra ávarpar leiðtogafund Sameinuðu þjóðanna í New York í dag.

Tilgangur leiðtogafundarins er að fara yfir efndir þeirra skuldbindinga sem felast í svonefndum þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna en þar er einkum lögð áhersla á málefni þróunarlanda og ýmsa aðsteðjandi vá eins og ófrið.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra segir að þegar liggi fyrir samkomulag um yfirlýsingu. „Þar er gert ráð fyrir því að styrkja Sameinuðu þjóðirnar með stofnun mannréttindaráðs og sérstakrar friðarstofnunar. Í sjálfu sér er textinn góðra gjalda verður en aðalatriðið er hvað gert verður með hann og hvaða vald þessi ráð öðlast. Það sem veldur vonbrigðum er að hvorki hefur gengið né rekið á sviði afvopnunar. Ekki hefur heldur náðst samstaða um það hvernig skilgreina skuli hryðjuverk. Fjöldi þjóða vill enn réttlæta aðgerðir í nafni frelsisbaráttu sem aðrir kalla hryðjuverk."

Halldór segir það enn fremur mikil vonbrigði að engin niðurstaða hafi fengist um breytingar á Öryggisráðinu. „Við höfum fyrir augunum hræðileg dæmi þar sem Sameinuðu þjóðirnar hafa ekki brugðist við aðsteðjandi vá og dæmi um það eru skelfingarnar í Rúanda. Ef menn vilja koma í veg fyrir að þess háttar atburðir endurtaki sig verða Sameinuðu þjóðirnar að hafa vald og möguleika til að grípa í taumana. Í ræðu minni ætla ég að leggja áherslu á samskipti þjóða í starfi Sameinuðu þjóðanna. Þær hafa brugðist mjög mörgum, bæði þjóðum, þjóðflokkum eða einstaklingum með aðgerðaleysi. Aðgerðir Sameinuðu þjóðanna eiga að vera slíkar að þeir sem brjóta mannréttindi og virða ekki líf annarra hugsi sig tvisvar um áður en þeir beita ofbeldi," segir Halldór Ásgrímsson.

johannh@frettabladid.is



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FORSÆTISRÁÐHERRA** Halldór telur að Sameinuðu þjóðirnar verði að hafa möguleika á að koma í veg fyrir ógnarathurði. „Þær hafa brugðist mjög mörgum, bæði þjóðum, þjóðflokkum eða einstaklingum með aðgerðaleysi."

þróunarfélag | property developement

ÞYRPING

# Skrifstofuhúsnæði að Borgartúni 26 til leigu




hzeta ehf

norður

Að Borgartúni 26 mun rísa sérhannað 12.000 m$^2$ skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Bílageymslur verða undir húsinu og munu þær rúma um 200 bíla.

Húsnæðið verður á átta hæðum á þessum mikla útsýnisstað í hjarta helsta fjármálahverfis Reykjavíkur. Það verður sérhannað út frá þörfum leigutaka, með rúmgóðum skrifstofum í háum gæðaflokki.

Húsnæðið afhendist tilbúið til innréttinga í byrjun árs 2007.



vestur



suður



austur

Þyrping hf, Kringlunni 4–12, 103 Reykjavík

sími | 594 4200
fax | 594 4201
netfang | thyrping@thyrping.is
vefslóð | www.thyrping.is

## „ORÐRÉTT“

*Þá vitum við það*

**„Sálin er alltaf til staðar. Við erum meðvitundarlaus í örmum hennar í djúpum draumlausum svefni.“**

GUÐJÓN BERGMANN JÓGAKENNARI Í GREIN Í MORGUNBLAÐINU UM JÓGA.

*Er það hægt eða ekki?*

**„Það má til dæmis gera með því að lækka skatta þótt auðvitað sé það ekki fær leið núna því þá er verið að gefa ennþá meira í og auka kaupmáttinn þannig.“**

TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON, FORSTÖÐUMAÐUR HAGFRÆÐISTOFNUNAR HÍ, UM MÖGULEIKA Á KJARABÓTUM ÁN BEINNA LAUNAHÆKKANA.

*nær og fjær*
**tilveran**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** JÚLÍUS BRJÁNSSON LEIKARI OG SMIÐUR

# Sér ekki fyrir endann á kaffibrúsasveseni



„Ég segi allt helvíti gott og líður mjög vel,“ segir Júlíus Brjánsson, leikari og smiður. „Ég er ekkert að leika þessa dagana heldur að smíða suður í Hafnarfirði,“ segir Júlíus sem telur sig bráðlaghentan og dverghagan enda ekki hár í loftinu eins og hann bendir á.
„Mér finnst leiklistin ekki upphafið og endirinn á lífinu fyrir mér,“ segir Júlíus sem ber þó mikla virðingu fyrir listgreininni. „Þegar gaman er í leiklistinni er meira gaman en getur orðið en það er líka svo margt annað í lífinu skemmtilegt,“ segir Júlli sem fór á hestamannamót til Svíþjóðar í sumar og fannst gaman þótt frammistaða mótshaldara hefði ekki verið sem skyldi. „Svíarnir sem eru þekktir fyrir nákvæmni, skipulag og áreiðanleik klikkuðu á ýmsu,“ segir Júlíus sem nýtti ferðina til að heimsækja þrjú af börnum sínum sem búsett eru í Danmörku. Flest barnabarna hans búa því einnig erlendis og verður það til þess að hann ferðast meira til útlanda en ella. „Maður verður að halda tengslunum,“ segir Júlíus sem aldrei þessu vant fór ekki í neina hestaferð í sumar. „Það stendur þannig á hjá mér núna að ég er með mjög unga hesta,“ segir Júlíus sem finnst töluvert vanta á sumarið ef hann kemst ekki í hestaferð.
Eins og flestir vita er Júlíus annar Kaffibrúsakallanna á móti Gísla Rúnari Jónssyni. „Það sér ekki fyrir endann á þessu kaffibrúsaveseni,“ segir Júlli en þeir Gísli skemmtu landanum í vor og allar líkur á að kaffibrúsakarlarnir verði aftur á ferðinni í vetur.

## SJÓNARHÓLL
**VERÐBÓLGAN**



**ÁSDÍS RÁN GUNNARSDÓTTIR**
**FYRIRSÆTA**

### *Ekki miklar áhyggjur*

„Nei, ég hef ekki miklar áhyggjur af verðbólgunni,“ segir Ásdís Rán Gunnarsdóttir fyrirsæta, spurð hvort hún hafi þungar áhyggjur af hækkandi verðbólgu og áhrifum þess á þjóðarbúið. Hún telur að verðbólgan verði fljót að jafna sig – að vissum forsendum gefnum. „Það þurfa allir að spila rétt úr spilunum. Ráðamenn og vinnuveitendur þurfa að taka saman á málinu enda er það fyrst og fremst í þeirra höndum,“ segir hún.
Ásdís Rán segist ekki fylgjast náið með þróun verðbólgunnar og hefur ekki kafað djúpt ofan í efnahagsmálin enda einbeitir hún sér að umönnun nýfædds sonar. Hún hefur þó ekki farið varhluta af fréttaflutningnum síðustu daga en tekur tíðindunum af ró. „Þetta er ekkert til að hafa of miklar áhyggjur af enda kemur alltaf verðbólga annað slagið,“ segir Ásdís Rán.

Hætt að framleiða bláan Ópal:

## Sorg greip um sig í Suðurhlíð

„Þetta eru slæmar fréttir,“ segir ónefnd kona, búsett í Suðurhlíð í Reykjavík, um þá staðreynd að hætt er að framleiða bláan Ópal. Framleiðslu mikilvægasta bragðefnisins í bláum Ópal hefur verið hætt og þrátt fyrir ítarlega eftirgrennslan og rannsóknir sælgætismeistara Nóa Síríuss hefur ekki fundist hliðstætt efni hjá öðrum framleiðendum. Síðasta bláa Ópalið hefur því verið sogið.
Framleiðsla blás Ópals hófst fyrir rúmri hálfri öld og hefur sælgætið fylgt íslensku þjóðinni í gegnum þykkt og þunnt.
Áfram verður hægt að fá rauðan og grænan Ópal og boðar Nói Síríus nýjungar í Ópal-línunni á næstu vikum.
- bþs




**BLÁR ÓPAL** Meira en hálfrar aldar sögu þessa sígilda sælgætis er lokið.

Karlakórinn Ernir gefur út matreiðslubók:

# Ernir eru kórréttir

„Siggi Hall má fara að vara sig,“ segir Magnús Ólafs Hansson, félagi í Karlakórnum Örnum sem starfar á norðanverðum Vestfjörðum. Hann er einnig hugmyndasmiðurinn að matreiðslubókinni Kórréttir sem Ernir hafa gefið út. Í bókinni má finna yfir 100 uppskriftir sem kórfélagar tóku saman. „Mér finnst eins og félagar mínir í karlakórnum séu að skilja eitthvað eftir sig annað en ánægjuna og gleðina í söng og hafa gert það núna með eftirminnilegum hætti,“ segir Magnús en hver og einn karl lagði til eina fisk- og eina kjötuppskrift.
„Þetta eru óskaplegir matgæðingar og það sést á nokkrum þeirra,“ hlær Magnús sem segir það skína í gegn í sumum uppskriftum hvernig höfundurinn sé vaxinn.
Magnús hefur prófað nokkrar af uppskriftunum og líkar vel. Margt sé meira að segja hvergi að finna nema í bókinni góðu. Einn fiskréttanna heitir til að mynda „Kúluð grásleppa úr hjalli Magnúsar Ólafs Hanssonar“ og er úr smiðju Andrésar Guðmundssonar, fyrsta tenór, en signa grásleppuna á að grilla hæfilega á útigrilli og bera fram með soðnum kartöflum.
Þá er einnig hægt að fá uppskrift að steiktum þorskhrognum, gellugratíni sem tekur viku að útbúa og margt fleira. Þótt nokkrir kórfélaganna hafi komið með eigin uppskriftir leituðu flestir í smiðju eiginkonunnar, mömmu eða jafnvel ömmu að sögn Magnúsar.
Magnús ætlar að færa karlakórnum þessar bækur til fjáröflunar enda eru þeir á leið í kórferðalag til Póllands næsta sumar. Bókin verður gefin út í 450 eintökum og verður til sölu hjá kórfélögum. ■



**KÓRRÉTTIR** Karlakórinn Ernir starfar á norðanverðum Vestfjörðum og eru þær hundrað uppskriftir sem finna má í nýju matreiðslubókinni af ýmsum toga.




**TIL Í ALLT** Ernir eru hressir og greinilega tilbúnir að prófa margt nýtt. Í vor sungu þeir meðal annars á rokkhátíðinni Aldrei fór ég suður ásamt þungarokkshljómsveitinni Appolo.

**GELLUR Í SPARIKJÓL**
Finnbogi Bernódusson, 1. tenór

750 g gellur
250-500 g brokkolí
1 askja púrrulauks-smurostur
sojamjólk eða rjómi
jurtasalt og sítrónupipar
ostur

Setjið gellur og brokkolí í eldfast mót og kryddið með jurtasalti og sítrónupipar. Hrærið smurostinn með sojamjólk eða rjóma eftir hvað hver vill. Hellið yfir gellurnar í mótið, setjið rifinn ost yfir og bakið í ofni við 200 C í hálftíma. Berið fram með hýðishrísgrjónum, speltbrauði og salati.

Haustið lætur á sér kræla:

# Esjan orðin grá

Snjó festi á Esjunni í fyrrinótt, í fyrsta sinn þetta haustið. Páll Bergþórsson veðurfræðingur segir snjóinn oft hafa verið seinna á ferðinni en nú en þó sé ekkert óeðlilegt við að efri hlutar Esjunnar séu orðnir hvítir enda miður september. „Það er kallað haustkálfar þegar fjöllin hvítna svona,“ segir Páll sem býst við að snjórinn hverfi að mestu leyti enda er heldur hlýrra veðri spáð næstu daga.
Börn og fullorðnir bjuggu sig almennt betur til útiveru í gærmorgun en síðustu daga enda norðanáttin köld þótt hitastigið í borginni væri um fimm gráður. Húfur voru komnar á kolla og trefla um hálsa en hendur ýmist í vettlingum eða vösum.
- bþs



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**HAUSTKÁLFAR** Nokkuð snjóaði í bæjarfjalli Reykjavíkur í fyrrinótt. Páll Bergþórsson veðurfræðingur spáir að snjóinn taki upp á næstu dögum enda gert ráð fyrir hlýnandi veðri.

DV
Lögmaður Húseigendafélagsins stórorður:
Í stríð við „siðblindan“ fasteignasala
Seldi syni sínum íbúð á kostnað annars kaupanda

Þorir þegar aðrir þegja!




Skyr smoothie
SKYRDRYKKUR

KEA-skyr Smoothie er skyrdrykkur sem byggir á hollustu KEA-skyrs og inniheldur náttúrulegar trefjar og er nánast fitulaus. Hann er ríkur af hágæða mysupróteinum og inniheldur fáar hitaeiningar.

KEA-skyr Smoothie er gerður fyrir fólk sem stundar heilbrigðan lífsstíl og er annt um hreysti og gott útlit.




Hágæða prótein

Nánast fitulaus

Náttúrulegar trefjar

FEGURÐ HREYSTI HOLLUSTA

## SVONA ERUM VIÐ

**VÖXTUR LANDSFRAMLEIÐSLU MILLI ÁRANNA 2000 TIL 2004.**

Heimild: Hagstofa Íslands, bráðabirgðatölur.




**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR

# *Samtök allra sjálfstæðra ríkja*

**Hvað eru Sameinuðu þjóðirnar?**
Sameinuðu þjóðirnar, skammstafað SÞ, er alþjóðastofnun sem var stofnuð árið 1945 og 191 ríki á nú aðild að. Að undanteknum Páfagarði, sem er eina varanlega aukaaðildarríkið, eru öll alþjóðlega viðurkennd sjálfstæð ríki aðildar að SÞ. Nokkur lönd sem ekki eru að fullu sjálfstæð, svo sem Taívan, Vestur-Sahara og Palestína, taka þátt í starfi SÞ eins og væru þau aðildarríki.
Starfsemi Sameinuðu þjóðanna fer fram víðs vegar um heiminn en höfuðstöðvarnar eru í New York.

**Hvað gerir allsherjarþing SÞ?**
Fulltrúar allra aðildarríkjanna eiga sæti á allsherjarþinginu og geta rætt fyrir opnum tjöldum hvaða málefni sem er, nema Öryggisráðið sé að fjalla um það á sama tíma. Hvert land hefur eitt atkvæði. Mikilvæg málefni þurfa samþykki tvo þriðju hluta atkvæða. Dæmi um það er kjör ríkja í Öryggisráðið. Allsherjarþingið er sett í september ár hvert. Þingið kýs sér forseta á hverju ári. Sá er nú Göran Persson, forsætisráðherra Svíþjóðar. Þingið samþykkir aðild nýrra ríkja að fenginni tillögu Öryggisráðsins. Það ákveður hversu mikið hverju ríki ber að greiða af rekstrarkostnaði SÞ og hvernig fénu skuli varið. Það kýs einnig aðalframkvæmdastjóra að fenginni tillögu Öryggisráðsins.


**KOFI ANNAN** Framkvæmdastjóri SÞ.

**Hvað gerir framkvæmdastjóri SÞ?**
Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna er æðsti embættismaður stofnunarinnar. Hann er skipaður af allsherjarþinginu samkvæmt tillögu Öryggisráðsins til fimm ára í senn. Hann hefur yfirumsjón með starfsemi samtakanna. Hann getur lagt fyrir Öryggisráðið hvers kyns mál, sem hann telur að ógna kunni heimsfriðinum, og lagt fram tillögur um málefni sem tekin skulu upp á allsherjarþinginu eða í öðrum stofnunum SÞ. Núverandi aðalframkvæmdastjóri er Kofi Annan. Hann var endurskipaður í embættið 1. janúar 2002. Kjörtímabil hans er til ársloka 2006.

## SPURT & SVARAÐ

■ **RÍKISSÁTTASEMJARI**

### *Allir vona að ég hafi lítið að gera*

Mikið hefur mætt á ríkissáttasemjara að undanförnu en deilu SFR og Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu lauk með milligöngu hans í síðustu viku sem og deilum í kjaramálum Starfsmannafélags Suðurnesja og einnig flugumferðarstjóra. Á sama tíma heyrast þær raddir að launahækkanir geti komið þjóðfélaginu í koll á þessum þenslutímum. Ásmundur Stefánsson er ríkissáttasemjari.

**Hvaða mál eru nú á þínu borði?**
Það eru meðal annarra mál sveitarfélaganna Akraness og Kópavogs sem hefur verið vísað til mín en Starfsmannafélag Suðurnesja samdi í síðustu viku.

**Hvaða mál sérðu fyrir þér að komi inn á borð til þín?**
Ég er í þeirri blessunarlegri stöðu að það vona allir að ég hafi sem allra minnst að gera. En það gæti vel farið svo að borgarstarfsmenn sem og læknar leiti til mín síðar í vetur. Svo er það stóra málið en það eru samningar á almennum markaði sem verða endurskoðaðir seinna í haust en það er þó ekki af sérhlífni að ég vona að það komi ekki til minna kasta þá.


**ÁSMUNDUR STEFÁNSSON RÍKISSÁTTASEMJARI**

**Hvernig ber ríkissáttasemjari sig að í kjaradeilum?**
Í fyrsta lagi er boðið upp á aðstæður til fundarhalda deiluaðila hjá ríkissáttasemjara en þá kemur hann ekki að fundunum nema þá ef til hans er leitað til ráðgjafar til dæmis. Svo er málum vísað formlega til hans ef deiluaðilar komast hvorki lönd né strönd og þá boðar hann þá til funda og stjórnar viðræðunum. Hann reynir þá að draga fram nýja fleti sem menn geta byggt samkomulagið á.




# Karlar að vakna til vitundar um jafnrétti

**Árni Magnússon félagsmálaráðherra ætlar að halda karlaráðstefnu um jafnréttismál í haust við góðar undirtektir. Hann segir að karlar séu að vakna til vitundar um jafnréttismál og það breikki umræðuna að þeir taki virkan þátt í henni.**

„Já, alveg endilega," „Loksins!" og „Kýlum á það!" voru viðbrögðin sem Árni Magnússon félagsmálaráðherra fékk frá kynbræðrum sínum í hinum ýmsu stéttum þegar hann leitaði til þeirra um aðstoð við undirbúning að karlaráðstefnu um jafnréttismál sem hann hyggst standa fyrir á næstunni.

En hvers vegna karlaráðstefna um jafnréttismál? „Hugmyndina á Vigdís Finnbogadóttir. Hún hélt ræðu á jafnréttisráðstefnu í Borgarleikhúsinu í fyrrahaust fyrir fullu húsi en telja mátti karlmennina á fingrum annarrar handar. Hún spurði: „Hvar eru karlarnir?" segir Árni.

„Í kjölfarið velti ég þessu fyrir mér og komst að því að það væri örugglega full ástæða fyrir karla að tala saman um jafnréttismál. Ég hef rætt þetta við aðila í atvinnulífinu, háskólaumhverfinu og víðar, og viðbrögðin eru mjög góð," segir hann.

Árni ætlar að láta hugmyndina verða að veruleika og stofna til íslenskrar ráðstefnu strax í haust og vonast til að geta haldið alþjóðlega jafnréttisráðstefnu karla hér á landi næsta vor. „Þá myndi ég vilja sjá þekkta menn ræða þessi mál," segir hann.

**Breikkar jafnréttisumræðuna**
„Þó svo að mikill árangur hafi náðst í jafnréttismálum held ég að það breikki jafnréttisumræðuna að karlmenn taki jafnréttismálin dálítið föstum tökum líka. Til þess að ná upp í næstu þrep stigans þurfum við karlar að vera virkir í umræðunni," segir Árni.

Hann segist hafa velt því fyrir sér í fyrstu hvort þátttakendur í ráðstefnunni ættu að vera af báðum kynjum en komist að þeirri niðurstöðu að umræðugrundvöllurinn yrði annar ef einungis karlmenn tækju þátt. „Ég held að umræðan yrði óþvingaðri ef karlar fengju að tala við karla um jafnréttismál," segir hann.

Spurður hvers vegna hann telji að karlmenn hafi ekki tekið meiri þátt í jafnréttisumræðunni en raun ber vitni, segist hann hreinlega ekki vita það. „Einhverra hluta vegna hefur jafnréttisumræðan þróast út í það að vera einkamál kvenna, sem hún á ekkert að vera," segir Árni.

„Auðvitað er það persónubundið, en mér finnst best að nálgast þetta út frá sjálfum mér. Ég á móður, ég er kvæntur, ég á systur, ég á dætur, og syni, og ef ég set jafnréttismál í samhengi við það standa þau mér mjög nærri. Þótt pólitík eigi ekki að snúast um manns eigin tilfinningar hlýtur hún alltaf að gera það að einhverju leyti. Ég held að hugsjónirnar brenni á manni sjálfum.


**ÁRNI MAGNÚSSON FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA:** „Einhverra hluta vegna hefur jafnréttisumræðan þróast út í það að vera einkamál kvenna, sem hún á ekkert að vera."

Þegar ég fór að velta því fyrir mér hvort ég ætlaði að sætta mig við það að stelpurnar mínar búi við önnur kjör, var svarið einfaldlega nei," segir Árni.

> ***„Þótt pólitík eigi ekki að snúast um manns eigin tilfinningar hlýtur hún alltaf að gera það að einhverju leyti. Ég held að hugsjónirnar brenni á manni sjálfum."***

**Karlarnir sökudólgar**
Þegar Árni er spurður hvaða áhrif hann telji að aukin þátttaka karla í jafnréttisumræðunni hafi á umræðuna sjálfa segir hann að karlar verði við það viljugari til að ræða jafnréttismál og sýna þá um leið að þeir séu tilbúnir að taka á jafnréttismálunum.

„Ég er kannski kominn út á hálan ís, en þeir fáu karlar sem mæta á fundi og ráðstefnur þar sem konur eru að ræða jafnréttismál upplifi sig svolítið sem sökudólga. Það er eins og þeir beri ábyrgð á ástandinu og það eru fáir sem halda það út til lengdar," bendir hann á.

Hann segist ekki viss um hvort áherslur karla á jafnréttismál séu önnur en kvenna. „Það er einmitt það sem er svo spennandi við að halda svona ráðstefnu, að heyra hvað brennur á körlum í jafnréttisumræðunni. Hvar finnst þeim að skóinn kreppi? Hvernig finnst þeim að þessi umræða hafi þróast og hvað má betur fara? Ég held að það geti orðið mjög spennandi að fara yfir hvað hefur áunnist, hvar við séum stödd og hvað við getum gert betur," segir hann.

**Staða karlmannsins gleymst**
„Sumir segja að það hafi gleymst að ræða stöðu karlmannsins í þessu breytta umhverfi. Það er sjálfsagt eitthvað til í því. Þeir eru til sem segja að karlmenn á vissum aldri eiga ekki séns miðað við jafnréttislög og jafnréttisumræðuna. Ég segi á móti: ef við ætlum að ná fram jafnrétti þá getur vel verið að það séu þrengingarnar sem við þurfum að gagna í gegn um. Ef okkar kynslóð ætlar að jafna hlutföllin mun það bitna á körlum. Þetta er eitt af því sem við þurfum að ræða annars geta orðið árekstrar," segir Árni.

Aðspurður segist hann telja að karlmenn séu að vakna til vitundar um jafnréttismál og bendir á viðbrögðin við hugmyndinni um karlaráðstefnuna máli sér til stuðnings. „Ég renndi mjög blint í sjóinn þegar ég fór af stað að viðra þessa hugmynd en ég hef fengið svakalega góð viðbrögð, eiginlega miklu betri en ég átti von á, þannig að ég vona að þetta geti skipt einhverju máli," segir Árni.


FRÉTTAVIÐTAL
SIGRÍÐUR D. AUÐUNSDÓTTIR
sda@frettabladid.is

# Superbilligt í Nettó

## höfum gaman saman




**40%** afsláttur við kassa
Matfugl kjúklingabollur í raspi




**299** kr/pk
Matfugl kjúklingaborgari




**40%** afsláttur við kassa
Helgarlamb kryddað að hætti miðjarðarhafsbúa




**40%** afsláttur við kassa
Helgargrís m/sólþurrkuðum tómötum + basil



**99** kr/stk
Ananas



**29** kr/stk
Kókoshnetur



**59** kr/box
Cherry tómatar




**199** kr/pk
Baby carrot




**59** kr/flaskan
Nettó cola og appelsín

Hönnun: HÉR & NÚ / SIA.
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta

**Nýveiddur humar!**



**599** kr/pokinn
Humar 500 gr.

## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 15. sept til 18. sept eða meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

nettó



**ELÍN EBBA ÁSMUNDSDÓTTIR** Segir stefnu núverandi stjórnenda LSH vera að losa sig við „óþekktarangana" og ráða nýtt fólk í staðinn. Óþekktarangarnir séu oftast einnig frumkvöðlar, þess vegna séu þeir erfiðir. Hinir, sem ekkert þora að segja en fylgi fjöldanum, verða eftir. Ebba vill fá umræðu um heilbrigðismálin. Nú sé kominn tími á þverfaglega sýn í heilbrigðispólitíkinni.

# Landspítalinn *heilsuspillandi* fyrir starfsfólk með hugsjónir

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**Yfiriðjuþjálfi til 24 ára á Landspítala - háskólasjúkrahúsi er búinn að gefast upp – í bili. Elín Ebba Ásmundsdóttir ræðir um orsakir áhugaleysis, virðingarleysis og skorts á væntumþykju og einlægum áhuga í starfsumhverfinu á LSH.**

„Það er afar sárt að horfast í augu við það að spítali sem á að vera staður lækninga geti verið heilsuspillandi fyrir starfsfólk með hugsjónir, eins og ég tel mig vera."

Þetta segir Elín Ebba Ásmundsdóttir yfiriðjuþjálfi á geðsviði Landspítala - háskólasjúkrahúss. Hún kveðst vera búin að gefast upp í baráttunni – að sinni. Hún ætlar að gefa sér eitt ár, meðal annars til náms í Noregi, og sjá svo til hvernig henni líður gagnvart Landspítalanum. Íhuga hvort möguleiki sé á að hún haldi áfram að miðla þekkingu sinni og reynslu á þeim stað sem sem hún hefur unnið á í 24 ár. Hún segir tímann munu leiða það í ljós.

Elín Ebba hefur barist ötullega fyrir málefnum geðsjúkra innan spítala og utan. Hún hafði, ásamt Auði Axelsdóttur iðjuþjálfa, yfirumsjón með brautryðjendaverkefni sem Hugarafl vann, en það er hópur geðsjúkra einstaklinga í bata. Verkefnið vakti mikla athygli og er vinna í framhaldi af því enn í gangi innan geðsviðs LSH.

En Elín Ebba er ósátt:

„Auðvitað er það mjög ánægjulegt að byggja eigi nýtt hátæknisjúkrahús," segir hún. „En stundum fæ ég á tilfinninguna að menn telji að þar liggi vandinn – í umgjörðinni – í steinsteypunni. En ef þessu flotta sjúkrahúsi er ætlað að þagga niður þá óánægju sem hefur verið kraumandi, þá get ég fullyrt að það mun ekki bjarga neinu í þeim efnum."

**Eins og einkafyrirtæki**

„Landspítalinn er rekinn eins og einkafyrirtæki," heldur Elín Ebba áfram. „Menn eiga að vera trúir stofnuninni og fylgja línu yfirstjórnarinnar. Framsækin fyrirtæki eru aftur á móti háð því að hafa frumkvöðla, fólk sem tekst á og skiptist á skoðunum. Hörð skoðanaskipti leiða til nýsköpunar. Keppinauturinn er aðhaldið og menn gera hvað þeir geta til að halda í viðskiptin. Þetta aðhald hefur Landspítalinn ekki. Þar er eftirspurnin næg, þar aukast tölurnar um afköst, innlagnatími styttist, sjúklingar lifa af og tekist hefur að halda utan um fjármagnið. Allt lítur vel út á yfirborðinu.

*„Landspítalinn er rekinn eins og einkafyrirtæki"*

En LSH er háskólasjúkrahús. Þar starfar fólk sem einnig kennir við heilbrigðisdeildir. Sannur háskólamaður tekur þátt í þjóðfélagsumræðunni og er gagnrýninn á eigin störf og annarra. Þess vegna gengur ekki upp að þagga niður í mönnum. Það stríðir gegn eðli fræði- og vísindamannsins."

Elín Ebba segir að eftir sameiningu spítalanna hafi sviðsstjórar og millistjórnendur farið á alls konar námskeið þar sem þeir námu mikil fræði um nútímastjórnun.

„En eftir þessi námskeið varð enn erfiðara að vinna á spítalanum, því þá var maður orðinn svo meðvitaður um að þessi hugmyndafræði sem verið var að kenna, var ekki studduð á Landspítala - háskólasjúkrahúsi. Það þarf heldur ekki háskólamenntun til að gera sér grein fyrir áhugaleysi, virðingarleysi og skorti á væntumþykju og einlægum áhuga í starfsumhverfinu. Allt þetta skortir á LSH. Það er ekki hægt að byggja upp fyrirtæki af neinu viti ef þennan grunn vantar. Þessi grunnur er líka mikilvægur í bata sjúklinganna."

**Aðferðir þöggunar**

„Það hefur aldrei verið eins mikil pýramídastjórnun á Landspítalanum og í dag, sama hvað hver segir. Sviðsstjórar hafa valdið, sem þeir ráða mismikið við. Stundum skýla þeir sér á bak við aðra. Sem dæmi má nefna, að vilji starfsmaður „stökkva yfir" næsta yfirmann sinn og ræða við yfirmann hans, þá er yfirmaður viðkomandi tekinn með í viðtalið. Fólk reynir þetta bara einu sinni, því þetta skilar engu. Svo hættir það, gefst upp. Þetta eru aðferðir þöggunar.

Ég hef aldrei átt jafnmikla samleið með geðsjúkum og á síðustu árum því nú skil ég hvernig er að vera áhrifalaus, vandalaus og mæta fordómum."

Elínu Ebbu er mikið niðri fyrir þegar hún ræðir þörfina fyrir uppbyggingu á jafningjagrundvelli innan spítalans, þannig að reynsla starfsfólks og sköpunarafl nýtist sem best. En...

„...ef raunverulegur áhugi væri fyrir teymisvinnu á spítalanum þá myndi hún endurspeglast frá toppnum," segir hún. „En LSH er að þróast sem vinnustaður fyrir lækna og hjúkrunarfræðinga. Við hin megum vera með af því að þau eru háð okkur á vissum sviðum. En við megum ekki vera með í raunverulegum ákvörðunum. Við munum heldur ekki uppskera á sama hátt fyrir menntun, reynslu eða þekkingu."

**„Landspítalaveikin"**

Umhverfið hafði þannig áhrif á mig um tíma að kraftur minn minnkaði," segir Elín Ebba. „Í staðinn læddist að kvíði sem tengist engu. Ég áttaði mig ekki á því að vinnuumhverfið væri að hafa slík áhrif á mig fyrr en læknir einn benti mér á að kannski ætti ég við „Landspítalaveikina" að stríða. Ekkert ráð væri við henni, annað en að sætta sig við aðstæður eða láta af lífsstarfinu.



*„En ef þessu flotta sjúkrahúsi er ætlað að þagga niður þá óánægju sem hefur verið kraumandi, þá get ég fullyrt að það mun ekki bjarga neinu í þeim efnum."*

Það sem hefur haldið mér á floti er áhugi fólks utan spítalans á mínum hugmyndum, hvatning geðsjúkra sjálfra og aðstandenda þeirra að halda áfram. Fólk sem ég þekki ekki stoppar mig stundum og þakkar mér fyrir innlegg mitt í umræðuna og biður mig um að gefast ekki upp. Mér þótti það skrítið í byrjun að fólk væri svo visst um að ég gæfist upp – en ég skil það núna."



FRÉTTAVIÐTAL
JÓHANNA S. SIGÞÓRSDÓTTIR
jss@frettabladid.is

WWW.SVAR.IS

# ÓTRÚLEGT VERÐ



OKKAR ACER VÉLAR HAFA 3 ÁRA ÁBYRGÐ

## Acer 3002LC

**5598-** *á mán.**

STAÐGREITT **64.900,-**

1.6GHz AMD Sempron 2800
512 MB DDR 333MHz (stækkanlegt í 1GB)
40 GB Ultra ATA100 harðdiskur
CD-RW skrifari (combo)
15.0" TFT XGA skjár
64MB Mirage™2 256bita skjákort
Hljóðkerfi með 2 hátölurum
85 lykla lyklaborð í fullri stærð
Innbyggð snertinæm músarstýring
Innbyggt 10/100 netkort og 56K mótald
4-cell Li-ion rafhlaða, ending allt að 1,5 tímar
Windows XP home - SP2 - á íslensku eða ensku
3xUSB 2.0, VGA, PCMCIA Type II tengi



OKKAR ACER VÉLAR HAFA 3 ÁRA ÁBYRGÐ

## Acer 3002LMi

**6460-** *á mán.*

STAÐGREITT **74.900,-**

1.6GHz Mobile AMD Sempron 2800
512 MB DDR 333MHz 200pin (stækkanlegt í 1GB)
80 GB Ultra ATA100 harðdiskur
DVD±RW Dual Layer skrifari sem einnig skrifar CD-RW
15.0" TFT XGA 1280x800dpi skjár
64MB Mirage™2 256bita 3D skjákort
Hljóðkerfi með 2 hátölurum
85 lykla lyklaborð í fullri stærð
Innbyggð snertinæm músarstýring
Þráðlaust 802.11b/g, 10/100 netkort og 56K mótald
4-cell 2000mAH Li-ion rafhlaða, ending allt að 1,5 tímar
Windows XP home - SP2 - á íslensku eða ensku
3xUSB 2.0, VGA, PCMCIA Type II tengi

HD 80 GB Harður diskur

CD/DVD Skrifari

OFFICIAL ACER SERVICE CENTER

acer
*Hvetur fólk til dáða*

svar) tækni

*Stimpilgjald og lántökugjald 3,5% er innifalið í mánaðargreiðslum.

SÍÐUMÚLA 37 – SÍMI 510 6000 – WWW.SVAR.IS

## ÚTGJÖLDIN > KÍLÓ AF HVEITI Á VERÐLAGI NÓVEMBER HVERS ÁRS




# neytendur
*hagur heimilanna*

NEYTANDINN: SIGURÐUR SIGURJÓNSSON LEIKARI

## *Lét pranga inn á mig armbandsúri*



„Mín bestu kaup gerði ég árið 1980 þegar ég keypti 72 árgerðina af Volvo en hann var, eins og sagt var þá, fasteign á hjólum og í rauninni fyrsti alvöru bíllinn minn. Hann var ekkert afskaplega dýr og hann borgaði sig líka en það gera bílar varla í dag.

Mín verstu kaup gerði ég hins vegar í minni fyrstu utanlandsferð en þá var ég sautján ára gamall í sólarlandaferð á Spáni og sárvantaði úr. Ég var nú alveg grænn í bak og fyrir þannig að vaskur kaupmaður var ekki í vandræðum með að pranga inn á mig úri sem hann sagði vera vatnsþétt, högghelt og alveg pottþétt en á móti kom að það var nokkuð dýrt. Ég var því nokkuð montinn með mig þegar ég bar rándýran gripinn og ákvað að nýta mér fjárfestinguna um leið svo ég fór með úrið strax í sund. En ég var ekki búinn að svamla lengi þegar ég tók svo eftir því að þetta rándýra úr var orðið fullt af vatni. Ég hugsaði með mér að það mætti nú kannski bjarga þessu svo ég ákvað að hrista úrið og sjá hvort vatnið færi þá ekki úr sem það og gerði. En það sem verra var með þetta höggþétta úr var að það þoldi ekki svona hristing svo glerið datt af og svo fylgdu vísarnir á eftir. Þessi kómíski atburður minnti hreinlega á teiknimynd. En ég held ég hafi notið þessarar fjárfestingar í korter eða svo.“

## GÓÐ HÚSRÁÐ

**BÖRN Í BÍL** Það er ekkert grín ef börnin verða bílveik og því eru holl ráð í þeim efnum gullsígildi. Mörgum foreldrum hefur reynst vel að hvetja börn sín til að horfa út um gluggann meðan á ferðalaginu stendur í stað þess að þau lesi eða leiki sér. Einnig hefur engiferöl hamlað bílveiki margra barnanna.

**AÐ NÁ HVÍTLAUKSHÝÐINU AF** Til þess að ná hýðinu utan af hvítlauksrifi er þjóðráð að setja það inn í örbylgjuofn í fimmtán sekúndur en eftir það flettist það afar auðveldlega.



Einnig má kremja rifið með sléttum hníf en þá springur efsti hluti þess og eftir það er barnaleikur að ná hýðinu af.

**AÐ NÁ LíMBLETTUM AF GLERI** Límmiðar barnanna rata oft á gler hingað og þangað. Erfitt getur verið að ná þeim fyllilega í burtu þar sem oftast situr límbletturinn eftir. Þó er hægt að sigrast á þeim með því að hella sítrónudropum í blauta tusku og nudda svo vel.

HVAÐ KOSTAR... Í LEIKHÚS

## Dýrara á söngleiki

Á hverja sýningu í Þjóðleikhúsinu kostar hver miði 2.700, en 2.900 í Borgarleikhúsinu. Aldraðir, öryrkjar, stúdentar og börn fá 600 krónur í afslátt í Þjóðleikhúsinu. Í Borgarleikhúsinu fá aldraðir og öryrkjar 700 krónur í afslátt, en börn 12 ára og yngri fá ókeypis aðgang í fylgd með forráðamönnum sínum á valdar sýningar. Það er aðeins dýrara að fara á söngleiki. Á Edith Piaf í Þjóðleikhúsinu kostar 3.000, en 3.600 á söngleiki eða stórsýningar í Borgarleikhúsinu.



Fyrir þá sem fara mikið í leikhús getur verið hentugt að kaupa áskriftarkort. Á fimm sýningar á stóra sviði Þjóðleikhússins, eða sex sýningar á minni sviðin kostar kortið 10.500 krónur. Á fjórar sýningar á Stóra sviði Borgarleikhússins, auk einnar sýningar að eigin vali kostar áskriftarkortið 11.100. Einnig býður Borgarleikhúsið upp á átta miða aðgöngukort sem kostar 19.500.

VERSLUN OG ÞJÓNUSTA

## Hive stefnir á símamarkað

Fyrirtækið Hive stefnir á frekari símaþjónustu fyrir viðskiptavini sína. Fyrsta skrefið var Hive-netsími þar sem viðskiptavinum Hive bjóðast útlandasímtöl til 31 lands á mun lægra verði en símafyrirtækin hafa boðið upp á. Netsíminn byggir á IP tækni, sem gerir Hive kleift að nota internetið til þess að flytja símaumferð beint inn á staðbundin símkerfi í þeim löndum sem hringt er til. Einnig er hægt að taka netsímann í ferðalagið og hringja í íslensk heimasímanúmer erlendis frá fyrir 2,99 á mínútuna. Næstu skref fyrirtækisins verður að bjóða upp á almenna símaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

## Nýtt fasteignasjónvarp



Ný sjónvarpsstöð hefur göngu sína í byrjun nóvember þar sem sýndar verða fasteignakynningar allan sólarhringinn. Það er Hlynur Sigurðsson sem stendur á bak við sjónvarpsstöðina, en hann hefur séð um þáttinn Þak yfir höfuðið á Skjá einum. Hægt verður að velja fasteignaauglýsingar með því að senda smáskilaboð. Á kvöldin má meðal annars sjá kynningar á nýjustu fasteignunum og kynningar á einbýlishúsum. Stöðinni verður dreift í gegn um breiðbands- og ADSL-kerfi Símans, en viðræður standa yfir um frekari dreifingu.

# Ráðlegast að geyma gaskútana utandyra

**Flestir landsmenn leggja gasgrillunum um þessar mundir enda styttist í vetur. Miklu máli skiptir hvernig gengið er frá gaskútunum þar sem þeir geta skapað talsverða eldhættu og skynsamlegast er að skila kútunum fyrir veturinn.**

Samkvæmt reglugerð má geyma einn gaskút á hverju heimili. Flestum kútum fylgir miði með leiðbeiningum um hvernig best er að geyma þá. Þar kemur fram að ekki skuli geyma kútana í kjöllurum eða öðrum niðurgröfnum stöðum og ekki við hátt hitastig, því annars geti hitalokinn opnast. Þá er brýnt að loftræsting sé góð. Leki gaskútur á illa loftræstum stað safnast gasið fyrir á gólfinu og skapar talsverða hættu.

Kristján Jens Kristjánsson, verkefnastjóri forvarnadeildar Slökkviliðsins, bendir hins vegar á að það sé aðeins ein leið til að koma í veg fyrir eldhættuna sem fylgir gaskútum, það er að geyma þá alls ekki heima fyrir. „Allar varúðarráðstafanir eru af hinu góða en það er samt sem áður aldrei fullkomlega öruggt að geyma gaskút á heimilinu.“ Kristján segir að sérstaklega fjölbýlishús valdi slökkviliðsmönnum áhyggjum. „Tökum sem dæmi fjölbýlishús með 40 til 50 íbúðum og gefum okkur að í kjallarageymslu næstum hverrar íbúðar sé gaskútur. Þú getur rétt ímyndað þér hversu mikill sprengikrafturinn yrði ef eldur brytist út við slíkar aðstæður.“

Kristján segir að sjái fólk sig tilneytt til að geyma gaskúta heima hjá sér yfir vetrarmánuðina sé affarasælast að geyma þá utandyra. Það er þó engin trygging fyrir því að kúturinn valdi ekki skemmdum springi hann. „Það er ekki langt síðan það kviknaði í gasgrilli úti á svölum íbúðar í Grafarvogi og sprengingin olli miklum skemmdum í eldhúsi.“



**GASKÚTAR GEYMDIR** Esso-aðföng að Gelgjutanga er annar tveggja staða í höfuðborginni þar sem hægt er að skila gaskút gegn endurgreiðslu.

Skynsamlegasta lausnin er því að skila kútunum til olíufélagsins þar sem kúturinn var keyptur. Ýmislegt letur fólk hins vegar til þess, til dæmis endurgreiða félögin aðeins fyrir hylkin sjálf en ekki innihaldið. Þá er ekki hægt að fá kútana endurgreidda nema á tveimur stöðum í höfuðborginni; í Esso-aðföngum að Gelgjutanga og á millilager Olís í Laugarnesi við Héðinsgötu. „Ég held að það sé mikilvægt að hvetja fólk til að skila kútunum á haustin og það væri ekki galin hugmynd að þeir sem taka við þeim endurgreiddu líka fyrir innihaldið.“

**bergsteinn@frettabladid.is**

Bifvélaverkstæði Þ. Jónssonar og Vélalands hefur starfað í 56 ár:

# Fólk heldur lengur í bílana sína

„Fólk heldur lengur í bíla sína nú en áður og það virðist einnig fara mun betur með þá,“ segir Sigurður Grétarsson, eigandi Bifvélaverkstæði Þ. Jónssonar Vélalands.

Verkstæðið hefur verið starfrækt í 56 ár en Þór Jónsson og Grétar Árnason, faðir Sigurðar, opnuðu það árið 1949 og Sigurður bætti svo Vélalandi sínu við það árið 1988.

„Nú síðustu ár hefur til dæmis verið óvenju mikið um vélarupptekningar hjá okkur, ég man varla eftir öðru eins. Eins er það áberandi núna að flestir vilja láta gera fyrirbyggjandi viðgerðir á bílum sínum þannig að ef eitthvað er ekki alveg eins og það á að vera er það bara tekið í gegn en áður vildu menn helst ekkert láta laga fyrr en allt var orðið stopp. Svo er líka mikið um það að menn komi með 5 til 6 ára gamla bíla og vilja bara láta gera þá upp.“

Eins hefur viðskiptahópurinn tekið nokkrum breytingum hjá Sigurði eins og kannski víða annars staðar þar sem bílar eru teknir í gegn. „Nú eru konur farnar að koma með bílana sína sjálfar og þá er líka viðkvæðið sem karlmennirnir viðhöfðu þegar þeir komu með sína bíla á verkstæðið ekki lengur í gildi.“ Og Sigurður útskýrir þetta títt notaða en nú ógilda viðkvæði: „Jú, þegar karlarnir komu með bilaðan bíl á verkstæðið sögðu þeir venjulega: „Konan var á honum.“

Þetta á ekki lengur við segir Sigurður frekar en klámmyndirnar sem hann segir að hafi horfið af veggjum verkstæðanna fyrir 15 til 20 árum.

**- jse**



FIMMTUDAGS-
TILBOÐ

HERRASKÓR



5.995 kr. - verð áður
3.995 kr. - verð nú
litir: svart
stærðir: 40 - 46

TILBOÐ GILDA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Toppskórinn
Suðurlandsbraut 54, sími 533 3109
OPIÐ: MÁN. - FÖS. 12 - 18, LAU. 10 - 16

# Canon

AÐEINS 3 DAGAR EFTIR

## TILBOÐ DAGANA 12-17 SEPT. EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

iP4000




## iP4000 VINSÆLASTI LJÓSMYNDAPRENTARINN

**5 STÖK HYLKI**
5 sjálfstæð hylki fyrir hámarksnýtingu allra lita og fullkomna ljósmyndaprentun

**NÝ TÆKNI-MEIRI GÆÐI**
Ný PIXMA tækni ásamt FINE tækninni skilar einstökum gæðum í prentun á ljósmyndum

**HRAÐVIRKUR**
Ótrúlegur hraði allt að 25 bls. á mín í svörtu, 17 bls. í lit og prentar 10x15, 4800x2800dpi

**PRENTAR BEINT Á CD**
Prentar í ljósmyndagæðum beint á geisladiskinn bara að stinga honum í CD bakkann

**FULL BLÆÐING**
Prentar í fullum gæðum út á jaðar pappírs allt að A4, prentar einnig sjálfvirkt báðu megin í einu (Duplex)

**HAGKVÆMUR**
Hagkvæmur í rekstri enda er gott verð á öllu Canon bleki og stök hylki fyrir hvern lit

**VERÐ 12.900**

## CANON iP5000




- 5 hylkja kerfi, mjög hagkvæmur í rekstri
- Ný PIXMA tækni skilar einstökum gæðum á ljósmyndum
- Full blæðing á A4 í allt að 9600x2400 punkta upplausn
- Prentar beint á geisladiska (innbyggður CD bakki)
- 25 bls á mínútu í svörtu og 17 bls á mínútu í lit

**VERÐ 16.900**

## CANON iP6000D




- Hagvæmt 6 hylkja kerfi, stór LCD litaskjár
- Ný PIXMA tækni skilar einstökum gæðum á ljósmyndum
- Full blæðing á A4 í 4800x1200 punkta upplausn
- Prentar beint á geisladiska og beint af minniskortum
- 11 bls á mínútu í svörtu og 9 bls á mínútu í lit

**VERÐ 21.900**

## CANON iP2000




- Hraðvirkur og nettur prentari
- 4800x1200dpi upplausn,full blæðing
- 20 bls/mín í SH, 15 bls/mín í lit
- Ný PIXMA tækni tryggir myndgæðin

**VERÐ 7.990**

## CANON iP3000




- 4 Hylkja kerfi, prentar á geisladiska
- 4800x1200dpi upplausn,full blæðing
- 22 bls/mín í SH, 15 bls/mín í lit
- Ný PIXMA tækni tryggir myndgæðin

**VERÐ 9.990**

## POWERSHOT A95




- 5 MegaPixla upplausn
- 3xOptical Zoom Canon linsa
- 1.8" snúanlegur LCD skjár
- VGA kvikmyndaskeið með hljóði
- 9 Punkta sjálfvirkur fókus

**VERÐ 29.900**

## CANON IXUS 700




- 7.1 MegaPixla upplausn, 2" skjár
- 3xOptical Zoom Canon linsa
- VGA 30fps kvikmyndaskeið
- Lithium rafhlaða, tengist í USB2
- Ótrúlega létt aðeins 170 gr.

**VERÐ 39.900**

TILBOÐ GIDLA DAGANA 12-17 SEPTEMBER EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST • ÖLL VERÐ OG UPPLÝSINGAR BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR OG PRENTVILLUR

**TÖLVULISTINN**
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

# skoðun

SJÓNARMIÐ
SIGURJÓN M. EGILSSON

Frambjóðendur eiga það til að skilja ekki muninn á magni og gæðum.

## Framboð og eftirspurn

Þegar dregur að prófkjörum og vali forystumanna í stjórnmálum hellast yfir fólk ótrúlegustu birtingarmyndir af frambjóðendum. Svo er nú. Segja má að nokkrir frambjóðenda hafi þjófstartað og séu meira áberandi en samfélagið þolir með góðu móti. Af sumum er meira framboð en eftirspurn. Þar fer fremstur frambjóðandinn Gísli Marteinn Baldursson. Í fámennu samfélagi er hætta á að svona nokkuð gerist, að framboðið verði meira en eftirspurnin. Þetta á ekki bara við um fólk í stjórnmálum. Þetta er líka hættulegt með listafólk og íþróttafólk.

Ábyrgð fjölmiðla er nokkur, en nú virðist sem hver fjölmiðillinn á eftir öðrum telji sig ekki geta fjallað um málefni Reykjavíkurborgar án þess að Gísli Marteinn Baldursson, varaborgarfulltrúi og frambjóðandi í væntanlegu prófkjöri

*Svo verða uppáþrengjandi frambjóðendur að hugsa með sér hvort þögnin geti ekki verið happadrýgri en sama morfísstefið, aftur og aftur.*

Sjálfstæðisflokks, sé kallaður til. Enn eru nokkrar vikur í prófkjörið sjálft og ef fer sem horfir eru allar líkur á að kjósendur verði búnir að fá meira en nóg af frambjóðandanum þegar að sjálfu prófkjörinu kemur.

Það er ekki endilega við Gísla Martein að sakast. Hann telur sig þurfa á athyglinni að halda og stekkur að hverri linsu og hverjum hljóðnema sem hann sér til og er boðið að. Fjölmiðlarnir geta ekki annað en spurt sig hvort þetta er rétt, gagnvart lesendum, áheyrundum og áhorfendum. Gísli Marteinn er eflaust hinn ágætasti maður. En það er hægt að segja um marga aðra og einhvern veginn hefur mér virst sem hann sé ekki alltaf sá sem veit mest og veit best. Þess vegna hlýtur eitthvað annað að ráða því hversu oft frambjóðandinn er kallaður til. Kannski eru hann og hans stuðningsfólk svona dæmalaust dugleg að troða honum í þætti og viðtöl. Ef svo er verða viðkomandi fjölmiðlar að hugsa sinn gang.

Þó þetta eigi langbest við um Gísla Martein, til þessa, er það svo að aðrir frambjóðendur eiga eftir að fara sömu leið. Troða sér að hvar sem þeir sjá tækifæri til. Það verður að segjast eins og er að miklir hagsmunir eru í húfi hjá mörgum og það er svo sem sætt þegar mikið er lagt í að framtíðardraumarnir gangi eftir, en það verður að gæta hófs. Það er eitt að ýmsir frambjóðendurnir kunni sér engin takmörk og það er svo annað að fjölmiðlar láti undan þrýstingi, aftur og aftur, frekar en að byggja fréttirnar upp með það sem viðkomandi máli er best og eðliegast, en ekki láta þrýsting einstakra frambjóðenda ná völdum. Það er óheiðarlegt gagnvart notendum fjölmiðlanna og gerir fréttir og annað fjölmiðlaefni drepleiðinlegt þegar sama fólkið segir sömu hutina aftur og aftur.

Svo verða uppáþrengjandi frambjóðendur að hugsa með sér hvort þögnin geti ekki verið happadrýgri en sama morfísstefið, aftur og aftur.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Doktor Davíð?**

„Davíð gæti orðið besti Seðlabankastjórinn" segir í fyrirsögn greinar í Viðskiptablaðinu í gær. Þetta er sannarlega uppörvandi eftir reiðilestur hagfræðinganna og gáfumannanna sem telja að „fagmaður" eigi að stjórna bankanum. Af hverju skyldum við Íslendingar þurfa að fara að fordæmi annarra þjóða og láta próf, menntun og sérþekkingu flækjast fyrir okkur? Er ekki nóg að vera af víkingakyni? Og spurning hvort nýi bankastjórinn eigi ekki bara að taka upp á því að kalla sig „Doktor Davíð" og gefa þannig nöldurskjóðunum langt nef. Fyrir slíku eru fordæmi. „Doktor Gunni", sem svo kallar sig og skrifar pistla í DV, upplýsir í blaðinu í gær að hann sé gervidoktor. Hann segist aldrei hafa verið í háskólanum. Þetta kemur væntanlega flatt upp á þá sem lesið hafa pistlana hans. „Doktorinn" bætir við: „Ég hef enga sérstaka trú á menntun og veit sem er að fjölmargir snillingar eru nær ómenntaðir." Jamm.

**Leiddist stundum**

Steingrímur Hermannsson, fyrrverandi forsætisráðherra, segir um Seðlabankaár sín í þriðja bindi ævisögu sinnar. „Það eina sem ég get fundið að starfsárum mínum í Seðlabankanum var að ég hef aldrei haft það jafnnáðugt í starfi á ævinni. Suma dagana nánast leiddist mér. Ég skildi betur hvað stundum hafði verið erfitt að ná í Tómas Árnason þegar vel viðraði fyrir golf. Ég hef hins vegar aldrei haft jafn góða vinnuaðstöðu..." Bætir síðan við:



„Rólegheitin í Seðlabankanum höfðu þó sínar jákvæðu hliðar. Ég hafði betri tíma en nokkru sinni fyrr til að sinna áhugamálum mínum og fjölskyldu. Ég fór að spila golf og fékk tíma til að sinna skógræktinni í Borgarfirði..."

**Frá níu til fimm**

Líklega hefur „Doktor Davíð" lesið ævisögu „Doktor Denna". Á blaðamannafundinum góða í Valhöll sagðist nýi bankastjórinn vera latur að eðlisfari. Hann hlakkaði til að koma á vinnustað þar sem hægt væri að stimpla sig út klukkan fimm í stað þess að vera á sólarhringsvakt. Nú gæti hann látið drauminn um að skrifa skáldverk fyrir þjóð sína rætast. Það verður ekki amalegt ef við fáum í senn besta skáldið og besta bankastjórann úr því við þurftum að missa besta formanninn og besta forsætisráðherrann. gm@frettabladid.is

## Sjálfsráðning í Seðlabankanum

Í DAG
SEÐLABANKINN



ÞORVALDUR GYLFASON

Verkaskiptingin milli einkaframtaks og almannavalds hefur verið í deiglunni víða um heiminn síðan 1980. Mörgum þótti þjóðnýting efnahagslífsins sums staðar ganga of langt áratugina eftir lok heimsstyrjaldarinnar síðari 1945. Menn reyndu þá eftir föngum að rétta kúrsinn af með einkavæðingu ýmissa fyrirtækja, einkum eftir 1980. Þessi viðleitni skilaði yfirleitt árangri, því að einkarekstur hefur ýmsa kosti umfram ríkisrekstur, enda þótt markaðsbrestir kalli á sterkt almannavald, t.d. í menntamálum og heilbrigðis- og tryggingamálum. Málið snýst um meira en einkavæðingu: það snýst um að skerpa skilin milli stjórnmála og annarra mála: atvinnulífs, bankarekstrar, fjölmiðlunar, réttarfars o.fl.

Þjóðnýting hugarfarsins teygði anga sína víða á öldinni sem leið, en óvíða kvað þó eins rammt að henni og hér heima nema í kommúnistaríkjum. Allt þjóðlífið var undirlagt. Atvinnufyrirtækin, vinnuveitendasamtökin og verklýðsfélögin voru nánast deildir í stjórnmálaflokkunum, bankarnir voru ríkisbankar, dagblöðin voru flokksblöð, jafnvel dómskerfið var undir hælnum á framkvæmdavaldinu – og fólkið dansaði með.

Ástandið hefur skánað, en of hægt. Samtök atvinnulífsins hegða sér enn eins og deild í stjórnmálaflokki og sýna engin merki um iðrun, hvað þá bót og betrun. Á hinn bóginn virðist verklýðshreyfingin hafa slitið sig að mestu leyti lausa úr sinni gömlu vist og býst nú m.a.s. til að beita sér fyrir inngöngu Íslands í Evrópusambandið. Bankarnir eru komnir úr ríkiseigu eftir langa mæðu, en ríkisstjórnarflokkarnir drógu málið von úr viti og tóku þungan toll af bönkunum. Þrjú dagblöð af fjórum hafa nú engin sýnileg tengsl við stjórnmálaflokka. Dómskerfið situr á hinn bóginn undir alvarlegum ásökunum um hlutdrægni og nýtur trausts aðeins um þriðjungs þjóðarinnar skv. mælingum Gallups.

*Sjálfsráðning Davíðs Oddssonar í stöðu seðlabankastjóra gengur í berhögg við þessi sjónarmið og brýtur einnig gegn anda nýju seðlabankalaganna, sem ríkisstjórn hans fékk samþykkt á Alþingi 2001. Ráðning Jóns Sigurðssonar í stöðu seðlabankastjóra fyrir fáeinum misserum var sama marki brennd, og hið sama er að segja um ráðningu t.d. Birgis Ísleifs Gunnarssonar og Steingríms Hermannssonar á sínum tíma.*

Vantraustið kemur ekki á óvart miðað við mannvalið í réttarsölunum víða um landið og jafnvel í Hæstarétti. Almennt vantraust á lögreglu og réttarkerfi veikir stoðir réttarríkisins.

Löggjöf um seðlabanka hefur breytzt til batnaðar í nálægum löndum undangengin ár og einnig hér heima með nýju seðlabankalögunum frá 2001. Höfuðmarkmið breytinganna var að auka sjálfstæði seðlabankanna innan stjórnkerfisins með því að reisa skorður við afskiptum stjórnmálamanna af framkvæmd peningastefnunnar og draga úr hættunni á því, að stjórnmálamenn beiti völdum sínum til að knýja seðlabankann til að prenta peninga til að fjármagna t.d. atkvæðakaup fyrir kosningar. Þess vegna er stjórnmálamönnum haldið í fjarlægð frá seðlabönkum víðast hvar í öðrum löndum: þeir eru ekki aðeins taldir óhæfir, heldur beinlínis vanhæfir skv. eðli málsins. Ísraelsmenn o.fl. hafa sótt seðlabankastjóra sína til útlanda til að draga sem mest úr hættunni á hagsmunatengslum bankastjóra við stjórnmálamenn og flokka innan lands. Við þetta er því að bæta, að seðlabankastjórn kallar í auknum mæli á yfirgripsmikla sérþekkingu á efnahagsmálum og fjármálum – þekkingu af því tagi, sem menn hafa yfirleitt ekki tök á að afla sér og ná fullu valdi á, nema þeir séu annaðhvort þrautþjálfaðir hagfræðingar eða þaulreyndir bankamenn.

Sjálfsráðning Davíðs Oddssonar í stöðu seðlabankastjóra gengur í berhögg við þessi sjónarmið og brýtur einnig gegn anda nýju seðlabankalaganna, sem ríkisstjórn hans fékk samþykkt á Alþingi 2001. Ráðning Jóns Sigurðssonar í stöðu seðlabankastjóra fyrir fáeinum misserum var sama marki brennd, og hið sama er að segja um ráðningu t.d. Birgis Ísleifs Gunnarssonar og Steingríms Hermannssonar á sínum tíma, enda voru þeir ekki ráðnir til annars en að greiða götu þeirra út af vettvangi stjórnmálanna. Slíkir menn eru ekki taldir henta til seðlabankastjórastarfa í nálægum löndum, ekki heldur í Afríku nema á stöku stað, og gildir þá einu, hversu vel þeir kunna að hafa reynzt í ólgusjó stjórnmálanna. Bill Clinton og George Bush kæmu ekki undir neinum kringumstæðum til álita sem bankastjórar í Seðlabanka Bandaríkjanna, enda kunna þeir ekki til þeirra verka, sem þar eru unnin. Sama máli gegnir um Evrópulönd. En Seðlabanka Íslands er enn sem fyrr uppálagt að lúta öðru lögmáli: þangað hafa stjórnmálamenn troðið sjálfum sér og hverjir öðrum upp á efstu hæð mörg undangengin ár án þess að skeyta um þau sjónarmið, sem ráða ráðningum í slíkar stöður í öðrum löndum – fyrir nú utan velsæmisbrestinn.

PROFESSIONAILS

Íslandsmeistarakeppni í Professionails naglaásetningum verður haldin í húsnæði naglaskólans að Hjallabrekku 1 í Kópavogi laugardaginn 24 september nk.
Keppt verður í french naglaásetningu og naglaskreytingum.
1 verðlaun vöruúttekt 100.000
2 verðlaun vöruúttekt 50.000
3 verðlaun vöruúttekt 25.000
Þátttökurétt hafa allir fyrrverandi og núverandi nemendur naglaskólans og Snyrtiskólans í Kópavogi.
Skráning í síma 588 8300




LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA
vísir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# Nýtt kortatímabil!
-og kartöflumús...

UPPPVOTTALÖGUR 500 ml
79 KR.
500 ml

12 VISKUSTYKKI
36x70 sm
999 KR.
12 STYKKI

12 BORÐTUSKUR
27x27 sm
299 KR.
12 STYKKI

REYKT/SALTAÐ
479 kg KR.
20% afsláttur við kassann
Merkt verð 599kr.

20% afsláttur við kassann

## Reykt eða saltað KF folaldakjöt

Potato mash
Aardappelpuree
Potatismos, bas
Perunamuusihiutale
179 KR.
4x125g

79 KR.
720g
DANU
Rødkål

Ferskar ALI svínakótelettur
30% afsláttur við kassann

FERSKAR KÓTELETTUR
979 kg KR.
30% afsláttur við kassann
Merkt verð 1398kr.

...fyrir góðan dag!

KOFAREYKT BJÚGU
299 kg KR.

## Sveitabjúgu
KOFAREYKT

KJARNAFÆÐI

Vanillu ís 2
Súkkulaði ís 2
2 LÍTRAR
159 KR.

## ALI svínahakk
ALI SVÍNAHAKK
524 KR.
30% afsláttur við kassann
Merkt verð 749kr.

30% afsláttur við kassann

## Frosinn KS lambabógur
FROSINN LAMBABÓGUR
599 kg KR.

AFSLÁTTUR 40% VIÐ KASSANN
BEZT SAMLOKUSKINKA 250g
209 KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 349kr. 250g
40% afsláttur við kassann

I. FLOKKS RÆKJA -KÍLÓ
599 kg KR.

## Úrvals rækja 1 kíló

## Ávaxtamúslí 1 kíló
Fruit muesli
Fruktmüsli
Frukt musli
Hedelmämysli
ÁVAXTAMÚSLÍ
159 KR.
1 KÍLÓ!

FYLGIST MEÐ EUROSHOPPER VÖRUNUM Í BÓNUS

## Sjófryst ýsa
EKKERT BRUÐL
SJÓFRYST ROÐFLETT ÝSA
599 kg KR.

799 KR.
KÍLÓVERÐ
BÓNUS BACON

# Skynsemin velur Bónus

BÓNUS bonus.is

# Hvers vegna er Rope-æfingakerfið kallað jóga?

**UMRÆÐAN**
JÓGA



**GUÐJÓN BERGMANN**
JÓGAKENNARI

Rope-æfingakerfið hefur undanfarið verið kynnt í fjölmiðlum samhliða hefðbundnu jóga. Til þess að svara nemendum og þeim sem hafa haft samband við mig með spurningar um þetta svokallaða „jóga“ lagðist ég í smá heimildavinnu. Eftir að hafa lesið kynningarefnið, vefsíðuna og horft á Rope-æfingamyndband vil ég byrja á því að hrósa Guðna Gunnarssyni, höfundi kerfisins. Allt kynningarefni er til fyrirmyndar, módelin í myndbandinu eru flott, æfingarnar virðast gera það sem þær eru sagðar gera, þ.e.a.s. fyrst og fremst styrkja kviðinn, Guðni er frábær leiðbeinandi, hefur góðan talanda og máttugan enskan orðaforða. Að því sögðu skil ég ekki hvers vegna hann splæsir orðinu jóga aftan við Rope. Ég sé því miður ekkert í kerfinu, hvorki í heimspekinni né æfingunum, sem réttlætir þessa tengingu. Rope-æfingakerfið byggist fyrst og fremst á kviðæfingum og öndun. Í kerfinu er ekki að finna neinar grunnæfingar úr hefðbundu hatha-jóga, svo sem frambeygjur, baksveigjur eða axlastöðu. Guðni heldur því fram að með tengingu öndunar og hreyfinga náist djúp tenging milli líkama, hugar og sálar og þess vegna sé kerfið kallað jóga. Eftir að hafa dvalið í návist mikilla jógameistara og lesið frumrit jógafræðanna finnst mér ég enn vera byrjandi á sviði jógaheimspeki. En svo mikið veit ég að meira þarf til en öndun og æfingar til að öðlast hina eftirsóttu hugljómun. Mörg vestræn æfingakerfi tengja saman öndun og hreyfingu án þess að kalla það jóga. Ég nefni Joseph Pilates, sem vann sitt æfingakerfi að miklu leyti upp úr hefðbundnu jóga. Hann kallar sitt kerfi einfaldlega Pilates. Vissulega næst töluverður huglægur og tilfinningalegur árangur við það að læra einbeitingu og slökun en þá hæfni má einnig æfa við aðrar aðstæður, líkt og í listum og íþróttaiðkun, án þess að splæsa orðinu jóga fyrir aftan. Hver er ástæðan? Hver er þá ástæða þess að Rope-æfingakerfið er kallað jóga? Getur verið að hinar miklu vinsældir jóga á Vesturlöndum og kynni Guðna af ávinningum jóga í gegnum tíðina hafi ýtt undir þessa nafngift? Í mínum huga væri miklu nær að tala um kaðalæfingar eða eitthvað í þá áttina. Ég skil vel hinar gífurlegu fjárhagslegu skuldbindingar Guðna og þeirra líkamsræktarstöðva og sérhæfðu Rope-æfingastöðva sem bjóða viðskiptavinum sínum upp á kerfið. Nafnið Rope jóga er orðið fast í hugum margra. Grein sem þessi vinnur lítið verk gegn markaðsherferð kennara Rope-æfinga. Í raun má frekar búast við harkalegum viðbrögðum frá hagsmunaaðilum. Ég vil þó benda á að ef Guðni getur sýnt fram á það opinberlega og skýrt þannig að allur almenningur skilji hvernig hægt er að réttlæta þessa tengingu við jóga verð ég fyrstur til að viðurkenna mistök mín og vankunnáttu. En þangað til að það svar kemur vil ég biðja fjölmiðla og almenning um að leggja ekki Rope-æfingakerfið og hefðbundið jóga að jöfnu. Miðað við þær upplýsingar sem ég hef í dag þykir mér ljóst að annað hefur því miður ekkert með hitt að gera.




# Hver togaði í spotta?

**UMRÆÐAN**
BAUGSMÁLIÐ



**BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON**

Baugsmálið svokallaða mun vera eitthvert sérstæðasta og undarlegasta sakamál, sem komið hefur fram hér á landi. Stjórnendur Baugs eru sakaðir um að hafa stolið frá fyrirtækinu.En engir fjármunir hafa horfið. Engra fjármuna er saknað og þeir,sem sakaðir eru um fjárdrátt halda enn um stjórnvöl fyrirtækisins. Venjan er sú, þegar fjárdráttarmál koma upp, að þá er sá, sem sakaður er um fjárdrátt, látinn hætta störfum, annað hvort um stundarsakir eða til frambúðar. En svo er ekki í þessu máli.Forstjóri Baugs,sem sakaður er um fjárdrátt frá fyrirtækinu, heldur áfram störfum og fyrirtækið hefur lýst fullu trausti á hann. Jón Ásgeir, forstjóri Baugs,

segir: Ég upplifi þetta eins og lögreglan bankaði upp á heima hjá mér og segði: „Það var brotist inn til þín“. Þótt ég mótmæli og segi að allt sé í lagi þá segir lögreglan „víst“ og ryðst svo inn og rústar heimilinu og segir síðan:„Sérðu ekki maður, heimilið er í rúst“.

Forráðamenn og aðaleigendur Baugs þeir feðgar, Jóhannes Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson segja, að hér sé um aðför gegn fyrirtækinu að ræða. Ætlunin hafi verið að knésetja fyrirtækið. Ráðamönnum hér á landi hafi þótt fyrirtækið orðið of stórt og valdamikið og ef yfirtakan á Arcadia hefði gengið eftir hefði Baugur orðið stærsta fyrirtæki landsins með meiri hagnað en allur sjávarútvegur landsins.Hér er um mjög alvarlegar ásakanir að ræða. Í þessu sambandi nefna Jóhannes Jónsson og Jón Ásgeir fyrrverandi forsætisráðherra og segja, að hann hafi boðað að herjað yrði á Baug. Og Jón Ásgeir segir, að fyrrverandi forsætisráðherra hafi kallað þá feðga mestu skattsvikara Íslandssögunnar. Öllum er löngu orðið ljóst, að fyrrverandi forsætisráðherra hefur verið mjög í nöp við Baug og er fjölmiðlafrumvarpið fræga m.a. til marks um það. Spurningin er sú hvort fyrrverandi forsætisráðherra hafi haft eitthvað með það að gera, að fyrirvaralaust fékk ríkislögreglustjóri að beiðni Jóns Steinars Gunnlaugssonar lögmanns húsleitarheimild hjá Baugi, gat ruðst þar inn út af einum reikningi og tekið allt bókhald fyrirtækisins. Sú innrás varð til þess að Baugur missti af kaupunum á Arcadia. Ljóst er, að þarna fékk Jón Steinar algera flýtimeðferð. Yfirleitt hafa mál hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra tekið langan tíma og ekki hefur verið nóg að veifa einum reikningi. Það hefur heldur ekki verið venja að lögreglan gerði innrás í fyrirtæki af ekki meira tilefni en hér um ræðir.

Tökum dæmi: Segjum, að einhver viðskiptamaður Íslenskrar erfðagreiningar eða Landsbankans lenti í útistöðum við annað hvort fyrirtækið, kærði það til ríkislögreglustjóra og legði fram reikning, sem ætti að sýna, að eigendur fyrirtækisins hefðu látið það greiða fyrir sig kaup á bát (til sjóstangveiða) eða t.d. smíði eða kaup á veiðikofa ( vegna laxveiða). Halda menn þá að ríkislögreglustjóri mundi rjúka upp til handa og fóta, gera innrás í Íslenska erfðagreiningu eða Landsbankann og taka allt bókhaldið til 3ja ára rannsóknar? Ég held ekki. Eru menn þá ekki jafnir fyrir lögunum á Íslandi? Er nóg að einhverjir ráðamenn togi í spotta til þess að setja lögregluna af stað gegn þeim, sem ekki eru þóknanlegir. Er Ísland orðið eins og Sovétríkin undir stjórn Stalíns? Er Ísland orðið eins og bananalýðveldi í Suður-Ameriku? Þessar spurningar vakna hjá óbreyttum borgurum.

*En enda þótt upphaflega sakarefnið sé ekki lengur fyrir hendi lét ríkislögreglustjóri ekki staðar numið. Hann hélt áfram að rannsaka, hélt áfram að grafa til þess að reyna að finna ný sakarefni og hann hefur verið að grafa í 3 ár. Þetta minnir á bandaríska sakamálamynd, þegar skúrkurinn segir: Reyndu að grafa eitthvað upp. Það hlýtur að finnast eitthvað.*

Eins og menn muna fór þetta mál af stað vegna þess, að Jon Gerald Sullenberger, viðskiptafélagi Baugs í Bandaríkjunum, kærði stjórnendur Baugs. Það gerðist eftir að Baugur sagði honum upp störfum! Sullenberger rak fyrirtækið Nordica í Bandaríkjunum og vann þar ýmis störf fyrir Baug. Sullenberger kærði stjórnendur Baugs fyrir að hafa látið Baug greiða hluta kaupverðs skemmtisnekkju, sem Sullenberger var skráður eigandi að en hann segir Bónusfeðga hafa átt í raun með sér. Sem aðalsönnunargagn í málinu lagði Sullenberger fram nótu, reikning, sem átti að sýna, að Baugur hefði greitt hluta snekkjunnar og þeir Bónusfeðgar tekið fé út úr Baugi til einkaþarfa. En ríkislögreglustjóri misskildi þennan reikning. Hann var vegna afsláttar, sem Baugur veitti Nordica, fyrirtæki Sullenbergers, vegna viðskipta þeirra í milli. Jónatan Þórmundsson prófessor, sem fór yfir öll sakarefnin fyrir lögfræðistofu Hreins Loftssonar segir, að sakarefnið, sem Sullenberger bar fram og hratt málinu af stað, sé ekki lengur fyrir hendi. Forráðamenn Baugs hafi gefið fullnægjandi skýringar á því og náðst hafi sættir milli Baugs og Sullenbergers um ágreiningsefnin. Jónatan Þórmundsson kemst að þeirri niðurstöðu að ekki séu efni til þess að dæma stjórnendur Baugs fyrir nein auðgunarbrot.

En enda þótt upphaflega sakarefnið sé ekki lengur fyrir hendi lét ríkislögreglustjóri ekki staðar numið. Hann hélt áfram að rannsaka, hélt áfram að grafa til þess að reyna að finna ný sakarefni og hann hefur verið að grafa í 3 ár. Þetta minnir á bandaríska sakamálamynd, þegar skúrkurinn segir: „Reyndu að grafa eitthvað upp. Það hlýtur að finnast eitthvað.“

Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, sagði í Kastljósi sjónvarpsins, að það væri pólítík í aðförinni að Baugi, ofsóknum ríkislögreglustjóra og stjórnvalda gegn stjórnendum Baugs.Hann sagði, að lögmaðurinn, Jón Steinar Gunnlaugsson, væri hægri hönd fyrrverandi forsætisráðherra. Og þessi lögmaður hefði krafist lögreglurannsóknar á Baugi. Í Bretlandi þætti þetta tortryggilegt.

**BRÉF TIL BLAÐSINS**

## Fyrir hverja eru skólarnir?

**Kolbrún S. Jónsdóttir verkstjóri skrifar:**

Ég sá í fréttum um daginn, að við Íslendingar stæðum öðrum þjóðum langt að baki hvað menntun varðar. Mér finnst það ekki skrítið. Við fluttum heim til Íslands snemma á þessu ári með unglinginn okkar 16 ára; ég reyndi að koma honum inn í skóla strax, en fékk neikvæðar móttökur. Mér var sagt að við yrðum að bíða fram á næsta haust, sem við gerðum. Hann sótti um í skóla sem hann hafði áhuga á, seint og síðar meir kom bréf þess efnis að hann kæmist ekki inn þetta árið. Ég fór þá að hafa samband við aðra skóla, og það var sammerkt með þeim öllum að upplýsingar lágu ekki á lausu. Á öðrum Norðurlöndum, þar sem ég þekki vel til, er reynt að koma öllum unglingum í skóla. Unglingar og foreldrar fá góðar leibeiningar hvert og hvernig maður á að snúa sér. Þar mætir maður ekki hroka. Ég held að Íslendingar mættu aðeins hugsa sinn gang hvað varðar mannleg samskipti. Skólinn er mjög mikilvægur og allir ættu að hafa greiðan aðgang að allri menntun sem er í boði.

**AF NETINU**

## Sóknarfæri fyrir Framsókn

Ég tel heilmikil sóknarfæri felast í því fyrir Framsóknarflokkinn ef Samfylking, Vinstri grænir og Frjálslyndir myndu faru fram í kosningabandalagi. Sömuleiðis tel ég fullvíst að Sjálfstæðisflokkurinn tæki slíku fagnandi. En ég er ekki viss um að hinir nútímalegu jafnaðarmenn í Samfylkingunni séu hrifnir af slíkum hugmyndum, því óvíst er að ýmsar hugmyndir þeirra ættu upp á pallborðið í slíku bandalagi.Ætli þeir taki undir hugmyndir Össurar Skarphéðinssonar? Forvitnilegt verður að sjá hvort íslenskir fjölmiðlar inna þá eftir því.

**Björn Ingi Hrafnsson á bjorn.is**

*Góðan dag!*
**Í dag er fimmtudagur 15. 09, 258. dagur ársins 2005.**

KRÍLIN




## SMÁAUGLÝSINGAR

**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Elma Lísa segist aldrei sitja við snyrtiborðið og snyrta sig, heldur sé það frekar til skrauts.

# Húsgögnin frá ömmu Auðbjörgu

***Elma Lísa Gunnarsdóttir eignaðist forláta snyrtiborð á dögunum sem henni þykir sérstaklega vænt um.***

„Ég er nýbúin að eignast snyrtiborð sem amma mannsins míns, Auðbjörg Björnsdóttir, átti og er það í miklu uppáhaldi hjá mér núna,“ segir Elma Lísa Gunnarsdóttir leikkona. Borðinu fylgdu einnig náttborð í stíl sem Elma Lísa segir að séu sérstaklega falleg, en borðin voru keypt í Ameríku og eru um 60 ára gömul. „Borðið er ótrúlega fallegt og hefur mikið tilfinningalegt gildi, en ég er mjög hrifin af gömlum hlutum með sál,“ segir Elma Lísa. Hún segist nú ekki sitja við borðið og greiða þar hár sitt á kvöldin, þvert á móti. „Það er nú aðallega fallegt og rómantísk og nota ég það til að geyma ýmislegt dót og glingur, auk þess sem ég hef sett sjal yfir spegilinn því það er sagt að maður eigi ekki að hafa spegil í svefnherberginu,“ segir Elma Lísa.

Mikið af húsgögnunum á heimili Elmu Lísu eru úr fjölskyldunni. „Ég á litla kommóðu frá ömmu og svo hefur Auðbjörg gefið okkur talsvert af húsgögnum, eins og borðstofuborð og hrikalega flotta gamla saumavél sem ég nota sem símaborð,“ segir Elma Lísa.

Blaðamaður spyr hana hvort það sé ekki soldið leikkonulegt að eiga svona snyrtiborð og játar hún því. „Ég eyði meiri tíma fyrir framan spegilinn í leikhúsinu heldur en heima hjá mér,“ segir Elma Lísa. En síðustu daga hefur hún eytt löngum stundum í leikhúsinu þar sem hún leikur í leikritinu Himnaríki eftir Árna Ibsen. Verkið verður frumsýnt á morgun í Hafnarfjarðarleikhúsinu og spenna liggur í loftinu.

*kristineva@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU

**[ TÍSKA - HEIMILI - HEILSA]**

**Áhættureiknir Hjartaverndar** mæltist vel fyrir á þingi Evrópskra hjartalækna sem haldið var í Stokkhólmi 3.-7. september. Áhættureiknirinn byggir á endurteknum skoðunum og mælingum á hátt í 20.000 Íslendingum síðustu 38 árin. Fylgst er með hvaða sjúkdóma þessir einstaklingar fá og það rannsakað í tengslum við mælda þætti frá fyrri tíð. Þannig er hægt að spá fyrir um hvaða sjúkdóma viðkomandi kunna að fá.

**Raforkunotkun heimilanna** eykst enn, hraðar en ráð var fyrir gert. Helstu orsakirnar eru að tækjum hefur fjölgað mikið á heimilum svo sem sjónvörpum og tölvum og algengt er að þau séu höfð í biðstöðu fremur en að slökkt sé á þeim, en það kallar á nokkra raforkunotkun. Gert er ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram á allra næstu árum.

**Tískurisinn H&M** ætlar sér stóra hluti með glænýrri gallabuxnalínu og er kynningarherferð í þann veginn að renna af stokkunum. Línan kallast „&“ og er ætlunin að bjóða allt að hundrað mismunandi gallabuxur á hverri árstíð. Þær verða að sjálfsögðu eingöngu til sölu í verslunum H&M.



**Glæsilegir Bycast leðursófar**



**Brúnn Bycast leðursófi** *3ja sæta* **kr. 110.800** • *2ja sæta* **kr. 106.900** • *Stóll* **kr. 72.900**

**Hvítur Bycast leðursófi** *3ja sæta* **kr. 105.900** • *2ja sæta* **kr. 95.200**



LÍNAN
HÚSGÖGN
SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is

**Dúskar** eru alveg málið í vetur og þá á hvers konar flíkur. Sérstaklega eru útifötin öll með dúskum og góður trefill og húfa í stíl með dúskum í sterkum litum lætur þig sigra tískuheiminn.



Haust 2005
Ný sending
af húfum, treflum og vettlingum
Haustlínan frá Pilgrim komin
SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466
Sendum í póstkröfu





Linsutilboð
aðeins
3.500,-
• 3-ja mán. skammtur
• linsuvökvi
• linsubox
SJÓN gleraugnaverslun
Laugavegi 62 sími 511 6699
Garðatorgi sími 511 6696
www.sjon.is sjon@sjon.is



Atson
LEÐURIÐJAN ehf.
Brautarholti 4
Opið mán-fös 10-18
www.atson.is



Full búð af glæsilegum haustfatnaði
Frábær verð
CHA*CHA
Tískuvöruverslun
Glæsibæ
Sími 588 4848



Haustvörur
Ný sending
olsen
Laugavegi 25 • s: 533 5500
www.olsen.de



Jakki úr Vero Moda 6.990 kr.

Hlýlegur vetrarjakki úr Retro, 13.990 kr.

Kápa úr Top Shop, 11.990 kr.

Fallegur blár jakki úr Vero Moda, 5.990 kr.



Sparilegur jakki með loðkraga, Vila 7.500 kr.

# Láttu þér ekki verða kalt

***Mikið úrval af sparilegum vetrarjökkum í verslunum.***

Það er farið að kólna í veðri og kominn tími til að leggja sumarjakkann á hilluna. Víða í verslunum má nú finna gott úrval af alls kyns jökkum og kápum og úrvalið eftir að aukast eftir því sem líður á haustið.

Tískan er skemmtileg. Tweedjakkar eru áberandi og oft eru þeir skreyttir með loðkrögum eða blúndu. Þá er kósakkastíllinn einnig fyrirferðarmikill og kvenleikinn er allsráðandi. Mildir jarðarlitir eru áberandi en inn á milli leynast skrautlegri jakkar í hressilegum litum, til dæmis túrkisbláu, grænu og fjólubláu.

# Tískuvika í London

***Margir af helstu hönnuðum heims sýna hönnun sína í London.***

London Fashion Week verður haldin 11. árið í röð dagana 18. til 22. september. Að venju verður mikið um dýrðir og af nógu er að taka fyrir þá sem vilja kynna sér hátískuna þessa daga. Þegar tískuvikan var fyrst haldin árið 1994 voru 15 tískusýningar. Síðan þá hefur hátíðin vaxið og dafnað og í ár verður boðið upp á 46 sýningar á sýningarpöllum og 170 hönnuðir sýna vörur sínar á sérstakri sýningu. Margir af þekktustu hönnuðum heims ætla að leggja leið sína til London og gestir hátíðarinnar geta notið þess að sjá fatnað frá Burberry, Versace, Alexander McQueen og Dior svo fátt eitt sé nefnt.

Þeir Íslendingar sem leggja leið sína til London meðan á tískuvikunni stendur ættu ekki að láta hana fram hjá sér fara. Allar nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu tískuvikunnar: www.londonfashionweek.co.uk.



Fatnaður úr haustlínu Alexanders McQueen. Hann er einn þeirra hönnuða sem sýna á tískuvikunni.



## Margföld armbönd

HEIDI KLUM HANNAR SKARTGRIPI Í MIÐ-AUSTURLÖNDUM.

Þýska ofurfyrirsætan Heidi Klum er nýjasti hönnuðurinn í skartgripabransanum. Hún hefur gengið til liðs við Mouawad-skartgripahúsið og hannað fyrir þá línu sem samanstendur af þrjátíu og fimm dýrum og fínum skartgripum. Efniviður hennar er gull og hvítagull ásamt demöntum, safírum og rúbínum svo fátt eitt sé talið.
Fyrr í vikunni var línan opnuð í verslun Mouawad í Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Þar gat að líta margföld hálsmen og armbönd ásamt síðum eyrnalokkum. Skartgripahúsið var að vonum í skýjunum með línuna og sagt er að fágun Heidi Klum komi vel fram í skartgripum hennar.



Frá sýningu á haustlínu Whistles.

# Nýjar verslanir í Kringlunni

***Nokkrar tískuvöruverslanir hreiðra um sig þar sem áður var Hard Rock Café.***

Á næstu dögum verða þrjár nýjar alþjóðlegar tískuverslanir opnaðar í Kringlunni. Þetta eru Whistles, All Saints og Warehouse auk þess sem Shoe Studio verður opnuð á ný eftir breytingar. Verslanirnar fjórar verða til húsa þar sem Hard Rock Café var áður og þessa dagana er verið að leggja lokahönd á innréttingarnar. Stefnt er að því að fyrsta verslunin verði opnuð innan skamms og svo munu þær opna hver á fætur annarri með stuttu millibili fram í miðjan október.

Búðirnar tengjast allar samnefndum tískukeðjum en eru gjörólíkar innbyrðis og höfða til ólíkra hópa. Warehouse leggur áherslu á fjölbreytni á hagkvæmu verði. Whistles er hátískuhús fyrir konur sem vilja sígilda hönnun og All Saints vakti athygli í Bretlandi fyrir framsækna og villta tísku. Verslunin í Kringlunni verður eina All Saints-verslunin utan Bretlandseyja.



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Blóm og friður í byl

Tískublöðin segja vetrartískuna vera fágaða og uppáklædda á komandi vetri. En þegar ég fer í leikfimi á Rennes-götu sem er mikil verslunargata í efri hluta St. Germain-hverfis Parísar finnst mér ekki vera sama tískan í búðargluggum og í blöðunum. Eins finnst mér eins og allt sé sama búðin svo lítil eru tilbrigðin. Hvort sem um er að ræða Etam, H og M, eða NafNaf eða aðrar, það er bara eins og vetrartískan sé framhald af sumartískunni. Ekki það heppilegasta í íslenskum byl en í lagi á fallegum vetrardögum með ullarsokkabuxum! Víðu hálfsíðu hippalegu pilsin, líkt og saumuð úr nokkrum lögum af lérefti með blúndum, eru orðin skósíð, dökkbrún, dökkgræn eða fjólublá, einstaklega þægileg fyrir konur með nokkur aukakíló. Þessi pils eru kölluð jupon sem áður var undirpils og þýðir því í raun pilsungur, undirpils sem hefur skipt um hlutverk. Auðvitað eru hippamussur það sem best fer við og breið leðurbelti með málskreytingum sem hægt er að finna á ýmsu verði, allt frá 5 evrum hér á frægasta flóamarkaði Parísar „Les puces de St. Ouen“ við Porte de Clignancourt. Svipuð belti má svo finna hjá tískuhúsunum á nokkur hundruð evrur. Það er helst í þema Jean Paul Gaultier á hátískusýningu hans fyrir veturinn í anda rússneskra babúska sem finna má samsvörun við þetta pilsungaæði og hippatískuna.

Nú rekur hver kaupstefnan aðra eins og venja er í upphafi hverrar árstíðar í tískunni. Undirföt voru sýnd í Lyon um helgina og fataefni í Lille í vikunni þar sem efnaframleiðendur ákveða hvaða litir verða í tísku næsta sumar. Um helgina var kaupstefna á fatnaði tilbúnum til notkunar í sýningarsölum við Porte de Versaille. (Komið frá Bandaríkjunum, ready to wear, andstæða hátísku, saumaðri eftir máli). Þessi kaupstefna sem fer fram tvisvar á ári, í september og febrúar, hefur verið haldin frá júní 1956 og var þetta því í hundraðasta skiptið sem hún er haldin. Fram að því höfðu venjulegar franskar konur saumað sjálfar á sig fötin eða þær sem höfðu meiri fjárráð látið sauma á sig og þær efnuðustu gengu í hátísku. Það var ekki fyrr en eftir 1960 að fjöldaframleiddur fatnaður varð fáanlegur fyrir almenning á viðráðanlegu verði, (minnir á Hagkaupsbyltinguna á Íslandi á sínum tíma.) Á kaupstefnunni mátti finna allt frá H og M til Dior, frá Tati til Energie, frá ódýrustu fjöldaframleiðslu til lúxusmerkja. Á þessum fimmtíu árum hefur hátískuhúsum hins vegar fækkað úr hundrað í tíu tískuhús sem sýna reglulega.

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*

birta

HÁRSNYRTIVÖRUR FAGMANNSINS



FÁST Í LYF OG HEILSU, LYFJAVALI OG APÓTEKARANUM

Dreifing: essei

HAUST 2005



STILL

HUGO

Laugavegur 58 • 101 Reykjavík • S: 551-4884

# Stella sökuð um klíkuskap

STELLA MCCARTNEY Á AÐ HAFA NOTAÐ FRÆGA VINI SÍNA TIL AÐ KOMA SÉR Á FRAMFÆRI.

Frænka hins heimsfræga fatahönnuðar, Donatellu Versace, hefur nú sakað Stellu McCartney um að nota klíkuskap til að koma sér á framfæri þegar hún var að læra fatahönnun. Stella sem er dóttir bítilsins Pauls McCartney hefur verið áberandi í tískuheiminum undanfarin ár og velgengnin byrjaði um leið og hún lauk námi frá Central St Martins hönnunarskólanum í London. Þegar Stella sýndi verk sín á útskriftarsýningunni á sínum tíma notaði hún sambönd sín og fékk heimsfrægar fyrirsætur til að sýna fötin. Þar að auki voru góðar vinkonur hennar eins og Madonna og Kate Moss duglegar við að dásama hönnun hennar.

Þetta þótti frænku Versace afar óviðeigandi og þótt langt sé um liðið síðan Stella lauk námi sá frænkan ástæðu til að nöldra yfir þessu við blaðamenn nýlega. Sjálf segist hún aldrei nota sambönd sín til að koma sér á framfæri.





CHANGE TILBOÐ

Frá fimmtudegi til sunnudags allt að 50% afsl af völdum vörum

Nýtt kortatímabil

CHANGE SMÁRALIND

belladonna

Hlíðarsmára 11 • Kópavogi • sími 517 6460 • www.belladonna.is



Mikið úrval af úlpum, jökkum og kápum

Vertu þú sjálf – vertu Bella donna

Opið mán-fös 11-18 laugardaga 11-15



Vissir þú að Trind naglastyrkirinn er margverðlaunuð gæðavara sem er til í lit og glært eins og naglalakk?



Nýtt #1 Nýtt #2

Nýtt #1
Nail repair Pink Pearl

Nýtt #2
Nail Brightener gerir neglurnar fallegri og skarpari allt að því eins og French manicure.

TRIND
ALLTAF NO. 1
Útsölustaðir: apótek og snyrtivöruverslanir.





Augnháralitur og augnabrúnalitur

TANA Cosmetic

Augnháralitur og augnabrúnalitur sem fagaðilar nota. Auðveldur í notkun. Allt sem þarf í einum kassa, þægilegra getur það ekki verið.
Útsölustaðir: apótek og snyrtivöruverslanir



FAGMENNSKA Í 11 ÁR
BRÚN(N) Á 15 MÍNÚTUM
BÓKAÐU NÚNA Í SÍMA 561 3060
BRÚÐKAUP ÚTSKRIFT GOTT SKAP

SNYRTISTOFAN
HELENA FAGRA
S. 561 3060
LAUGAVEGI 163



EFNALAUGIN BJÖRG
EFNALAUG ÞVOTTAHÚS
Háaleitisbraut 58-60 • Sími 553 1380



ÚTSALA
Stórar stærðir
Betri föt og skór
Bankastræti 11 551-3930
Flex boutique



falleg föt
...fyrir fræknar konur
Haust- og vetrarvörurnar komnar – stærðir 38-56
Stílistar á staðnum
Fataprýði
GLÆSIBÆ
☎ 553-2347





Flísfóðraðir ullarvettlingar

Handprjónasamband Íslands
Skólavörðustíg 19 • sími: 552 1890
www.handknit.is




Fallegur ballkjóll með púffi og glitrandi steininum frá Monique Lhuillier.



Röndótt mussa sem hangir fram af öxlinnni og litlar stuttbuxur frá BCBG Max Azria.



Doppur og breið belti voru áberandi hjá Betsey Johnson.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Doppóttur og stelpulegur kjóll frá Betsey Johnson.

# Stelpuleg kventíska

***Fatatíska næsta sumars kynnt á tískuvikunni í New York.***

Helstu tískuhönnuðir heims hafa keppst við að kynna vor- og sumartískuna á tískuvikunni í New York sem nú stendur yfir. Svo virðist sem tískan næsta vor leggi áherslu á kvenleikann, þar sem fötin eru bæði stelpuleg og dömuleg. Marc Jacos sýndi stelpuleg glitrandi föt sem voru bæði víð og stór. Oscar De La Renta heillaði með glæsilegum hefðarstéttarkjólum með fallegu munstri og Betsey Johnson var flippuð með stelpuleg, doppótt föt í anda sjötta áratugarins. Einfaldir og hreinir litir voru áberandi, ásamt bæði gulli og silfri. Blúndur, belti og skemmtilegir fylgihlutir verða hluti af sumrinu ásamt háhæluðum skóm og flottum kjólum. Stuttubuxurnar koma aftur og eru fjarri því að vera strákslegar. Þær eru úr silki, skreyttar með slaufum og eru notaðar við háa hæla. Hárgreiðslan á sýningarstúlkunum var einnig mjög kvenleg, annaðhvort stelpuleg og þá spennur í hárinu eða túperuð sixtísgreiðsla.



Svart og hvítt munstur var áberandi hjá Oscar De La Renta.



Gulur kjóll í 18.aldar stíl með svartri slaufu frá Oscar De La Renta.




Íslensk hönnun
Mikið úrval af barnahúfum
HÚFUR SEM HLÆJA
Laugavegi 70
www.hsh.efh.is



Öll snyrtivara TAX FREE út vikuna

Nýtt kortatímabil

HELENA RUBINSTEIN
CLARINS PARIS
LANCÔME PARIS

GULLBRÁ, Nóatún 17 s. 562-4217




Ný skólína frá Puma er væntanleg á markaðinn.

# Nýr hönnuður hjá Puma

***Puma reynir að sigra íþróttatískuheiminn.***

Íþróttavöruframleiðandinn Puma reynir nú að beita öllum tiltækum ráðum til að ná yfirhöndinni á íþróttamarkaðnum. Nike, adidas og Reebok hafa verið áberandi í íþróttavörutískunni undanfarin ár en vinsældir Puma-vörunnar hafa aukist upp á síðkastið. Nú heyrast þær fréttir frá Puma að hönnuðurinn, Alexander McQueen, hafi verið ráðinn til að hanna nýja línu af Puma-íþróttaskóm fyrir konur og karla. Það verður spennandi að sjá afraksturinn, en skórnir eru væntanlegir á markaðinn í janúar.



„Mér finnst gaman að vera með verslun hér í Garðabænum,“ segir Ragnheiður.



Rauður tveed-jakki úr blöndu af silki og ull frá Baum und Pferdgarten. Verð: 16.450 krónur.



Ítalskur trefill úr kasmírull, kostar 10.500 kr.

Leðurstígvél með blómamynstri frá Ilse Jacobsen. Kosta 14.630 krónur.

Tveed-buxur úr blöndu af ull, silki, og polyamide frá Baum und Pferdgarten. Verð: 15.450 krónur.

Tveed-jakki grár, frá Baum und Pferdgarten á 18.550.



Tveed-kápa úr ull, bómull, polyamide, móher og alpaca-ull frá Baum und Pferdgarten. Verð: 33.990 krónur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Dönsk hönnun í háum gæðaflokki

***Ný verslun með skó og fylgihluti eftir hina dönsku Ilse Jacobsen hefur verið opnuð á Garðatorgi í Garðabæ. Þar fæst einnig kvenfatnaður eftir fleiri danska hönnuði.***

Nýja verslunin heitir einfaldlega Ilse Jacobsen og eigandi hennar er Ragnheiður Óskarsdóttir. Hún kveðst hafa kynnst vörum Ilse í Danmörku fyrir nokkrum árum. „Þá var hún bara með litla búð úti í Hornbæk með sína hönnun og þangað gerði maður sér ferð,“ segir hún. Aðaláherslan er á skófatnað en fylgihlutir eins og belti og bolir hafa bæst við og það nýjasta eru húfur, treflar og skart. „Skórnir og bolirnir eru komnir, hitt er allt á leiðinni,“ segir Ragnheiður og bætir við að breiddin sé mikil bæði í verði og gerðum. Það er allt frá gúmmístígvélum og sléttum skóm til þess sem er meira „trendí“, segir hún. Á síðustu misserum hafa verið opnaðar tíu verslanir á hinum Norðurlöndunum og víðar undir merkjum Ilse Jacobsen. Haustfatnaður eins og kjólar með síðum ermum, yfirhafnir, pils og buxur eftir aðra danska hönnuði fást einnig í nýju búðinni á Garðatorgi og Ragnheiður segir peysulínu frá Baum und Pferdgarten vera á leiðinni. „Ég fæ nýjar vörur í hverri viku að minnsta kosti út október,“ segir hún og telur ljóst á þeim viðtökum sem verslunin hefur fengið að danski fatnaðurinn falli íslenskum konum í geð.



Ljósbrúnir rúskinnsskór frá Ilse Jacobsen á 10.450 krónur.


TÍSKUVERSLUNIN Smart



Vorum að taka upp nýja jakka, buxur og peysur.
Falleg handunin þýsk belti.
Grímsbæ við Bústaðarveg • Ármúla 15 • Hafnarstræti 106
600 Akureyri Sími 588 8050, 588 8488, 462 4010
Email: smartgina@simnet.is

TICKET TO HEAVEN
Lee
oilily
Von Dutch
molo
Veljum aðeins það besta fyrir börnin okkar
Stærðir 0-14 ára
ENGLABÖRNIN
Laugavegi 51 • s: 552 2201

ÚLPURNAR KOMNAR AFTUR



„BESTA VERÐIÐ Í BÆNUM“
GUTZ
LAUGAVEGI 72 S: 551 1100
Litir: græn, hvít og svört
Verð: 5.990

GLERAUGNAVERSLUNIN SJÓNARHÓLL



stærri verslun
meira úrval
frábær tilboð
Reykjavíkurvegi 22, Hafnarfirði S.565-5970
www.sjonarholl.is



Glæsilegt úrval skartgripa
LÁRA GULLSMIÐUR
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 10
sími 561 1300



Cosmo útigalli. st. 92-116
kr. 7.790,-
Gott endurskin og vatnsheldur.
Kuldagallar
Eigum til fallega og sterka kuldagalla á litlu krílin og leikskólabörnin frá stærð 56 til 116.
BabySam
Skeifan 8 - s. 568 2200
Smáralind - s. 534 2200
www.babysam.is

www.karon.is



Betra kynlíf!
Frábær nýjung
Pleasure Egg
Titrandi unaðsegg í hæsta gæðaflokki til að örva og auka ánægju í kynlífi
DERMALÄGE
Pleasure Crème™
Pleasure Crème er náttúrulegt krem hannað til að auka unað í kynlífi
• Framkallar, styrkir og lengir fullnægingu
• Eykur kynhvöt og kynæsing
• Hjálpar konum að mynda eðlilegan raka í leggöngum
Fæst í apótekum og í fríhöfninni

**Fallegt teppi** er ómissandi í myrkrinu sem grúfir yfir síðsumarkvöldunum. Fátt er betra en að sitja í góðum stól með stóran tebolla og þykka bók vitandi að teppið heldur hitanum þar sem maður vill hafa hann.





Mademoiselle eftir Philip Starck. Fæst í Epal.



Tehetta með fallegu blómamunstri í Frú Fiðrildi.



Laxableikur kökudiskur í Frú Fiðrildi.

# Rósóttir stólar og sængurver

***Blómamunstur lífgar upp á heimilið.***

Nú á tímum virðist allt vera í tísku, og hver og einn ætti stoltur að geta flaggað sínum persónulega stíl. Eitt af því sem hefur hafið innreið sína eru blóm og mynstur. Nú fást púðar í IKEA með rósamunstri og heimsfrægi hönnuðurinn Phillip Starck hefur hannað stól sem er þakinn fallegum rósum. Sumum gæti þótt þessi tíska fremur kvenleg, en rósir og blóm eru fyrir alla og ætti öllum að líða vel í fallega munstruðu blómaumhverfi. Vissulega eru blóm tákn sumarsins og því ættu Íslendingar með vetrarkvíða að taka þessari tísku fagnandi. Rósamunstrinu eru engin takmörk sett og þess vegna mætti mála heilu eldhússkápana með rósum og blómum sem minna á sumar og sól.



Rósóttur púði í IKEA.



Rósótt kökubox í Frú Fiðrildi.



Falleg kanna undir heitt súkkulaði eða kaffi í Frú Fiðrildi.
























Þetta eru ekki vinalegustu skilaboðin sem geta verið á gólfmottu.

# Ekki bera skítinn inn í stofu

***Það fer að koma tími á mottu í forstofuna***







Nú fer veturinn að ganga í garð með tilheyrandi veðráttu. Það fer því að koma tími til að draga fram gömlu gólfmottuna eða kaupa sér nýja og skella henni fyrir innan útidyrnar svo að snjórinn og drullan berist ekki inn. Gólfmottur geta verið margs konar og sumar eru bara mikil prýði. Það er hægt að nota þær til þess að bjóða fólk velkomið á heimilið eða setja þær út fyrir og vona að skilaboðin á þeim haldi öllum gestum frá.


Nýstárleg leið til að þurrka þvottinn.

# Ekkert þvottasnúrufar

***Skemmtileg leið til að þurrka þvottinn án þvottaklemma og þurrkgrinda.***

Til að forðast snúrufar á flíkum eða þvottaklemmufar á öxlum er stórsniðug hugmynd að bora króka í loftið og hengja í þá keðjur með hring í enda. Hægt er að ganga þannig frá að keðjurnar lafi ekki alltaf og má ráða lengd og fjölda.
Svo eru herðatré hengd í keðjurnar og þvotturinn fer þar á. Þetta sparar gólfpláss, þvotturinn hangir meðan hann þornar og því ekki eins mikil nauðsyn að strauja og þvottasnúruför á fötunum heyra sögunni til. Einnig er hægt að hengja útivistarföt til þerris eða vinnufötin til viðrunar. Þegar góða gesti ber að garði og forstofuskápurinn annar ekki eftirspurn er hægt að hengja yfirhafnir gestanna í þvottahúsið í staðinn fyrir að búa til kápuhrúgu á hjónarúminu.


Rúmteppi saumað á 4 tímum!




Erum einnig með rúmgafla, náttborð og mottur í svefnherbergi
Fullt af nýjum bútasaumsbókum, efnum og fleiru.
Verslunin er opin mán-fös frá 10-18
Laugardaga frá 11-15
VIRKA
Mörkin 3, sími 568 7477
www.virka.is

ALNO®
1831 / TAKTÍK 11.3'05



Láttu þér líða vel með ALNO®







PANORAMA
OPIÐ
Virka daga kl. 10 - 18
Laugardaga kl. 11 - 14
ELDHÚS • TÆKI • STIGAR • BAÐ • FATASKÁPAR
. . . . miðstöð innréttinga
Síðumúla 30 • 108 Reykjavík
S. 553 6400 • f. 553 6403 • panorama@panorama.is • www.panorama.is

Heimilislán SPK
*- þú færð betri kjör hjá okkur*

Hagstæð lán sem þú getur notað til að kaupa eða endurnýja allt sem tengist heimilinu, s.s. sófasett, þvottavél, sjónvarp, parket, ísskáp o.fl.

- lægri vextir
- afsláttur af lántökugjaldi
- til allt að 5 ára
- allt að 800.000 kr.
- enginn auka kostnaður við uppgreiðslu
- ekki skilyrði að vera viðskiptavinur SPK



**Sparisjóður Kópavogs** • Hlíðasmára 19, Digranesvegi 10
Sími: 515 1950 • Fax: 515 1909 • www.spk.is • spk@spk.is
spk

KOKOS-SISAL TEPPI



Falleg - sterk - náttúruleg
Verð frá kr. 2.840,- pr. m²
Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.simnet.is/strond
STRÖND EHF.



Haust-Vetur 2005



broste
www.bergis.is





Ericur frá 650.-
Einnig fáanlegar
í fleiri litum

SERICA

Opið frá 11-18 virka daga.
Lokað í sumar á laugardögum
Hlíðarsmára 11, Kópavogi s: 565 1504










**Hinar vinsælu dönsku bókahillur komnar aftur**

Tekk - Kirsuberja - Hlynur

Hringið og biðjið um mynda- og verðlista

HEIMILISPRÝÐI
HÚSGAGNAVERSLUN V/HALLARMÚLA - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 553 8177 & 553-1400




Sófi með útsaumuðu áklæði, 30.000 krónur.



Vel farinn sjónvarpsskápur, 28.000 krónur.



Yndisleg ljósakróna á góðu verði, 18.000 krónur.

Sófasett frá áttunda áratugnum, sófi og tveir stólar ásamt sófaborði, 45.000 krónur.

# Húsgögn frá öllum tímum

***Í rauðri götu á Smiðjuvegi er mikið úrval notaðra innanstokksmuna. Húsgögnin eru vel valin, vel farin og á verði sem fær pyngjuna til að fara í heljarstökk af gleði.***

Varla er þverfótað fyrir fallegum munum í versluninni Skeifunni við Smiðjuveg í Kópavogi. Þar eru húsgögn með hjarta sem hafa upplifað ýmislegt og bjóðast nú væntanlegum eigendum á góðu verði. Mikið úrval er af sófum og stólum frá alls konar tímum. Hvort sem stíllinn í stofunni er frá áttunda áratugnum, klassískur íslenskur eða nútímalegur – allt er til. Skápa, borð og aðra fylgihluti stofunnar má þar finna ásamt ljósakrónum og jafnvel rúmum. Verðið er líka alveg frábært og tilvalið fyrir ungt fólk og aðra sem ekki eiga peningatré að líta við í Skeifunni. Ferð í verslunina er tilvalin leið til að eyða góðum eftirmiðdegi. Svo er um að gera að gefa sér góðan tíma því leitin að rétta húsgagninu getur verið flókið þegar margt er í boði.



Sófaborð með marmaraplötu,18.000 krónur.


Fallegar silkierikur fyrir veturinn í þremur litum kr 980.-





# Gerðu matarborðið haustlegt með berjum

***Það er tilvalið að skreyta heimilið með laufblöðum og berjum.***

Haustið er komið með alla sína haustliti. Laufblöðin eru farin að hrynja af trjánum og móarnir orðnir fallega rauðir. Það er tilvalið að taka þessa fallegu liti náttúrunnar og skreyta með þeim innandyra. Ef þú ætlar að halda matarboð nú á haustdögum er til dæmis upplagt að skreyta matarborðið með fallegum hlutum úr náttúrunni.

Þurrkuð reyniber geta verið mikil prýði á borðinu og eins getur verið skemmtilegt að leggja þurrkuð laufblöð yfir hvítan dúk til að kalla fram notalega hauststemningu. Strá í vasa eða greinar af gulnuðu kjarri setja líka skemmtilegan svip á borðið.



Rauðu reyniberin er tilvalið að nota sem borðskraut.

Þeir sem ekki vilja færa náttúruna inn til sín geta skapað hauststemningu með því að setja rauð kerti í vasa, nota servíettur í haustlitunum og skrautlegan dúk.




# BÍLAR

*[ á fleygiferð inn í framtíðina ]*


*Bílasýningin í Frankfurt*
***Heimamenn sterkir***
*bls. 2*

*Ryðvörn*
***Selta kallar á ryðvörn***
*bls. 6*

*Bílakaup*
***Val um kaup eða leigu***
*bls. 10*

*Fyrsti bíllinn*
***Skemmtilegar sögur***



TOYOTA-þjónusta

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR
AUÐUNS

Tjónaskoðun

- Nútíma verkstæði með fullkominn tækjabúnað
- Gæðavottað verkstæði af Bílgreinasambandinu
- Bílaleigubíll á meðan viðgerð stendur
- Sérþjálfaðir starfsmenn
- Fljót og góð þjónusta

CABAS Verkstæði



Réttum og málum allar tegundir bíla

Nýbýlavegi 10 · Kópavogi · Sími 554 2510 · www.bilasprautun.is · bilasprautun@bilasprautun.is

# fyrsti bílinn }

SVANHILDUR HÓLM VALSDÓTTIR

## Sá eftir fyrsta bílnum

Fyrsti bíllinn minn var Suzuki Swift árgerð 1988. Ég eignaðist hann eiginlega áður en ég var komin með bílpróf. Þetta var hvítur, lítill og sætur bíll. Ég bjó í sveit fyrir norðan og fór í bæinn og fann bílinn. Hann var einhvers staðar að austan en hafði aldrei komið út á malarveg þrátt fyrir það og hafði verið fluttur sjóleiðina suður. Þennan bíl átti ég í fimm ár og notaði hann allan tímann sem ég var í menntaskóla. Foreldrar mínir bjuggu þá í Laxárvirkjun í Aðaldal en ég var í skóla á Akureyri og þau voru bara fegin að ég væri akandi frá og með afmælisdeginum mínum. Það þótti líka töluvert skref á þeim tíma að fá bílpróf en mér finnst eins og krakkar séu eitthvað rólegri yfir þessu í núna. Ég var að verða 22 þegar ég seldi þennan bíl og ég sá alveg hrikalega mikið eftir honum en ég var ólétt að syni mínum og ákvað að kaupa mér meiri fjölskyldubíl. Þessi var bara tveggja dyra en ég ákvað að kaupa mér fjögurra dyra bíl. Þá keypti ég mér Peugeot og hef átt Peugeot síðan. Mér þótti samt mjög vænt um þennan bíl og hann reyndist mér vel.



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



Smart Crosstown er ekki stór en stefnir þó á Ameríkumarkað og ætlar sér þangað á snjallri hönnun og frumlegum staðalbúnaði.



## Ný og öflugri vél

Subaru Forester er um þessar mundir að koma með nýrri og enn öflugri vél. Vélin fer úr 125 hestöflum í 158 hestöfl. Að auki er bíllinn betur búinn og má þar nefna 16" álfelgur, meiri veghæð og fleira.

SUBARU FORESTER:

Vélar: 2,0 158 hö
Skipting: bsk, ssk
Dyrafj.: 5
Sæti: 5
Stöðugleikabúnaður: Síðrif, ABS með EBD spólvörn
Umboð: Ingvar Helgason
Verð frá: 2.390.000



Mini Concept Frankfurt hugmyndabíll. Gefur forsmekkinn af næstu kynslóð þessa nýupprisna bíls.



Harðblæjubíllinn Volkswagen Eos, nefndur eftir grískri gyðju dögunar. Og hvern langar ekki að keyra einn svona í morgunsárið?




Fenomenon Stratos Roadster hugmyndabíllinn. Hvern gæti grunað að hann væri byggður á þrjátíu ára gömlum bíl?

## Lancia Stratos fær nýtt líf

Á bílasýningunni í Frankfurt mun Fenomenon Holistics hönnunarteymið kynna til sögunnar afsprengi sitt, Stratos Roadster.

Roadsterinn er þróaður út frá Lancia Stratos, vinsælum sportbíl frá áttunda áratugnum. Sá sem leiðir Fenomenon Holistics er einmitt hinn 27 ára gamli Christian Hrabalek sem á fleiri Stratosa en nokkur annar í heiminum og er álitinn eins konar yfirvald þegar kemur að þessum sögufræga bíl. Markmið hans var að gera nýja útgáfu af bílnum sem þó næði að fanga kjarna og andrúmsloft þessa gamla Lancia-bíls, sama hvað það kostaði. Það þykist hafa tekist listavel og nú er bara að sjá hvort bíllinn fari í framleiðslu eða hvort hann dúkki upp á safni Christians.

# Heimamenn mæta sterkir til leiks

*Í dag opnar fyrir almenningi 61. IAA bílasýning í Frankfurt í Þýskalandi. Sýningin er ein af stærri bílasýningum í heiminum og að þessu sinni er ekkert lát á uppákomum.*

Þó að gestir og gangandi fái ekki að fara um svæðið á bílasýningunni í Frankfurt fyrr en í dag hefur vikan verið notuð í afhjúpanir og sölusýningar fyrir viðskipta-, bílaiðnaðar- og fjölmiðlafólk. Sýningin hófst því í raun á mánudag með trompi þegar dr. Wolfgang Bernhard, maðurinn sem ber ábyrgð á Volkswagenmerkinu, afhjúpaði nýjan harðblæjubíl frá þýska bílaframleiðandanum. Mikil leynd hefur ríkt yfir útliti Eos og því var eftirvæntingin mikil. Fæstir urðu fyrir vonbrigðum þegar hulunni var svipt af og í ljós kom stílhreinn og sportlegur bíll, þróaður frá Concept C bílnum sem Volkswagen kynnti fyrir ári.

Annar þýskur framleiðandi sem vakti óskipta athygli var BMW. Bæði var það fyrir Mini hugmyndabíl, sem var nefndur Frankfurt í tilefni afhjúpunarinnar og er eins konar blanda af sportbíl og fjölnotabíl, og einnig fyrir BMW Z4 hugmyndabílinn sem þykist ekki vera neitt annað en hann er; hreinræktað tryllitæki.

Af öðrum þýskum bílum sem kynntir voru til leiks má nefna Smart Crosstown frá DaimlerChrysler. Þó að hann minni meira á golfbíl en fólksbíl stefnir hann ótrauður á Ameríkumarkað. Meðal búnaðar má nefna tengi fyrir USB og lófatölvur, blæju, niðurfellanlega framrúðu og 16" felgur sem koma frekar spánskt fyrir sjónir á bíl sem er undir 170 cm á lengd.

Auk þessara bíla hefur XK, nýr lúxusbíll frá Jagúar, vakið mikla athygli, sem og Audi Q7, nýr Honda Civic og sérlega spræk útgáfa af Skoda Octavia. Um síðastnefndu þrjá bílana og marga fleiri er fjallað annars staðar í blaðinu.

Á IAA bílasýningunni eru rúmlega 1.000 aðilar frá 44 löndum að sýna vörur sínar og framleiðslu, allt frá verkfærasettum upp í flutningabíla. Sýningin stendur til 25. september. Þangað til geta gestir skoðað, fræðst og prufukeyrt framtíðina í bílaheiminum.



BMW Z4 Coupé hugmyndabíll. Þegar breskur blaðamaður sá bílinn á mánudag sagði hann: „Þessi verður að fara í framleiðslu. Hann bara verður."

FRJÁLSI

Hagstæðasta bílalánið

Lægri vextir og ekkert lántökugjald

Frjálsi fjárfestingarbankinn | Lágmúla 6 | sími 540 5000 | www.frjalsi.is

Himinn og haf

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 29464 09/2005

## RAV4 aukahlutapakki að andvirði 185.000 kr. fylgir með

Nú færð þú glæsilegan RAV4 með veglegum aukahlutapakka að andvirði 185.000 kr., heilsársdekk, dráttarbeisli, vindskeið, aurhlífar og krómgrind á afturljós. Komdu, prófaðu RAV4 og upplifðu meira en þú hafðir látið þig dreyma um. Þú gerir ekki betri kaup fyrir veturinn!

**Verð frá 2.690.000 kr.**
**Mánaðarleg greiðsla frá 35.990 kr.***


Heilsársdekk


Krómgrind á afturljós


Vindskeið


Aurhlífar


Dráttarbeisli

50% afslátt af lántökugjöldum.
* m.v. 10% útborgun og 84 mánaða bílasamning hjá Glitni.

Í samstarfi við Glitnir

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota, Nýbýlavegi 4-8, sími 570 5070

# fyrsti bílinn }

JÓSEF KRISTJÁNSSON

## Reyndist vel í tilhugalífinu

Jósef Kristjánsson er betur þekktur sem Jobbi og er kenndur við bón og þvott. Bónstöð Jobba hefur verið starfandi allra bónstöðva lengst, í 16 ár. Fyrsti bíllinn hans Jobba reyndist honum vel í tilhugalífinu. „Fyrsti bílinn minn var Fiat 1100, 1967 módel. Ég fékk hann næstum nýjan þegar ég var 16 ára en þá var hann keyrður 7.000 kílómetra. Svo beið bílinn eftir mér þangað til ég var orðinn nógu gamall til að keyra. Bíllinn reyndist mér vel og ég átti hann lengi.“ Er eitthvað sérstaklega minnisstætt við fyrsta bílinn? „Já, ég fór með konuna mína á okkar fyrsta stefnumót í þessum í bíl.“ Aðspurður hvort konan hafi fallið fyrir honum eða bílnum sagðist Jobbi aldrei hafa lagt í að spyrja konuna sína að því. „Þessi módel voru mun minni og þrengri en bílarnir í dag þannig við vorum mjög klesst hvort upp við annað í bílnum, það hefur kannski gert gæfumuninn. Við ferðuðumst næstum um allt á þessum bíl í okkar tilhugalífi.“ En var Jobbi duglegur að bóna bílinn? „Já, ég var mjög duglegur við það, jafnvel duglegri en ég er í dag.“






M5 er þróaður út frá 5 línunni og þykir hafa algjöra sérstöðu hvað aksturseiginleika varðar.

# Sportlegur lúxusbíll

M-línan hjá BMW stendur fyrir þróttmikla sporteiginleika, það þróttmikla að líkja má M-línunni að mörgu leyti við kappakstursbíl. M-tæknin sækir enda margt til F1 bíla BMW og eru allar bifreiðarnar í M-línunni búnar bestu fáanlegu tækni hvað aksturseiginleika snertir.
M stendur fyrir sjálfstætt fyrirtæki í eigu BMW sem þróar M-línuna og 5 vísar til þess að M5 er byggður á grunni 5 línunnar. M3 er á grunni 3 línunnar, M6 á grunni 6 línunnar og þannig koll af kolli. Kúplingarlaus MSG gírkassinn (Manual Sequential Gearshift) er lykillinn að þróttmikilli frammistöðu bifreiðarinnar og þökk sé fjölhæfum búnaðinum hefur ökumaðurinn það alveg í hendi sér hvers konar aksturseiginleikar eru ráðandi og hversu sportlegir. Gírskiptingin ein og sér felur í sér 11 mismunandi möguleika, auk þess sem hægt er að stilla hana á sjálfvirka skiptingu. Auk sjálfskiptingarinnar getur ökumaðurinn skipt handvirkt með hefðbundinni gírstöng eða þartilgerðum hnöppum á stýri bifreiðarinnar.
Framrúðuskjár varpar upplýsingum frá mælaborði á framrúðuna, eins og til dæmis hraða og snúningshraða. Annað dæmi um tæknilega fullkomnun M5 er að hliðarpúðar í framsætum stingast fram við tiltekinn halla á bifreiðinni.





**BMW M5**
Vélar: 5,0 507 hö (B)
Skipting: MSG
Dyrafj.: 4
Sæti: 5
Stöðugleikabúnaður: DSC stöðugleikastýring með DTC spólvörn, MDrive tækni, M sportfjöðrun, beygjuskriðvörn o.m.fl.
Umboð: B&L
Verð frá: 11.100.000


mazda
Komdu, sjáðu og prófaðu...

Nýr MAZDA Tribute
Frábær jeppi á frábæru verði!



MAZDA TRIBUTE verð frá 2.550.000.-


MAZDA 2 verð frá kr. 1.490.000.-


MAZDA 3 verð frá kr. 1.790.000.-


MAZDA 5 verð frá kr. 2.350.000.-


MAZDA 6 verð frá kr. 2.150.000.-


MAZDA RX8 verð frá kr. 3.550.000.-


MAZDA MPV verð frá kr. 2.990.000.-

Opið virka daga 8-18:30
Laugardaga 12-16

X4+ ehf.
Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík
Sími: 565 2500

www.x4.is

Umboðsaðilar:
BSA Akureyri - Sími 462 6300
SG Bílar - Keflavík - Sími 421 4444
Bílasala Vesturlands - Sími 437 2100

2ja ára verksmiðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.





Ford iosis lítur út fyrir að vera klár í framleiðslu en verður aldrei annað en sýningargripur.

# Fjölskyldubíll fyrir James Bond?





Ford iosis mun ekki verða fjöldaframleiddur. Vertu samt ekkert hissa þótt þú sjáir James Bond skutla þremur börnum í skólann á honum – Ford hefur tekist að brúa bilið á milli rúmgóðs fjölskyldubíls og alvöru tryllitækis með stæl. Því miður stóð samt aldrei til að hann yrði meira en sýningargripur, til dæmis eru hurðirnar einfaldlega of dýrar fyrir fjöldaframleiðslu. Þær eru úr koltrefjaefni og mótorar og flókið lamakerfi opna þær út og upp þannig að aðgengi í bílinn er einstaklega gott. Innréttingin sameinar framúrstefnulegan efnivið og tækni og þó að hún líti ekki þægilega út við fyrstu sýn er rýmið nóg og hnappar og rofar í hverju horni. Ford iosis minnir svolítið á Mazda RX-8, sérstaklega í kringum brettin, og ef þú pírir augun minnir vangasvipurinn á Aston Martin V8 Vantage. Hversu margir fjölskyldubílar geta státað af því?




Starfsfólk Bílabúðar Benna.

Lokað 16. - 20. september í tilefni afmælishátíðar Bílabúðar Benna. Öllu starfsfólki er boðið til hátíðar hjá Porsche í Þýskalandi.

Fylgstu með afmælistilboðum næstu daga.
Þér verður boðið!

Bílabúð Benna
**30** ára

Bílabúð Benna

Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23
**Sími 590 2000 • www.benni.is**




Honda Civic vekur gríðarlega athygli fyrir flott útlit.

## Stærri og úthugsaðri en áður

Nýr Honda Civic hefur nú þegar vakið athygli fyrir flott útlit. Aðeins sex mánuðum eftir að hugmyndabíll Honda Civic var sýndur á bílasýningunni í Genf er framleiðslubíllinn frumsýndur í Frankfurt. Það vekur eftirtekt að breytingin frá hugmyndabíl til framleiðslubíls hefur gengið eftir á stuttum tíma og lítið hefur verið um breytingar frá útliti hugmyndarinnar.

Nýi Honda Civic bíllinn sameinar athyglisverðan stíl í flottri og snjallri útfærslu. Styrkt framfleygt (cab-forward) formið er aðalatriðið, en það kemur ekki niður á sveigjanleika og búnaði, þar sem ekkert hefur verið til sparað. Innanrými þessa nýja Civic er á pari við stærri bifreiðar í D-flokki. Aftursætunum er þannig hagað að með aðeins einu handtaki er hægt að fella sætin niður til að mynda flatt gólf. Undir gólfinu er einnig mikið geymslupláss með ýmsum hólfum.

Honda hefur séð til þess að Honda Civic verði sá öruggasti í sinum flokki og reiknar með því að þessi Civic fái 5 stjörnu EURO NCAP viðurkenningu fyrir fram- og hliðarárekstursöryggi, 3 stjörnur fyrir öryggi gangandi vegfarenda og 4 stjörnur fyrir öryggi barna í bílnum.



**HONDA CIVIC**

Vélar: 1,8 (B), 2,2 (D) og 1,4 (D)
Skipting: bbs, ssk
Dyrafj.: 3/5
Sæti: 5
Stöðugleikabúnaður: Já
Umboð: Bernhard
Verð frá: Auglýst síðar

## fyrsti bílinn }

ÁRNI SIGFÚSSON

### Skoða alltaf Skódaauglýsingar



„Fyrsti bílinn minn var Skóda Oktavía og ‘63 árgerð. Handmálaður ljósbrúnn og mikið tryllitæki,“ segir Árni og segir að bíllinn hafi verið mjög merkur gripur. Hann kostaði á þeim tíma 23.000 krónur og fóru allir sumarpeningar Árna í kaupin á þessu mikla tryllitæki.

„Ég keypti hann í Reykjavík og ók um höfuðborgina til að byrja með. Síðan tók ég hann með mér til Eyja í gosinu ‘73,“ segir hann en Skódinn sem fór með Herjólfi til björgunarstarfa reyndist mikið þarfaþing í Vestmannaeyjum. Bíllinn þjónaði eiganda sínum í tvö heil ár áður en hann gaf upp öndina. „Ég varð að jarða hann þegar rúðuþurrkurnar fóru að virka sem startari. Það leiddi saman orðið rafkerfið og ég var aldrei viss hvort ég var að nota rúðuþurrkurnar eða starta bílnum.“

Árni hugsar með mikilli hlýju til þessa góða grips sem átti eftir að hafa áhrif á bílakaup hans í framtíðinni. „Þetta varð til þess að ég keypti fleiri Skódabíla til að byrja með, og skoða alltaf Skódaauglýsingarnar.“




„Þeir bílar sem eru ryðvarðir vel endast,“ segir Baldur Jónsson rallkappi sem hér er ásamt Jóni Aðalbjörnssyni verkstjóra sem hefur starfað hjá fyrirtækinu í 28 ár.



Hér sést undirvagn á þriggja ára bíl sem var ekki ryðvarinn áður en hann fór á götuna.



Bílarnir fá gott steypibað eftir meðferðina í ryðvarnarskálanum.

# Hitasveiflur og selta kalla á ryðvörn

***Hér á landi eru flestir nýir bílar ryðvarðir áður en þeir fara á göturnar og sumir reglulega eftir það. Baldur Jónsson rallkappi vinnur í Bílaryðvörn á Bíldshöfða.***

„Við ryðverjum hurðirnar, sílsana, brettakantana og botninn eins og hann leggur sig,“ segir Baldur og telur tvímælalaust þörf á þessari aðgerð hér á okkar norðlægum slóðum. „Bílar eru með svokallaða verksmiðjuryðvörn þegar þeir koma til landsins sem dugar kannski þar sem hitasveiflur eru litlar og seltan er ekki að hrella menn. En sú ryðvörn nægir ekki hér,“ segir hann og nefnir líka að notkun tjöruhreinsis geti valdið ryði sé vörn ekki fyrir hendi. „Ef maður er að tjöruþvo bíl og úðar mikið á opnanlegu rúðurnar getur tjaran lekið ofan í hurðirnar og étið upp vörnina,“ útskýrir hann.

Baldur segir mikla þróun hafa orðið í efnunum sem notuð eru til ryðvarnar, enda séu hátæknifyrirtæki að framleiða þau. „Þetta er toppefni sem búið er að rannsaka fram og til baka og í því felst líka mikil hljóðeinangrun,“ segir hann og getur þess að efnafyrirtækið sem Bílaryðvörn skipti við hafi verið á lyfjamarkaði.

Átta ára ábyrgð er á ryðvörninni hjá Bílaryðvörn og Baldur segir stóran hluta kaupenda viðhalda þeirri ábyrgð með því að koma með bílana á tveggja ára fresti. Hann nefnir dæmi um gildi þess. „Einn þeirra bíla sem kemur með réttu millibili er tuttugu ára gamall Bens sem er að jafnaði í seltunni úti í Vestmannaeyjum. Hann er enn eins og nýr.“ Nauðsynlegt er að vandað sé til verka við ryðvörnina og lykilatriði að allir fletir séu hreinir og þurrir áður en kvoðunni sé sprautað á þá, að sögn Baldurs. „Við erum með 35 ára reynslu og það hefur bara sýnt sig að þeir bílar sem eru ryðvarðir vel endast,“ fullyrðir hann að lokum.








# í góðum gír á betri vöxtum með S24 netbílalán

**Ekkert lántökugjald**
ef sótt er um fyrir 1. desember

- Lán til allt að 7 ára (84 mánaða)
- Hægt að fá kostnað lánaðan
- Hægt að greiða inná lánið hvenær sem er
- Engin lágmarksupphæð
- Léttari greiðslubyrði
- Óverðtryggðir og breytilegir vextir

*Vertu viss um að þú sért að hagnast á þínum bankaviðskiptum...*

S24 ...og þú hagnast

SHOPUSA.IS

Sæktu um lán... **www.s24.is** Sími 533 2424 – Kringlan

EINN TVEIR OG ÞRÍR 312.084

M.v. vaxtatöflu S24 þann 01. 07. 2005.
M.v. að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar

S24 er sjálfstæð rekstrareining innan Sparisjóðs Hafnarfjarðar



Volvo C70 er fyrsti lúxusbíllinn sem er framleiddur með stálblæju og sætum fyrir fjóra fullorðna.

# Blæja og sæti fyrir fjóra fullorðna

Volvo C70 er í raun tveir bílar í einum, bæði Coupé og blæjubíll. Blæjan er í raun þak úr stáli sem leggst þrískipt saman í skottið. Þessi bíll er hannaður af hinum fræga ítalska hönnuði Pininfarina, sem hefur mikla reynslu af hönnun og smíði blæjubíla. Volvo C70 er fyrsti opni bíllinn í lúxusflokki sem bæði býður upp á stálþak og sæti fyrir fjóra fullvaxna. Með þessum bíl telur Volvo að ákveðinni markaðsþörf verði fullnægt þar sem slíkur bíll hefur ekki verið í boði áður í þessum flokki.

Öryggi í C70 verður engu minna en í öðrum Volvo-bílum. Ein nýjung sem Volvo kynnir er loftpúðatjöld í hliðum sem vernda höfuð í hliðarárekstri. Venjulega koma þessir púðar innan úr toppnum á venjulegum bílum, sem auðvitað er ekki hægt í opnum bílum. Í Volvo C70 koma þessir púðar upp úr hurðinni í hliðarárekstri og vernda þannig efri hluta líkamans.



VOLVO C70

Vélar: 2,4 140 hö (B), 2,4 170 hö (B) og 2,5 220 hö (B)
Skipting: ssk, bsk
Dyrafj.: 2
Sæti: 4
Stöðugleikabúnaður: DSTC spólvörn og stöðugleikastýring, RSC veltivörn
Umboð: Brimborg
Verð frá: Auglýst síðar



Audi Q7 mun vekja athygli hvar sem hann fer.

# Enginn venjulegur jeppi

Í Audi Q7 sameinast sportleg einkenni og fjölhæfni, háþróaður tæknibúnaður og önnur þau gæði sem einkenna bíla í lúxusflokki. Á vegum úti sýnir hann allar bestu hliðar sportbíls, bæði hvað varðar afköst og aksturseiginleika. Í utanvegaakstri setur hann ný viðmið í sínum flokki.

Dæmigert Audi-útlitið endurspeglast í sveigðu þaki og áberandi yfirbyggingu efri hluta bílsins við gluggasvæðið. Sjö farþegar njóta mikils innra rýmis og boðið er upp á fleiri uppsetningarmöguleika en hingað til hefur þekkst. Alls er hægt að raða sætum og hleðslurými upp á 28 mismunandi vegu. Hægt er að leggja báðar aftari sætaraðirnar flatar niður og þannig fá 2.035 lítra farangursrými án þess að fjarlægja sætin.

Bíllinn er búinn sex gíra tiptronic-sjálfskiptingu og sama staðalbúnaði og quattro með sídrifi og aldrifi. Audi Q7 er líkt og Audi RS 4 búinn nýjustu kynslóð af Torsen-mismunadrifi sem togar með staðalskiptingunni 40/60 (framan/aftan). Átakið á öxlana er því sem næst algjörlega í jafnvægi og bílstjórinn nýtur þess í auðveldri og nákvæmri stýringu þar sem nær ekkert stýristog á sér stað.

Bíllinn er einnig afhentur með valkvæðri sjálfstilltri loftfjöðrun. Hæð frá jörðu er breytileg og getur verið allt frá 180 til 240 millimetra í efstu stillingu, þannig að bíllinn kemst yfir mjög háar ójöfnur.

Í ESP-jafnvægiskerfinu er að finna nýjar aðgerðir á borð við stuðning við akstur niður brekku. Sérstök utanvegastilling hámarkar hemlunargetu og veggrip á lausu yfirborði. Stöðugleikakerfi fyrir dráttarvagn dregur úr hættu á láréttum sveiflum eða „sporðaköstum“ vagnsins með markvissum hemlunarstuðningi.

AUDI Q7

Vélar: 3,0 233 hö (D) og 4,2 350 hö (B)
Skipting: 6 g/ssk.
Dyrafj.: 5
Sæti: 7
Stöðugleikabúnaður: Aldrif, ESP jafnvægiskerfi, utanvegastilling o.fl.
Umboð: Hekla
Verð frá: Auglýst síðar






Þó að margt við Sassou hljómi framandi er ekki útilokað að hann fari í framleiðslu á næstunni.

# Jákvæður og bjartsýnn bíll

Mazda kynnir nýjan hugmyndabíl sinn undir nafninu Sassou, sem á japönsku þýðir að vera jákvæður og horfa bjartsýnn til framtíðar. Víst má segja að útlit bílsins gefi tilefni til að brosa og ekki skemmir fyrir að hann er búinn sérlega umhverfisvænni og eyðslugrannri 3 strokka vél sem þó er nógu spræk til að gera þennan litla bíl að skemmtilegu farartæki.

Aðrir þættir bílsins hljóma eins og úr framtíðarmynd, eins og USB-lykill sem ræsir bílinn og geymir stillingar á sætum og þess háttar fyrir hvern ökumann. Auk þess verður hægt að geyma tónlist og önnur gögn sem síðan eru flutt á harðan disk sem er í bílnum. Ef þetta er forsmekkurinn að framtíð Mazda er ekki annað hægt en að brosa framan í hana.

# Enn sparneytnari og betri í akstri

Renault frumsýnir Clio III á bílasýningunni í Frankfurt þessa dagana. Þriðja kynslóðin af þessum geðþekka smábíl kemur í töluvert breyttri mynd, bæði hvað útlit og eiginleika varðar. Sem dæmi má nefna að fjöðrunarkerfið í honum hefur verið umbylt með enn betri aksturseiginleika fyrir augum. Þá á eldsneytisnotkunin að vera með því hagstæðasta sem gerist í þessum flokki, þökk sé nýrri og straumlínulagaðri hönnun sem dregur úr loftmótstöðu.

Auk 1200, 1400 og 1600 véla, kynnir Renault 1500 dCi dísilvél með Clio III, sem verður fáanleg í þremur mismunandi útgáfum eða með 70 hö, 85 hö og 105 hö. Nokkrar gerðir, þ.e. 1200 og 1500 dCi 80 ha, verða jafnframt með nýja gerð af AMT beinskiptingu, þar sem gírskiptingin er staðsett fyrir aftan stýrið.

Ekki er á þessari stundu endanlega ljóst hvenær Clio III verður frumsýndur hér á landi, en gera má ráð fyrir að það verði snemma á næsta ári.

RENAULT CLIO III

Vélar: 1,2 (B), 1,4 (B), 1,6 (B), 1,5 (70, 85 og 105 hö) (D)
Umboð: B&L
Nánari upplýsingar síðar



Þessi vinsæli smábíll er í stöðugri þróun. Nýjasta útgáfan verður í boði hér á landi snemma á næsta ári.

## fyrsti bílinn }

PÉTUR EINARSSON



FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÖK

# Gulur með rauð bretti

Pétur Einarsson leikari fer bara að hlæja þegar hann er spurður um fyrsta bílinn sem hann eignaðist. „Hann var pínulítið kvikindi, Fiat Station, skærgulur á litinn og rauður á brettunum,“ segir Pétur. Bílinn fékk hann gefins og var í hans eigu í eitt eða tvö ár og reyndist hann Pétri ágætlega.

„Ég var nú mjög duglegur að gera við hann sjálfur, en hann bilaði náttúrulega alltaf eitthvað,“ segir Pétur. Eitt sinn skall hurð nærri hælum og Pétur ásamt öðrum var í bráðri lífshættu.

„Einhvern tímann var ég að fíflast og þykjast keyra á mann. Ég ætlaði að bremsa, en þá fóru pedalarnir beint niður í gólf, og bremsukerfið sprakk. Sem betur fer rétt náði ég að sveigja framhjá manninum, og ég slapp hjá þeirri hremmingu,“ segir Pétur og er ekki hlátur í hug. „Það var skelfilegt,“ segir hann.

„Eftir það lærði ég það að vera ekki að fíflast á svona tækjum.“

**FordMondeo**




## Veldu nýjan **Ford**

# Nýtt tákn um gæði

► Íslendingar velja Ford umfram önnur vestræn bílamerki. Spennandi hönnun, aukin gæði og örugg þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákn um gæði - veldu Ford.

**Veldu Mondeo Ghia í stað Avensis Sol**

Nýtt útlit færir Ford Mondeo nær þeim glæsileika nafnið stendur fyrir. Eiginleikar Mondeo eru í samræmi við vestræn gildi okkar Íslendinga. Hugmyndir okkar og ný tákn um lífsgæði; fegurð, styrk, ást og umhyggju fyrir hvort öðru kristallast í hönnun á nýjum Mondeo. Gömul tákn eru fallin. Og ný tekin við. Öryggi Ford, styrkleikinn, mýktin, sportið og glæsilegt útlit Mondeo kallar á nýjan samanburð. Berðu saman Toyota Avensis Sol við Ford Mondeo Ghia. Skoðaðu staðalbúnaðinn, lið fyrir lið. Kynntu þér þjónustu Brimborgar og endursölu Ford. Þegar allt er tekið með og verð borið saman við gæði verður til nýtt leiðarljós fyrir val á rétta bílnum. Veldu Ford.

Staðalbúnaður Mondeo Ghia er ríkulegri en Avensis Sol: Þú færð 2,0 lítra, 145 hestafla Mondeo með 190 Nm togi. Einnig nýjasta öryggisbúnaðinn; IPS öryggiskerfið, hálshnykksvörnina, **ESP stöðugleikastýrikerfið** sem dregur úr líkum á að bíllinn skriki til, TCS spólvörn sem tryggir akstur úr kyrrstöðu í snjó og hálku. Gott fyrir íslenskar aðstæður. Á köldum vetri er ísing á framrúðu ekki heldur vandamál í Mondeo þar sem hún er öll upphitanleg. Í nátt-myrkrinu lýsa ljósin í hliðarspeglunum upp tilveruna þér til öryggis. Þú heldur þægilegum hraða með hraðastillinum, hækkar eða lækkar ökumannssætið eftir þörfum með rafdrifinni hæðarstillingu og bíður eftir að regnskynjarinn setji rúðuþurrkurnar af stað. Viðaráferð í innréttingu gefur stemningu ásamt krómi við skottopnun, afturljós, hliðarrúður og krómuðum hurðarhúnum. Berðu saman verð og gæði. Kynntu þér örugga þjónustu Brimborgar. Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Vertu á Mondeo.

Berðu saman bíla. Komdu í Brimborg. Veldu nýjan Ford - nýtt tákn um gæði.

**Nýr Ford Mondeo Ghia: Lægra verð, meiri búnaður.***

| **Kaupverð** | *Beinskiptur* | *Sjálfskiptur* |
|---|---|---|
| Ford Mondeo Ghia 4 dyra 2,0i | **2.290.000 kr.** | **2.430.000 kr.** |
| Ford Mondeo Ghia 5 dyra 2,0i | **2.350.000 kr.** | **2.490.000 kr.** |
| Ford Mondeo Ghia Wagon 2,0i | **2.410.000 kr.** | **2.550.000 kr.** |

*Spurðu um Ford Mondeo búin Common Rail dísilvél, 130 hestöfl og 330 Nm tog.*

### Atriði af gæðalista staðalbúnaðar:

- ESP stöðugleikastýrikerfi
- TCS spólvörn
- Tölvustýrð loftkæling með hitastýringu
- 16" Ghia álfelgur
- Viðaráferð í innréttingu
- Regnskynjari í framrúðu
- Upphitanleg framrúða
- Aksturstölva
- Hraðastillir
- Öryggispúðar að framan
- Öryggispúðar í hliðum framsæta
- Öryggispúðagardínur í hliðum
- Stillanlegur hiti í framsætum
- Baksýnisspegill með sjálfvirkri dimmingu
- Rafknúnar rúður að framan og aftan
- Hálshnykksvörn í framsætum
- IPS öryggisbúnaður
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- Fjarstýrð samlæsing
- Þokuljós að framan
- Rafdrifin hæðarstilling á ökumannssæti
- Fjölstillanlegt stýri
- Geislaspilari

### Hægt að fá aukalega:

- Barnasetur í aftursæti
- Leðuráklæði
- Rafdrifin hæðarstilling á farþegasæti
- DVD spilari og skjár
- Rafdrifin sóllúga
- Sony hljómflutningstæki
- Upphitanlegt aftursæti
- Xenon gasluktir
- Þjófavörn
- Bakkskynjari
- Aðfellanlegir útispeglar
- Dökklitaðar rúður að aftan
- Leður/tau áklæði
- Loftkælanleg framsæti




*Íslendingar velja Ford umfram önnur leiðandi bílamerki (74,1% aukning 2004) og er Ford meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## Nýttu haustuppskeruna
## Skoðaðu Ford Mondeo í bílaverslun Brimborgar



**Ford Mondeo Ghia 4 dyra 2,0i sjálfskiptur**
Kaupverð 2.430.000 kr.
Bílasamningur 25.270 kr.
Rekstrarleiga 45.160 kr.



**Ford Mondeo Ghia 5 dyra 2,0i sjálfskiptur**
Kaupverð 2.490.000 kr.
Bílasamningur 25.900 kr.
Rekstrarleiga 46.200 kr.



**Ford Mondeo Ghia Wagon 2,0i sjálfskiptur**
Kaupverð 2.550.000 kr.
Bílasamningur 26.520 kr.
Rekstrarleiga 47.250 kr.



**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.** Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 30% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.





Nýr Hilux er ívið stærri en eldri gerðir og því stöðugri í akstri.

## Nýtt vinnu- og tómstundatæki

Nýr Hilux er sjötta kynslóð pallbíla af þeirri gerð frá Toyota og heldur hann stöðu sinni sem annar söluhæsti bíll framleiðanda á eftir Corolla.
Innréttingar í nýjum Hilux hafa tekið miklum breytingum og eru afar vandaðar, sem eykur þægindi í akstri til muna. Bíllinn er allur stærri og meiri í ásýnd en fyrri árgerðir en mestu munar um að hann er lengri og breiðari, sem kemur best fram í auknu plássi í farþega- og geymslurými ásamt bættum aksturseiginleikum. Þannig er bíllinn 340 mm lengri, 45 mm breiðari og 25 mm hærri en fyrri ágerð sem hann leysir nú af hólmi.
Nýr og endurbættur undirvagn er sérstaklega styrktur og þolir mikið álag. Nýr Hilux er mun stöðugri í akstri en fyrri árgerðir auk þess sem verulega hefur dregið úr veghljóði inn í farþegarými. Nýr Toyota Hilux verður fáanlegur hér á landi frá miðjum október 2005.

**TOYOTA HILUX**

Vélar: 2,5 (D)
Skipting: 5 g/bsk
Dyrafj.: 5
Sæti: 5
Stöðugleikabúnaður: Driflæsing að aftan, sjálfvirk driflæsing (auto disconnect differential), LSD (Limited slip differential), 4x4, ABS hemlakerfi
Umboða: P. Samúelsson
Verð frá: 2.580.000 kr.




Bara búnir með framendann? Líklegt þykir að 20Cup sé hluti af þróunarferli Peugeot 207.

## Þrjú hjól undir bílnum...

Peugeot kynnti í vikunni þriggja hjóla hugmyndabílinn 20Cup. Samkvæmt framleiðanda er honum ætlað að verða innblástur fyrir hönnun nýs Le Mans kappakstursbíls en ef nánar er skoðað gæti búið meira að baki en það.
Ljóst er að bíllinn fer ekki í framleiðslu á þremur hjólum og ef til vill var honum aðeins ætlað að vekja athygli á bílasýningunni í Frankfurt. Líklegra er þó að hér sé kominn hlekkur í þróunarkeðju arftaka 206 bílsins, sem mun að öllum líkindum heita 207.
Fyrir utan þá staðreynd að 20Cup nafnið bendir til 200-línunnar má finna undir vélarhlífinni nýja 170 hestafla vél sem Peugeot hefur þróað í samvinnu við BMW og verður líklega í nýjum Mini líka. Auk þess er í 20Cup 6 gíra flipastýrð skipting sem mun líklega rata alla leið í framleiðslu. Nú er bara að vona að kappakstursframendinn geri það líka.



Með tilkomu bílalána og einkaleigu er mun auðveldara að eignast bíl.

# Val um kaup eða leigu

***Nokkrar leiðir standa fólki til boða við fjármögnun á nýrri eða notaðri bifreið.***

Með tilkomu bílalána og einkaleigu hefur fólki verið gert auðveldara fyrir að eignast nýjan bíl, en sumir eru í vafa um hvora leiðina eigi að velja, kaup eða leigu. Margrét Sigurðardóttir hjá Glitni segir að hvort um sig hafi sína kosti. „Kosturinn við að kaupa bílinn með bílaláni er tvímælalaust sá að einstaklingurinn eignast bílinn en þá er lögð fram viss upphæð í upphafi sem miðast við kaupverð bílsins. En við einkaleigu er engin upphæð greidd út í upphafi og fólk þarf ekki að hafa áhyggjur af endursölu þar sem bílaumboðið kaupir bílinn í lok samnings,“ segir Margrét. Í einkaleigunni fylgir jafnvel þjónustusamningur þar sem innifalin eru dekkjaskipti, smurning og annað viðhald á bifreiðinni sem sumu fólki þykir mjög þægilegt. Einnig þar sem þetta gefur fólki kost á að vera alltaf á nýjum bíl. „Einkaleiga fer bara í gegnum bílaumboðin og því er hún ekki kostur fyrir þá sem kaupa bíla annars staðar,“ segir Margrét.

| BÍLALÁN | EINKALEIGA | BÍLASAMNINGUR |
|---|---|---|
| ❑ Allt að 75% lánshlutfall<br>❑ Kaupandi skráður eigandi<br>❑ Stimpil- og þinglýsingargjöld<br>❑ Jafnar afborganir<br>❑ Lánsveitandi fær 1. veðrétt<br>❑ Tryggingar á ábyrgð kaupanda | ❑ Lánsveitandi skráður eigandi<br>❑ Bílaumboð kaupir bílinn í lok samnings<br>❑ Leigutaki afskrifar og eignafærir í skattskýrslu<br>❑ Engin stór útborgun við upphaf samnings<br>❑ Tryggingarfé greitt við upphaf samnings<br>❑ Þjónustupakki innifalinn í sumum tilfellum<br>❑ Tryggingar á ábyrgð leigjenda. | ❑ Allt að 80% lánshlutfall<br>❑ Lánsveitandi skráður eigandi<br>❑ Kaupandi skráður eigandi við lok samnings<br>❑ Engin stimpil- og þinglýsingargjöld<br>❑ Gerður jafngreiðslusamningur<br>❑ Tryggingar á ábyrgð kaupanda |



Sterkur ættarsvipur Alfa Romeo gerir að Crosswagon er með rennilegri fjórhjóladrifsbílum á markaðnum í dag.

# Nýr fjórhjóladrifsbíll á ítalska vísu

Með Alfa Romeo Crosswagon markar Alfa Romeo endurkomu sína með fjórhjóladrifna bíla. Alfa Romeo Crosswagon er sportlegur langbakur sem er hár á vegi og vænlegur kostur í samanburði við sportlega lúxusjeppa. Crosswagon er búinn Q4 fjórhjóladrifi sem færir sjálfvirkt afl til þeirra hjóla sem hafa mest grip sem ásamt góðri veghæð gerir þennan bíl færan í flestan snjó. Útfærslan sem boðin er hér á landi er mjög vel búin öllum lúxus. Meðal staðalbúnaðar eru vönduð leðursæti, mjög vandað Bose hljómkerfi sem sérhannað er fyrir bílinn, áttaviti í spegli, bakkskynjari á afturstuðara, 17“ álfelgur með belgmiklum hjólbörðum, varnarplötur fyrir að framan og aftan ásamt mörgu öðru. Crosswagon er búinn 1,9 lítra, 150 hestafla dísilvél sem er í senn kröftug, togmikil, sparneytin og endingargóð.
Einungis er einn bíll eftir af fyrstu sendingunni sem kom til landsins í ágúst mánuði og er farið að taka frá bíla í næstu sendingu. Fyrsti bíllinn á Íslandi fór til Vestjarða og hefur hann vakið mikla athygli þar og er nú einungis kvartað yfir því að malarvegum fer fækkandi. Á malbiki er bíllinn þéttur og sportlegur en á slæmum malarvegurm er fjöðrunin mjúk og gleypir í sig allar ójöfnur.



**ALFA ROMEO CROSSWAGON**

Vél: 1,9 150 hö (D)
Skipting: 6 g/bsk.
Dyrafj.: 5
Sæti: 5
Stöðugleikabúnaður: Fjórhjóladrif, ESP stöðuleikastýring, ASR spólvörn o.fl.
Umboð: Ptt ehf.
Verð frá: 4.100.000 kr.


HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 3891
Finnur þú fyrir sekt?
Umferðarlagabrot
*Of hraður akstur kr. 135.000
Ekið á móti rauðu ljósi kr. 15.000
Tvö börn laus í bíl kr. 20.000
samtals kr. 170.000
* Ökumaður sviptur ökuskírteini í 3 mánuði.
Umferðarlagabrot á borð við hraðakstur og akstur undir áhrifum áfengis og annarra vímuefna eru alvarleg afbrot og viðurlögin háar sektir og svipting ökuréttinda. Þetta eru þó smámunir í samanburði við aðrar mögulegar afleiðingar slíkra brota: limlestingar, ástvinamissi, dauða.
Öflugri löggæsla á vegum landsins.
Eftirtaldir aðilar hafa tekið höndum saman um að auka löggæslu á þjóðvegum landsins um 100% næstu mánuðina. Þetta er gert í forvarnarskyni og til að stuðla að því að þeir sem brjóta af sér þurfi einungis að glíma við fjárhagslegt tjón, en sleppi við aðrar og alvarlegri afleiðingar.
UMFERÐARSTOFA
RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN
VEGAGERÐIN
SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ

# fyrsti bílinn }

HELGA VALA HELGADÓTTIR

## Gekk á viljanum einum saman

Helga Vala Helgadóttir, leikkona og lögfræðinemi, minnist fyrsta bílsins síns með mikilli hlýju. „Fyrsti bíllinn minn var forláta beislitaður Daihatsu Charade, fimm dyra en ekki með kýrauga eins og þessir bílar voru gjarna. Með honum tók ég fyrsta víxilinn minn í Íslandsbanka í Lækjargötu eða hvað sem bankinn hét þá. Þessi bíll lagði metnað sinn í að ganga undir öllum kringumstæðum. Ég fór stundum með klink út á bensínstöð og keypti bensín fyrir skiptimynt.
Eina vandamálið var að rúðuþurrkumótorinn var stöðugt til vandræða. Oft og iðulega þurfti að handstýra rúðuþurrkunum og kom sér þá vel að hafa farþega í bílum sem gat tekið það verkefni að sér með spotta. Ef maður átti engan vin eða félaga sér við hægri hlið þurfti ökumaðurinn að gera allt í senn, skipta um gír, stýra og stjórna rúðuþurrkunum, sem gat verið mjög erfitt, sérstaklega í ferðum út á land. Ég er þó enn til frásagnar. Bílnum var skipt út fyrir aðeins nýrra eintak af sömu tegund sem stóðst þessum engan veginn snúning því á þann bíl þurfti að setja bensín. Þessi bíll gekk á viljanum einum saman og gekk vel.“






Formúlukappinn Michael Schumacher er ánægður með nýja Alfa Romeo 159 bílinn sinn.

# Arftaki 156 á göturnar fyrir áramót

Fyrir áramót er von á nýjum Alfa Romeo 159. Hann er arftaki Alfa Romeo 156, sem var kjörinn bíll ársins í Evrópu árið 1998 og er nýi bíllinn talinn einna sigurstranglegastur í vali á bíli ársins 2005 í Evrópu. Miklar væntingar eru til Alfa Romeo 159 og hafa fyrstu viðbrögð pressunnar verið hlaðin lofi. Útlit bílsins er eins og aðeins Ítalir kunna að hanna, listilega fallegur, elegant og kröftugur. Michael Schumacher, sjöfaldur heimsmeistari í Formula 1 kappakstri, tók nýlega við sínu eintaki af Alfa Romeo 159 en Alfa Romeo tilheyrir sömu fjölskyldu og Ferrari.

Ýmsar nýjungar er að finna í Alfa Romeo 159, sem er teflt fram til höfuðs bílum eins og BMW 3 og Audi A4. Hann býðst með sex vélum, þrem dísilvélum frá 120 til 240 hestöflum og þrem bensínvélum frá 160 hestöflum til 200 hestafla ofurbíls með fjórhjóladrifi. Bensínvélarnar eru allar með tímakeðju í stað tímareimar, sem gerir vélarnar einstaklega viðhaldslitlar og endingargóðar. Byrjað er að taka við pöntunum í þennan glæsilega bíl og mega þeir sem panta bíla fljótlega eiga von á að fá sérsmíðaða bíla afthenta fyrir jól.

**ALFA ROMEO 159**

Vélar: 1,9 120/150 hö (D), 2,4 240 hö (D), 1,9 160 hö (B), 2,2 185 hö (B) og 3,2 200 hö (B)
Skipting: 6 g/bsk.
Frá vori 2006 6 g/Formula 1 skipt. og 6 g/ssk.
Dyrafj.: 4
Sæti: 5
Stöðugleikabúnaður: ESP stöðugleikastýring, ASR spólvörn o.fl.
Umboð: Ptt ehf.
Verð frá: ca. 3.000.000 kr.








250 hestöfl knýja þennan sérsmíðaða sportbíl með fjórhjóladrifi í allt að 250 km hraða á klst.

# Ný útgáfa af kraftmesta Golf-bíl sögunnar

Golf R32 knúinn 177 kW (241 hestafla) vél var fyrst kynntur í ágúst 2002. Bíllinn seldist eins og heitar lummur; þrefalt betur en ráð hafði verið fyrir gert í upphafi.
Að þessu sinni býr Golf R32 yfir 184 kW (250 hestöflum) undir vélarhlífinni og 4MOTION sídrif á öllum hjólum tryggir að veggripið er einstaklega gott. Hámarkshraði Golf R32 er 250 km á klst. og hægt er að fá hann með annað hvort 6 gíra beinskiptingu eða valkvæðri DGS-sjálfskiptingu. R32 nær sér best á strik með DGS-sjálfskiptingu og er 6,2 sekúndur að ná 100 km hraða miðað við 6,5 sekúndur með beinskiptingu.
Dekkin eru af 225/40 stærð og með Y-mynstri sem ætlað er fyrir allt að 300 km hraða. Stór vindskeið að aftan tryggir að afturhjólin haldast tryggilega á veginum. Dekk og hjól falla vel að, bæði vegna þess að um 18“ dekk er að ræða en líka vegna þess að hjólabúnaðurinn er sérstaklega sportlegur og hefur verið lækkaður um 20 mm.
Mælar og tæki, sportsæti, álfótstig og ýmis sérbúnaður eru stór þáttur í sportlegu útliti bílsins. Stýrið er líka sportlegt með götuðu leðuráklæði þar sem haldið er í það og R32 gírhnúðurinn liggur vel í hendi.



**VOLKSWAGEN GOLF R32**

Vélar: 250 hö (B)
Dyrafj.: 3
Sæti: 5
Umboð: Hekla
Verð: Auglýst síðar



Í ár bætast við tvær nýjar áhugaverðar vélar í Golf-línuna svo það verður áfram áhugavert að fylgjast með Volkswagen Golf.

# Nýr frá grunni

Suzukibílar kynntu í sumar nýjan Swift sem er stærri, tæknilega fullkomnari og aflmeiri en fyrirrennari hans. Suzuki Swift er algerlega nýr bíll frá grunni hannaður í Evrópu fyrir Evrópumarkað. Hvað stærð varðar er hann heldur stærri en Yaris en minni en Golf. Swift kemur með 15 tommu felgum, sex öryggisloftpúðum, innbyggðum hljómtækjum með sex hátölurum og stillingum í stýri, ABS hemlum, rafhitun í sætum og útispeglum auk margs annars. GLX gerðin er auk þess búin loftkælingu, álfelgum, þokuljósum og lykillausu aðgengi og ræsingu. Mikil áhersla er lögð á öryggi. Í EuroNcap öryggisprófinu fékk Swiftinn samtals 10 stjörnur; 4 fyrir öryggi ökumanns og framsætisfarþega, 3 stjörnur fyrir öryggi barnastóla og 3 stjörnur fyrir öryggi gangandi vegfaranda. Síðast en ekki síst er eldsneytiseyðslan eins og best gerist. Bensínbíllinn eyðir aðeins 6,5 l á hundraðið og dísilbíllinn aðeins 4,6 l á hundraðið í blönduðum akstri.




**SUZUKI SWIFT**

Vélar: 1,5 101 ha(B), 1,3 70 hö(D)
Skipting: 5 g/bsk, 4 g/ssk
Dyrafj.: 5
Sæti: 5
Umboð: Suzuki bílar
Verð frá: 1.479.000



Suzuki Swift hefur verið endurhannaður frá grunni en er sem fyrr sparneytinn og léttur.




…þá lögum við okkur að **þínum** þörfum!

***Vildarþjónusta Sparisjóðsins***

er ný persónuleg fjármálaþjónusta sem er sérsniðin að þínum þörfum og tryggir þér framúrskarandi þjónustu og meiri ávinning. Kynntu þér málið í næsta Sparisjóði eða á **www.spv.is**

- Lán án ábyrgðarmanna
- Frítt debetkort
- 200 fríar debetkortafærslur á ári*
- Afsláttur af árgjaldi kreditkorts
- Afsláttur af lántökugjöldum
- Sérkjör hjá Verðbréfaþjónustu Sparisjóðsins
- Frábær tilboð frá Og Vodafone, Plúsferðum og Úrval Útsýn

spv

Fíton/SÍA

*Gildir í Gull- og Eðalþjónustu

**Spv.is | Borgartúni 18 | Hraunbæ 119 | Síðumúla 1 | Sími 575 4100**



Öruggari, stærri og betri aksturseiginleikar. Nýr RAV4 verður fáanlegur í byrjun næsta árs.

# Þriðja kynslóð frumsýnd

Nýr og breyttur Toyota RAV4 var frumsýndur á bílasýningunni í Frankfurt nú á dögunum. Miklar breytingar hafa verið gerðar frá fyrri árgerð þar sem mikil áhersla hefur verið lögð á aukið farþegarými og enn betri aksturseiginleika.

Enn meiri áhersla hefur verið lögð á öryggi í nýjum RAV4, sem verður fáanlegur með sjö loftpúðum og er eini smájeppinn sem hefur hnéloftpúða til varnar hnjám ökumanns. Undirvagn bílsins sérstaklega styrktur og hannaður með þeim hætti að hann dregur í sig högg.

Nýr RAV4 er 145 mm lengri en fyrri árgerðir og haf á milli hjóla hefur verið lengt um 70 mm. Bíllinn er útbúinn með Toyota EasyFlat búnaði á aftursætum sem gera það kleift að fella niður sætin með einu handtaki og þegar þau hafa verið lögð niður er gólfið alveg flatt.

Nýr Toyota RAV4 verður fáanlegur hér á landi í byrjun næsta árs.

RAV4

Vélar: 2,0 (B) og 2,2 136 hö (D)
Skipting: ssk, bsk
Dyrafj.: 5
Sæti: 5
Stöðugleikabúnaður: HAC, DAC, VDIM stöðugleikastýring
Umboð: P. Samúelsson
Verð frá: Auglýst síðar



Peugeot 1007 er fyrsti smábíllinn sem skorar fullt hús stiga í EuroNCAP árekstrarprófinu.

# Öruggasti smábíllinn

Meðal bíla sem Frakkar sýna í Frankfurt í ár er Peugeot 1007. Smábíll sem vakið hefur athygli fyrir mikinn öryggisbúnað og rafstýrðar rennihurðar sem henta einkar vel.

Peugeot 1007 sló í gegn í EuroNCAP árekstrarprófinu og fékk bestu mögulegu einkunn eða 5 stjörnur í framan- og hliðarárekstarprófi og er þar með fyrsti smábíllinn sem nær hámarkseinkunn upp á 36 punkta.

Útkoman úr prófinu sýnir á áhrifamikinn hátt að þessi nútímalegi bíll býður upp á mikið öryggi. Meðal staðalbúnaðar í bílnum eru 7 loftpúðar, tvær þriggjapunkta-isofixfestingar fyrir barnastóla aftur í. Í Peugeot 1007 eru jafnframt skynjarar í öllum sætum sem gefa frá sér viðvörunarhljóð ef farþegar gleyma að spenna sætisbeltin eða ef einhver losar beltið þegar bíllinn er á ferð. Lögun bílsins er einnig talin lágmarka slys á fólki ef til óhapps kemur.

Peugeot 1007 setur einnig línurnar í virku öryggi í sínum flokki þar sem ABS hemlalæsivörn, ESP stöðuleikakerfi, EPD átaksdreifing á hemlum, rafræn bremsukraftsdreifing og neyðarhemlunaraðstoð er staðalbúnaður í 1007 línunni.

Peugeot 1007 er einstakleg aðgengilegur þökk sé rafstýrðum rennihurðunum og háum sætum. Innanrýmið í þessum smábíl er líka sérstaklega mikið.



PEUGEOT 1007

Vélar: 1,4 (B), 1,6 (B) og 1,4 (D)
Skipting: bsk, ssk
Dyrafj.: 2
Sæti: 4
Stöðugleikabúnaður: Já
Umboð: Bernhard
Verð frá: 1.599.000 kr.




Skoda Yeti er hannaður sem margnotabíll með endalausa möguleika.

# Skiptanlegir toppar eru málið

Skoda hefur verið þó nokkurn tíma að þróa og betrumbæta Yeti hugmyndabílinn sem kynntur var til leiks í Frankfurt nú í vikunni. Hugmyndin að baki bílnum er sú að einn bíll geti þjónað mörgum hlutverkum. Þess vegna er hægt að skipta toppnum á honum út og hafa hann allt frá tusku og yfir í harðan topp sem leggst saman í hólf aftur í bílnum. Þá er einfalt að færa hátalarana við hljómflutningstækin út úr bílnum svo hægt sé að hlusta á tónlist fyrir utan hann. Þó að bíllinn sé ekki stór getur hann nýst sem pallbíll beri það við. Það er þó hæpið að íslenskir bændur eða sjómenn sjái sér hag í að kaupa bílinn enda er hann aðallega hugsaður fyrir borgarakstur og sportnotkun.

# Þægindi og öryggi í fyrirrúmi

Nýr og breyttur Lexus IS kemur á markað seint á þessu ári en bíllinn hefur tekið stakkaskiptum frá fyrri árgerð bæði í útliti og allri innri gerð.

Lexus IS verður fáanlegur í þremur grunnútfærslum og verður ríkulega búinn staðalbúnaði. Meðal staðalbúnaðar í Lexus IS verður afísingarbúnaður í framrúðu, lyklalaust aðgengi, 13 hátalarar, sex diska geislaspilari og 17 tommu álfelgur, hliðarloftpúðar, loftpúðar í mælaborði, loftpúðagardínur og hnjáloftpúðar fyrir ökumann og farþega. Lexus IS er fyrsti bíllinn sem hefur loftpúða í mælaborði sem eru í tveimur hlutum og laga sig að líkama farþegans við árekstur og eykur þar með öryggi til muna.

Farþegarými hefur verið endurbætt og glæsilegar innréttingar í Lexus IS auka mikið á þægindi farþega og bílstjóra. Lexus IS verður fáanlegur hér á landi í lok árs 2005.



Meðal staðalbúnaðar í Lexus IS eru 13 hátalarar, fjöldi loftpúða og afísingarbúnaður á framrúðu.



LEXUS IS 250

Lexus IS 250
Vélar:2,5 204 hö (B)
Skipting: 6 g/bsk, 6 g/ssk
Dyrafj.: 4
Sæti: 5
Stöðugleikabúnaður: ABS, EBD og BA hemlunarkerfi, VSC skriðvörn og PCS árekstravörn.
Umboð: P. Samúelsson
Verð: Auglýst síðar




Skoda heldur áfram að tryggja sér sess sem framleiðandi vandaðra og góðra bíla með nýjum RS útgáfum af Skoda Octavia.

# Nýr Octavia RS

Á bílasýningu þessa árs í Frankfurt (IAA) frumsýnir Skoda Auto nýjar og sportlegar útgáfur af Skoda Octavia RS. Um er að ræða tvær gerðir, skutbíl með afturhlera og hefðbundinn skutbíll. Octavia RS fylgir í fótspor hins vinsæla fyrirrennara sins með heillandi og framsækinni hönnun og öflugri 2.0 TFSI bensínvél með forþjöppu og beinni innspýtingu sem skilar 200 hestöflum.



# fyrsti bílinn }

VALGERÐUR JÓHANNSDÓTTIR FRÉTTAMAÐUR



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Gerði sjálf við bensíngjöfina

Fyrsti bíllinn minn var gamall Skódi og auðvitað var hann stundum kallaður Skódi ljóti enda var hann svolítið ljótur. Ég var samt voða ánægð með hann og hann reyndist mér vel. Hann rauk alltaf í gang og gerði það sem til var ætlast af honum hverju sinni þannig að hann var mér á allan hátt þægur. Þó fór bensíngjöfin einu sinni í honum en þar sem þetta var fremur einföld bifreið gat ég gert við bensíngjöfina sjálf og var ansi stolt af.

Ég var orðin 24 eða 25 ára þegar ég keypti Skódann. Var búin að vera með prófið í nokkur ár og keyra heilmikið því ég var satt að segja með dálitla bíladellu. En Skódinn var fyrsta farartækið í minni eigu og var notaður alveg óspart. Mér var alltaf fremur hlýtt til hans. Svo held ég að ég hafi selt hann fyrir slikk þegar ég fór utan í nám. Ég á reyndar Skóda núna líka en það er allt annar bíll og mun fallegri enda er hann aldrei kallaður Skódi ljóti.


Nýjasta útgáfan af Yaris er, eins og gildir um fleiri smábíla, stærri en þær fyrri.

# Kraftmikil hönnun og framtíðarpakki

Bílasýningin í Frankfurt árið 2005 markar upphaf annarrar kynslóðar af Toyota Yaris, sem undanfarin ár hefur verið söluhæsti bíll Toyota í Evrópu.
Síðan Yaris leit fyrst dagsins ljós hefur hann unnið til fjölda verðlauna fyrir öryggi, áreiðanleika, aksturseiginleika og útlit og er fyrsti bíllinn sem vann valinn hefur verið Bíll ársins bæði í Evrópu og í Japan sama árið.

TOYOTA YARIS

Vélar: 1,0 (B), 1,3 (B) og 1,4 (D)
Skipting: bsk, MMT
Dyrafj.: 3-5
Sæti: 5
Stöðugleikabúnaður: ABS, EBD og BA hemlunarkerfi
Umboð: P. Samúelsson
Verð frá: Auglýst síðar



Í fjölmiðlum er nú fjallað um verðbólguna sem komin er framúr verðbólgumarkmiðum Seðlabankans en þau lágu til grundvallar kjarasamningum bæði á almennum vinnumarkaði og hjá hinu opinbera. Fulltrúar Samtaka atvinnurekenda segja að vel komi til greina af þeirra hálfu að segja upp kjarasamningum og í Fréttablaðinu er flennistór fyrirsögn yfir viðtölum við fulltrúa þeirra og fjármálasérfræðinga: Kaupmátturinn í landinu er of hár. Það má til sanns vegar færa að sé því haldið fram að ef krónan sé of hátt skráð miðað við þarfir íslenskra framleiðsluatvinnuvega þá sé jafnframt verið að segja að kaupmáttur þjóðarinnar sem heildar sé of mikill. Hér þarf þó að gera tvo mjög mikilvæga fyrirvara. Í fyrsta lagi eru mikil áhöld um að hátt gengi krónunnar hafi skilað sér í vöruverði á innfluttum varningi og þar með í auknum kaupmætti almennings. ... Í öðru lagi þarf að gera alvarlegan fyrirvara við þá alhæfingu að kaupmáttur allra sé of mikill.

**Ögmundur Jónasson á ogmundur.is**

### Endalaust kjaftæði um jafnréttismál

Ég er orðin afskaplega þreytt á endalausu kjaftæði um jafnréttismál. Ég vil að eitthvað gerist, eitthvað sem sýnir að okkur er alvara. Þess vegna var gott að Ingibjörg Sólrún varð formaður Samfylkingarinnar; þá gerðist eitthvað. Líka ef Þorgerður Katrín (sem ég bind alltaf vonir við að verði aðeins meðvitaðri) verður varaformaður Sjálfstæðisflokksins. Og það gladdi mig að heyra í Runólfi Ágústsyni rektor á Bifröst í Kastljósi þar sem fram kom að þau þar ætla að styrkja konurnar í nemendahópnum með því að kalla til konur sem standa framarlega í atvinnulífinu til að miðla þeim af reynslu sinni. Þetta eru góð viðbrögð við niðurstöðum könnunar sem sýndi að konurnar standa sannanlega höllum fæti þegar út í atvinnulífið kemur.

**Svanfríður Jónasdóttir á jafnadarmenn.is/svanfridur**

### Sameining sveitarfélaga

Segjum nú svo að sú sameingarhugmynd sem nú er upp á borðum yrði ekki að veruleika. Þá finnt mér að við ættum í fullri alvöru að skoða möguleika á sameiningu Hveragerðis og Ölfuss.ÝHveragerði er náttúrulegur hluti af Ölfusi – er bara þéttbýli í Ölfusi eins og Þorlákshöfn.Ý"Þorláksgerði" yrði stórt og öflugt sveitafélag, landfræðilega eðlilegt. Næði frá hafi til fjalls og á aðra höndina hin volduga Ölfusá, fjallið á hina.ÝEftir tíu til tuttugu ár nær samfelld byggð.ÝNú þegar eru þéttbýliskjarnar að spretta upp á öðrum hvorum bæ.ÝÞað yrði svo seinni tíma pæling hvort að „Þorláksgerði" og Árborg sem auðvitað innbyrðir litlu hreppana fyrr eða síðar sameinuðu krafta sína.

**Baldur Kristjánsson á baldur.is**

AF NETINU

### Bændabragur á fréttaflutningi

Við Íslendingar teljum okkur vera mikla heimsborgara í flestu sem við tökum okkur fyrir hendur en eitt kom mér mikið á óvart þegar ég flutti heim eftir nokkurra ára búsetu erlendis, þ.e. íslenskur fréttaflutningur. Í öllum þeim hræðilegu hamförum sem hafa riðið yfir heiminn á síðasta ári varð ég mjög vonsvikin með fréttaflutninginn hér á landi. Tökum sem dæmi fellibylinn Katrínu sem lagði líf mörg hundruð þúsund manna í rúst, ef ekki milljóna. Eðli málsins samkvæmt var mikil áhersla lögð á fréttir af hamfarasvæðunum og fréttaflutningur um málið tók hluta fréttatímans. Þá var bæði fréttastofa Sjónvarpsins og Stöðvar 2 með nokkurra mínútna pistla um allan þann hrylling sem fylgdi í kjölfar fellibylsins. Þar var jú fjallað um eyðileggingu húsa og að margra þúsunda væri saknað og að 60 þúsund manns sætu föst inni í hinu svo kallaða Super Dome þar sem það þyrfti að þola miklar hörmunar. Síðan kom næsta frétt, sem var jafnlöng og sú fyrsta og fjallaði um að íslenskrar konu væri saknað í Mississippi eftir fellibylinn. Með fullri virðingu fyrir fjölskyldu þessarar konu og angist þeirra fannst mér gert fullmikið úr því máli. Sömu sögu var að segja með dagblöðin. Ein forsíðan var með fyrirsögninni stórum stöfum: Íslenskrar konu saknað í Mississippi og löng grein um það henni meðfylgjandi. Annars staðar var mynd af svartri konu með nakið barn sitt í fanginu á flótta undan glæpamönnum fyrir utan Super Dome með texta undir myndinni og ekki meira fjallað um það á þessari forsíðu. Með þessu finnst mér verið að mismuna og sýna fórnarlömbum Katrínar vanvirðingu. Mörg hundruð þúsund manns eru heimilislausir, nokkur hundruð látnir og tugir þúsunda lifðu við ólýsanlegar aðstæður þar sem manndjöflar drápu, nauðguðu og rændu slasaða, konur og börn. Að einn Íslendingur sé týndur í öllum þessum hörmungum fái jafn mikið vægi hjá íslenskum fréttastofum finnst mér ekki við hæfi.

**Þorgerður Pálsdóttir á tikin.is**

### Við sama heygarðshornið

Afstaða vinstri manna til menntamála er lýsandi fyrir afstöðu þeirra til mála almennt. Það hefur engu breytt þótt vinstri menn kalli sig nú gjarnan „nútímalega jafnaðarmenn", „félagshyggjumenn" eða „óháða", þeir eru við sama heygarðshornið og áður. Telji þeir sig einhvers staðar sjá að gera megi betur líta þeir jafnan til ríkiskassans og vilja draga meira fé úr honum. Útgjöldin eru aldrei næg að þeirra mati og þrátt fyrir að Ísland slái heimsmet í ríkisútgjöldum vilja þeir að lengra sé gengið.Á sama tíma gera þeir allt sem þeir geta til að koma í veg fyrir að peningarnir verði nýttir skynsamlega. Þannig hafa vinstri sinnuð borgaryfirvöldin ítrekað brugðið fæti fyrir einkarekstur í skólakerfinu og vinstri menn tala jafnan gegn slíkum rekstri. Þeir mega ekki til þess hugsa að aðrir en ríkisstarfsmenn kenni börnunum að lesa eða unglingunum að reikna. Um leið kvarta vinstri menn svo jafnvel stundum yfir því að aðhaldið í ríkisfjármálum sé of lítið. Hver skyldi lausnin á því svo vera? Jú, hún er að ríkið lækki ekki skatta.

**Vefþjóðviljinn á andriki.is**




## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 4.514 **-2,17%** **Fjöldi viðskipta:** 1.189 **Velta:** 4.910 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Ekkert félag hækkaði** | | **Icelandic Group** | -6,64% |
| | | **Landsbankinn** | -3,98% |
| | | **Marel** | -3,33% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 40,40 -0,50% ... Bakkavör 41,50 -1,60% ... Burðarás 17,80 -3,30% ... FL Group 14,50 -2,70% ... Flaga 3,90 -2,50% ... HB Grandi 9,10 +0,00% ... Íslandsbanki 14,55 -2,40% ... Jarðboranir 19,80 -1,50% ... KB banki 583,00 -1,70% ... Kögun 54,00 -2,20% ... Landsbankinn 21,70 -4,00% ... Marel 61,00 -3,30% ... SÍF 4,67 -1,090% ... Straumur 13,50 -2,50% ... Össur 84,50 -2,30%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Stærsta flugfélag í Evrópu

Fréttir af viðræðum FL Group við Fons eignarhaldsfélag um möguleg kaup á Sterling hleyptu lífi í pælingar um framtíð FL Group. Ljóst er að Hannes Smárason, stjórnarformaður FL Group, dreymir stóra drauma fyrir hönd félagsins. FL Group á stóran hlut í easyJet og með Sterling í farteskinu gæti verið komin upp áhugaverð staða þar sem möguleiki væri á sameiningu Sterling og easyJet. Tenging við Atlantshafsflug Flugleiða myndi við það aukast verulega. Það þýddi aftur á móti að hefjast þyrfti handa fljótlega við að stækka flugstöðina í Keflavík.



Almar Guðmundsson og Pálmi Haraldsson hafa verið á fullu í tiltekt í Sterling og margir eru þeirra skoðunar að Pálmi hafi einmitt séð fyrir sér að Sterling yrði góð söluvara eftir tiltekt. Pálmi er öflugur fjárfestir og fljótur að koma auga á hagræðingarmöguleika. Líklegt er að hann hafi meira gaman af því að taka skjótan hagnað og snúa sér að næsta verkefni, en að burðast með stóra fjárfestingu í mörg ár.

### Veltubók FL Group

Ráðning Alberts Jónssonar til FL Group frá Lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna þykir einnig benda í ákveðnar áttir í sambandi við framtíð FL Group. Albert var virkasti lífeyrissjóðafjárfestirinn á markaðnum og tók herfræðilegar stöður sem skiluðu góðum hagnaði hvað eftir annað. Flugleiðir hafa sterkt sjóðstreymi og Albert mun stýra ávöxtun þeirra fjármuna sem renna í gegnum félagið. Flugfélög þurfa stundum að bregðast hratt við og breyta eignum í lausafé. Markviss stýring slíkrar veltu getur haft mikla þýðingu fyrir félagið. Hvert prósent í betri ávöxtun sterkrar lausafjárstöðu skilar sér í reksturinn. Það má því búast við aukinni þátttöku FL Group á hlutabréfamarkaði bæði hér heima og erlendis.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

**Roger Lakhani** tók nýlega við stöðu fjármálastjóra **Atlantis Group**. Roger, sem er 38 ára, hefur MS-gráðu í loftferða- og geimferðavísindum frá MIT og doktorsgráðu frá Tokyo Institute of Technology í geimvélaverkfræði, auk MBA-gráðu frá Instituto de Empresa frá Madrid.

Landsframleiðslan á árinu 2004 varð 885 milljarðar og óx að raungildi um 6,2 prósent frá fyrra ári. Þessi vöxtur kemur í kjölfar 3,6 prósent vaxtar á árinu 2003. Vegna nokkru lakari viðskiptakjara og aukinna vaxta- og arðgreiðslna til útlanda uxu þjóðartekjur nokkru minna, um 4,9 prósent.

**Samband íslenskra sveitarfélaga** hefur tekið saman yfirlit um þróun launagreiðslna sveitarfélaga og segir þær hafa hækkað um tíu prósent á fyrri helmingi þessa árs miðað við sama tímabil í fyrra.



FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON** Baugur á nú um tíu prósenta hlut í French Connection. Talið er að annað hvort kaupi Baugur fyrirtækið eða að stofnandi þess kaupi sjálfur félagið af markaði á hærra verði en nú er á félaginu.

# Baugur kaupir meira í French Connection

### Baugur hefur aukið hlut sinn í French Connection.

Baugur Group hefur eignast tíu prósenta hlut í tískuverslunarkeðjunni French Connection. Verðmæti hlutarins er um þrír milljarðar króna.

Breska félagið hefur átt undir högg að sækja undanfarna mánuði vegna minnkandi sölu, eins og margar smásölukeðjur, og dróst hagnaður þess saman um 69 prósent á fyrri helmingi ársins samanborið við árið áður. Hagnaður fyrir skatta var rétt um sex hundruð milljónir króna. Tekjur félagsins drógust einnig saman um átta af hundraði; voru um 13,3 milljarðar.

Bréf French Connection hækkuðu í kjölfar uppgjörsins, en markaðurinn átti von á slöku uppgjöri auk þess sem kaup Baugs hafa haft áhrif til hækkunar. Óljóst er hvert stefnir með þessa fjárfestingu Baugs en Stephen Marks, stofnandi fyrirtækisins, á ríflega fjörutíu prósent í félaginu. Ljóst er að Baugur mun ekki taka félagið yfir nema með hans samþykki. Marks þykir hafa staðnað og fyrirtækið lítið gert annað upp á síðkastið en að lifa á fornri frægð. Ýmis tækifæri eru talin liggja í rekstrinum. Annað af tvennu er talið líklegast. Annað hvort kaupi Marks fyrirtækið sjálfur af markaði á hærra verði en nú eða að hann vilji selja sig út. Ekki er talið líklegt að Baugur muni kaupa fyrirtækið með hann við stjórnvölinn.

**- hh**

# Hlutabréf í Kauphöllinni lækka þriðja daginn í röð

### Öll Úrvalsvísitölufélögin nema eitt féllu í verði. Fjárfestar leysa út hagnað í skugga slæmra verðbólgufrétta.

Gærdagurinn var rauður í Kauphöllinni. Úrvalsvísitalan lækkaði skarpt þriðja daginn í röð og hefur þá fallið um fimm prósent frá því á föstudaginn þegar hún náði hæsta gildi frá upphafi, 4.748 stigum.

Dagurinn byrjaði með miklum látum en vísitalan féll um þrjú prósent á fyrsta hálftímanum. Öll stóru fyrirtækin lækkuðu talsvert, að Actavis undanskildu, en mest féllu bréf í Landsbankanum, um 4,0 prósent. Bréf í KB banka og Íslandsbanka lækkuðu um tvö prósent en hlutabréf í fjórtán af fimmtán félögum í Úrvalsvísitölunni lækkuðu í verði.

Bjarki Logason, hjá greiningardeild Landsbankans, telur að verðbólgutíðindin á mánudaginn og neikvæð umræða um stöðu efnahagsmála síðustu daga skýri að miklu leyti þá lækkun sem orðið hafi á hlutabréfum í vikunni, ásamt því að eftir miklar hækkanir undanfarnar vikur sé líklegt að fjárfestar séu að innleysa hagnað. Hann telur að um skammtímalækkanir sé að ræða: „Það eru engar slæmar fréttir að koma frá fyrirtækjunum, sem flest hafa verið að skila fínum uppgjörum og standa í mikilli útrás. Þótt Úrvalsvísitalan hafi fallið í vikunni er hún í sama gildi og um miðjan ágúst.“

Í Morgunkorni Íslandsbanka er tekið í sama streng, að fjárfestar séu að leysa út hagnað eftir miklar hækkanir undanfarið. „Ekki er nema eðlilegt að markaðurinn gangi að hluta til baka eftir þær miklu hækkanir sem verið hafa síðustu mánuði. Í því felast einfaldlega eðlileg skoðanaskipti meðal fjárfesta á markaði,“ segir í Morgunkorninu.

Bjarki segir að erfitt sé að spá fyrir um framhaldið en ekki kæmi á óvart þó markaðurinn myndi lækka enn frekar, til dæmis geti neikvæð umræða í fjölmiðlum haft sitt að segja. „Við höfum sagt það í nokkurn tíma að markaðurinn sé frekar hátt verðlagður en ekki átt von á hruni markaðarins. Það geta alltaf komið skammtímalækkanir eins og við sáum á svipuðum tíma í fyrra. Eðli hlutabréfamarkaða er að sveiflast bæði upp og niður, þó stefnan hafi að mestu verið upp á við hérlendis síðustu ár, og því er í raun ekkert óeðlilegt við þessar lækkanir.“

**eggert@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**VERÐBRÉFAMIÐLARAR AÐ STÖRFUM** Úrvalsvísitalan hefur lækkað skarpt þrjá daga í röð en þetta er mesta lækkun hennar frá því í lok október á síðasta ári.






**FLUGVÉLAR STERLING** Uppsagnir 230 starfsmanna munu ekki hafa áhrif á flugstarfsemina, segir Pálmi Haraldsson.

# Ekkert tilboð í Sterling liggur fyrir

### 230 manns sagt upp hjá Sterling Airways í gær.

Pálmi Haraldsson, annar eigandi danska flugfélagsins Sterling Airways, segir viðræður við FL Group um kaup á félaginu á byrjunarreit. Engar tölur um hugsanlegt kaupverð hafi flogið á milli manna. Hann hafi ekki enn hitt forsvarsmenn FL Group enda sé málið á borði ráðgjafa hans. Einungis sé búið að komast að samkomulagi um að hefja þessar viðræður að frumkvæði FL Group og fyrsti formlegi fundurinn hafi verið í fyrradag. Engum sé hleypt óhikað í upplýsingar úr rekstri flugfélags og því þurfi að nást samkomulag um hvaða gögn væntanlegir kaupendur fái í hendur til að byggja tilboð sitt á. Nokkuð langt sé í að niðurstaðan fáist í málið, hver sem hún verði.

„Sterling í dag er allt annað en í gær,“ sagði Pálmi, en formlega var gengið frá sameiningu Sterling og Mærsk-flugfélagsins í fyrradag. Í gær var 230 starfsmönnum svo sagt upp störfum, sem Pálmi sagði jafnvel mikið á danskan mælikvarða. „Við erum að sameina tvö stór félög í eitt stórt flugfélag og segjum upp tæplega 200 manns bara á skrifstofum,“ sagði hann en það hefði ekki áhrif á flugstarfsemina. Málið væri mjög vel undirbúið og rætt hefði verið við verkalýðshreyfinguna og farið að tilsettum reglum.

Aðspurður um framtíð lággjaldaflugfélagsins Iceland Express, sem einnig er í eigu Pálma og Jóhannesar Kristinssonar, sagðist Pálmi ekkert geta sagt. Hann vissi ekki ennþá hver vilji FL Group væri.

**– bg**

# Nýjar verslanir í Kringluna

Fjórar alþjóðlegar tískuverslanakeðjur bætast innan skamms við verslunarflóru Kringlunnar. Þetta eru kvenfataverslunin Whistles, sem er í eigu Mosaic Fashions, All Saints, sem opnar sína fyrstu verslun utan Bretlandseyja, Warehouse, sem er þekkt breskt tískumerki, og Shoe Studio Group, sem opnar aftur eftir endurbætur en verslunin selur töskur og skó. All Saints og Warehouse selja tískufatnað og fylgihluti.

Verslanirnar verða þar sem veitingastaðurinn Hard Rock Café var áður til húsa.

**- eþa**



FRÉTTABLAÐIÐ/HÖ.S.

**TÍSKUSÝNING** Fjórar alþjóðlegar tískuverslanir verða opnaðar í Kringlunni bráðlega.

# KENWOOD

## HÁGÆÐA HRÆRIVÉLAR OG MATVINNSLUVÉLAR



Patissier

**MX270**

**Hágæða hrærivél gerð í anda sígildrar breskrar hönnunar**

- 4 lítra skál úr ryðfríu stáli með handfangi
- Kröftugur tólf hraða 400w mótor
- Þrír spaðar; hrærari, hnoðari og pískari
- Fæst í rauðu og hvítu

Fullt verð kr. 29.995
**KYNNINGARTILBOÐ kr. 19.995**

**KM315**



**4,6 lítra HRÆRIVÉL**
- Skál úr ryðfríu stáli með handfangi
- Kröftugur 700w mótor
- Sjálfvirkur elektróniskur hraðastillir með púls
- Þrír spaðar: hrærari, hnoðari og pískari

Fullt verð kr. 32.995
**Kynningarilboð kr. 23.995**

**KM316**



**4,4 lítra stálgrá HRÆRIVÉL með hakkavél**
- 4,4 lítra KENLITE skál
- Kröftugur 700w mótor
- Sjálfvirkur elektróniskur hraðastillir með púls
- Þrír spaðar: hrærari, hnoðari og pískari

Fullt verð kr. 39.995
**Kynningarilboð kr. 27.995**

**FP920**



**1,5 lítra BLANDARI með glerkönnu**
- Kröftugur 1000w mótor
- Blandari
- Fjöldi aukahluta

Fullt verð kr. 15.995
**Kynningarilboð kr. 11.995**

KENWOOD
HEIMILISTÆKI ER UMBOÐSAÐILI KENWOOD Á ÍSLANDI

**Heimilistæki**
SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is

**ROBERT PENN WARREN (1905-1989)** lést þennan dag.



*„Hvað er ljóð annað en hættuleg tilraun til skilnings á sjálfinu? Það er djúpstæðasti hluti sjálfsævisögu.“*

***Robert Penn Warren var bandarískt skáld og rithöfundur. Hann hlaut Pulitzer-verðlaunin þrisvar sinnum meðal annars fyrir bókina Allir kóngsins menn, sem síðar var kvikmynduð.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 15. SEPTEMBER 1964

# The Sun hefur útgáfu sína

Á þessum degi fyrir 41 ári kom breska dagblaðið The Sun út í fyrsta sinn. Útgáfufyrirtækið Mirror Group gaf The Sun út, en blaðið leysti The Daily Herald af hólmi, en það hafði verið rekið með halla um hríð.
Fyrsta tölublaðið kom út aðeins mánuði fyrir þingkosningar, en ritstjórnarstefnu blaðsins var lýst sem „róttækri og óháðri“, og ekki yrði gengið erinda sérstakra stjórnmálaafla, ólíkt forveranum sem hafði sterk tengsl við Verkamannaflokkinn. Fyrsti ritstjóri blaðsins var Sidney Jacobsen.
Fimm árum eftir að fyrsta tölublaðið kom út var The Sun boðið til sölu, en ekki hafði tekist að losna við skuldasúpuna sem fylgdi taprekstri The Daily Herald. Um það bil milljón manns lásu blaðið að staðaldri. Fjölmiðlakóngurinn Rupert Murdoch festi kaup á blaðinu en hann átti News og the World fyrir. Murdoch breytti ritstjórnarstefnunni og gerði blaðið að götublaði og þeirri stefnu hefur það fylgt allar götur síðan. Árið 1978 fór The Sun fram úr sínum helsta andstæðingi, The Mirror, hvað lestur varðar.
Blaðið var að jafnaði hlutlaust í kosningum fram til ársins 1997 þegar það lýsti yfir stuðningi við Tony Blair. Í fyrra var upplag blaðsins 3,4 milljón eintök.



**RUPERT MURDOCH**

## MERKISATBURÐIR

**1916** Skriðdrekar eru notaðir í fyrsta sinn í styrjöld í átökum milli Breta og Þjóðverja.
**1935** Nasistar byrja að nota hakakrossinn sem tákn fyrir Þriðja ríkið.
**1940** Konunglegur flugher Breta gersigrar þýska flugherinn í bardaga við strendur Bretlands. Þýsku flugvélarnar voru fjórum sinnum fleiri en þær bresku.
**1967** Útsendingar sjónarpsstöðvar varnarliðsins eru takmarkaðar við Keflavíkurflugvöll og næsta nágrenni hans en stöðin fékk starfsleyfi í mars 1955.
**1994** Helgi Áss Grétarsson verður heimsmeistari í skák í flokki tuttugu ára og yngri. Hann hlýtur jafnframt stórmeistaratitil aðeins sautján ára.

LEGSTEINAR
S. HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is



Rúnar Geirmundsson
Sigurður Rúnarsson
Elís Rúnarsson
Þegar andlát ber að
Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.
Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110,
893 8638 og 897 3020
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990



†

*Elskuleg móðir okkar, systir, amma og langamma,*

**Sigurlaug Barðadóttir**
Vogatungu 55, Kópavogi,

andaðist á líknardeild Landakotsspítala þriðjudaginn 13. september síðastliðinn. Útför verður auglýst síðar.

**Helga Valdimarsdóttir**
**Björg Valdimarsdóttir**
**Barði Valdimarsson**
**Guðrún Margrét Valdimarsdóttir**
**Ingibjörg Barðadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur sonur, bróðir og mágur,*

**Steingrímur Kristjónsson**
Laugavegi 143, Reykjavík,

er látinn.

**Guðbjörg Jóhannsdóttir**
**Guðrún Kristjónsdóttir** — **Gylfi Knudsen**
**Laufey Kristjónsdóttir** — **Sverrir Þórólfsson**
**Linda Rós Kristjónsdóttir** — **Sigurður Gunnarsson**
**Jóhann Kristjónsson** — **Kristín Egilsdóttir**
**Arnrún Kristinsdóttir** — **Einar Þorvarðarson**
**Finnbogi E. Kristinsson** — **Sólveig Birgisdóttir**
**Hjörtur Kristinsson** — **Dagný Emma Magnúsdóttir**
**Anna Kristinsdóttir** — **Gunnar Örn Harðarson**
**Árni Kristinsson** — **Ingibjörg Jónsdóttir**
**og fjölskyldur.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Matthildur Sigurðardóttir**
frá Hrauni í Grindavík,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Víðihlíð í Grindavík laugardaginn 10. september, verður jarðsungin 17. september kl. 13.00 frá Grindarvíkurkirkju. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á hjúkrunarheimilið Víðihlíð.

**Bjarni Ágústsson** — **Karen Pétursdóttir**
**Ólafur Ágústsson**
**Sigrún Ágústsdóttir** — **Guðlaugur Óskarsson**
**Hallbera Ágústsdóttir** — **Guðmundur Finnsson**
**Bára Ágústsdóttir** — **Jens Óskarsson**
**Alda Ágústsdóttir** — **Kári Hartmannsson**
**Ása Ágústsdóttir** — **Guðmundur Lárusson**
**Þórdís Ágústsdóttir** — **Marteinn Karlsson**
**Sigríður Ágústsdóttir** — **Sigurjón Jónsson**
**Sigurður Ágústsson** — **Albína Unndórsdóttir**
**Hrönn Ágústsdóttir** — **Þorsteinn Óskarsson**
**Bylgja Ágústsdóttir** — **Walter Borgar**
**Sv. Ægir Ágústsson** — **Sólveig Sveinsdóttir**
**Sjöfn Ágústsdóttir** — **Finnbogi Þorsteinsson**
**og aðrir aðstandendur.**

ÁSTA MÖLLER VARAÞINGMAÐUR FÆR FAST SÆTI Á ALÞINGI:

# Stokkar spilin í september

„Ég hafði ekki reiknað með því að fara varanlega á þing en er tilbúin að stökkva þegar kallað er,“ segir Ásta Möller, varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins, sem fær fast sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili í stað Davíðs Oddssonar, sem hætti svo eftirminnilega á dögunum. Brotthvarf Davíðs úr stjórnmálum kom Ástu á óvart og fór því framtíðarskipulagið nokkuð úr skorðum.
„Ég var núna um miðjan ágúst að taka við sem framkvæmdastjóri hjá Liðsinni, sem er einkafyrirtæki í heilbrigðisþjónustu, og gerði ráð fyrir því að gegna því starfi í vetur jafnframt því sem ég hafði áformað að ljúka meistaraprófsritgerðinni minni,“ segir Ásta en hún er menntaður hjúkrunarfræðingur. „Fyrir utan það var ég búin að taka við að stjórna Landssambandi sjálfstæðiskvenna,“ segir Ásta, sem gerir sér grein fyrir að ekki verði bæði sleppt og haldið í þessum málum. „Það verður höfuðverkur septembermánaðar að stokka spilin þannig að þau komi rétt út,“ segir Ásta hlæjandi.
Ásta stefnir á að halda áfram í pólitík og stefnir á þingsetu svo lengi sem hún nýtur til þess stuðnings. Hún hefur sérstaklega beitt sér í heilbrigðismálum og ætlar að halda því áfram. „Þeir eru ekki margir sem hafa bakgrunn og reynslu í þessum flókna málaflokki á þingi nú,“ segir Ásta en hún hefur verið talsmaður flokksins í þessum málum. Ásta hefur einnig áhuga á fjölskyldu- og jafnréttismálum og hefur mikinn áhuga á að auka möguleika kvenna á þátttöku í atvinnulífinu. Hún vill auka samstarf ríkis og einkaaðila á sviði mennta- og heilbrigðismála en í þeim málaflokki hafa konur menntað sig mest.
Sumrinu hefur Ásta varið að stórum hluta vestur í Borgarfirði þar sem hún og maður hennar leggja nú lokahönd á byggingu heilsárshúss. „Við erum svolitlir sveitamenn í okkur og keyptum okkur hluta í jörð,“ segir Ásta glaðlega en hún er hestakona og hefur farið í nokkrar hestaferðir í sumar. Ástu er fjölskyldan mjög mikilvæg en hún gefur sér einnig tíma fyrir önnur áhugamál eins og bókalestur og útsaum auk þess sem þau hjónin rífa sig upp eldsnemma á hverjum morgni og skella sér í sund.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**ÁSTA MÖLLER ÞINGMAÐUR** Ásta er hestakona með áhuga á skógrækt, bókalestri og útsaum.



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Baldur Gunnarsson**
Móabarði 10, Hafnarfirði,

lést laugardaginn 10. september.
Jarðarförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði mánudaginn 19. september kl. 15.00.

**Alda Traustadóttir**
**Kristín Marja Baldursdóttir** — **Björgvin Björgvinsson**
**Dagbjörg Baldursdóttir** — **Tómas Frosti Sæmundsson**
**Trausti Baldursson** — **Gunnhildur Pálsdóttir**
**Gunnur Baldursdóttir** — **Svavar Ellertsson**
**Alda Baldursdóttir** — **Þorsteinn Jónsson**
**Þórdís Kristjánsdóttir** — **Magnús Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Elskuleg eiginkona mín, dóttir mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Laufey Alda Guðbrandsdóttir**
Sleitustöðum, Skagafirði,

verður jarðsungin frá Hóladómkirkju laugardaginn 17. september klukkan 14.00.

**Jón Sigurðsson**
**Hulda Regína Jónsdóttir**
**Reynir Þór Jónsson** — **Ingibjörg Jónsdóttir**
**Íris Hulda Jónsdóttir** — **Björn Gunnar Karlsson**
**Gísli Rúnar Jónsson**
**Lilja Magnea Jónsdóttir** — **Skúli Hermann Bragason**
**og ömmubörn.**

## ANDLÁT

**Steingrímur Kristjónsson**, Laugavegi 143, Reykjavík, er látinn.

**Þorbjörn Ólafsson**, Hringbraut 50, andaðist sunnudaginn 4. september. Útför hefur farið fram.

**Sveinbjörg Georgsdóttir**, Hæðargarði 35, Reykjavík, lést á Landspítala Fossvogi fimmtudaginn 8. september.

**Baldur Gunnarsson**, Móabarði 10, Hafnarfirði, lést laugardaginn 10. september.

**Hörður Ágústsson**, listmálari, lést á Landspítala við Hringbraut laugardaginn 10. september.

**Kristján S. Kristjánsson**, fyrrverandi fjárhagsáætlunarfulltrúi, Efstaleiti 10, Reykjavík, lést laugardaginn 10. september.

**Júlíus A. Fossdal**, Brekkubyggð 5, Blönduósi, lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri sunnudaginn 11. september.

**Óli Bergholt Lúthersson**, húsvörður, Ásbraut 21, Kópavogi, lést á Landspítala Hringbraut mánudaginn 12. september.

## JARÐARFARIR

13.00 **Daði Þór Guðlaugsson**, Mávahlíð 6, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

## AFMÆLI

**Ásgeir Jakobsson** bifreiðarstjóri, dvalarheimilinu Skjóli, áður til heimilis á Langholtsvegi 17, er 100 ára.



**Rannveig Guðmundsdóttir** alþingismaður er 65 ára.



**Páll Gunnar Pálsson**, forstjóri FME, er 38 ára.



**Ragnar Bragason** kvikmyndagerðarmaður er 34 ára.



**Eiður Smári Guðjohnsen** knattspyrnumaður er 27 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



1789 **James Fenimore Cooper** rithöfundur.



1879 **William Howard Taft**, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna.



1890 **Agatha Christie** rithöfundur.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.




Allt um tísku og ferðir
á fimmtudögum í Fréttablaðinu.

allt





## Heyrst hefur ...

... að Helena Ólafsdóttir knattspyrnuþjálfari ætli sér að þjálfa meistaraflokkslið á næstu leiktíð en hún stýrði KR undir lok þessarar leiktíðar. KR-ingar hafa áhuga á því að halda Helenu sem þjálfara og sú saga er einnig í loftinu að Breiðablik hafi áhuga á að ráða hana til sín.

# sport

sport@frettabladid.is

**ÚLFAR HINRIKSSON KNATTSPYRNUÞJÁLFARI:** EKKI VÍST AÐ HANN ÞJÁLFI BREIÐABLIK ÁFRAM

# *Tvöfaldi meistarinn var næstum rekinn*



Miklar væringar eiga sér stað innan herbúða kvennaliðs Breiðabliks þessa dagana. Liðið vann tvöfalt á þessari leiktíð en þrátt fyrir það er ekki víst að Úlfar Hinriksson fái að þjálfa liðið áfram. Reyndar var Úlfar ekki eini aðalþjálfari liðsins í sumar því Björn Kristinn Björnsson var einnig ráðinn sem þjálfari liðsins.

Fór það reyndar fram hjá flestum landsmönnum enda var ekki tilkynnt um ráðninguna á heimasíðu félagsins og svo lét Úlfar þess aldrei getið í viðtölum í sumar að hann bæri einn ábyrgð á árangri liðsins.

Ástæða þess að Björn kom til skjalanna var sú, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, að meistaraflokksráð félagsins var ekki ánægt með árangur liðsins á undirbúningstímabilinu og treysti Úlfari ekki til þess að klára dæmið.

Sömu heimildir herma að til tals hafi komið að reka Úlfar úr starfi en lendingin í málinu var sú að ráða Björn með Úlfari þegar aðeins vika var í Íslandsmótið. Sú áætlun gekk fullkomlega upp en ekki er víst að bikararnir nægi þeim félögum til þess að halda starfinu.

„Þeir félagar eru búnir að gera fína hluti. Við erum ekki búnir að ákveða framhaldið og allt tekur sinn tíma. Menn verða að bíða þolinmóðir eftir svörum," sagði Karl Brynjólfsson, formaður meistaraflokksráðs Breiðabliks, en meistaraflokksráðið fundaði um þjálfaramálin í gær.

Úlfar og Björn staðfestu báðir við Fréttablaðið í gær að þeir hefðu áhuga á því að halda áfram með liðið en stóra spurningin er hvort þeirra krafta sé óskað áfram.

## > Við finnum til með ...



... knattspyrnuþjálfaranum Birni Kristni Björnssyni sem varð Íslands- og bikarmeistari með Breiðablik í sumar án þess að nokkur frétti af því. Það láðist nefnilega að tilkynna að hann væri þjálfari liðsins ásamt Úlfari Hinrikssyni. Hvorki Úlfar né meistaraflokksráð félagsins sáu ástæðu til þess að miðla upplýsingunum í allt sumar og það var fyrst í gær sem sannleikurinn kom í ljós.

## > Við lýsum eftir ...



.... hugrökkum einstaklingum sem eru tilbúnir að dæma handboltaleiki. Íslensk félög verða að gera átak í dómaramálunum hjá sér því ef þau gera það ekki verður fátt um mannskap til að flauta. Íslenskir handboltadómarar eru að verða útdauð tegund og við því verður að bregðast.

Kvennalið ÍBV í fótbolta:

# Leikmenn að fara frá Eyjum



**ENGAR EFTIR** Sögusagnir eru á kreiki um að kvennalið ÍBV verði fyrir mikilli blóðtöku fyrir næsta leiktímabil.

**FÓTBOLTI** Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að kvennalið ÍBV muni verða fyrir mikilli blóðtöku fyrir næstu leiktíð í Landsbankadeild kvenna. Eyjapæjur urðu í þriðja sæti deildarinnar Þær Elín Anna Steinarsdóttir og Hólmfríður Magnúsdóttir, tvær af þremur markahæstu leikmönnum liðsins frá því í sumar, hafa báðar verið sterklega orðaðar við önnur félög.

Þegar Fréttablaðið hafði samband við þær vild hvorug þeirra tjá sig um hvað tæki við á næsta tímabili. Samningur Elínar Önnu rennur út um áramótin en Hólmfríður á eitt ár eftir af sínum samningi við félagið en getur þó nýtt sér uppsagnarákvæði sem er í honum.

Páll Scheving, formaður meistaraflokksráðs ÍBV, sagðist eiga von á miklum breytingum hjá ÍBV fyrir næstu leiktíð. „Það eru ákvæði um að leikmenn geti fengið að ræða við önnur lið í einn mánuð. Við erum vön því hérna í Eyjum að miklar mannabreytingar verði á liðinu jafnt í karla og kvennaflokki. Hvað varðar einstaka leikmenn þá höfum við ekkert rætt við þá því við vitum ekki hverjir eiga eftir að starfa fyrir deildina," sagði Páll Scheving. **-hh**




# Cisco Networking

Fræðslusetur Sensa býður upp á metnaðarfull námskeið í netfræðum. Öll námskeiðin byggjast á verklegri þjálfun og gefa þátttakendum góðan stuðning til að viðhalda eigin kerfum.

**Eftirfarandi námskeið eru í boði á haustönn:**

| | |
|---|---|
| **Netfræði 1** | 21. - 24. september |
| **Netfræði 2** | 8. - 11. október |
| **Þráðlaus netkerfi** | 12. - 13. október |
| **Netfræði Enterprise** | 19. - 21. október |
| **Netöryggi** | 2. - 4. nóvember |
| **Cisco CallManager** | 9. - 11. nóvember |

Námskeiðin eru haldin í húsakynnum Sensa ehf. að Lynghálsi 4.
Allar nánari upplýsingar eru að finna á slóðinni www.sensa.is

**Athugið að fjöldi þátttakenda á hverju námskeiði er takmarkaður.**

Cisco Systems | Silver Certified Partner

sensa
Sensa ehf - Lyngháls 4 - 110 Reykjavík
Sími 414 1400 - www.sensa.is


# Vandræðamenn sáu rautt

## Átta leikir fóru fram í meistaradeild Evrópu í gærkvöld og fengu leikmenn þriggja liða að sjá rauða spjaldið, allir þekktir vandræðamenn.

**FÓTBOLTI** Það leit út fyrir að heldur lítið yrði skorað í leikjum gærkvöldsins í meistaradeild Evrópu en í hálfleik var einungis búið að skora tvö mörk í leikjunum átta. Það átti reyndar eftir að rætast úr því í síðari hálfleik og lauk einungis einum leik með markalausu jafntefli.

Það var leikur Manchester United og Villareal þar sem Diego Forlan tók á móti sínum gömlu félögum á heimavelli Villareal á Spáni. Hann hefði þó sjálfsagt viljað skora í leiknum en varð ekki að ósk sinni frekar en öðrum leikmönnum liðanna. Hápunktur leiksins var brottvísun Wayne Rooney en þessum vandræðagemlingi tókst að uppskera tvö gul spjöld með nokkurra sekúndna millibili. Hið fyrra var fyrir brot og það síðara fyrir að mótmæla fyrra spjaldinu. Það gerði hann á einkar ósmekklegan hátt, klappaði saman höndunum í andliti dómarans Kim Milton Nielsen sem er annars vel þekktur fyrir rauða spjaldið sem hann gaf David Beckham í leik Englands og Argentínu í HM í Frakklandi árið 1998.

„Það getur verið að dómarinn hafi ekki átt að gefa Rooney gult fyrir þetta brot það var ekki spurning um rauða spjaldið," sagði Alex Ferguson, knattspyrnustjóri United, eftir leikinn. „Við höfum áður lent í vandræðum með þennan dómara og verðum bara að taka á því."

Varnarmaðurinn Gabriel Heinze fór meiddur af velli í gær og sagði Ferguson að batahorfur væru ekki góðar. „Það lítur út fyrir að hann verði frá í nokkrar vikur að minnsta kosti."

Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, var vitaskuld ánægður með Dennis Bergkamp í gær en hann skoraði sigurmark Arsenal á lokamínútu leiksins eftir að hafa komið inn á sem varamaður. „Ákveðni Dennis var eitthvað sem yngri leikmenn liðsins geta lært af," sagði Wenger. „Við sýndum mikinn karakter með þessum sigri og hættum aldrei að spila okkar bolta. Sigurinn var mjög mikilvægur og þá sérstaklega í ljósi þess að við töpuðum um helgina og það hefði verið erfitt að taka því að ná ekki að sigra FC Thun á heimavelli." **eirikurst@frettabladid.is**



**REKINN Í STURTU** Hollendingurinn Roben van Persie fékk að líta rauða spjaldið á lokamínútu fyrri hálfleiks Arsenal og Thun á Highbury í gær. Þrátt fyrir það tókst Arsenal að knýja fram sigur, þótt það hefði vart mátt tæpara standa.
FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTOS/GETTY

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### *Meistaradeild Evrópu:*

**A-riðill:**

| | |
|---|---|
| CLUB BRUGGE–JUVENTUS | 1–2 |

Matondo (85.) – Nedved (66.), Trezeguet (75.). Vieira rautt á 89. mínútu.

| | |
|---|---|
| RAPID VÍN–BAYERN MÜNCHEN | 0–1 |

Guerrero (60.).

**B-riðill**

| | |
|---|---|
| SPARTA PRAG–AJAX | 1–1 |

Matucovic (66.) – Sneijder (90.).

| | |
|---|---|
| ARSENAL–THUN | 2–1 |

Gilberto Silva (51.), Bergkamp (90.) – Ferreira (53.). Van Persie fékk rautt á 45. mínútu.

**C-riðill:**

| | |
|---|---|
| UDINESE–PANATHINAIKOS | 3–0 |

Iaquianta 3 (28., 73., 76.).

| | |
|---|---|
| WERDER BREMEN–BARCELONA | 0–2 |

Deco (13.), Ronaldinho, víti (76.).

**D-riðill:**

| | |
|---|---|
| BENFICA–LILLE | 1–0 |

Miccoli (90.).

| | |
|---|---|
| VILLARREAL–MAN. UTD | 0–0 |

Wayne Rooney fékk rautt á 65. mínútu.

### *Enska 1. deildin í fótbolta:*

| | |
|---|---|
| DERBY–COVENTRY | 1–1 |

### *Reykjavíkurmót í körfu:*

**Karlar**

| | |
|---|---|
| VALUR–ÍS | 95–68 (44-29) |

Ragnar Steinsson 27, Richmond Pittman 19, Guðjón Hauksson 13, Magnús Gunnarsson 11, Kolbeinn Soffíuson 9, Gylfi Geirsson 8, Atli Antonsson 5 – Jóhannes Árnason 11, Guðmundur Ásgeirsson 10, Einar Hugi Bjarnason 10, Sverrir Gunnarsson 8, Halldór H. Sigurðsson 7, Leifur Steinn Árnason 6.

**Konur**

| | |
|---|---|
| KR–FJÖLNIR | 70–45 (46-14) |

Hrefna Dögg Gunnarsdóttir 13, Georgia Kirstiansen 11 – Brynja Óladóttir 11.

Landsliðsmaðurinn Logi Gunnarsson flytur sig um set í þýska körfuboltanum:

# Er á leiðinni til Bayreuth í B-deildinni

**KÖRFUBOLTI** Logi Gunnarsson, landsliðsmaður Íslands í körfuknattleik, hefur undanfarna daga verið til reynslu hjá þýska 1.deildar liðinu Bayreuth og vonast hann til þess að ganga frá samningum við liðið á næstu dögum. „Mér líst vel á alla aðstöðu hjá félaginu. Að auki er það einlægur vilji allra sem starfa hjá félaginu að komast upp um deild. Ég verð til reynslu hér fram yfir helgi og ef ég spila þokkalega þá fæ ég örugglega samning."

Bayreuth er 90 þúsund manna bær í grennd við borgina Nurnberg og er mikill körfuboltaáhugi á þessum slóðum í Þýskalandi. Lið Bayreuth var þýskur meistari árið 1989 en hefur undanfarin ár verið í 1.deildinni, sem er næstefsta deild.

„Þetta er gamalt stórveldi í þýskum körfubolta en félagið hefur verið í töluverðri lægð á undanförnum árum. En nú er ætlunin að koma félaginu í fremstu röð á nýjan leik og það væri sérstaklega gaman fyrir mig að taka þátt í þeirri uppbyggingu."

Nokkur lið hafa spurst fyrir um Loga en nú virðist sem hann sé búinn að ákveða að vera í Þýskalandi. „Ég hefði getað farið til Ungverjalands en ég treysti liðunum þar ekki almennilega. Þau hafa ekkert sérstaklega gott orð á sér þegar kemur að launagreiðslum og öðru þess háttar. En ég veit að það er hægt að treysta öllum mönnunum hjá Bayreuth og þess vegna reikna ég með því að ganga frá samningum við félagið á næstunni." **-mh**



**LOGI GUNNARSSON** Logi vonast til þess að fá að spila meira hjá Bayreuth en hann fékk hjá þýska úrvalsdeildarliðinu Giessen á síðustu leiktíð. FRÉTTABLAÐÐ/VILHELM

# Alvarlegur dómaraskortur í íslenskum handbolta

**Formaður dómaranefndar HSÍ segir að ekkert megi út af bregða í vetur. Dómari fær 8.300 kr. fyrir hvern dæmdan leik.**



**ALÞJÓÐLEGIR DÓMRAR** Hlynur Leifsson og Anton Pálsson eru ungir dómarar sem hafa farið hratt upp metorðastigann og eru orðnir alþjóðlegir dómarar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**HANDBOLTI** Það stefnir í alvarlegan dómaraskort í íslenskum handbolta á næstu misserum. Eitt reyndasta og besta dómarapar landsins, Guðjón L. Sigurðsson og Ólafur Haraldsson, hætti störfum í vor. Endurnýjun í dómarastéttinni er frekar lítil en á móti kemur að leikjum fækkar umtalsvert þar sem úrslitakeppnin verður lögð niður.

Að sögn Hákons B. Sigurjónssonar, formanns dómaranefndar HSÍ, verða líklega 13 dómarapör að störfum í efstu deildum karla og kvenna en voru 14 sl. vetur. Til þess að ráða bót á vandanum þarf að draga gamlar dómarakempur á flot.

**Ekkert má út af bregða**

„Það er ljóst að ekkert má út af bregða í vetur í dómaramálum. Kynslóðaskipti eru framundan, við eigum efnilega dómara en allt of fáir hafa skilað sér upp. Ábyrgðin hvílir fyrst og fremst hjá aðildarfélögunum. Þau eiga að sjá til þess að það verði endurnýjun í stéttinni. Ég lagði áherslu á þetta á fundi með forráðamönnum félaganna. Það gengur ekki að taka einhverja af götunni og skella þeim í dómarabúning, dómarar þurfa að fá uppeldi innan félaganna,“ segir Hákon.

Samkvæmt nýrri gjaldskrá HSÍ fær dómari 8.300 kr. fyrir hvern dæmdan leik í efstu deild karla og kvenna. Í úrslitakeppninni í fyrravetur hækkaði upphæðin í 14.200 kr. Þar sem úrslitakeppni handboltans heyrir sögunni til má segja að dómarar verði fyrir verulegri kjararýrnun.

**Alltof neikvætt viðhorf**

Séu dómarar ekki fyrir hendi er óhætt að leggja niður handboltann á Íslandi. Hákon tekur undir það. „Því miður er alltof neikvætt viðhorf til handboltadómara á Íslandi. Það fælir kannski frá.“

Handboltadómarar fara í þrekpróf í dag en á morgun er haustfundur dómara þar sem farið verður yfir breytingar á dómarareglum vetrarins en þær eru allflestar smávægilegar.

thorsteinngunn@frettabladid.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

12 13 14 **15** 16 17 18

**Fimmtudagur**

**LEIKIR**

- ☐ 19.15 **ÍR** og **Fjölnir** mætast í Seljskóla í Reykjavíkumóti karla í körfubolta.
- ☐ 19.15 **Njarðvík** og **Keflavík** mætast í Njarðvík í Reykjanesmóti karla í körfubolta.

**SJÓNVARP**

- ☐ 17.25 **Gullleikur í Meistaradeild Evrópu** á Sýn.
- ☐ 19.05 **Meistaradeildin með Guðna Bergs** á Sýn.
- ☐ 19.45 **Bandaríska mótaröðin í golfi** á Sýn.



- ☐ 20.10 **Kraftasport** á Sýn.
- ☐ 20.40 **Hnefaleikar** á Sýn. Bardaginn mikli milli Sugar Ray Robinson og Jake LaMotta.
- ☐ 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- ☐ 22.30 **Strandblak** á Sýn.
- ☐ 23.25 **Meistaradeildin með Guðna Bergs** á Sýn.






**GERVIGRASVÖLLUR** Hér sést nýi gervigrasvöllur Stjörnunnar í Garðabæ sem er einn sá allra nýjasti hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Endurunnið gúmmí úr hjólbörðum í notkun:

# Krabbameinsvaldandi efni í gervigrasi?

**FÓTBOLTI** Sænsk yfirvöld rannsaka hvort gúmmíspænir, sem er að finna í þriðju kynslóð gervigrasvalla, innihaldi krabbameinsvaldi efni. Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir, segist vita til þess að í gúmmídekkjum sé að finna krabbameinsvaldandi efni en hefur ekki heyrt um slíkt í gúmmí sem er að finna á gervigrasvöllunum og ekkert slíkt mál hefur komið inn á borð embættisins.

Knattspyrnuvöllum með gervigrasi fjölgar um allt land en í mörgum þeirra er að finna gúmmíspæni sem kemst í snertingu við sveitta knattspyrnuiðkendur og dæmi eru um að einhverjir hafi gleypt gúmmítætlur í hita leiksins enda um litlar agnir að ræða.

Páll Halldórsson, sem hefur m.a. flutt inn gervigrasvelli Stjörnunnar í Garðabæ og nú síðast Hauka í Hafnarfirði, segist ekki hafa heyrt þessa umræðu fyrr. Í gervigrasvellina fer endurunnið gúmmí úr hjólbörðum en þeir aðilar sem framleiða það þurfa að uppfylla staðla þar sem sýna þarf fram á ákveðinn hreinleika.

„Það eru til þrjár tegundir af gúmmíi sem notað er í gervigrasvelli. Ég nota einungis svokallað Criogeniv-gúmmí sem talað er um að sé mun hreinna en hinar tvær tegundirnar og er laust við málma. Þá blöndum við sandi og gúmmíi saman á yfirborð vallarins,“ segir Páll.

Efnafræðingurinn Christina Rudni Snöbohm hjá sænsku Efnafræðistofnuninni segir í blaðinu Expressen að bæjarfélög í Svíþjóð sem byggja gervigrasvelli, hafi óskað eftir frekari rannsóknum á gúmmítætlunum því í dekkjum er að finna svokallaða PAH-olíu sem gerir gúmmíið mýkra en inniheldur jafnframt krabbameinsvaldandi efni. Snöbohm segir að Evrópusambandið hafi ákveðið að banna þetta efni í dekkjum frá með 2010.

- þg






**KÖRFUBOLTINN Á AUSTURLAND** Austurland á lið í efstu deild í fyrsta sinn.

Úrvalsdeildarlið Hattar:

## Búnir að ráða nýjan þjálfara

**KÖRFUBOLTI** Hattarmenn hafa fengið nýjan bandarískan þjálfara til að stjórna liðinu í frumraun sinni í úrvalsdeild karla í körfubolta. Með honum kemur nýr leikmaður sem meðal annars reyndi fyrir sér í NBA-deildinni í sumar. Höttur vann sér þátttökurétt í úrvalsdeild karla í fyrsta sinn í sögu félagsins síðasta vor og það er hugur í mönnum á Austurlandi á að takast á við úrvalsdeildina í vetur.

Eugene Christopher þjálfaði lið Hattar í 1. deildinni í fyrravetur en hann gekk undan því að þjálfa liðið í vetur en mun samt sem áður spila með liðinu. Í hans stað hafa Hattarmenn ráðið Kirk Baker 37 ára gamlan Bandaríkjamann til að þjálfa liðið. Auk þess hafa þeir fengið Kanadamanninn Kwbana Beckles til að spila með liðinu en hann er rúmlega tveggja metra maður sem hefur enskt ríkisfang og reyndi fyrir sér hjá NBA-liðinu Atlanta Hawks í sumar. Beckles var í Lee háskólanum síðasta vetur þar sem hann var með 11,2 stig og 5,8 fráköst að meðaltali á þeim 23,4 mínútum sem hann spilaði í leik.

„Það var samkomulag gert við Eugene um að hann hætti að þjálfa liðið,“ sagði Hafsteinn Jónsson, formaður Hattar, en nýráðinn þjálfari mun ekki spila með liðinu þótt þar færi frambærilegur körfuboltamaður. „Við getum ekkert notað hann sem leikmann því það má ekki vera með meira en einn Kana. Hann er líka orðinn svo gamall og er því hættur að spila,“ sagði Hafsteinn en hann var að taka á móti nýju mönnunum í gær og þeir eru síðan á leið með liðið á Greifamótið á Akureyri um helgina þar sem þeir fá fyrstu reynsluna á að takast á við bestu körfuboltalið landsins. - óój

# Eiður Smári fær fæst tækifæri

**Koma Ghana-mannsins Michael Essien til Lundúna hefur breytt miklu fyrir stöðu okkar manns í liði Englandsmeistara Chelsea og Eiður Smári Guðjohnsen hefur átt erfitt uppdráttar að undanförnu.**

**FÓTBOLTI** Það er hörð samkeppni um að komast í liðið hjá Englandsmeisturum Chelsea og okkar maður Eiður Smári Guðjohnsen hefur ekki farið varhluta af því síðan Ghana-maðurinn Michael Essien kom fyrir 24 milljónir punda frá franska liðinu Lyon 19. ágúst síðastliðinn.

Eiður Smári hefur þannig fengið fæst tækifæri af þeim tíu leikmönnum sem spila á miðju eða í framlínu liðsins og Essien hefur sem dæmi aðeins misst úr eina mínútu síðan hann kom inn á fyrir Eið gegn Arsenal 21. ágúst síðastliðinn.

### Crespo í vandræðum

Næstur fyrir ofan Eið Smára í mínútufjölda af sóknar- og miðjumönnum liðsins er Argentínumaðurinn Hernan Crespo sem hefur einnig orðið undir í samkeppni. Crespo hefur misst sæti sitt til Didier Drogba en Fílabeinsstrandarmaðurinn hefur þegar skorað fimm mörk á tímabilinu gegn aðeins einu frá Crespo.

**SPILATÍMI SÓKNAR- OG MIÐJUMANNA CHELSEA EFTIR AÐ ESSIEN VAR KEYPTUR:**

| | |
|---|---|
| 1. Frank Lampard | 450 mínútur (10-0*) |
| **2. Michael Essien** | **391 (10-0)** |
| 3. Claude Makelele | 360 (8-0) |
| **4. Damien Duff** | **312 (7-0)** |
| 5. Didier Drogba | 309 (7-0) |
| **6. Arjen Robben** | **237 (4-0)** |
| 7. Shaun Wright-Phillips | 217 (6-0) |
| **8. Joe Cole** | **178 (5-0)** |
| 9. Hernan Crespo | 141 (3-0) |
| **10. Eiður Smári Guðjohnsen** | **103 (0-0)** |

*** Hvernig þessar mínútur hafa farið í tölum.**

### Á enn eftir að skora

Eiður Smári á enn eftir að skora fyrir Chelsea á tímabiinu en hann hefur leikið alls níu leiki og í 443 mínútur í bæði undirbúningsleikjum sem og leikjum á tímabilinu. Þessi tölfræði er ekki að hjálpa Eiði í að minna á sig þótt Jose Mourinho hafi fært hann aftar á völlinn og markaskorun er ekki alveg eins stór þáttur í hans leik og hún var þegar hann lék eingöngu sem framherji.

Önnur tölfræði sem er ekki að hjálpa okkar manni er sú að það hefur heldur ekki gengið nægilega vel hjá Chelsea þann tíma sem Eiður Smári hefur verið inn á. Chelsea-liðið á enn eftir að skora í úrvalsdeildinni í vetur með Eið Smára inn á en Eiður hefur leikið í alls 148 mínútur til þessa í deildinni. Chelsea hefur síðan skorað 10 mörk á þeim 302 mínútum sem Eiður Smári hefur setið á bekknum eða upp í stúku. - óój




**ÖRLAGARÍK STUND** Michael Essien kemur hér inn á fyrir Eið Smára Guðjohnsen í fyrsta leik Ghana-mannsins fyrir Chelsea. Síðan þá hefur Essien aðeins missst úr eina mínútu hjá Chelsea en Eiður Smári hefur aftur á móti fengið fá tækifæri. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari kvennaliðs Vals, um Evrópukeppnina:

## Eigum möguleika á að komast áfram

**FÓTBOLTI** Valsstúlkur spila sinn annan leik í 2. umferð Evrópukeppninnar gegn serbneska liðinu Nis í dag en leikurinn hefst klukkan 15.00 að íslenskum tíma. Valur tapaði fyrsta leiknum gegn sænska liðinu Djurgårde en Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari er ekkert búin að afskrifa það að komast áfram.

„Eftir að hafa séð hin liðin spila þá er ljóst að við eigum möguleika á að komast áfram en við megum ekki við að missa fleiri leikmenn. Tækifærið er fyrir hendi en ég hef mestar áhyggjur af því að þreyta eftir tímabilið komi til að reynast okkar erfiðasti andstæðingur,“ sagði Elísabet en þriðji og síðasti leikurinn er á laugardaginn. Tvö efstu liðin komast áfram í 8 liða úrslit. -óój



**SPENNANDI LEIKIR** Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari kvennaliðs Vals, þurfti að horfa upp á svekkjandi tap í fyrsta leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

Reykjanesmót karla í körfu:

## Keflavík heimsækir Njarðvík

**KÖRFUBOLTI** Það verður stórleikur í Reykjanesmótinu í körfubolta í kvöld þegar Njarðvíkingar taka á móti nágrönnum sínum í Keflavík. Bæði lið vonast til að geta teflt fullskipuðum liðum í leiknum en erlendu leikmenn liðanna eru mættir á Klakann og þá hafa landsliðsmenn snúið aftur úr verkefnum tengdum Evrópukeppninni. Njarðvík vann með 28 stigum á sunnudag en þá vantaði mikið af mönnum.




Körfuboltaþjálfarar og aðrir körfuboltaáhugamenn komast í feitt um helgina:

## Háskólaþjálfari Michaels Jordan heldur námskeið

**KÖRFUBOLTI** Íslenskir körfuboltaþjálfarar sem og aðrir áhugamenn fá frábært tækifæri til þess að skyggnast inn í þjálfaraaðferðir eins virtasta háskólaþjálfara í Bandaríkjunum, Bill Guthridge, sem mun halda körfuboltanámskeið í hinum nýju og glæsilegu húsakynnum íþróttaakademíunnar í Reykjanesbæ. Guthridge er fyrrum aðal- og aðstoðarþjálfari University of North Carolina sem er án efa eitt frægasta háskólalið í Bandaríkjunum og hefur getið af sér ekki ómerkari menn en Michael Jordan, James Worthy, Vince Carter, Rasheed Wallace, Antwan Jamison svo einhverjir séu nefndir af þeim NBA-stórstjörnum sem hafa verið þjálfaðar af honum en hann vann mjög náið með Dean Smith þau 30 ár sem hann var aðstoðarþjálfari sigursælasta háskólakörfuboltaþjálfara sögunnar.

Þetta er kjörið tækifæri fyrir alla sem áhuga hafa á körfubolta hvort sem þeir eru þjálfarar eða áhugamenn um sportið að hlusta á þennan merka mann sem hefur frá ýmsu að segja og mun fara vítt og breitt um hina ýmsu þætti körfuboltans. Hann mun meðal annars stjórna æfingu sem verður í anda hefðbundinnar æfingar hjá Norður-Karólínu-háskólanum. Guthridge er frægur fyrir mikinn aga og sérstakan húmor sem hefur gert hann mjög vinsælan sem fyrirlesara úti um allan heim.

Guthridge tók við af Dean Smith sem aðalþjálfari Norður-Karolínu-háskólans 1997 og setti met með því að vinna 58 af 72 leikjum á fyrstu tveimur tímabilum sem aðalþjálfari en bæði árin var hann valinn þjálfari ársins. Guthridge hefur gríðarlega reynslu af háskólaboltanum á hæsta palli en hann hefur tekið þátt í 13 lokaúrslitum (Hin fjögur fræknu), einum sem leikmaður, 11 sem aðstoðarþjálfari Smith og einum sem aðalþjálfari. - ooj



**FÆR ÞJÁLFARI** Það verður örugglega bæði fræðandi og skemmtilegt að hlusta á Bill Guthridge á körfuboltanámskeiði í Reykjanesbæ um næstu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Kristján Örn Sigurðsson knattspyrnukappi í Brann:

# Með lægstu einkunn í Noregi

**FÓTBOLTI** Kristján Örn Sigurðsson knattspyrnukappi með Brann í Noregi og íslenska landsliðinu er ekki í miklum metum hjá norskum fjölmiðlamönnum. Hann hefur reyndar átt ágætu gengi að fagna á árinu en hann hefur haldið sæti sínu í byrjunarliði Brann eftir að hafa fengið sitt tækifæri snemma á tímabilinu og hann hefur sömuleiðis átt sæti í íslenska landsliðinu.



**KRISTJÁN ÖRN** Hefur átt fast sæti í byrjunarliði Brann.

En íþróttablaðamann norska dagblaðsins Verdens Gang meta hann ekki betur en svo að hann er lægstur allra þeirra sem hafa leikið nóg af tímabilinu, 60% leikjanna, til að komast á listann. Kristján Örn er í 141. sæti listans með 3,73 í meðaleinkunn en gefið er á skalanum einn upp í tíu. Fimm Íslendingar leika í norsku úrvalsdeildinni og hafa allir leikið nóg til að komast á listann. Flestir eru þeir fremur neðarlega á listanum nema Árni Gautur Arason, markvörður Vålerenga, sem er í 23. sæti.

„Ég reyni að fylgjast sem minnst með þessu," sagði Kristján Örn í gær þegar Fréttablaðið hafði samband. „Þetta er enn allt tiltölulega nýtt fyrir mér en mér finnst að mér hafi gengið betur og betur í hverjum leik." - esá




## ÚR SPORTINU

Íslenska landsliðið í knattspyrnu hækkaði um tvö sæti á styrkleikalista Alþjóðaknattspyrnusambandsins, FIFA og er nú í 92. sæti. Stærsta fréttin er þó væntanlega sú að lið Englands hefur dottið út af topp tíu listanum og er nú í því ellefta eftir heldur dapurlega frammistöðu gegn Norður-Írum fyrir skemmstu. Þá hefur tap Englands í Danmörku einnig áhrif á stöðuna. Skotar hækkuðu um 12 sæti og eru nú í því 74. Brasilía er sem fyrr á toppnum, þá koma lið Hollands, Argentínu, Tékklands og Mexíkó.



Alberto Luque, leikmaður Newcastle, verður frá keppni næstu tvo mánuðina eftir að hafa meiðst í leik Newcastle og Fulham á St. James Park um liðna helgi. Læknisskoðun og röntgenmyndataka sem fór fram á mánudag leiddi í ljós að meiðslin eru verri en í fyrstu var talið og hafa fréttirnar reynst vera mikið reiðarslag fyrir stuðningsmenn félagsins. Newcastle hefur byrjað leiktíðina í Englandi skelfilega og reyndar aðeins skorað eitt mark sem kom einmitt í leiknum gegn Fulham. Luque var keyptur til félagsins fyrir einungis 20 dögum frá Deportivo La Coruna fyrir 9,5 milljónir punda.

Roy Keane, fyrirliði Manchester United, verður ekki með liði sínu næstu tvær vikurnar vegna meiðsla á lærvöðva. Hann mun því missa af næsta leik Manchester United í meistaradeildinni og leikjunum gegn Liverpool og Blackburn í ensku úrvalsdeildinni. Þá er ekki víst hvort hann verður orðinn klár í slag Írlands í undankeppni HM en framundan er afar þýðingarmikill leikur gegn liði Sviss. Það er einnig athyglisvert staðreynd að í þeim 23 leikjum sem Keane hefur misst af í úrvalsdeildinni síðustu tvö árin hefur United tapað 31 stigi.



Þrír leikir fóru fram í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta í gær. Magdeburg vann 36–24 sigur á Concordia Delitzsch og skoraði Arnór Atlason eitt mark í leiknum. Þá vann Hamburg risasigur á Düsseldorf, 41–24 og skoraði Markús Máni Michaelsson tvö mörk fyrir síðarnefnda liðið. Kiel vann svo góðan sigur á liði Minden, 38–27, en Snorri Steinn Guðjónsson skoraði fimm marka Minden, þar af tvö úr víti.

Frank Lampard hefur játað að enski landsliðsþjálfarinn Sven Göran Eriksson hafði rétt fyrir sér þegar að hann gagnrýndi hann fyrir að vera ekki í jafngóðu formi og í fyrra. „Ég byrjaði ekki vel í fyrra en endaði tímabilið sem fótboltamaður ársins. Jose er mjög ánægður með mig og ég hef rætt þetta við landsliðsþjálfarann. Sven hafði alveg rétt fyrir sér en mér fannst gagnrýni hans ekki sanngjörn því flestallir í enska liðinu eru ekki í góðu formi. Ég hef samt engar áhyggjur því ég ætla ekki að vera í toppformi í upphafi tímabils heldur að reyna bæta mig í allan vetur og vera upp á mitt besta þegar það skiptir mestu máli," sagði Lampard.








Álegg frá Holtakjúklingi




Fjórar tegundir áleggs frá Holtakjúklingi.
Fitulítið og bragðgott álegg sem hentar öllum.

Holta-kjúklingur
Reykjagarður hf


## STUÐ MILLI STRÍÐA | Þynnka yfirvofandi

KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR VILL BÆTTAN HAG LEIKSKÓLAKENNARA


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Alltaf sama sagan með mig. Ég missi alltaf af góðum partíum, og ég komst að því í gær að ég er nýbúin að missa af einu hrikalega góðu. Góðærispartíinu er víst lokið og ég missti alveg af því. Ég opnaði blaðið í gær og þar blasti við mér fyrirsögnin „Veislan er búin“. Ég vildi ólm vita hvaða veisla þetta væri. Kom í ljós að hér hefur mikil peningaveisla verið í gangi og nú þurfi allir að hætta að sukka sem fyrst og sýna aðhald í peningamálum. Og það má alls alls alls ekki hækka nein laun. Humm, áhugavert. Einhverja hluta vegna má aldrei hækka laun, því þá fer víst allt til fjandans. Reyndar ætlaði ég að eyða þessum örfáu línum í að tala um laun leikskólakennara. Ég á nefnilega börn á leikskóla og í hvert sinn sem ég sit foreldrafund fæ ég stingandi samviskubit. Starfsfólk leikskólans sem allt er sprenglært kynnir starfið og í ljós kemur að þetta er ekkert lítið starf sem verið er að vinna. Kennararnir hafa meira að segja lagst í heilmikil fræði varðandi kubbana sem börnin nota. Samviskubitið stafar af því, að ég geri þá kröfu að starfsfólkið á leikskólanum standi sig hrikalega vel, en á sama tíma veit ég að þau eru að fá lúsarlaun. Það liggur við að ég láti söfnunarbauk ganga eftir hvern fund svona til að friða samviskuna. Mér finnst að leikskólakennarar ættu að fá launahækkun og bara nokkuð hressilega, og það sé kominn tími á partí hjá leikskólakennurum.

Af hverju þarf annars allt að vera bara partí hérna á Íslandi og þegar veislan stendur sem hæst koma jakkafatamennirnir og boða þynnku? Af hverju er ekki hægt að hafa hlutina í jafnvægi, og öðru hvoru hækka launin án þess það boði heimsendi? ■

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott




## SUDOKU DAGSINS

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 2 | 1 | 5 | 6 | 3 | 4 | 9 |
| 3 | 4 | 9 | 7 | 2 | 8 | 5 | 1 | 6 |
| 5 | 6 | 1 | 3 | 9 | 4 | 8 | 2 | 7 |
| 1 | 9 | 7 | 5 | 4 | 2 | 6 | 8 | 3 |
| 2 | 5 | 6 | 8 | 3 | 7 | 4 | 9 | 1 |
| 4 | 3 | 8 | 6 | 1 | 9 | 2 | 7 | 5 |
| 6 | 2 | 5 | 4 | 7 | 1 | 9 | 3 | 8 |
| 8 | 7 | 4 | 9 | 6 | 3 | 1 | 5 | 2 |
| 9 | 1 | 3 | 2 | 8 | 5 | 7 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | 6 | | | | 9 | 2 |
| 4 | 9 | | | 3 | 2 | 8 | 1 | |
| | 5 | 3 | | | | 7 | | |
| | 2 | | | 5 | | | | 1 |
| | 6 | | 2 | | 4 | | 5 | |
| 9 | | | | 8 | | | 7 | |
| | | 9 | | | | 6 | 4 | |
| | 8 | 4 | 5 | 9 | | | 2 | 3 |
| 7 | 3 | | | | 1 | | | 9 |

su|do|ku
© Puzzles by Pappocom

SONY

# 3 spólur, taska og klippihugbúnaður fylgir!







**DCR-PC53**
**Stafræn tökuvél**
· Flott stafræn miniDV myndbandstökuvél.
· Carl Zeiss linsa
· 10x aðdráttur um linsu
· Tengistöð fylgir

## 7.354 krónur á mánuði*

**eða 74.950 krónur staðgreitt.**




**DCR-PC55**
**Stafræn tökuvél**
· Flott stafræn miniDV myndbandstökuvél.
· Carl Zeiss linsa
· 10x aðdráttur um linsu
· Tengistöð fylgir

## 7.895 krónur á mánuði*

**eða 79.950 krónur staðgreitt.**




**DCR-HC22**
**Stafræn tökuvél**
· Flott stafræn miniDV myndbandstökuvél.
· Carl Zeiss linsa
· 20x aðdráttur um linsu
· Tengistöð fylgir

## 5.910 krónur á mánuði*

**eða 57.950 krónur staðgreitt.**







like.no.other™

Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY
www.sonycenter.is

**Sony Center**

*Miðað við 12 vaxtalausar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

**20.30**
*Kvartett Sigurðar Flosasonar er á tónleikaferð um landið og leikur í kvöld í Laugarborg í Eyjafirði. Tónleikarnir eru síðbúnir útgáfutónleikar vegna geisladisksins „Leiðin heim" sem hefur fengið afbragðsgóðar viðtökur.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Bláa blómið í hrauninu

Á laugardaginn verður opnuð í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar sýning á Íslandsmyndum frá árinu 1948 eftir dönsku COBRA málarana Carl-Henning Pedersen og Else Alfelt ásamt samtímaverkum eftir Svavar Guðnason og Sigurjón Ólafsson á sýningu í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar.



Hjónin Carl-Henning Pedersen og Else Alfelt komu til Íslands árið 1948 í boði vinar þeirra Svavars Guðnasonar. Meðferðis höfðu þau dönsku framúrstefnusýninguna Høstudstillingen frá árinu áður og var hún sett upp í Listamannaskálanum við Austurvöll í maí og vakti mikla athygli og átti eftir að hafa þýðingu fyrir íslenska myndlistarmenn. Að sýningu lokinni ferðuðust þau hjónin um landið og máluðu myndir undir áhrifum íslenskrar náttúru.

Sýningin í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar nefnist Hraunblóm eða Lavaens blå blomst og er danska heitið sótt í eina af myndum Else.

## > Ekki missa af ...

... opnu húsi í **Þjóðleikhúsinu** annað kvöld og á laugardagskvöld þar sem leikárið verður kynnt í tali og tónum. **Tinna Gunnlaugsdóttir** fer ofan í saumana á þeim leikverkum sem verða á fjölunum í vetur og leikarar fara með atriði úr sýningum. Kynnir er Jóhann Sigurðarson.

... árlegum hausttónleikum **Harðar Torfasonar** í Borgarleikhúsinu annað kvöld.

... elektrótríóinu **Donnu Mess**, sem ætlar að gera allt vitlaust á Grandrokk í kvöld ásamt **Mr. Sillu** og plötusnúðunum **Gruesome Twosome**.


Tökin hert
THE TURN OF THE SCREW
EFTIR
BENJAMIN BRITTEN

25 ára og yngri: 50% afsláttur af miðaverði í sal

21. okt. kl. 20 - **Frumsýning**
23. okt. kl. 20 - 2. sýning - 30. okt. kl. 20 - 3. sýning
4. nóv. kl. 20 - 4. sýning - 6. nóv. kl. 20 - 5. sýning
6. nóv. kl. 20 - 6. sýning - **Lokasýning**

**Kynning fyrir sýningar á Tökin hert , 2. - 6. sýning**
Kl. 19.15 – Stutt kynning á verkinu og uppsetningu þess í Óperunni.
Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalin í miðaverði.

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200** | ÍSLENSKA ÓPERAN



Annie
í Austurbæ
15. sýn. sun. 18/9 kl. 14
16. sýn. fim. 29/9 kl. 19
midi.is
551 4700 & 551 0200



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

**ST RA SVIÐIÐ KL. 20.00**
VELKOMIN Í ÞJ ÐLEIKHÚSIÐ
– Leikárið kynnt með leik, s ng og dansi. F s 16/9, lau. 17/9.
*Allir velkomnir!*

KLAUFAR OG K NGSDÆTUR
Sun. 18/9 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 2ö/9 kl. 14:00, sun. 2/10 kl. 14:0, sun. 9/10 kl. 14:00

EDITH ÓIAF
Sun. 18/9 rfá sæti laus, fim. 22/9 , f s. 23/9 nokkur sæti laus, lau. 24/9 nokkur sæti laus, fim. 29/9, f s. 30/9. *Sýningum lýkur í október.*

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00**
RAMB 7
F s. 16/9, lau. 17/9, fim. 22/9.
*Fáar sýningar eftir.*

**ÓITÓA SVIÐIÐ KL. 20.00**
KODDAMAÐURINN
f s. 16/9 uppselt, lau. 17/9 uppselt, f s. 23/9, lau. 24/9 nokkur sæti laus.
*Takmarkaður sýningafjöldi.*

Sala á netinu allan sólarhringinn.
Afgreiðsla í húsinu frá kl. 12.30
Sími 55 11 200 - opinn frá 10:00
www.leikhusid.is



BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

*STÓRA SVIÐ*
**KALLI Á ÞAKINU**
*e. Astrid Lindgren*
Su 18/9 kl 14, Su 25/9 kl 14,
Lau 1/10 kl. 14, Su 2/10 kl. 14

**HÖRÐUR TORFA HAUSTTÓNLEIKAR**
Fös 16/9 kl. 19:30, Fös 16/9 kl 22:00

**WOYZECK - 5 FORSÝNINGAR Í SEPT.**
Frumsýnt í London 12. okt. og á Íslandi 28. okt. **Miðaverð á forsýningu aðeins kr. 2.000,-**
Su 18/9 kl. 21, Fö 23/9 kl 20,
Fi 29/9 kl 20 **UPPSELT**, Fö 30/9 kl 20,
Lau 1/10 kl 20 (sýning á ensku)

**HÍBÝLI VINDANNA**
*Örfáar aukasýningar í haust.*
Lau 24/9 kl. 20, Su 25/9 kl. 20,
Su 2/10 kl. 20, Fö 7/10 kl. 20,

*NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ*
**MANNTAFL**
**Miðaverð á forsýningar kr. 1.000,-**
Mið 14/9 kl. 20 **Forsýning**
Lau 17/9 kl. 14 **Forsýning**
Su 18/9 kl. 20 **FRUMSÝNING UPPSELT**
Su 25/9 kl. 20, 2/10 kl. 20, Fö 7/10 kl. 20

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fi 15/9 kl. 20 **UPPSELT** Fö 16/9 kl 20 **UPPSELT**
Lau 17/9 kl 20 **UPPSELT** Fi 22/9 kl. 20 **UPPSELT**
Fö 23/9 kl. 20 **UPPSELT** Lau 24/9 kl. 20 **UPPSELT**
Fi 29/9 kl. 20 **UPPSELT** Fö 30/9 kl. 20 **UPPSELT**

**Sími miðasölu 568 8000**
**midasala@borgarleikhus.is**
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudag

**Endurnýjun áskriftarkorta stendur yfir**
Ef þú gerist áskrifandi fyrir 20. september færðu að auki gjafakort á leiksýningu að eigin vali
**- Það borgar sig að vera áskrifandi -**




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ILMUR BÝR SIG UNDIR BORGARGÖNGU** Ilmur Stefánsdóttir ætlar að bjóða fólki í göngutúr um miðbæinn í kvöld í tengslum við sýninguna „Hvernig borg má bjóða þér?".

# Rápað um borgina

Áhugafólk um skipulagsmál í Reykjavíkurborg ætti að bregða sér í göngutúr í kvöld um miðborgina í fylgd með Ilmi Stefánsdóttur myndlistarkonu. Hún ætlar að gera sitt besta til þess að fólk sjái bæinn í svolítið öðru ljósi en vant er.

„Ég ætla að nota hluti sem við erum kannski ekki vön að nota til þess að skoða borgina okkar," segir hún, en vill ekkert láta uppi um það hvers konar hlutir það eru, að öðru leyti en að þetta séu mjög einfaldir hlutir. Þar sé engin háþróuð tækni á ferðinni.

Ýmsar tækninýjungar hafa verið notaðar á sýningunni í Hafnarleikhúsinu. Til að mynda gefst gestum sýningarinnar kostur á að senda texta- eða myndskilaboð úr borginni í frítt númer, sem er 1855, og taka þannig þátt í sýningunni á eigin forsendum.

Sjálf hefur hún haft óstjórnlega mikinn áhuga á tækjum og hlutum og gjarnan gert úr þeim vægast sagt undarlega hluti, tæki og tól sem hún hefur notað í myndlist sinni og leikhúsverkum. Til að mynda hefur hún búið til hljóðfæri úr heimilistækjum og umbreytt ólíklegasta tækjabúnaði í farartæki, svo fátt eitt sé nefnt af uppátækjum hennar.

Gönguferðinni í kvöld lýkur á því að litið verður inn á sýninguna í Hafnarhúsinu, en Ilmur tekur fram að fólk þurfi að vera klætt eftir aðstæðum, enda verður þetta um það bil klukkutíma langur göngutúr utan dyra hér á norðurhjara. ■


Gerðu eitthvað skemmtilegt og
komdu á Players



Hljómsveitir um helgina:
Hljómsveitin Í svörtum fötum — föstud. 16. sept.
Hin landsfræga hljómsveit Skriðjöklar — laugard. 17. sept.
Budweiser
GUINNESS DRAUGHT
GORDON'S
PLAYERS
Bæjarlind 4 - Kópav.


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER
12 13 14 **15** 16 17 18

**Fimmtudagur**

**TÓNLEIKAR**

20.30 **Kvartett Sigurðar Flosasonar** leikur í Laugarborg í Eyjafirði.

22.00 Elektrótríóið **Donna Mess**, ofurkvendið **Mr. Silla** og plötusnúðarnir **Gruesome Twosome** spila á Grand Rokk.

**FYRIRLESTRAR**

12.15 **Lára Marteinsdóttir** kvikmyndafræðingur fjallar um kvikmyndir og kyngervi í stofu N132, Öskju.

**FUNDIR**

20.00 **UNIFEM** á Íslandi stendur fyrir opnum félagsfundi í Miðstöð Sameinuðu þjóðanna, Skaftahlíð 24. Á fundinum verður dagskrá vetrarins kynnt og fjallað stuttlega um áherslur í starfi þróunarsjóðsins og vöxt félagsins á síðustu misserum.

**SÝNINGAR**

20.00 Rápað um borgina með **Ilmi Stefánsdóttur** myndlistarkonu í tengslum við sýninguna **Hvernig borg má bjóða þér?** sem nú stendur yfir í Hafnarhúsinu. Göngutúrnum lýkur með því að skoða sýninguna.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# A Day in the Life besta lagið

Bítlalagið A Day in the Life hefur verið kjörið besta lag allra tíma í Bretlandi. Tónlistartímaritið Q ásamt völdum sérfræðingum settu saman lista yfir fimmtíu bestu bresku lögin og urðu Bítlarnir hlutskarpastir.

Í öðru sæti lenti hljómsveitin The Kinks með lagið Waterloo Sunset og Oasis varð í þriðja sæti með slagarann Wonderwall. Nýjasta lagið á listanum er Angels með hinum vinsæla Robbie Williams. ■



**BÍTLARNIR** Efsta lagið á lista tímaritsins Q er A Day in the Life með Bítlunum.

*10 BESTU LÖG BRETLANDS*

1. **THE BEATLES** A Day in the Life
2. **THE KINKS** Waterloo Sunset
3. **OASIS** Wonderwall
4. **SEX PISTOLS** God Save the Queen
5. **QUEEN** Bohemian Rhapsody
6. **THE WHO** My Generation
7. **ROBBIE WILLIAMS** Angels
8. **DAVID BOWIE** Life On Mars
9. **THE ROLLING STONES** Sympathy For the Devil
10. **MASSIVE ATTACK** Unfinished Sympathy

















**BRAGI KRISTJÓNSSON** Fornbókasalinn hefur séð þjóðinni fyrir endurnýtanlegu andlegu fóðri í áratugi og hefur ekki síst staðið vörð um ljóðlistina.

# Fornbækur og félagsleg þjónusta

Hin árlega viðurkenning Félags íslenskra bóksala, Lóð á vogarskálar íslenskra bókmennta, var veitt í fimmta sinn í gær. Þeir sem hingað til hafa fengið þetta mikilvæga Lóð eru rithöfundarnir Guðrún Helgadóttir, Þórarinn Eldjárn, Guðmundur Páll Ólafsson og Þorsteinn frá Hamri. Lóðið féll Braga Kristjónssyni, fornbókasala, í skaut í ár en þessi viðurkenning er þeim veitt sem unnið hafa gott og þarft starf í þágu bóka á einhvern hátt.

Bragi hefur í nokkra áratugi starfrækt verslun með notaðar bækur og má segja að með verslun sinni tryggi hann öllum bókum framhaldslíf. „Við ætlum okkur ekkert að fara út í það að vera með eitthvað annað en bara bækur,“ segir Bragi sem hefur komið sér vel fyrir með fornbækurnar sínar í Bókavörðunni á horni Hverfisgötu og Klapparstígs.

Bragi hefur alla tíð átt mjög gott samstarf við starfsfólk bókabúða og viðskiptavini sem til hans leita. Spurður um þróun bókabúða síðustu áratugi segir Bragi. „Nýju bókabúðirnar hafa breyst frekar mikið. Þær eru ekki aðeins að selja bækur. Þær eru að selja glanspappír og allt að því svitalyktareyði. Það er orðið lítið um það að til séu bókabúðir sem selji eingöngu bækur, einfaldlega vegna þess að það er nánast varla orðið hægt.“

Í Bókavörðunni má finna bækur af ýmsu tagi allt aftur til ársins 1600 þó svo að inn á milli séu nýlegri bækur. Bragi segir að þeir sem til hans leita séu á öllum aldri og að mikið sé um það að ungt fólk komi til hans og kaupi vandaðar heimsbókmenntir. Hann segir viðskiptin ganga vonum framar og er ánægður með lífið og tilveruna. „Ég fæ endurmenntun á hverjum einasta degi þegar ég tala við allt það fróðleiksfúsa fólk sem kemur til mín í heimsókn. Svo er smá félagsleg þjónusta veitt í leiðinni þegar tími gefst til.“ ■

# Smá sykursjokk

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

Áður en R.E.M. endaði hjá stóru plötufyrirtæki höfðu þeir þegar getið sér nafn sem ein af athyglisverðari sveitum Bandaríkjanna. Enda þá búnir að gera fimm misgóðar plötur. Þeir gerðu þá samning við Warner Brothers útgáfuna og urðu að heimsþekktri súpergrúppu.

Death Cab for Cutie er í nákvæmlega sömu stöðu og R.E.M. var fyrir 15 árum. Hljómsveitin gaf út meistarastykki sitt fyrir tveimur árum og landaði feitum samningi við Atlantic eftir að flestar persónur í sjónvarpsþáttunum The O.C. höfðu minnst á snilldargáfu sveitarinnar í samtölum. Örugglega í eina skiptið sem eitthvað af viti hefur komið frá þeirri lönguvitleysu.

Ef það hefur einhverntímann verið broddur í Death Cab for Cutie þá er algjörlega búið að slípa hann af núna. Þetta fór í taugarnar á mér við fyrstu, en við endurtekna hlustun bætti fegurð laglínanna þetta upp fyrir mér. Ben Gibbard söngvari og félagar hans eru mjúkir og tilfinningaríkir menn, sem ég kann vel að meta. Lítið um bjagaða gítara, meira um sætar og krúttlegar gítarlínur ofan á riddaralegar bassalínur. Að þessu sinni eru trommurnar nær allar lífrænar.

En þessi kaka er örlítið sætari en sú síðasta, þannig að sykursjokkið hélt mér svolítið frá því að taka of stóran bita í einu. Ég held líka bara að síðasta plata hafi verið aðeins of góð, sem er alltaf ávísun á framtíðar vonbrigði.




**NIÐURSTAÐA:** Fyrsta plata Death Cab for Cutie hjá risaútgáfu er vönduð og nokkuð vel heppnuð. Örlítið of einsleit fyrir minn smekk sem heildarverk en engin gífurleg vonbrigði. Plata sem nær ómögulegt er að líka illa við, og jafn ómögulegt að elska.

Plans er vönduð plata og falleg á köflum. Lög eins og opnunarlagið Marching Bands of Manhattan og Summer Skin eru nægilega fín til þess að halda uppi heiðri sveitarinnar. En þau grípa mig þó engum heljartökum.

Galli plötunnar er hversu einsleit hún er. Þetta er svolítið eins og að vera dómari í Ungfrú Ísland, þar sem allar stelpurnar eru nánast eins. Búið að setja þær í eins sundboli með fermingarhárgreiðsluna og mála þær eins og það sé verið að gera upp lík. Á endanum vinnur sú stelpa sem á fræga mömmu eða sú sem svaf hjá einhverjum dómaranum.

Stelpurnar í þessari keppni eru nánast allar eins, svipað fallegar, svipað straumlínulagaðar og brosa allar jafn fallega. Engin þeirra er einstök. Ekkert slæmt, en ekki mjög spennandi heldur.

**Birgir Örn Steinarsson**

# Engin svör eru örugg

**Eric-Emmanuel Schmitt er einn af þekktustu rithöfundum Frakklands. Tvö leikrita hans hafa verið flutt á Íslandi og þrjár af skáldsögum hans hafa komið út í íslenskri þýðingu. Hann segist ekki tilheyra nútímanum.**



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**ERIC-EMMANUEL SCHMITT** Tekst á við hinstu rök tilverunnar með bros á vör og segir menn sem hafa endanleg svör við stórum spurningum vera skúrka.

„Ég er átjándu aldar maður,“ segir franski rithöfundurinn Eric-Emmanuel Schmitt. „Fyrirmyndir mínar eru Voltaire og Diderot, menn sem stunduðu heimspeki sína með því að segja sögur og beindu máli sínu til alls almennings. Ég vil líka skrifa sögur sem hafa einhvern tilgang og höfða til allra.“

Schmitt er einn af gestum Alþjóðlegu bókmenntahátíðarinnar sem nú stendur yfir í Reykjavík. Hann er mörgum Íslendingum að góðu kunnur því þrjár af skáldsögum hans hafa verið þýddar á íslensku og tvö leikrita hans hafa verið flutt hér á landi.

Á síðasta ári var leikritið „Abel Snorko býr einn“ flutt í Þjóðleikhúsinu með Arnari Jónssyni og Jóhanni Sigurðarsyni í aðalhlutverkum. Og fyrir þremur árum var Gesturinn frumsýndur í Borgarleikhúsinu með þeim Gunnari Eyjólfssyni í hlutverki Freuds og Ingvari Sigurðarsyni í hlutverki dularfulls gests, sem hugsanlega var enginn annar en Guð almáttugur holdi klæddur.

### Að skrifa er ekki starf

Heimspekin er drjúgur þáttur í öllu því sem Schmitt skrifar, enda er hann hámenntaður heimspekingur og starfaði árum saman við heimspekikennslu í háskóla.

„Að kenna heimspeki var eina starfið sem ég hef haft um ævina, því það er ekki starf að skrifa,“ segir Schmitt og brosir breitt. Hann hefur greinilega alltof gaman af skrifunum til þess að geta litið á þau sem vinnu.

„Ég hafði gaman af þessu starfi mínu ég var nauðbeygður til þess að hætta því vegna þess hve ég átti mikilli velgengni að fagna með skrifunum. Ég hafði aldrei látið mig dreyma um að geta aflað mér lífsviðurværis með bókum mínum, en eftir að annað leikrit mitt hafði verið sett á svið í fjörutíu löndum sá ég að það væri bara heimskulegt að vinna meira og meira, og þess vegna hætti ég.“

Sérsvið hans í heimspekinni var frumspeki, sú grein heimspekinnar þar sem tekist er á við hinstu rök tilverunnar.

„En ég átti þar við mikinn vanda að stríða vegna áhuga míns á átjándu öldinni. Ég var sérfróður um átjándu aldar heimspeki, en heimspekingar á átjándu öld afneituðu frumspekinni. Ég skrifaði doktorsritgerð mína um Diderot, hún fjallaði um Diderot og frumspekina, og það var vegna þess að ég vildi leggja áherslu á að það sé engin leið til að forðast frumspekina. Menn geta komið sér undan því að setja fram frumspekileg svör, en þeir geta ekki forðast frumspekilegar spurningar. Með því að afneita frumspekinni er maður samt að stunda frumspeki.“

### Vill ekki smita út frá sér

Heimspekileg hugðarefni Schmitts birtast víða í verkum hans, til dæmis í samræðum Freuds við Guð í leikritinu Gesturinn. En skyldi hann sjálfur reyna að koma með einhver svör við frumspekilegum spurningum?

„Jú, vissulega. En ég vil aldrei halda því fram að eitthvert svar sé hið eina og rétta. Þess vegna finnst mér betra að segja sögur, því ein sögupersóna hefur eitt svar en önnur sögupersóna er með annað svar. Ég held að við verðum að sýna auðmýkt og hógværð gagnvart svörum, vegna þess að maður er aldrei alveg viss. Menn verða að koma hver með sitt svar, og síðan bæta við: kannski. Mér líkar ekki við höfunda sem smita út frá sér, höfunda sem vilja að allir aðrir sjái hlutina eins og þeir. Ég held að það sé ekki heiðarlegt. Þeir sem segjast vera með endanleg svör eru skúrkar.“

Skáldsögurnar þrjár sem hafa verið þýddar á íslensku, Óskar og bleikklædda konan, Herra Ibrahim og blóm Kóransins og Milarepa, eru allar gott dæmi um þessa afstöðu Schmitts til ólíkra svara við hinstu rökum tilverunnar. Fyrsta bókin um hinn tíu ára Óskar gerist í kristnum menningarheimi, bókin um herra Ibrahim gerist meðal múslima og Milarepa meðal búddista.

„Það sem ég vildi gera með þessum bókum var ekkert annað en að skapa virðingu fyrir svörum. Svörum kristinna, múslima og búddista.“

### Sest daglega við píanóið

Schmitt segist hafa átt hvað mestri velgengni að fagna í Þýskalandi. Hann telur það stafa af því að hann sé allt öðruvísi en þýskir rithöfundar.

„Þeir eru hrifnir af því. Skrif mín eru blanda af heimspeki og kímni, en allir vita að ekkert sérstaklega sterk tengsl eru á milli Þjóðverja og kímnigáfunnar. Þeir eru líka hrifnir af heimspeki, en þegar þýskur rithöfundur skrifar um heimspeki þá verður það að vera þrungið alvöru og erfitt aflestrar. Hjá mér er því þveröfugt farið. Maður verður að vera léttur í lund. Það er heilbrigt, líka í heimspekinni.“

Fyrir utan skáldskapinn og heimspekina er tónlistin ríkur þáttur í lífi Schmitts. Hann er liðtækur píanisti og sest á hverjum degi við píanóið.

„Mig langaði alltaf til að verða tónlistarmaður, en ég nota píanóið til þess að lesa tónlist. Ég tek fram nótnahefti eftir einhvern snillinginn og spila í gegnum það. Ég hef engan áhuga á að spila vel og fallega eða verða konsertpíanisti, heldur spila ég til þess að átta mig á snilli Mozarts og Bachs.“

Nýjasta bókin hans er tileinkuð Mozart og hún er að hluta til sjálfsævisöguleg. Hún kemur út samtímis í sjö löndum í næsta mánuði og heitir Líf mitt með Mozart.

„Tónlistin er líka þannig að þar eru engin endanleg svör.“ ■

# Miðasala á Antony á þriðjudag

Miðasala á tónleika Antony and the Johnsons í Fríkirkjunni hinn 10. desember hefst þriðjudaginn 20. september næstkomandi klukkan 10.00.

Antony og félagar eru um þessar mundir að hefja síðari helming tónleikaferðar sinnar í tengslum við útkomu plötunnar I Am a Bird Now sem hlaut hin virtu bresku Mercury-verðlaun á dögunum. Var hún valin besta plata ársins 2005 og sló hún þar meðal annars við vinsælum plötum frá Coldplay, Kaiser Chiefs, M.I.A. og Bloc Party. Antony and the Johnsons hélt eftirminnilega tónleika á Nasa hinn 11. júlí síðastliðinn þar sem troðfullt var út úr dyrum.

Ljóst er að takmarkað magn miða verður í boði í Fríkirkjunni en þar eru sæti fyrir alla tónleikagesti, um 500 manns.

Miðasalan á tónleikana fer fram á midi.is og í verslunum Skífunnar. Fríkirkjunni verður skipt í þrjú verðsvæði og fjögur miðasvæði. Miðaverð í bestu sæti er 5.150 kr. auk miðagjalds; 4.600 kr. auk miðagjalds í næstbestu sætin og 3.900 kr. auk miðagjalds í ódýrustu sætin. Svæði í bestu sæti verður tvískipt sem á að tryggja að þeir sem kaupa sér fyrstir miða fá bestu sætin sem eru næst sviðinu.

Það er Austur-Þýskaland sem stendur að komu Antony and the Johnsons til Íslands. ■



**ANTONY** Antony heldur á hinum virtu Mercury-verðlaunum sem hann fékk á dögunum fyrir plötuna I Am a Bird Now.



**ÚR FÆREYJAFERÐ KVENNAKÓRS KÓPAVOGS** Julian Hewlett undirleikari og Natalia Chow stjórnandi ásamt þremur kórfélögum.

# Kvennakór í örum vexti

Kvennakór Kópavogs er um þessar mundir að hefja sitt fjórða starfsár. Í kórnum eru nú 35 konur. Þær eru á öllum aldri, allt frá átján ára til sjötugs, en nú er stefnt að því að stækka kórinn.

„Það væri fínt að fá svona tíu konur í viðbót,“ segir Elínborg Pálsdóttir, ein kórfélaganna, en hún tók þátt í að stofna kórinn fyrir nærri fjórum árum.

„Við erum um það bil 25 sem höfum verið með alveg frá byrjun og myndum kjarnann í kórnum.“

Elínborg hafði lítið gert af því að syngja opinberlega áður en hún gekk til liðs við Kvennakór Kópavogs.

„Þetta eru eiginlega fyrstu sporin hjá mér í söngnum og þetta hefur verið virkilega gefandi og skemmtilegt,“ segir Elínborg.

Síðastliðið vor hélt kórinn í söngferðalag til Færeyja og stefnir nú á að fara til Búdapest árið 2007.

„Það var virkilega gaman að koma til Færeyja, það var svo vel tekið á móti okkur. Við komum til Klakksvíkur sem er vinabær Kópavogs og fengum fína umfjöllun í blöðunum þar,“ segir Elínborg.

Á næstunni verða ýmsir viðburðir á vegum kórsins, meðal annars jólatónleikar með Karlakór Kópavogs og fjáröflunarsamkomur af ýmsu tagi.

Stjórnandi kórsins er hin kínverska Natalia Chow Hewlett, sem jafnframt stofnaði Karlakór Kópavogs. Hún stjórnar einnig Englakórnum, sem er kór fyrir börn allt niður í þriggja ára gömul. Hún er þar að auki kirkjuorganisti í Ytri-Njarðvíkurkirkju, en undirleikari er Julian Hewlett, eiginmaður stjórnandans. ■



**KALLAKAFFI** Sjónvarpsþáttaröðin íslenska hefst sunnudagskvöldið 25. september.

# Styttist í Kallakaffi

Sunnudagskvöldið 25. september hefur Sjónvarpið sýningar á Kallakaffi, nýrri íslenskri gamanþáttaröð. Þættirnir gerast í íslenskum samtíma, nánar tiltekið í Reykjavík. Þar segir frá þeim Kalla og Margréti, „hjónum“ á miðjum aldri sem eru í upphafi fyrsta þáttar að ganga frá skilnaði eftir að hafa verið í sambúð frá því á menntaskólaárunum. Þrátt fyrir skilnaðinn ákveða þau að reka áfram sameiginlegt fyrirtæki sitt, Kallakaffi, lítinn matsölu- og kaffistað sem þau hafa átt í nokkur ár.

Margrét býr áfram í húsinu sem þau áttu saman en Kalli er fluttur upp á loft í Kallakaffi. En þetta fyrirkomulag er ekki alveg eins auðvelt og þau höfðu hugsað sér, sérstaklega ekki af því að tilfinningar þeirra hvor til annars eru ekki alveg kulnaðar.

Leikstjóri þáttanna er Hilmar Oddsson og handritshöfundur er Guðmundur Ólafsson. Með helstu hlutverk fara Valdimar Örn Flygenring, Rósa Guðný Þórsdóttir, Laddi, Lovísa Ósk Gunnarsdóttir, Davíð Guðbrandsson og Ívar Örn Sverrisson. ■

# Sýning til heiðurs Elvis Presley

Þann 30. september fer sýningin Elvis Presley Tribute 1935-2005 af stað á Broadway. Sama sýning var haldin þann 7. júlí á Ólafsfirði í tilefni af blúshátíð þar í bæ og gekk hún það vel að ákveðið var að fara með hana á Broadway.

Elvis fæddist í Mississippi þann 8. janúar 1935 og hefði því orðið sjötugur í ár. Á sýningunni verða flutt um þrjátíu Elvis-lög sem allir ættu að þekkja, í flutningi fjölmargra valinkunnra tónlistarmanna. Á meðal þeirra eru Friðrik Ómar, Regína Ósk, Heiða úr Idol, Kenya Emil, Jón Ólafsson, Guðmundur Pétursson, Pétur Örn Guðmundsson, Birgir Baldursson, Jóhann Ásmundsson og Samúel J. Samúelsson.

„Ég er búinn að vera að vinna að þessu svolítið lengi,“ segir Friðrik Ómar Hjörleifsson, sem skipuleggur sýninguna í samvinnu við Hljóðkerfa og ljósaleigu Akureyrar ehf. „Mér hefur fundist Elvis-lögin ekki hafa fengið að njóta sín hérna því það er svo mikið af eftirhermum út um allt. Á þessari sýningu er enginn að fara að klæðast eins og Elvis. Þarna verður einvalalið tónlistarmanna og munu þeir syngja lögin eftir sínu höfði,“ segir hann. „Sýningin á Ólafsfirði tókst rosalega vel. Þar var fólk á öllum aldri og þá uppgötvaði ég hvað það þekkja allir þessi lög og hversu gaman það er að heyra þau í flutningi stórra hljómsveita.“

Friðrik Ómar, sem sjálfur syngur á sýningunni, hefur hlustað á Elvis síðan hann var 10 til 12 ára gamall. Til að hita upp fyrir sýninguna ákvað hann að heimsækja Graceland, fæðingarstað Elvis. „Það er algjört ævintýri að koma þarna fyrir hvern sem er og bara rosagaman, enda er þetta mesta poppstjarna allra tíma,“ segir hann.

Forsala aðgöngumiða á Elvis Presley Tribute er í síma 533-1100 og í Pennanum Eymundsson, Akureyri. Kynnir á sýningunni verður Dalvíkingurinn Júlíus Júlíusson og umsjón með dönsum verður í höndum Guðfinnu Björnsdóttur og Birnu Björnsdóttur.



**ELVIS PRESLEY** Söngvarinn Elvis Presley hefði orðið sjötugur á þessu ári hefði hann ekki látist árið 1977.

freyr@frettabladid.is




*Zeus: You famous in L.A. or something?*
***John McClane:*** *Yeah, for about five minutes.*
***Zeus:*** *Don't tell me. Rodney King, right?*

Bruce Willis í hlutverki John McClane og Samuel L. Jackson sem Zeus reyna að leysa þrautir glæpamannsins Simon á götum New York-borgar. Þrátt fyrir að þeim kæmi ekkert sérstaklega vel saman í byrjun féll allt í ljúfa löð að lokum.

# bíó

bio@frettabladid.is

# *Hvað er að gerast hjá Jackson?*

Á tíunda áratug síðustu aldar virtist **Samuel L. Jackson** vera á góðri leið með að tryggja sér sess meðal fremstu leikara **Hollywood**. Á undanförnum árum hefur Jackson hins vegar horfið aftur til síns gamla vana, að leika í b-myndum.

Þegar **Samuel L. Jackson** fékk ekki Óskarinn fyrir leik sinn í **Pulp Fiction** leyndi hann ekki vonbrigðum sínum. **Jackson**, sem tapaði fyrir **Martin Landau**, blótaði í beinni útsendingu en slíkt er vanalega ekki gert á **Óskarshátíðinni**. Það verður heldur ekki af **Jackson** tekið að hann var stórkostlegur sem *Jules Winnfield* í **Pulp Fiction**.

Leikarinn fór ekki varhluta af þeirri velgengni sem hann naut í kjölfar vinsælda **Pulp Fiction**. Hann hafði aðallega fengist við leik í b-myndum á borð við **Loaded Weapon 1** og **Amos og Andrew**. Hann gat núna valið úr hlutverkum og varð á örskömmum tíma einn vinsælasti þeldökki leikarinn í Hollywood og sló sjálfum **Denzel Washington** við. Hann lék eitt aðalhlutverkanna í þriðju **Die Hard** myndinni auk þess að leika á móti **Matthew McConaughey** (sem þá var heitasta nafnið í Hollywood) í **A Time to Kill**.

Eftir það tímabil var **Hollywood** annaðhvort komið með nóg af **Jackson** eða þá að leikarinn sjálfur gerði sig sekan um rangar ákvarðanir. Ef hann hefði ekki fengið hlutverk í seinni þríleik **George Lucas** um **Stjörnustríðið** væri hann sennilega kominn út af sakramenntinu. Árið 2000 brá **Jackson** sér í hlutverk sem sýndi nýja hlið á honum. Þar lék hann hinn veikbyggða myndasögusafnara **Elijah Prince** í **Unbreakable**. Sú mynd vakti von innra með aðdáendum hans um að leikarinn myndi loks snúa við blaðinu og ná sér upp úr meðalmennskunni. Þeir draumar hafa enn ekki ræst og ljóst að þess verður langt að bíða að hann sjáist í jafn bitastæðu hlutverki og *Jules Winnfield*.



## > Ekki missa af ...

*... Hotel Rwanda* sem er núkomin út á myndbandi og DVD. Leikarinn **Don Cheadle** fer á kostum í hlutverki manns sem notar hótel í Rúanda til þess að skjóta skjólshúsi yfir flóttafólk úr röðum Tútsa sem bíður bráður bani þegar borgarastyrjöld brýst út og saklausum borgurum er slátrað í miskunnarlausum þjóðernishreinsunum. *Hotel Rwanda* sló í gegn á IIFF 2005 kvikmyndahátíðinni og lætur engan ósnortinn þannig að þeir sem misstu af henni í bíó hafa ekki eftir neinu að bíða.



# Lærði að syngja og spila

Leikarinn Joaquin Phoenix þurfti að læra að spila á gítar og syngja eins og Johnny Cash fyrir kvikmyndina Walk the Line sem var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Toronto fyrir skömmu.

Myndin fjallar um ævi Cash og skartar Phoenix í aðalhlutverkinu. Reese Witherspoon fer með hlutverk June Carter, eiginkonu Cash. Áður en Phoenix tók að sér hlutverkið var hann ekki þekktur fyrir tónlistarhæfileika og kunni ekki á gítar. Ráðlagði leikstjórinn, James Mangold, Phoenix að kaupa sér gítar hið snarasta og byrja að læra. Gekk það ágætlega þótt hann hafi átt nokkuð erfitt með að læra að slá á strengina eins og Cash var frægur fyrir að gera.

Phoenix hitti Cash einu sinni í matarboði, tveimur árum áður en hann lést. Eftir matinn tók hann gítarinn sinn í hönd og fór að spila „Hann var mjög skjálfhentur,“ sagði Phoenix. „Við hugsuðum: „Ætlar hann að spila fyrir okkur af illri nauðsyn?“ Síðan tók hann gítarinn upp og líkami hans gjörbreyttist og virtist algjörlega vera eðlilegur. Það var eins og hann væri kominn með nýjan líkama. Ég hef aldrei séð annað eins.“



**PHOENIX Í TORONTO** Leikarinn þurfti að læra að syngja og spila á gítar fyrir myndina Walk the Line.



**JACKSON OG LEVY** Þeir eru eins ólíkir og dagur og nótt þeir Jackson og Levy í myndinni The Man. Jackson er harðhaus úr Alríkislögreglunni sem neyðist til að vinna með sölumanni sem Eugene Levy leikur.

# Bíómyndir úr ýmsum áttum

Það verður mikið um að vera í kvikmyndahúsum borgarinnar þessa helgina. Alls verða fjórar kvikmyndir frumsýndar á föstudaginn. Barátta góðs og ills, ofurhetjur og hryllingur eru meðal þess sem kemur við sögu í myndunum fjórum.

Samuel L. Jackson og Eugene Levy sameina krafta sína í gaman- og spennumyndinni The Man. Myndin segir frá því þegar öflugum vopnum er stolið úr búri Alríkislögreglunnar og lögreglumaður í dulargervi finnst látinn. Öll spjót beinast að samstarfsmanni hans, harðhausnum Derrick Vann. Hann er þekktur fyrir óvenjulegar aðferðir í starfi sínu og hefur yfirstjórnin haft horn í síðu hans lengi. Honum er því gefinn einn sólarhringur til að hreinsa nafn sitt. Hann fær óvæntan liðstyrk upp í hendurnar þegar sölumaðurinn Andy Fiddler er óvænt talinn vera vopnakaupandi af þjófunum. Þótt ólíkir séu þurfa þessir menn að snúa bökum saman til að leysa málið.



**THE CAVE** Það leynast óvæntar hættur í hinum dularfulla helli sem finnst undir 13. aldar kapellu í Rúmeníu.

**Neðanjarðarhryllingur og ofurhetjur**

Hryllingsmyndin The Cave segir frá hópi vísindamanna sem finnur rústir 13. aldar kapellu í rúmenskum skógi. Við nánari eftirgrennslan kemur í ljós að kapellan er byggð yfir risastórt neðanjarðarkerfi sem heimamenn halda fram að sé framandi vistkerfi. Vísindamennirnir fá til liðs við sig bandaríska hellarannsóknarmenn sem uppgötva að ekki er allt sem sýnist undir yfirborði jarðar.

Fjölskyldumyndin Sky High segir frá Will Stronghold sem á heldur óvenjulega foreldra. Hann er sonur The Commander og Jetstream, sem bæði eru ofurhetjur og njóta gríðarlegra vinsælda í heimi ofurhetja.

Syninum er snemma ætlað að feta í fótspor foreldra sinna og er því skráður í Sky High-skólann sem er ætlaður börnum með ofurhæfileika. Það er aðeins einn galli á gjöf Njarðar og hann er sá að Will er ekki með neina ofurhæfileika. Hann er því fluttur niður í hóp þar sem hjálparhellur eru þjálfaðar. Þegar óvænt hætta steðjar að uppgötvar Will hins vegar nýja hæfileika sem hann verður að beita til að vernda foreldra, vini og ekki síst Sky High-skólann.

**Rússneskur tryllir**

Nochnoi Dozor er heiti á rússneskri kvikmynd sem vakið hefur mikla athygli, ekki síst eftir að Quentin Tarantino hrósaði henni upp í hástert. Í myndinni er því haldið fram að heimurinn sé daglega á barmi eyðileggingar og að barátta ljóss og myrkurs sé eilíf. Meðal okkar hafi illir vættir gengið öldum saman og þrifist á því að drepa, myrða og eyða.

Sérstök sveit ljóssins, undir nafninu Næturverðirnir, hefur verið skipuð til að halda þeim í skefjum. ■

**FRUMSÝNDAR UM HELGINA**

(DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM)

| The Cave | Sky High | Nochnoy Dozor | The Man |
|---|---|---|---|
| Internet Movie Database: 4,7 / 10 | Internet Movie Database: 6,9 / 10 | Internet Movie Database: 6,4 / 10 | Internet Movie Database: 5,1 / 10 |
| Rottentomatoes: 15% / Rotin | Rottentomatoes: 68% / Rotin | Rottentomatoes: 63% / Fersk | Rottentomatoes: Rotin |
| Metacritic: 4,3 / 10 | Metacritic: 7,3 / 10 | | Metacritic: 4,2 / 10 |





Síminn
býður öllum GSM notendum sínum að sjá myndina fyrir 800 kr.
TORONTO OFFICIAL SELECTION 2005
★★★ DV
★★★ MBL
ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR
YFIR 10.000 GESTIR!
Sýnd í Sambíóunum og Háskólabíói
HELGI BJÖRNS
BJÖRN HLYNUR
SIGURÐUR SKÚLASON
STRÁKARNIR OKKAR
KVIKMYNDAFÉLAG ÍSLANDS ehf. Í SAMVINNU VIÐ KVIKMYNDAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS FILM & MUSIC ENTERTAINMENT LTD. SOLAR FILMS OY. & IÐNAÐAR-OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ KYNNIR MYND EFTIR RÓBERT I. DOUGLAS
„STRÁKARNIR OKKAR" Í FRAMLEIÐSLU JÚLÍUSAR KEMP BJÖRN HLYNUR HARALDSSON HELGI BJÖRNS LILJA NÓTT SIGURÐUR SKÚLASON JÓN ATLI JÓNASSON BJÖRK JAKOBSDÓTTIR
ÞORSTEINN BACHMANN & ARNMUNDUR ERNST LEIKMYND KONRAD HALLER BÚNINGAR LINDA BJÖRG ARNADÓTTIR & THELMA BJÖRK JÓNSDÓTTIR KLIPPING ÁSTA BRIEM TÓNLIST BARÐI JÓHANNSSON & MÍNUS
HLJÓÐ VILHJÁLMUR GOÐI & HULDAR FREYR MEÐFRAMLEIÐANDI MIKE DOWNEY SAM TAYLOR MARKUS SELIN JUKKA HELLE KVIKMYNDATAKA G. MAGNI ÁGÚSTSSON HANDRIT JÓN ATLI JÓNASSON & RÓBERT I. DOUGLAS
FRAMLEIÐENDUR JÚLÍUS KEMP & INGVAR HEIÐAR ÞÓRÐARSON LEIKSTJÓRN RÓBERT I. DOUGLAS
SOLAR FILMS
Kvikmyndafélag Íslands ehf
Fótbolti.net
F. & M. E.
MOONSTONE
ICELANDIC Film Centre
DOLBY DIGITAL



## > Lítið og þægilegt

*Ef eitthvað er nauðsynlegt í eldhúsið þá er það svona lítið og handhægt rifjárn. Best fyrir stóra parmesan-ostinn eða bara hvað sem er. Svona rifjárn fæst í Kokku og kostar 2.990 krónur.*

# matur&vín

...........@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON RITSTJÓRI SIRKUSS

## *Líbanskur matur í uppáhaldi*

**Hvaða matar gætir þú síst verið án?**
Tómata og hvítlauks. Þetta er uppistaðan í mjög miklu sem ég elda.

**Fyrsta minningin um mat?**
Ég hugsa að það sé að fara í matarboð hjá ömmu og fá reyktan lax og kók á meðan fullorðna fólkið fékk kampavín. Ég man ekkert hvað ég var gömul.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**
Bestu máltíðarnar sem ég fæ eru á líbönskum veitingastöðum í París, þar eyðir maður þremur tímum við matarborðið.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Já, ég hef aldrei getað borðað rósakál og svo er ég voðalega lítið hrifin af íslenskum mat eins og þorramat og bjúgum. Ég bara get ekki látið þetta ofan í mig.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum?**
Ég er algjörlega „húkt" á öllu sem er sterkt, ég nota tabasco-sósu til dæmis rosalega mikið. Svo kaupi ég alltaf þegar ég fer til Frakklands krydd frá Province sem heitir Herbes de Province og er rosalega gott í ýmsum réttum.

**Hvað borðar þú þegar þú þarft að láta þér líða betur?**
Það er náttúrlega alltaf súkkulaði, en besta „comfort food" er sennilega raclette sem er franskur réttur, maður bræðir ost og dýfir nýjum kartöflum, spægipylsum og hráskinku í ostinn. Meiriháttar gott.

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?**
Ég er alltaf með hrísgrjón, ég er algjör fugl og er alltaf að borða grjón. Svo á ég alltaf AB mjólk og grænmeti.



**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Í norðurhluta Ástralíu fékk ég safa úr krömdum grænum maurum. Þetta var nú reyndar ekki vont og maður sá ekki maurana heldur bara grænan safa. Svo hef ég borðað krókódíl sem var ekki góður og á Grænlandi borðaði ég selkjöt sem var ógeðslegt.

## BRAUPERLE: *Þýska perlan*

Nýlega kom nýr þýskur bjór í Vínbúðirnar sem hefur komið mörgum skemmtilega á óvart. Hann heitir Brauperle sem mætti útleggja sem bjórperlan á okkar ástkæra ylhýra og er í 0,5 ltr dósum.




Bjórinn sem er 4,8% í alkóhólmagni er einstaklega mjúkur og þægilegur í bragði. Það besta við bjórinn er þó sú staðreynd að miðað við gæði er hann á einkar lágu verði, kostar aðeins 155 kr. dósin.

Bjórinn er bruggaður af Karlsberg brugghúsinu sem byggir á mjög gamalli hefð sem teygir sig aftur til ársins 1777 en þá hófst bjórgerð í hinum fallega Karlsberg kastala. Bjórinn sem þeir framleiða hefur löngum verið þekktur fyrir gæði enda byggður á aldagamalli þýskri bjórhefð og vatnið sem þeir nota í hann þykir tært. Sem sagt einstaklega mjúkur og þægilegur bjór byggður á aldagömlum hefðum frá Bæjaralandi, hjarta bjórhefðar í Þýskalandi.

**Verð í Vínbúðum 155 kr. í 50 cl dósum.**








**KOLBRÚN ÝR** Er dugleg að borða grænmeti.

# Taco-salat, hrikalega gott

Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir er ungur fatahönnuður sem finnst ekkert skemmtilegra en að búa til falleg föt og borða góðan mat. Hún hannar sem stendur fyrir fatabúðina Pura í Ingólfsstrætinu en þar má finna föt eftir hana og þrjá aðra hönnuði. Á döfinni hjá Kolbrúnu Ýr er að halda áfram að búa til falleg og góð föt enda virðist það ganga hreint út sagt mjög vel.

Þegar kemur að mat er Kolbrún Ýr langmest fyrir mexíkóskan mat af öllu tagi en kjúklingur er einnig mjög vinsæll á hennar heimili. Hún segist vera dugleg að borða allskonar grænmeti og hefur hollustuna oftast í fyrirrúmi þegar að eldamennsku kemur.Hún segist þó ekki vera neitt sérstaklega dugleg að elda þó svo að henni finnist gott að borða. Kolbrún segir að til þess að hægt sé að búa til góðan mat sé nauðsynlegt að eiga nóg af grænmeti, krydd, svartan pipar og auðvitað kjúkling. Hún hefur ákveðið að gefa okkur gómsæta uppskrift af Taco-salati sem er í miklu uppáhaldi hjá henni. Verði ykkur að góðu.

drifa@frettabladid.is

**UPPSKRIFTIN HENNAR KOLBRÚNAR**
**2 kjúklingabringur**
**2 msk ólífuolía**
**taco mix seasoning í bréfum**
**steikja kjúklingabringur í litlum bitum upp úr ólífuolíu og krydda eftir smekk**
**láta kólna í smá stund**
**1/2 gúrka**
**2 tómatar**
**1/2 kálhaus, iceberg**
**1 rauð paprika**
**skera niður og setja í skál**
**setja kjúkling út í salatið**
**rífa niður um 150 gr af osti og strá yfir**
**1 poki nachos – mylja niður og setja saman við**
**1/2 dós af taco sósu (Mariachi hot)**
**1/2 dós af sýrðum rjóma**
**Hræra öllu saman**
**Rosalega ljúffengt en verður að borða innan klukkutíma því annars verða nachos flögurnar mjúkar.**






## STONEGATE:

## *Ódýrt tromp frá Ástralíu!*

Shiraz-þrúgan er oft nefnd trompþrúga Ástrala. Vín úr henni eru oft blönduð með cabernet sauvignon eins og í Angove's Stonegate Cabernet/Shiraz. Létt rauðvín með fallegum blæ, ríkum ávaxtakeim, fyllt en jafnframt mjúkt. Á vel við pasta, kjöt- og grillrétti.



Vínfyrirtækið Angove's rekur sögu sína til 1886 þegar dr. William Thomas Angove kom til Ástralíu til að stunda lækningar. Hann hafði áhuga á vínrækt og plantaði vínviði á landareign sinni til að geta gert vín fyrir sig og fjölskyldu sína. Þetta tómstundagaman varð upphafið að stærsta vínfyrirtæki Ástralíu í einkaeigu. Þess má geta að þetta ágæta vín er ódýrasta ástralska vínið sem er á boðstólum í vínbúðunum hérlendis.

**Verð í vínbúðum: 890 kr.**

# TERRA NOVA: *Kærkomin viðbót frá Chile*

Nýverið eru komin í sölu í flestum helstu vínbúðunum vín frá vínhúsinu Terra Nova í Chile. Það er í eigu hins kunna vínfyrirtækis Freixenet sem m.a. framleiðir mest selda freyðivín heims, Cordon Negro. Í samvinnu við The Wine Cooperative í Curicó stýrir einn helsti víngerðarmaður Freixenet, Sergio Traverso, framleiðsluni. Terra Nova vínhúsið er hátæknivætt en ekki er síður mikilvægt að bændasamlagið í Curicó tryggir aðgang að miklu úrvali góðra þrúgna frá yfir 60 framleiðendum í Curicódalnum sem er eitt helsta vínræktunarsvæði í Chile. Sergio Traverso hefur yfir þriggja áratuga reynslu af víngerð m.a. í Napa-dalnum og víðar í Kaliforníu en snýr nú aftur til heimalands síns til að miðla hæfileikum sínum. Vínin eru öll aðeins 13% að styrkleika sem er kærkomin tilbreyting en mörgum vínáhugamönnum hefur þótt tilhneigingin vera sú að vín frá Chile verði oft ansi há í alkóhóli. Hér á landi eru til sölu þrjú vín,

Cabernet Sauvignon, Merlot og Chardonnay, öll á 1.190 kr. Vínin eiga það sameiginlegt að vera ung, fersk og auðdrekkanleg.

**Terra Nova Cabernet Sauvignon:**
Rúbinrautt, klassískt cabernet með ögn af myntu og dökku súkkulaði. Hentar vel með léttum grilluðum kjötréttum, grænmetisréttum og ostum.
**Verð í vínbúðum 1.190 kr.**

**Terra Nova Merlot:**
Bragðmikið og öflugt merlot-vín. Djúprautt, gott jafnvægi í ávextinum og kraftmikið bragð af kakói. Ræður vel við bragðmikinn mat, steikur eða villibráð eða indverskan mat.
**Verð í vínbúðum 1.190 kr.**

**Terra Nova Chardonnay:**
Bjart og ferskt með góða endingu í bragði. Lykt af þroskuðum eplum. Drekkið vel kælt eitt og sér eða njótið með kjúklingi, fiskréttum eða pasta.
**Verð í vínbúðum 1.190 kr.**




## VEITINGASTAÐURINN

**KAFFI DUUS**

**DUUSGATA 10 Í KEFLAVÍK (VIÐ HÖFNINA)**



## *Útsýni yfir sjóinn*

Hvernig er stemningin: Stemningin á Kaffi Duus er mjög notaleg. Staðurinn liggur við höfnina þar sem horft er út á sjóinn og fallegt bergið blasir við. Inni eru ýmsir munir sem minna á sjóinn og til að mynda ber hvert borð sitt eigið nafn eftir skipum á fiskimiðum. Innréttingar eru dökkar og lýsing er stillanleg sem skapar mjög rómantískt andrúmsloft á kvöldin. Kertaljós og útsýni yfir sjóinn svíkur engan sem vill snæða góðan mat í faðmi vina eða fjölskyldu í þægilegu umhverfi. Kaffi Duus er eftirsóttur af ferðamönnum allt árið um kring og þar ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi.

Matseðillinn: Allan daginn er boðið upp á hamborgara, samlokur, salöt, pasta og súpur. Með hamborgurunum fylgja franskar en með súpu og salati fylgir brauð. Eftir klukkan 18 tekur við kvöldmatseðill þar sem mikið úrval er af gómsætum forréttum, fisk- og kjötréttum auk pastarétta og salata. Í honum er einnig að finna girnilega eftirrétti og vínseðil. Verðið er mjög hóflegt og þar er vel útilátið á diska.

Vinsælast: Súpa í stampi er ein af vinsælustu réttunum, en það er súpa sem borin er fram í brauði. Boðið er upp á súpu dagsins en tvær vinsælustu súpurnar eru rjómalöguð kjúklingasúpa og sjávarréttarsúpa. Sérstakt kjúklingasalat hússins er hreint út sagt ótrúlega gott og það ætti enginn að láta fiskitríó Kaffi Duus fram hjá sér fara, en sá réttur samanstendur af þremur fiskitegundum auk humarhala og meðlætis.

Réttur dagsins: Það er alltaf boðið upp á rétt dagsins á Kaffi Duus og eftir klukkan 18 er boðið upp á rétt kvöldsins en þeir breytast dag frá degi.



# Tónlistin er aðalatriðið



**HELGI VALUR** Trúbadorinn Helgi Valur heldur útgáfutónleika í kirkju Óháða safnaðarins í kvöld.

Útgáfutónleikar trúbadorsins Helga Vals verða haldnir í kvöld í kirkju Óháða safnaðarins, Háteigsvegi 56. Tónleikarnir hefjast stundvíslega kl. 20.30.

Á tónleikunum koma fram auk Helga Vals þau Jón Ólafsson, sellóleikarinn Edda Björnsdóttir og Hildur Vala, sem syngur í einu lagi á plötu Helga, Demise of Faith, sem hefur vakið töluverða athygli.

Helgi Valur segist vera mjög spenntur fyrir tónleikunum og hefur undirbúið sig vel að undanförnu. Aðspurður hvers vegna tónleikarnir verði haldnir í kirkju Óháða safnaðarins segir Helgi að hann hafi verið beðinn um að spila þar í messu fyrir skömmu. Hljómurinn hafi verið svo flottur að hann langaði að halda útgáfutónleikana þar. „Ég vildi líka að tónleikarnir snerust bara um tónlistina en ekki að reykja og drekka; ekki að ég sé eitthvað á móti því,“ segir Helgi Valur. „Tónlistin er aðalatriðið og fólk getur gert það sem það vill á eftir.“

Markmið tónleikanna er að uppræta efnishyggju í nútímaþjóðfélaginu og einnig að gera tónlist að ráðandi fyrirmynd í hugmyndaheimi okkar. Helgi segist yfirleitt vera á móti efnishyggju og hann sé meira fyrir að næra sálina. Lofar hann heimilislegri stemningu á tónleikunum.

Frítt er inn á tónleikana fyrir vini, kunningja og ættingja Helga Vals og fólk sem lifir í tónlist. Annars er miðaverð 500 krónur.

SKOÐAÐU HEIMINN!

Viltu starfa erlendis?

Skráning fyrir brottfarir í sept. - feb.

Austurríki - England - Frakkland - Ítalía Portúgal - Spánn - Þýskaland

Ef þú ert á aldrinum 18-30 ára er starfsþjálfun góð leið til þess að læra tungumál, kynnast ólíkri menningu og öðlast starfsreynslu. Um er að ræða störf á hótelum, veitingahúsum, hjúkrunarheimilum og hjá fyrirtækjum í öðrum greinum. Þeir sem sækja um starfsþjálfun í Evrópu eiga kost á Leonardo da Vinci styrk til greiðslu á hluta kostnaðar. Stúdentaferðir úthluta þessum styrkjum fyrir hönd Landsskrifstofu Leonardo á Íslandi.

Færð þú MasterCard Ferðaávísun?

STÚDENTAFERÐIR exit.is

KRAFTAVERK

Bankastræti 10 • Sími 562 23 62 • info@exit.is • www.exit.is



**ALMA GEIRDAL OG EDDA ÝRR EINARSDÓTTIR** Eru í fararbroddi samtakanna Forma sem berjast gegn átröskun. Þær blása til málþings um sjúkdóminn á laugardaginn.

# Þjóðarátak gegn átröskun

Samtökin Forma eru samtök átröskunarsjúklinga á Íslandi. Þau standa fyrir málþinginu Ímynd 2005 sem haldið verður í Loftkastalanum þann 17. september. Það eru þær Alma Geirdal og Edda Ýrr Einarsdóttir sem bera hitann og þungann af starfsemi Forma en samtökin voru stofnuð í maí.

Á málþinginu, sem nú er haldið í fyrsta skipti hér á landi, munu koma fram fjölmargir fyrirlesarar og tónlistarmenn. Karen Bro, sem er danskur meðferðarsérfræðingur, mun meðal annarra flytja erindi. Hún rekur meðferðarheimili fyrir átröskunarsjúklinga í Danmörku og hefur mikla reynslu á þessu sviði.

Sigrún Daníelsdóttir sálfræðingur mun einnig koma fram á málþinginu, en hún mun fjalla um áhrif samfélagsins á útlitsdýrkun. Hún hefur sjálf átt við átröskun að stríða í fjöldamörg ár og mun því deila reynslu sinni og þekkingu á þinginu. Ýmsir þekktir aðilar munu einnig koma fram og lesa upp úr dagbókum átröskunarsjúklinga. Þar má nefna Dag B. Eggertsson borgarfulltrúa, Halldóru Geirharðsdóttur leikkonu, Evu Maríu Jónsdóttur dagskrárgerðarmann og Jón Gnarr leikara. Þess á milli munu átröskunarsjúklingar segja frá eigin reynslu og fjölmargir tónlistarmenn munu einnig koma fram. Þar á meðal eru Davíð Smári, Hera, Gugga, Blúsið og fleiri.

Samtökin Forma munu á málþinginu opna opinberlega velferðarsjóð þar sem öllum gefst tækifæri til að styrkja átröskunarsjúklinga og aðstandendur þeirra. Ímynd 2005 er því fyrir alla þá sem vilja mæta og Alma Geirdal, einn af talsmönnum Forma, segir nauðsynlegt fyrir sem flesta að koma og kynna sér það sem þarna fer fram. „Núna þarf þjóðin að taka sig á, því það er ekkert hægt að gera fyrir átröskunarsjúklinga hér á landi. Þetta er gríðarlega stórt vandamál og til að mynda hefur sjúkdómstilfellum fjölgað um 50 prósent á ári frá 2002. Því má reikna með því að um 10-11.000 einstaklingar séu veikir og þá erum við aðeins að tala um þá sem hafa viðurkennt veikindi sín.“

Ímynd 2005 hefst klukkan 14 í Loftkastalanum á laugardaginn og stendur til 18.

VIÐSKIPTASKÓLINN

Skóli sem kemur til þín

**Fjarnámskeið:**

NHH-Ritvinnsla (Word)
NHH-Töflureiknir (Excel)
NHH-Glærugerð (PowerPoint)
NHH-Verslunarreikningur
NHH-Örnámskeið

**Námskeið í vinnslu:**

NHH-Bókhaldsnámskeið
NHH-Lestur ársreikninga

**NHH-Örnámskeið** eru námskeið í sérvöldum hlutum forrita. Sem dæmi um NHH-Örnámskeið má nefna:

Myndrit í Excel
Gerð heimilsfangalista í Word (Mail merge)
Notkun innbyggðra falla í Excel
Unnið með stór skjöl í Word
Samvinna skjala milli forrita (Excel/Word)

**Tölvunámskeið á netinu sem þú getur stundað heima í stofu.**

**Viðskiptaskólinn ehf.** Eyravegi 32 – 800 Selfoss S 482 4826
jonas@vidskiptaskolinn.is www.vidskiptaskolinn.is



**SAILESH** Gríndávaldurinn Sailesh kemur aftur til Íslands í nóvember.

# Sailesh heldur áfram að selja

Miðasala er í fullum gangi á tvær sýningar gríndávaldsins Sailesh í Háskólabíói. Sailesh er orðinn Íslendingum að góðu kunnur og rétt eins og þegar hann sótti landann heim í vor ætlar hann að halda tvö námskeið og fimm einkatíma þar sem hann hjálpar fólki að sigrast á hinum ýmsu kvillum. Miðar á þessa viðburði eru seldir samhliða miðum á sýningar dávaldins.

Báðar sýningar Sailesh verða að þessu sinni haldnar laugardaginn 5. nóvember. Önnur þeirra verður fjölskyldusýning með Audda og Sveppa úr Strákunum en á miðnætti verður óritskoðuð sýning sem verður bönnuð innan 18 ára. Námskeiðin verða daginn eftir á Park Inn hóteli. Fyrst hjálpar Sailesh fólki að missa aukakílóin og síðan mun hann hjálpa því að hætta að reykja. Einkatímarnir fara allir fram mánudaginn 7. nóvember á Park Inn hóteli.

Hægt er að skoða myndbrot frá fyrri sýningum Sailesh hér á landi á heimasíðunni event.is. Alls hafa brotin verið skoðuð 111 þúsund sinnum síðan í júlí. Þar er meðal annars hægt að sjá atriðin „Fullnæging“ og „Stólasex“ sem eru tvö af hans vinsælustu atriðum.

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

ÍSLENSK SNILLD

Stelpurnar í leikstjórn Óskars Jónassonar laugardaga kl. 20:20




GOTT FÓLK McCANN










## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Ozzy Osbourne** segir að fullkomlega hamingjusöm hjónabönd séu ekki til. Hann segir það koma fyrir að hann nánast þoli ekki konu sína **Sharon**. Hann segist samt ætla sér að láta hjónaband sitt endast því honum hafi tekist að klúðra einu. „Stundum tölum við ekki saman. Stundum erum við eins og tveir litlir krakkar. Stundum erum við ekki einu sinni á sömu plánetu. En maður heldur samt áfram.



Mér tókst á auðveldan hátt að eyðileggja mitt fyrsta hjónaband með dópi og drykkju og með því að halda að ég væri konungur alheimsins," segir rokkarinn Ozzy.




# Ógleymanleg ferð um súkkulaðiheim

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

Leikstjórinn Tim Burton er með frumlegri og skemmtilegri mönnum sem búa til bíómyndir í Bandaríkjunum þannig að það telst alltaf til tíðinda þegar hann sendir frá sér mynd. Nýjasta útspil hans klikkar ekki frekar en fyrri daginn en þessi aðlögun hans á ævintýri Roalds Dahl um Kalla og súkkulaðiverksmiðjuna er mikið og skemmtilegt sjónarspil.

Heiðurinn er þó ekki allur Burtons þar sem snilldarleikarinn Johnny Depp sýnir meistaratakta í burðarhlutverki sælgætisframleiðandans sérvitra, Willys Wonka. Samstarf þeirra Depps og Burtons hefur gefið af sér margan góðan áöxtinn en að *Edward Scissorhands* og *Ed Wood* ólöstuðum eru *Sleepy Hollow* og nú *Charlie and the Chocolate Factory* ótvíræðir hápunktar.

Það verður uppi fótur og fit út um allan heim þegar Willy Wonka, frægasti nammiframleiðandi í heimi, býður fimm heppnum krökkum að heimsækja sig í súkkulaðiverksmiðjuna sem er sannkallað ævintýraland. Wonka hafði áður dregið sig úr skarkala nammibransans þannig að heimboðið telst til stórviðburða.

Börnin fimm eru ansi misjafnlega innréttuð og draga flest fram slæmar hliðar nammikallsins klikkaða ef frá er talinn hinn hjartahreini Kalli sem snertir strengi innra með Wonka. Hinn ungi Freddie Highmore leikur Kalla með glæsibrag en hann var einmitt einnig ógleymanlegur á móti Depp í *Finding Neverland*.

Það er ekki síst samspil þessara leikara sem gefur myndinni aukna vigt en allt sprellið í Willy og Úmpalumpunum hans tryggir svo að áhorfendum leiðist aldrei. Leikarinn Deep Roy sýnir snilldargríntakta í hlutverkum allra Úmpalumpanna og gamla hryllingsbrýnið Christopher Lee setur sinn svip á myndina í hlutverki föður Wonka.

Tæknibrellurnar eru glæsilegar en svo hófstilltar að þær ræna söguna engum töfrum þannig að Burton vinnur enn einn stórsigurinn með einni ánægjulegustu mynd ársins.

**Þórarinn Þórarinsson**



**CHARLIE AND THE CHOCOLATE FACTORY**

**LEIKSTJÓRI:** TIM BURTON
**AÐALHLUTVERK:** JOHNNY DEPP, FREDDIE HIGHMORE, DAVID KELLY, HELENA BONHAM CARTER

# Angelina Jolie vill sjá Afríku blómstra

Angelina Jolie talaði opinskátt um börnin sín tvö í viðtali á dögunum. „Þau veita mér svo mikla gleði og ég vil búa þeim betri heim," sagði leikkonan.

Jolie á fjögurra ára gamlan son, Maddox sem hún ættleiddi frá Kambódíu, og Zahöru, dóttur sem hún ættleiddi í sumar frá Eþíópíu. Zahara var sex mánaða þegar Jolie kom með hana til Bandaríkjanna. „Hún var sex mánaða og aðeins fimm kíló," segir Jolie. „Ef maður kreisti húð hennar, þá festist hún saman. Það var hræðilegt. Að sjá hvað matur og smá umhyggja getur gert. Nú er hún búin að þyngjast um þrjú kíló og við köllum hana bollu. Hún er allt annað barn."

Jolie segir að Maddox elski það að vera stóri bróðir. „Hann kom með mér á munaðarleysingjahælið. Hann sá hvar hún bjó og að hún þurfti á umhyggju að halda. Börn skilja sorg, fátækt og hungur."

Brad Pitt var í för með Jolie þegar hún fór til Eþíópíu í júlí til að sækja Zahöru. Sögusagnir um að þau væru saman höfðu löngu áður látið á sér kræla.

Jolie kom fram í morgunþætti sjónvarpsstöðvarinnar ABC daginn áður en að þáttaröð um ferðalag hennar til Kenía ásamt Jeffrey Sachs hóf göngu sína. „Afríka er falleg, stórkostleg, hefur að geyma vel gefið fólk og sterkbyggð lönd. Afríka getur orðið svo mikilfengleg," sagði Jolie. „Ég myndi vilja sjá Afríku blómstra, hún er mögnuð og hefur að geyma svo mikla von og marga möguleika." ■



**ANGELINA JOLIE** Vill búa börnunum sínum betri heim.






## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hollywood stjarnan **Matt Damon** er búinn að trúlofa sig. Hann og tilvonandi eiginkona hans, **Luciana Barroso** hafa verið saman í um sautján mánuði. Það er ekki enn búið að ákveða dagsetningu brúðkaupsins. Hann gaf unnustu sinni risastóran demantshring þegar hann bað hennar fyrir stuttu. Damon hefur átt þó nokkrar þekktar kærustur, meðal annarra, **Minnie Driver**, **Claire Danes** og **Winonu Ryder** en hefur aldrei verið kvæntur. Barroso á fyrir sex ára gamla dóttur að nafni Alexa úr fyrra sambandi.



Hljómsveitin **Destiny's Child** neitar því alfarið að þær stöllur muni koma aftur saman eftir átján mánuði. Kærasti **Beyonce**, Jay-Z sagði fyrr í vikunni að þær myndu líklega koma saman aftur þótt þær hafi sagst vera að hætta. Talsmaður hljómsveitarinnar segir að það séu engin plön um að þær ætli sér að koma saman aftur en að það eigi þó aldrei að segja aldrei. „Eins og er þá eru þær hættar og hver og ein ætlar að einbeita sér að sólóferli sínum.“ Síðustu tónleikar hlómsveitarinnar voru haldnir þann 10. september í Vancouver í Kanada.








## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„It's better to run and live than to stay and die."**

**Svar:** Cesar úr kvikmyndinni The Man Who Cried árið 2000.

# dagskrá

### VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON VILL FÁ BETRA SJÓNVARP Á ÞRIÐJUDAGSKVÖLDUM

## *Hvert stórslysið rak annað*

Sjónvarpsdagskráin á þriðjudögum hefur í gegnum tíðina verið afar slök og dagskráin í fyrrakvöld var þar engin undantekning.

Hvert stórslysið rak annað, með einni undantekningu reyndar.

Fyrst var komið að Strákunum, sem hafa því miður ekki fengið mig til að brosa síðan þeir fóru frá Popptíví yfir á Stöð 2. Þeir eru alveg hættir að vera skemmtilegir og virðast þess í stað keppast við að vera sem andstyggilegastir og undarlegastir. Eru þeir tilbúnir til að ganga ansi langt í að toppa sjálfa sig hvað það varðar þátt eftir þátt. Ekki bætir heldur úr skák þörf þeirra til að fækka fötum á nánast hverju kvöldi án nokkurrar ástæðu. Þetta var kannski fyndið í 70 mínútum en sá tími er löngu liðinn. Atriðið í fyrrakvöld með Jónsa í Í svörtum fötum var reyndar nokkuð skondið, en ekkert fyndið var við för þeirra í Jökulsárlónið þótt þeir sjálfir hefðu vafalítið skemmt sér hið besta.



**STRÁKARNIR** För þeirra í Jökulsárlónið var ekki nógu fyndin.

Eftir Strákana hófst þátturinn Amazing Race, sem er einnig fyrir löngu hættur að vera skemmtilegur. Uppfullur af frekum Bandaríkjamönnum sem vaða yfir allt og alla til að ná í peninginn sinn. Eyes, sem hófst þar á eftir var engu betri. Einhver náungi þar gerði hvað eftir annað lítið úr samstarfskonu sinni með því að segja mömmu sinni að hann væri ekki með henni. Ef eitthvað vit er í samstarfskonunni lætur hún gaurinn róa hið snarasta.

Á Sýn sá ég ljóstýru í þættinum Meistaradeildin með Guðna Bergs, en hún slokknaði skömmu síðar þegar ég stillti á leik Chelsea og Anderlecht. Horfði á megnið af seinni hálfleik og sá varla eitt færi. Var það alveg til að kóróna þetta mis-



▶ **21.15** SPENNA

ALIAS



▶ **20.30** RAUNVERULEIKI

THE APPRENTICE 3



▶ **20.30** TÓNLIST

ÍSLENSKI LISTINN



▶ **22.00** SPENNA

HOUSE



▶ **19.45** GOLF

US PGA TOUR

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Stiklur – Eyjabyggðin eina II **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Eðlukrúsin

**18.30 Latibær** Þáttaröð um Íþróttaálfinn, Glanna glæp, Sollu stirðu og vini þeirra í Latabæ. Textað á síðu 888 í Textavarpi. e.
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljósið**
**20.00 Á ókunnri strönd (5:6)**
**20.50 Nýgræðingar (76:93)** (Scrubs) Gamanþáttaröð.
▶ **21.15 Launráð (68:88)** (Alias IV) Bandarísk spennuþáttaröð. Meðal leikenda eru Jennifer Garner, Ron Rifkin, Michael Vartan, Carl Lumbly og Victor Garber. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Í hár saman (4:6)** (Cutting It III) Breskur myndaflokkur.

**23.15** Aðþrengdar eiginkonur (4:23) **0.00** Kastljósið **0.20** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Perfect Strangers **13.25** Blue Collar TV **13.55** Auglýsingahlé Simma og Jóa **14.25** Sketch Show 2, The **14.50** I'm Still Alive **15.30** What Not to Wear **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag **18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**19.00 Ísland í dag**
**19.35 The Simpsons (23:25) (e)**
**20.00 Strákarnir**
▶ **20.30 Apprentice 3, The (16:18)** (Lærlingur Trumps) Einn besti raunveruleikasjónvarpsþátturinn í heiminum. Hópur fólks keppir um draumastarfið hjá milljarðamæringnum Donald Trump sem sjálfur hefur úrslitavaldið.
**21.15 Mile High (21:26)** (Háloftaklúbburinn 2)
**22.00 Curb Your Enthusiasm (6:10)** (Rólegan æsing) Gamanmyndaflokkur.
**22.30 Silent Witness (1:8)** (Þögult vitni) Spennandi sakamálaþættir. Bönnuð börnum.

**23.20** Semper Fi **0.50** Carrington (e) **2.50** Kóngur um stund (6:16) **3.15** Fréttir og Ísland í dag **4.35** Ísland í bítið **6.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 American Princess (2:6)** 20 konur keppast hér við að láta æskudrauminn rætast.
**19.50 Supersport (10:50)** Stuttur, hraður og ferskur þáttur um jaðarsport.
**20.00 American Dad (3:13)**
▶ **20.30 Íslenski listinn** Hinn eini sanni Jónsi í Í svörtum fötum fer með okkur í gegnum vinsælustu lög vikunnar og tekur púlsinn á öllu því heitasta í dag.
**21.00 Tru Calling (12:20)** (Valentine) Þættir í anda Quantum Leap.
**21.45 Sjáðu** Unnur Birna sýnir okkur allt það heitasta í kvikmyndaheiminum.
**22.00 Kvöldþátturinn**
**22.40 David Letterman**

**23.30** The Cut (3:13) **0.20** Friends 3 (7:25) **0.45** Seinfeld (14:24) **1.10** Kvöldþátturinn

### SKJÁREINN

**16.50** Cheers – 6. þáttaröð **17.20** Fólk – með Sirrý Ný þáttaröð (e)

**19.20 Þak yfir höfuðið**
**19.30 Complete Savages (e)**
**20.00 Less than Perfect** Claude er ekki mjög hress eftir að hafa hætt með kærastanum sínum.
**20.30 According to Jim – nýr tími** Jim býður fyrrverandi nágrönnum til sín að horfa á Chicago Bulls leik.
**21.00 Will & Grace** Grallararnir Will og Grace eru óaðskiljanleg og samband þeirra einstakt.
**21.30 The King of Queens** Bandarískir gamanþættir um sendibílstjórann Doug Heffernan, Carrie eiginkonu hans og Arthur, hinn stórfurðulega tengdaföður hans.
▶ **22.00 House** Splunkunýr vinkill á spennusögu.
**22.50 Jay Leno**

**23.40** America's Next Top Model IV (e) **0.35** Cheers – 6. þáttaröð (e) **1.00** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

**17.25** UEFA Champions League

**19.05 Meistaradeildin með Guðna Bergs**
▶ **19.45 Inside the US PGA Tour 2005** (Bandaríska mótaröðin í golfi) Vikulegur fréttaþáttur þar sem fjallað er um bandarísku mótaröðina í golfi á nýstárlegan hátt.
**20.10 Kraftasport** (Íslandsmót – Hálandaleikar 2005)
**20.40 Bardaginn mikli** (Sugar Ray Robinson – Jake LaMotta) Að margra mati er Sugar Ray Robinson besti boxari allra tíma.
**21.30 Fifth Gear** (Í fimmta gír) Breskur bílaþáttur af bestu gerð.
**22.00 Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis.
**22.30 2005 AVP Pro Beach Volleyball** (Strandblak)

**23.25** Meistaradeildin með Guðna Bergs

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Scary Movie 3 (Bönnuð börnum) **8.00** Beautiful Girl **10.00** Stuck On You **12.00** Normal **14.00** Beautiful Girl **16.00** Stuck On You **18.00** Normal **20.00** Scary Movie 3 **22.00** House of 1000 Corpses (Stranglega bönnuð börnum) **0.00** Blade II (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** FeardotCom (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** House of 1000 Corpses (Stranglega bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Soup **13.00** The E! True Hollywood Story **14.00** 101 Juiciest Hollywood Hookups **15.00** E! Entertainment Specials **16.00** Style Star **16.30** Style Star **17.00** Rich Kids: Cattle Drive **18.00** E! News **18.30** Fashion Police **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** 101 Juiciest Hollywood Hookups **21.00** Hollywood Nights Gone Bad **21.30** The Anna Nicole Show **22.00** Wild On **23.00** E! News **23.30** The Soup **0.00** The E! True Hollywood Story **1.00** Hollywood Nights Gone Bad

### AKSJÓN

**7.15** Korter **18.15** Korter **20.30** Vatnaskil – Filadelfia **21.00** Níubíó **23.15** Korter

### ENSKI BOLTINN

**14.00** Chelsea – Sunderland frá 10.09 **16.00** Middlesbrough – Arsenal frá 10.09 **18.00** Newcastle – Fulham frá 10.09

**20.00 Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt"**
**21.00 Man. Utd. – Man. City frá 10.09**

**23.00** Bolton – Blackburn frá 11.09 **1.00** West Ham – Aston Villa frá 12.09 **3.00** Dagskrárlok



# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## Silent Witness — Stöð 2 **kl. 22.30**

***Stöð 2 sýnir nýja spennuþætti***

### *Spennandi meinafræði*

Sýningar eru að hefjast á spennandi sakamálaþáttum þar sem meinafræðin gegnir lykilhlutverki. Nikki Alexander er nýr liðsmaður stofnunarinnar en Leo og Harry þurfa nú að axla aukna ábyrgð eftir brotthvarf Sams Ryan. Þessa vikuna kemur erfitt mál til úrlausnar og þríeykið þarf að taka á honum stóra sínum. Aðalhlutverk leika Emilia Fox, William Gaminara og og Tom Ward.



## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.00** Fréttir **7.03** Morgunútvarpið **9.03** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur **10.03** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni **12.15** Hádegisútvarpið

**13.01** Hrafnaþing **14.03** Royal búningur **15.03** Allt og sumt **17.59** Á kassanum **18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag

**19.30** Úrval úr Morgunútvarpi e. **20.00** Margrætt **e. 21.00** Morgunstund **e. 22.00** Á kassanum e. **22.30** Hádegisútvarpið e. **23.00** Úrval úr Allt & sumt e. **0.00** Hrafnaþing **e.**

**1.00** **Royal búningur**

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Sumarsnakk **9.50** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.13** Vísnakvöld á liðinni öld **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Bókmenntahátíð í Reykjavík 2005 **14.03** Útvarpssagan **14.30** Hugað að hönnun **15.03** Góður, betri, bestur **16.00** Fréttir

**16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Fréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.27** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva **21.55** Orð kvöldsins **22.00** Fréttir **22.15** Kvöldsagan

**23.00** Hlaupanótan **0.00** Fréttir

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**0.10** Ljúfir næturtónar **1.10** Ljúfir næturtónar **2.00** Fréttir **2.10** Næturtónar **4.40** Næturtónar **5.00** Fréttir **5.05** Næturtónar **6.00** Fréttir **6.05** Einn og hálfur með Magnúsi R. Einarss.

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.00** Fréttir **10.03** Brot úr degi **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.00** Fréttir

**16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2 **17.30** Útvarp Bolur **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljósið **20.00** Músík og sport

**22.00** Fréttir **22.10** Popp og ról **0.00** Fréttir

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson **15.00** Hildur Helga **16.00** Kynjastríðið **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir **23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **1.00** Kynjastríðið **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson **5.00** Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.00** Cycling: Tour of Spain **13.00** Cycling: Tour of Spain **15.30** Sumo: Nagoya Basho Japan **16.30** Sumo: Nagoya Basho Japan **17.30** Freestyle Motocross: US Tour Little Rock United States **18.00** Freestyle Motocross: US Tour Little Rock United States **18.30** Rally: World Championship Great Britain **19.00** Boxing: to be announced **20.45** Football: UEFA Cup **22.15** Football: UEFA Champions League

**BBC PRIME**
**12.00** Hetty Wainthropp Investigates **13.00** Teletubbies **13.25** Tweenies **13.45** Fimbles **14.05** Tikkabilla **14.35** Rule the School **15.00** Location, Location, Location **15.30** Ready Steady Cook **16.15** The Weakest Link **17.00** Doctors **17.30** EastEnders **18.00** One Foot in the Grave **18.30** 2 point 4 Children **19.00** Edge of Darkness **20.00** The Dobsons of Duncraig **20.30** Strictly Come Dancing **21.30** Grumpy Old Men **22.00** Mersey Beat **23.00** Kingdom of the Ice Bear **0.00** Wild New World

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** The Kill Zone **13.00** When Expeditions Go Wrong: Family Adrift **14.00** Twenty Years With the Dolphins **15.00** Born Wild **16.00** Battlefront: Battle of Malta **16.30** Battlefront: Bombing of England **17.00** Storm Stories: Capsized and Clinging **17.30** Storm Stories: Maryland Mayhem **18.00** The Kill Zone **19.00** When Expeditions Go Wrong: Sunken Sub **20.00** Megacities: Sao Paulo **21.00** Megacities: London **22.00** Paranormal?: X-men **23.00** Megacities: Sao Paulo **0.00** Megacities: London

**ANIMAL PLANET**
**12.00** From Cradle to Grave **13.00** Shark Shrinks **14.00** Animal Precinct **15.00** Pet Rescue **15.30** Wildlife SOS **16.00** Amazing Animal Videos **16.30** Big Cat Diary **17.00** Monkey Business **17.30** Animals A-Z **18.00** Killing for a Living **19.00** Mamba **20.00** Mad Mike and Mark **21.00** Animal Cops Detroit **22.00** Monkey Business **22.30** Animals A-Z **23.00** Pet Rescue **23.30** Wildlife SOS **0.00** Mamba **1.00** Killing for a Living

**DISCOVERY**
**12.00** Rex Hunt Fishing Adventures **12.30** John Wilson's Fishing Safari **13.00** Ultimate Guide **14.00** Extreme Machines **15.00** Junkyard Mega-Wars **16.00** Wheeler Dealers **16.30** Wheeler Dealers **17.00** American Chopper **18.00** Mythbusters **19.00** Guilty Or Innocent? **20.00** FBI Files **21.00** Deadly Women **22.00** Mythbusters **23.00** Forensic Detectives **0.00** Tanks

**MTV**
**11.30** Just See MTV **13.00** Pimp My Ride **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** The Base Chart **18.00** Pimp My Ride **18.30** Punk'd **19.00** Wonder Showzen **19.30** The Osbournes **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Switched On MTV **22.00** Superock **23.00** Just See MTV

**VH1**
**12.00** VH1 Hits **15.00** So 80s **16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90's **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** Bands Reunited **20.00** Bands Reunited **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** Top 5 **22.30** Bands Reunited **23.30** Bands Reunited **0.30** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Weddings **12.35** Awesome Interiors **13.00** Crimes of Fashion **13.30** Hollywood One on One **14.00** The Review **14.25** City Hospital **15.10** The Roseanne Show **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Weddings **17.15** Weddings **17.40** The Review **18.05** Crimes of Fashion **18.30** Hollywood One on One **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** The Villa **20.15** Spicy Sex Files **21.10** More Sex Tips for Girls **21.35** Ex-Rated **22.00** Sex and the Settee **22.30** Women Talk **23.00** Weekend Warriors **23.30** Paradise Seekers **23.55** Come! See! Buy! **0.25** The Review **0.50** Vegging Out **1.15** Backyard Pleasures

**CARTOON NETWORK**
**12.00** Dexter's Laboratory **12.30** Ed, Edd n Eddy **13.00** Codename: Kids Next Door **13.30** The Powerpuff Girls **14.00** Sabrina, The Animated Series **14.30** Atomic Betty **15.00** Teenage Mutant Ninja Turtles **15.30** B-Daman **16.00** Codename: Kids Next Door **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **17.00** Duck Dodgers in the 24 1/2 Century **17.30** Charlie Brown Specials **18.00** What's New Scooby-Doo? **18.30** Tom and Jerry **19.00** The Flintstones **19.30** Looney Tunes **20.00** Dastardly & Muttley in Their Flying Machines **20.30** Scooby-Doo **21.00** Tom and Jerry **22.00** Dexter's Laboratory **22.30** The Powerpuff Girls **23.00** Johnny Bravo **23.30** Ed, Edd n Eddy **0.00** Skipper & Skeeto

**JETIX**
**11.50** So Little Time **12.20** Goosebumps **12.50** Black Hole High **13.15** Spider-Man **13.40** Moville Mysteries **14.05** Digimon II **14.30** Totally Spies **15.00** W.I.T.C.H. **15.30** Sonic X **4.00** Inspector Gadget **4.25** Bad Dog **4.40** Three Friends and Jerry II **4.55** Pokémon VI **5.20** Pucca **5.25** Sonic X **5.50** Three Friends and Jerry II

**MGM**
**11.35** Devil's Brigade **13.45** Arena **15.25** Hadley's Rebellion **17.00** Square Dance **18.50** Miles from Home **20.40** Far North **22.10** Summer Heat **23.30** Lunatic

**TCM**
**19.00** Whose Life is it Anyway? **20.55** All Fall Down **22.50** The Hook **0.25** Manpower **2.05** Clash of the Titans

**HALLMARK**
**12.45** Thicker Than Water **14.30** They Still Call Me... Bruce **16.00** Just Cause **16.45** Hawking **18.30** Early Edition **19.15** The Mapmaker **20.45** The Inspectors 2: A Shred of Evidence **22.30** Early Edition **23.15** Love Or Money **0.45** The Mapmaker

**BBC FOOD**
**12.00** The Naked Chef **12.30** Food and Drink **13.00** Gondola On the Murray **13.30** Grigson **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Galley Slaves **15.00** Nigella Bites **15.30** Ready Steady Cook **16.00** The Rankin Challenge **16.30** The Hi Lo Club **17.00** Beauty and the Feast **17.30** Ever Wondered About Food **18.00** Secret Recipes **18.30** A Cook's Tour **19.00** Beyond River Cottage **19.30** United States of Reza **20.00** Off the Menu **20.30** Deck Dates **21.00** Douglas Chew Cooks Asia **21.30** Ready Steady Cook

**DR1**
**12.30** Hvad er det værd? **13.00** TV Avisen med vejret **13.20** Koste hvad det vil **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Liga DK **14.30** Ungefair **15.00** Kim Possible **15.20** Skomageren og alferne **15.30** Laura Trenter: Hjælp r¢vere **16.00** Mini-GO! **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Dagens Danmark **17.30** Lægens bord **18.00** Schackenborg – Godset i Grænselandet **18.30** DR-Derude med S¢ren Ryge Petersen **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Blind Justice **20.40** Happy Gilmore **22.10** Liga DK

**SV1**
**11.05** Stina om Lars von Trier **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Plus **15.30** Lackerarnas Rembrandt **16.00** BoliBompa **16.01** Karlsson på taket **16.30** Guppy **16.45** Lilla Aktuellt **17.00** Problem i familjen **17.30** Rapport **18.00** Landgång **18.30** Din släktsaga **19.00** Vår käre Elvis **19.50** Nattsim **20.00** Dokument utifrån: Vita farmare, röd jord, svart otålighet **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.20** Drömmarnas tid **22.05** Karl för sin kilt **23.00** Kommissionen **23.45** Sändning från SVT24


# Tilboðsdagar

## Borðstofusett & stólar

nýjar vörur á frábæru tilboðsverði

opið virka daga 10-18
laugardaga 11-16
sunnudaga 13-16




## Mikið úrval af borðstofustólum verð frá 5.160












mira art HÚSGÖGN

BÆJARLIND 6
201 KÓPAVOGI
SÍMI 554 6300

KORTER.IS



## HRÓSIÐ

*... fær Mike Pollock, ljóðskáld með meiru, fyrir að slá upp reglulegum ljóðakvöldum á Café Rosenberg í vetur.*

**AÐ MÍNU SKAPI** INGIBJÖRG STEFÁNSDÓTTIR, JÓGAKENNARI

# *Jóga, New York, Sundays og Urban Outfitters*



**TÓNLISTIN** Ég er búin að vera að hlusta núna á *Patti Smith* þar sem ég fór á tónleikana með henni um daginn. Hún er búin að vera mikið í tækinu hjá mér undanfarið. Annars er tónlistarsvið mitt mjög breitt, ég er algjör alæta. Ég held mikið upp á bandið *Sundays* og hef hlustað á það í gegnum árin. Það er band sem ég fæ aldrei leið á.

**BÍÓMYNDIN** Mér finnst mjög gaman að fara í bíó og geri það oft. Ég er mest fyrir raunsæjar myndir um lífið og tilveruna eins og *Lost In Translation*, *American Beauty*, *Piano* og fleiri. Ég heillast alveg sérstaklega af myndum með fallegri kvikmyndatónlist.

**BORGIN** *New York*. Þar bjó ég í þrjú ár. Hún býður upp á allt á milli himins og jarðar og iðar af lífi. Þar er mikið um listir, skemmtileg leikhús, góðan mat og margt fleira.

**BÓKIN** Ég fékk bókina *Alkemistinn* eftir *Paulo Coelho* í afmælisgjöf og er ekki enn byrjuð á henni vegna anna. Hlakka þó mikið til að lesa hana. En annars les ég frekar mikið. Gríp líka í jógabækur á borð við *Tree Of Yoga* og *Touching Piece* þegar tækifæri gefst.

**BÚÐIN** Ég versla frekar lítið hérna heima. En úti kaupi ég flest mín föt í búð sem heitir *Urban Outfitters*. Sú búð finnst mér mjög fín. Ég hef einnig gaman af því að kaupa föt eftir unga hönnuði bæði hér heima og erlendis. Svo klikkar ekki *H&M* þegar maður er blankur.

**VERKEFNIÐ** Ég er að opna nýja jógastöð á laugardaginn klukkan fimm á Engjateigi 5 sem ber nafnið *Yoga Shala*. Þar vil ég fá allskonar fólk til að stunda hjá mér jóga og láta sér líða vel.



**LÁRÉTT:** **2** bein **6** skammstöfun **8** skordýr **9** gæfa **11** samanburðartenging **12** ll **14** karlmannsnafn **16** málmur **17** fæða **18** rá **20** tveir eins **21** bannhelgi.
**LÓÐRÉTT:** **1** gá **3** vafi **4** einangrunarefni **5** gláp **7** fugl **10** andmæli **13** hreyfast **15** svall **16** kærleikur **19** í röð.

**Lausn**

**LÁRÉTT:** **2** legg, **6** eh, **8** fló, **9** lán, **11** en, **12** tveir, **14** eiður, **16** ál, **17** ala, **18** slá, **20** ll, **21** tabú.
**LÓÐRÉTT:** **1** gelt, **3** Ef, **4** glerull, **5** gón, **7** Hávella, **10** nei, **13** iða, **15** rall, **16** ást, **19** áb.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**

Svör við spurningum á bls. 8

1. Eimskip.
2. Start.
3. Rétt um fjórum.

allt tilboð
Alla föstudaga

VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR: SÁ TVÆR FRUMSÝNINGAR Í TORONTO

# Hæstánægð með mynd Baltasars Kormáks

Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, er þessa dagana stödd í Toronto í Kanada þar sem stendur yfir árleg kvikmyndahátíð.

Valgerður er þar í borg á vegum Iceland Naturally sem er verkefni þar sem Ísland er kynnt í útlöndum. Hún var á meðal þeirra sem fór á frumsýningu á myndinni A Little Trip to Heaven í leikstjórn Baltasars Kormáks fyrr í vikunni og hafði mjög gaman af. „Þetta er stórvel gerð mynd. Það sem er sérstakt við þessa mynd er að hún gerist í raun í Bandaríkjunum en er tekin upp á Íslandi og er á ensku. Þetta er gríðarlega vel gerð spennusaga,“ segir Valgerður.

Valgerður sá Bjólfskviðu í gærkvöldi og segir að mikil eftirvænting hafi verið eftir þeirri mynd. „Hún byggir á sögu sem er þekkt. Þarna voru allar útitökur teknar á Íslandi og myndin byggir mikið á íslenskri náttúru. Það var meðal annars tekið upp í Dyrhólaey sem er glæsilegur staður.“



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR** Iðnaðar- og viðskiptaráðherra er stödd í Toronto um þessar mundir á vegum Iceland Naturally.



**CLINT EASTWOOD** Spjallaði við Valgerði við tökur á kvikmyndinni Flags of Our Fathers.

Valgerður fékk tækifæri til að fylgjast með tökum á báðum myndunum. Auk þess að vera viðstödd tökur á Bjólfskviðu í Dyrhólaey stóð hún á bak við tökuvélarnar þegar atriði í A Little Trip to Heaven var tekið upp í Þykkvabænum. Hún segir það hafa verið gaman að sjá það atriði á hvíta tjaldinu í Toronto.

Aðspurð segist Valgerður hafa hitt Forest Whittaker, annan af aðalleikurum myndar Baltasars, í Toronto. „Hann leikur gríðarlega vel í myndinni. Ég þakkaði honum fyrir síðast og hann mundi eftir mér úr bílskúrnum við tökur á myndinni. Ég tengdist samt meira Bjólfskviðu. Hún er þriggja þjóða mynd og það þurfti að safna hlutafé á Íslandi til að það væri hægt að taka hana upp,“ segir Valgerður, sem segir afar bjart yfir íslenskri kvikmyndagerð.

„Eins og þetta með Clint Eastwood. Það að hann skuli vera svona ánægður með dvöl sína hér er mjög skemmtilegt. Það eru allir sammála um það sem hafa verið við tökur á Íslandi að þessi fjölhæfni Íslendinga skipti svo miklu máli. Hér sé vilji til að redda málunum og það skiptir miklu að geta notað sama manninn í svo margt. Þeir þekkja það ekki í Bandaríkjunum.“

Valgerður varð þess heiðurs aðnjótandi að hitta Eastwood við tökur á Flags of Our Fathers. „Ég spurði hvernig gengi og hann var mjög ánægður með allt og sagðist vera á tímaáætlun. Hann er sjarmör eins og maður vissi. Það er svolítið gaman að hitta svona menn augliti til auglits.“ **freyr@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

A *Little Trip to Heaven* var frumsýnd á **Toronto-kvikmyndahátíðinni** í Kanada á mánudaginn. Aðstandendur myndarinnar bíða spenntir eftir viðbrögðum gagnrýnenda enda geta þau skipt sköpum þegar kemur að því að selja myndina. Í gær höfðu gagnrýnendur þó ekkert látið í sér heyra sem vekur dálitla furðu í ljósi þess í hvaða flokki myndin er. Einn frumsýningargesta reið þó á vaðið og birti dóm sinn á heimasíðu sinni **www.kurtscomment.blogspot.com**. Hann fór fögrum orðum um myndina og sagði hana vera í hæsta máta mjög óvenjulega. Hann sagði jafnframt að myndin færi sínar eigin leiðir og það væri vel. Tónlist **Mugison** fær einnig góða dóma sem og allur leikur.



Á **www.imdb.com**, sem oft hefur verið nefnd Biblía kvikmyndaáhugamanna, segir hins vegar annar frumsýningargestur að *A Little Trip to Heaven* líkist *Fargo* eftir **Cohen-bræður** nema hana vanti allan húmor. Í stjörnugjöf á síðunni fær hún þó átta af tíu. Þá hafa fáir dómar enn birst um **Strákana okkar** en myndin fékk góðar viðtökur áhorfenda þegar hún var frumsýnd. Kanadískir gagnrýnendur hafa tekið myndinni vel en beðið er eftir stóra dómi *Variety*. Þá var **Bjólfskviða** eftir **Sturla Gunnarsson** frumsýnd í gærkvöldi með viðhöfn en myndarinnar hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu.



Miklar hrókeringar hafa verið í íslensku fjölmiðlaumhverfi undanfarin misseri. Lítið hefur þó verið um að Morgunblaðið hafi misst starfsfólk til annarra fjölmiðla en breyting verður á því þann 1. október þegar **Skarphéðinn Guðmundsson**, sem hefur unnið sem yfirmaður dægurmáladeildar Moggans, tekur við starfi upplýsingafulltrúa fjölmiðlarisans 365. Væntanlega verður Morgunblaðinu mikil eftirsjá að Skarphéðni, enda skeleggur menningarrýnir þar á ferð.



Stór Humar
Medium Humar
Sigin grásleppa
Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70
Opið laugardaga
10.00 - 14.30

# Eins og morguninn eftir dansinn

Stór og jákvæð grein um söngkonuna Emilíönu Torrini og nýjustu plötu hennar Fisherman's Woman birtist á dögunum í bandaríska tímaritinu The New Yorker.

Þar er ferill Emilíönu rakinn frá því hún vann í kaffiarverksmiðju þegar hún var sextán ára þar til hún fluttist til London 21 árs og gaf út plötuna Love in the Time of Science. Greinarhöfundur segir Emilíönu hafa ítrekað verið líkt við Björk á þessum tíma og platan hafi ekki verið nógu heillandi. Eftir að kærasti Emilíönu lést árið 2000 og hún var ræmd um hábjartan dag í London hætti hún að semja tónlist í tvö ár eða allt þar til Peter Jackson fékk hana til að syngja Gollum's Song fyrir myndina Lord of the Rings.



**EMILÍANA TORRINI** Söngkonan Emilíana Torrini fær góða dóma í tímaritinu The New Yorker.

Eftir það samdi hún lagið Slow fyrir Kylie Minogue og græddi meiri peninga en hún hafði séð alla sína ævi.

Í umsögninni um Fisherman's Woman segir að platan sé bæði minimalísk og falleg. „Platan er álíka tilfinningarík og eftirminnileg og Slow, þó að hún hljómi meira eins og morguninn eftir dansinn þegar einhver segir þér frá lífshlaupi sínu, rólega en fljótt, alveg upp við eyrað á þér,“ segir m.a. í umsögninni.

Einnig er fjallað um tónleika Emilíönu á Joe's Pub í New York í júní þar sem hún sagðist hafa verið neydd af hljómplötufyrirtæki sínu til að hafa lag eftir hina látnu ensku þjóðlagasöngkonu Sandy Denny á nýju plötunni. Segir greinarhöfundur það lag vera eina leiðinlega lagið á plötunni.

# Í BEINNI

## CHARLTON – CHELSEA
LAUGARDAGINN 17. SEPTEMBER

## LIVERPOOL – MAN.UTD
SUNNUDAGINN 18. SEPTEMBER KL. 11

## ARSENAL – EVERTON
MÁNUDAGINN 19. SEPTEMBER KL. 19




ENNEMM / SÍA / NM18198

actavis
hagur í heilsu

ICELANDAIR

FRJÁLSI

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT
Í SÍMA 800 7000, Á WWW.ENSKI.IS
EÐA Í NÆSTU VERSLUN SÍMANS.

ENSKI BOLTINN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



!
Talstöðin
FM 90,9




**BAKÞANKAR**
**SÚSÖNNU SVAVARSDÓTTUR**

## *Sirkus Gísla Mart*

Mikil fyrirmunun er að horfa á hvunndagslega meðaljóna, sem helst hafa birst manni í gervi búálfa í einum og öðrum heimilistækjum, hendast upp á bæjarburstina og spangóla um að þeir vilji verða pólitískir leiðtogar. Bera sig aldurslega saman við Davíð Oddsson og Bjarna Benediktsson til þess að rökstyðja hversu sjálfsagt það sé. Hefur alveg farið framhjá gripnum að þetta er spurning um ástand, ekki aldur. Hefði kannski átt að bera sig saman við þessa menn út frá hugtakinu bernskur til þess að hanga í raunveruleikaskyninu.

**Í ÞVÍ SAMHENGI** er gott að skoða hvað Gísli Marteinn og Davíð eiga ekki sameiginlegt. Davíð er afburðagreindur, með skopskyn sem gerir honum kleift að sjá sama hlutinn frá mörgum sjónarhornum. Það hefur verið ljóst frá því að hann var með Útvarp Matthildi forðum daga. Þótt hægt sé að verða æði fúll yfir ýmsum ákvörðunum hans í gegnum tíðina, verður ekki framhjá þessari staðreynd litið.

**DAVÍÐ LAUK** háskólaprófi. Davíð hefur rödd, raddbeitingu og fas sem gerir það að verkum að borgarbúar og þjóðin í framhaldi treysti honum fyrir lífinu í landinu í áratugi. Davíð grípur ekki fram í fyrir viðmælendum sínum í gjammandi falsettu. Davíð flissar ekki. Davíð hefur aldrei þurft að syngja langar þulur um eigið ágæti. Hann hefur reyndar aldrei þurft að minnast á að hann hafi eina einasta kost til að bera til þess að vera pólitískur leiðtogi, hefur aldrei þurft að selja sig. Staðreyndir hafa tilhneigingu til þess að blasa við.

**TRÚÐSSTÍLL** Gísla Mart er allsráðandi þegar hann lýsir í fjölmiðlum frati á sjálfan sig í þeim störfum sem hann hefur gegnt síðustu misserin, þjóðinni til mismikillar gleði. Spurning hvers vegna hann er að troða sér enn meira upp á borgarbúa ef hann fer eins hroðalega undir skinnið á sjálfum sér og hann vill vera láta. Eða, er mögulegt að yfirlýsingarnar hafi átt að vera birtingarmynd af því hversu hógvær maður hann sé?

**KANNSKI** er hann þeirrar skoðunar að lífið sé sirkus, Kardímommubærinn hafi verið fullorðinsleikrit og í því samhengi fái hver þjóð þá stjórnmálamenn sem hún á skilið. ■




# IBM eserver™ BladeCenter heldur heiminum gangandi

### Sveigjanleiki og lágur rekstrarkostnaður í fyrirrúmi

**60 þúsund „íbúar" sem treysta á öryggi**

Í EVE-heiminum „búa" tæplega sextíu þúsund manns og treysta þeir á að IBM BladeCenter og IBM xSeries netþjónar haldi heiminum gangandi.

**Einfalt að byggja upp tölvukerfi – Lægri stofnkostnaður**

Með því að treysta á IBM BladeCenter og IBM xSeries netþjóna hefur ráðamönnum EVE-Online verið gert auðveldara að byggja upp miðlægt tölvukerfi á sem hagkvæmastan hátt. Þannig hefur ráðamönnum verið gert kleift að bæta við „blöðum" í BladeCenter eftir þörfum – On Demand – og því hefur tölvukerfið vaxið í samræmi við íbúafjölda EVE-heimsins.

**45% markaðshlutdeild í Blade netþjónum**

IBM var með 45% markaðshlutdeild í Blade netþjónum fyrir árið 2004*. Ástæðan eru yfirburðir IBM Blade netþjóna hvað varðar þróun, hönnun og tækni sem gerir fyrirtækjum auðvelt fyrir að bæta við tölvulausnum eftir þörfum, lækka rekstrarkostnað tölvukerfa um allt að 70%** og gera þau sveigjanlegri.

Hafðu samband við söluráðgjafa Nýherja sem veita þér faglega ráðgjöf við val á rétta netþjóninum sem aðstoðar fyrirtækið þitt að ná hámarks árangri.

Síminn er 569 7700 og netfangið er ver@nyherji.is

IBM Business Partner

*Heimild: IDC, febrúar 2005
**Heimild: Business Week, 22. mars 2004

NÝHERJI
Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI






VELKOMIN Í KÆLI- OG FRYSTISKÁPAVEISLUNA!

KALDIR DAGAR
15-20% AFSLÁTTUR

RADÍÓNAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000

SMÁRALIND Sími 530-2900
LÁGMÚLA 6 Sími 530-2800
ORMSSON
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu